Allt að 6	smálestir	brúttó	2	kr.,	þó	ekki	yfir	10	kr.	á	ári.
6—12	—	—	3	—	—	—	—	15	—	-	—
12—30	—	—	4	—	—	—	—	20	—	-	—
30—60	—	—	5	—	—	—	—	35	—	-	—
60—150	—	—	7	—	—	—	—	50	—	-	—
Stærri skip			10	—	—	—	—	100	—	-	—

Gjaldið greiðist fyrir hvern dag eða brot úr degi, sem skipið liggur við brimbrjótinn. Bátar undir 12 smálestir, sem heima eiga í Bolungarvík, greiða hálft gjald. Heimabátar greiða gjaldið 1. júlí, en önnur skip áður en þau fara úr höfn.

9. gr.

Af öllum vörum og munum, sem flutt er í land og úr landi innan takmarkalínu hafnarinnar, skal í hvert skipti greiða vörugjald, sem hér segir:

I. Innlendar vörur, útfluttar eða innfluttar:

1. Blautur fiskur (miðað við fiskinn hausaðan og slægðan, en óflattan)	10	aurar	hver 100 kg.
2. Saltaður fiskur óþurkaður	15	—	— 100 —
3. Saltaður fiskur þurkaður	20	—	— 100 —
4. Síld og smokkfiskur allskonar	15	—	— 100 —
5. Skelfiskur allskonar	10	—	hvert mál

10 10. febr.

6. Hrogn	10	aurar	hver 100 kg.
7. Lýsi	50	—	— 100 —
8. Skreið allskonar (ekki riklingur)	4	—	— 10 —
9. Hertur riklingur og sundmagi	20	—	— 10 —
10. Gærur	10	—	hvert búnt
11. Ull	20	—	hver 10 kg.
12. Kjöt og sláturvörur	10	—	— 10 —
II. Erlendar vörur innfluttar eða útfluttar:			
13. Salt og kol	6	aurar	hver 100 kg.
14. Sement	10	—	— 100 —
15. Olíur og benzín	20	—	hvert fat
16. Tómar tunnur og föt	5	—	— stykki
17. Trjáviður	2	—	— ten.fet
III. Allar aðrar innfluttar eða útfluttar vörur:			
18. Allt að 10 kg. þunga brúttó	10	aurar	hvert stykki
19. 10 til 100 kg. þunga brúttó	15	—	— —
20. Yfir 100 kg. þunga brúttó	30	—	hver 100 kg.

Allar vörur reiknast eftir þunga með umbúðum og telst hálf gjaldeining sem heil, en minni brotum sé sleppt.

Afnot af lyftuvindunni á brimbrjótnum eru innifalin í vörugjaldinu, ef rafmagnsmótorinn er ekki notaður. Fyrir afnot hans greiðist sérstakt gjald eftir ákvörðun hafnarvarðar.

10. gr.

Vörugjald af innfluttum fiski, samkvæmt 9. gr. I. 1—2 og 4—5 tekst af óskiptum afla, og greiðist um leið og honum er skipt eða hann er seldur, og ber útgerðarmaður, formaður og kaupandi aflans, hver um sig, ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

Vörugjald af flutningi skipa, sem hafa allan farm sinn skráðan, greiðist af afgreiðslumanni skipsins strax og uppskipun eða útskipun er lokið.

Annað vörugjald af innflutningi greiðist af móttakanda, og af útflutningi, af sendanda vörunnar strax og uppskipun eða útskipun er lokið. Skylt er þó formanni skips, sem ekki hefir allan farm sinn skráðan að gefa strax skýrslu um flutninginn og standa innheimtumanni skil á gjaldinu, ef hann óskar þess. Ef formaðurinn gefur ekki upp allan farminn á slíkri skýrslu, skal hann greiða tvöfalt gjald af hinu rétta vörumagni og sekt eftir ákvæðinu um brot á reglugerð þessari. Sama gildir um hvern annan, sem neitar að gefa skýrslu, eða gefur rangar eða villandi upplýsingar um þau atriði, sem máli skipta við ákvörðun gjalda samkvæmt reglugerðinni.

11. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10 til 400 krónum, nema þyngri refsing liggi við, samkvæmt almennum lögum. Sektir renna í hafnarsjóð Bolungavíkur. Öll gjöld og sektir samkvæmt reglugerð þessari hafa lögtaksrétt.

12. gr. 10

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð nr. 41, 29. apríl 1920, 10. febr.
um notkun öldubrjótsins í Bolungavík, samþykkt um lendingarsjóð í Norður-Ísafjarðarsýslu 30. nóv. 1907 og samþykkt 16. júlí 1920 um breytingu á téðri samþykkt, að því leyti, sem samþykktir þessar ná til Bolungavíkur. Hafnarsjóður Bolungavíkur yfirtekur eignir og skuldir Lendingarsjóðs Hólshrepps þegar reglugerð þessi öðlast gildi.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. febrúar 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Bjarna Guð- 11
mundssonar, Kristjáns Finnssonar og Péturs Andréssonar, útgefin á venjulegan 15. febr.
hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 15. febrúar 1930. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

„Minningarsjóð Bjarna Guðmundssonar, Kristjáns Finnssonar og Péturs Andréssonar“.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Bjarna Guðmundssonar, Kristjáns Finnssonar og Péturs Andréssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af kvenfélaginu „Fjóla“ á Vatnsleysuströnd, myndaður af gjöf frá félaginu að upphæð kr. 300.00 — þrjú hundruð krónur — og gjöfum frá öðrum kr. 1576.17 — fimmtán hundruð sjötíu og sex krónur og 17 aurar. — Samtals kr. 1876.17 — átján hundruð sjötíu og sex krónur og 17 aurar.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í sparisjóðsdeild Landsbankans eða á öðrum tryggum stað og áskotnist sjóðnum síðar fé með gjöfum, áheitum eða á annan hátt, legst

11 15. febr. það við höfuðstólinn ásamt öllum vöxtum, þar til sjóðurinn er að upphæð kr. 15000.00 — fimmtán þúsund krónur — þá skal úthluta ½ vöxtum sjóðsins, þar til hann er orðinn kr. 25000.00 — tuttugu og fimm þúsund krónur — þá skal úthluta ¾ af vöxtunum, en afgangur vaxtanna legst við höfuðstólinn þar til hann er orðinn kr. 100000.00 — hundrað þúsund krónur, — þá skal úthluta öllum vöxtum sjóðsins, en aðrar tekjur hans leggjast við höfuðstólinn.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera sá, að styrkja fátæk heimili og fátæka foreldra í Vatnsleysustrandarhreppi, hvort þeir þiggja af sveit eða ekki, en sérstaklega skulu þeir látnir ganga fyrir styrk, sem misst hafa fyrirvinnu heimilisins eins og líka farlama foreldrar, sem misst hafa ellistoð sína, son eða dóttir við dauðsfall.

5. gr.

Styrknum úr sjóðnum skal ávallt úthluta um páskana.

6. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af stjórn kvenfélagsins „Fjóla“ í Vatnsleysustrandarhreppi og skal formaður þess félags vera sjálfkjörinn gjaldkeri sjóðsins. Hætti kvenfélagið „Fjóla“ störfum, sem félag, skal síðasti formaður þess tafarlaust tilkynna hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps upplausn félagsins og tekur þá þegar nefnd hreppsnefnd að sér gjaldkerastarf sjóðsins, unz hún hefir samankallað almennan hreppsfund, til þess að kjósa nýja stjórn sjóðsins, sem ávallt skulu vera konur giftar eða ógiftar, sem heimili eiga í hreppnum. Kosningin gildir í 5 ár. Fari einhver úr nefndinni skal á sama hátt kjósa í skarðið.

7. gr.

Ekki má það dragast lengur en 3 mánuði að kjósa nýja stjórn samkv. 6. gr. ef kosningin þarf að fara fram eftir því, sem þar um getur.

8. gr.

Verði styrktarsjóðir, vátryggingar eða aðrir sjóðir svo fullnægjandi, að þeir, er styrks ættu að njóta úr nefndum sjóð samkvæmt skipulagsskrá þessari, ekki þurfi þess með, skal verja honum samkv. 3. gr. til þess, að útvega eitt sjúkrarúm í Landsspítalanum, sem ber nafn sjóðsins og ræður stjórn sjóðsins hvaða sjúklingur úr Vatnsleysustrandarhreppi nýtur þess í hvert skipti, og verði sjóðurinn svo ríkur, að hann geti kostað fleiri en eitt rúm, skal það gjört samkvæmt grein þessari.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal stjórn sjóðsins hafa lokið reikningum sjóðsins fyrri hluta janúarmánaðar ár hvert og senda þá endurskoðendur sjóðsins, sem kosnir eru af hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps.

10. gr. 11
Á skipulagsskrá þessari skal beiðast konunglegrar staðfestingar. 15. febr.

Vatnsleysustrandarhreppi, 20. ágúst 1929.

María Finnsdóttir. Guðríður Andrésdóttir.
Aðalbjörg Ingimundardóttir.

HAFNARREGLUGERÐ 12
20. febr.

fyrir

Borgarneskauptún.

Samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917, hefir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefið út eftirfarandi hafnarreglugerð fyrir Borgarneskauptún.

I. KAFLI.

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Borgarneshöfn takmarkast að austan innan línu, sem hugsast dregin úr syðstu töngum Borgareyja inn Borgarfjörð, í 500 m. fjarlægð frá syðstu töngum Stóru-Brákareyjar og Borgarness, móts við Kveldúlfshöfða, og hornréttri línu upp í höfðann; að vestan innan línu, sem hugsast dregin úr vesturtöngum Borgareyja inn Borgarfjörð og Borgarvog, í 200 m. fjarlægð frá Dílartanga, og hornréttri línu upp í tangann. Að sunnan takmarkast hafnarsvæðið af línu þvert um fjörðinn 400 m. fyrir innan nyrztu tanga Borgareyja.

II. KAFLI.

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Yfirumsjón hafnarmála er í höndum hreppsnefndar. Hreppsnefnd kýs 3 menn í hafnarnefnd samkvæmt fyrirmælum laga nr. 24, 15. júní 1926. Nefndin

12 20. febr. kýs sér sjálf formann. Hafnarnefnd hefir á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á henni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil.

Lántökur og aðrar skuldbindingar, er varða umbætur eða aukningu á mannvirkjum hafnarinnar, gerir hafnarnefnd ekki án samþykkist hreppsnefndar.

3. gr.

Hafnarvörður skal ráðinn af hreppsnefnd og hafnarnefnd á sameiginlegum fundi nefndanna. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði oddvita. Hafnarvörður hefir á hendi daglegar framkvæmdir og eftirlit eftir fyrirmælum hafnarnefndar, og velur hún honum aðstoðarmenn eftir því, er hún álítur þurfa.

III. KAFLI.

Um almenna reglu.

4. gr.

Hafnarvörður sér um að gætt sé almennrar reglu á höfninni og landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni og þeirra starfsmanna, er hafnarnefnd setur til þess að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært fyrir hreppsstjóra eða sýslumanni, en skipun hafnarnefndar eða starfsmanna hennar ber að hlýða tafarlaust.

Skylt er að gæta varúðar um allt það, sem valdið getur bruna. Áliti hafnarnefnd, að hætta geti stafað af meðferð eldfimrar vöru, er henni heimilt að gera þær varúðarráðstafanir, er henni þykir nauðsynlegar.

Óþörf skot og fugladráp er stranglega bannað á höfninni.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

5. gr.

Seglfestu, ösku, kolum eða öðru því, er valdið geti skemmdum á höfninni, mega skip ekki varpa útbyrðis á hafnarsvæðinu, né heldur má flytja slíkt úr landi út í höfnina.

Á hafnarsvæðinu má ekki gera nein mannvirki, né breyta þeim mannvirkjum sem nú eru, og heldur ekki fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarnefndar komi til.

IV. KAFLI.

Um legu skipa og meðferð þeirra á höfninni.

6. gr.

Skipum eða bátum má ekki leggja svo nærri bryggjum, að þau, að áliti

hafnarvarðar tefji umferð eða afgreiðslu skipa. Skyldir eru eigendur og skip- 12
verjar að færa til skip á höfninni þegar hafnarvörður krefst, enda getur hann, 20. febr.
ef tregða er sýnd, látið gera það á kostnað og ábyrgð eigenda. Kostnaðinn má taka lögtaki.

7. gr.

Eigi má festa skipum við bólvirki eða bryggjur nema við festarhringana eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunum.

Skylt er að hafa tryggar hlífar milli skips og virkis, eða bryggju, ef krafizt er.

8. gr.

Gufuskip og önnur vélaskip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklum krafti, að öðrum skipum eða hafnarvirkjunum stafi hætta af. Ekki má hleypa vatni á bryggjur að óþörfu.

9. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar sem það, að áliti hafnarnefndar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burtu svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eigandans og er hafnarnefnd heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum ef nauðsyn krefur. Kostnaðinn má taka lögtaki.

V. KAFLI.

Notkun hafnarbryggjunnar.

10. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggjur hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó hefir hafnarvörður rétt til að leyfa skipum, sem sigla eftir fyrirfram ákveðinni og auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, að leggjast að bryggju, þótt önnur skip liggi þar fyrir, og verða þau þá að víkja á meðan hin eru afgreidd. Samskonar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða að áliti hafnarvarðar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess. Ennfremur getur hafnarvörður vísað skipum frá bryggju, álíti hann það nauðsynlegt veðurs vegna. Ef ágreiningur rís, ræður hafnarvörður í hverri röð skip koma að bryggju.

11. gr.

Ef nauðsyn ber til þess, að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur

12 20. febr. eða bólvirki, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa sem utan liggja yfir þilför hinna á bjálkabrúm. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, sem liggja nær.

12. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku ,er skylt að hafa nægilega sterka hlífidúka milli skips og bólvirkis, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þess eigi gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, unz bætt hefir verið úr því, sem áfátt er.

Kjölfestu má eigi láta annars staðar á lóðir eða mannvirki hafnarinnar en þar, sem hafnarvörður vísar til.

13. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerizt, láta ræsta bryggju þá eða bólvirki, sem notað hefir verið. Farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um, að það sé gert, en afgreiðslumaður eða skipstjóri greiði allan kostnað, sem af því leiðir. Kostnaðinn má taka lögtaki hjá afgreiðslumanni eða eiganda skips.

14. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Skal flytja burt muni og vörur jafnskjótt og hann krefst þess.

VI. KAFLI.

Hafnargjöld.

15. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip eða vélskip 8 smálestir og þar yfir, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestargjald í hvert sinn, sem þau leggjast fyrir við festar á höfninni, þó með þeim undantekningum, sem síðar getur. Ef ekki er öðruvísi ákveðið, greiðist lestargjaldið af nettó stærð skipsins talið í heilum tölum, en brotum má sleppa.

16. gr.

Hafi skip legið á höfninni 14 daga skal greiða hálft lestargjald að nýju fyrir hverja 14 daga eða brot úr þeim. Hafi skipið verið tekið á land til viðgerðar, telst sá tími ekki, sem það stóð uppi.

17. gr. 12

a. Skip, sem eru eign búsettra manna í Borgarnesi og ekki eru í millilandasigl- 20. febr.
ingum, greiða lestargjald einu sinni á ári, 50 aura fyrir hverja smálest.
b. Innlend fiskiskip greiði 10 aura fyrir hverja smálest í hvert skipti, er þau koma til hafnar, þó aldrei minna en 2 krónur.
c. Öll önnur skip, sem koma til hafnar nema björgunarskip, herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda, er sannast í sjóprófi, sem haldið er, skulu greiða lestargjald 30 aurar af smálest í hvert sinn, er þau koma til hafnar. Þó skulu póst- og farþegaskip, sem sigla eftir fastri áætlun eigi greiða gjald þetta nema tvisvar á mánuði, þó oftar komi.

18. gr.

Öll skip, sem koma til hafnar á tímabilinu frá 1. ágúst til 30. maí og lestargjald greiða, skulu greiða ljósagjald þannig:

a. Skip, sem um getur í 17. gr. a, greiði kr. 20.00 á ári.
b. Skip, sem getur um í 17. gr. b, greiði kr. 3.00 í hvert sinn, sem þau koma til hafnar.
c. Öll önnur skip greiði: Undir 50 smálestir kr. 3.00, 50—100 smálestir kr. 7.50, 100—200 smálestir kr. 15.00 og yfir 200 smálestir kr. 40.00 í hvert skipti. Þó greiða farþegaskip 5 aura af smálest í hvert skipti.

19. gr.

Hvert skip, sem legst við land eða bryggjufestar innan hafnarsvæðisins eða við skip, sem liggur við bryggju, skal greiða bryggjugjald 5 aura af hverri heilli nettó smálest skipsins. Gjald þetta skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, þó aldrei minna en kr. 2.00 í hvert sinn. Skipstjóri, sem fer frá bryggju, án þess að greiða gjöld þau, sem um ræðir í þessum kafla, er sekur um brot á reglugerðinni, nema öðru vísi sé um samið við hafnarvörð.

VII. KAFLI.

Um vörugjald.

20. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni með þeim undantekningum, sem um getur í næstu greinum.

21. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft

12 20. febr. gjald. Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda séu þær ákveðnar það samkvæmt farmskránni, greiðist ekkert gjald.

22. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Umbúðir, sem endursendar eru.
b. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
c. Póstflutningur og farangur ferðamanna.
d. Vörur, sem fluttar eru úr herskipi eða í herskip.
e. Vörur og tæki til hafnarinnar.

23. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur til að láta hafnarverði í té eftirrit af farmskrá skips hans. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn það, sem fleyta hans hefir fermt eða affermt. Þyki hafnarverði ástæða til getur hann, hvenær sem er, látið rannsaka vörumagnið. Reynist það meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

24. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vöruskrá tiltekur og gjald greiðast eins og þar segir. Þó skal aldrei reikna vörugjald minna en 25 aura.

Ef vafi leikur á í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru úrskurðar hafnarvörður, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

Vörugjaldskrá.

25. gr.

1. flokkur. Gjald 15 aurar fyrir hver 100 kg: Kol, salt, sement.
2. flokkur. Gjald 5 aurar fyrir hvert teningsfet: Timbur og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
3. flokkur. Gjald 30 aurar fyrir hverja tunnu: Kjöt, fiskur, síld, lýsi og olíur í tunnum.
4. flokkur. Gjald 10 kr. á stykki: Bifreiðar, dráttarvélar og aðrar stórar vinnuvélar. Hálft gjald greiðist fyrir ferðamannabifreiðar, sem fluttar eru fram og aftur.
5. flokkur. Gjald: 1 kr. fyrir stórgrip, 50 aurar fyrir svín, 25 aurar fyrir sauðfé.
6. flokkur. Gjald 25 aurar fyrir hver 100 kg.:
   Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.

26. gr.

Hafnarnefnd og hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka öll þau gjöld, sem um getur í reglugerðinni, allt að 25%.

27. gr.

Viðtakandi greiðir vörugjaldið af vörum, sem koma til hafnarinnar en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir. Vörugjald af vörum, sem koma til hafnar, fellur í gjalddaga þegar skipið, sem vörurnar flytur er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. — Skipstjóri, formaður báts og afgreiðslumaður skips bera ábyrgð á, að vörugjaldsyldar vörur séu ekki afhentar fyrr en vörugjaldið er greitt, og hafnarsjóður hefir haldsrétt á vörunum unz hafnargjaldið er að fullu greitt, og í skipi unz hafnargjaldið er greitt. Ef út af bregður, er það brot á hafnarreglugerðinni. Öll gjöld til hafnarinnar skal greiða á skrifstofu hafnarvarðar.

VIII. KAFLI.

Ýms ákvæði.

28. gr.

Skipstjóri, sem fer í óleyfi út af höfninni án þess að greiða lögmæt hafnargjöld og án þess að skilja eftir skipsskjölin hjá hafnarverði, hefir gert sig sekan um brot á reglugerð þessari.

Nú fer skip burt af höfninni í óleyfi án þess að greiða lögmæt hafnargjöld, og ágreiningur rís síðar um, hve skipið hafi oft hafnað sig á höfninni og skal þá fara eftir skýrslu hafnarvarðar um það efni.

29. gr.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar skal greiða 25 aura fyrir hvert stykki, sem ekki er flutt burt innan viku frá því það kom á land. Að þeim tíma liðnum er hafnarverði heimilt að flytja vörurnar burt, nema öðruvísi sé um samið við hafnarnefnd.

30. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

31. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum eða félögum um langan tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

32. gr.

Nú segir gjaldandi rangt til um vörunafn, þyngd eða stærð gjaldskyldrar

12 vöru, og eigi er ætlandi né sannast að um sé að kenna afsakanlegu gáleysi, þá skal
20. febr. hann skyldur að greiða ferfalt vörugjald og sekt sem um brot á hafnarreglugerðinni, nema um þyngri refsingu sé að ræða að lögum.

33. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum. Hafnarvörður er réttur sóknaraðili skaðabótamáls, nema hafnarnefnd hafi þar á gert aðra skipun.

Ef samningum verður eigi við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af 3 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því, að matsgerð var lokið. Yfirmat skal fram fara af 5 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.

Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður eigi breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn. Skip er að lögveði fyrir skaðabótum. Löglega ákveðnar skaðabætur má taka lögtaki.

34. gr.

Enginn, sem bakað hefir sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt af höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd eða aðili hennar tekur gilda. Sama gildir um skaðabótaskylt skip.

35. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er eigi á skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

36. gr.

Seglfestu má hvergi taka við höfnina, nema með leyfi landeiganda og hafnarnefndar.

37. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10—400 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renni í hafnarsjóð Borgarness.

38. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. febrúar 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKT

13
5. marz

fyrir

Fiskiræktarfélagið Blanda.

1. gr.

Félagið heitir Fiskiræktarfélagið Blanda. Heimili þess og varnarþing er í Bólstaðarhlíð.

2. gr.

Félagssvæðið er allar þær jarðir, sem land eiga að Blöndu og þverám hennar.

3. gr.

Verkefni félagsins er að koma á laxveiði í Blöndu og ám, sem í hana falla, og auka hana sem mest, svo sem með aðflutningi seyða, klaki, friðun, eyðing sels og annars veiðivargs, og félagsskap um sameiginlega veiði félagsmanna að öllu eða nokkru leyti.

4. gr.

Stjórnina skipa fimm menn; formaður sérstaklega kosinn og fjórir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn og skipta sjálfir með sér verkum.

Ganga menn þannig úr stjórninni fyrstu árin: einn eftir eitt ár, en tveir eftir tvö ár eftir hlutkesti.

Stjórnin skal kosin leynilegri kosningu ef þess er óskað. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan stjórnarkosningu, nema lögmæt forföll banni eða hann hafi verið 6 ár í stjórn. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum.

5. gr.

Stjórnin hefir á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefir yfirumsjón með öllum störfum þess og fjárreiðum, boðar til allra funda og stýrir þeim. Verði félagsveiði hefir stjórnin og með höndum framkvæmd og umsjón hennar.

6. gr.

Aðalfund skal halda í marzmánuði ár hvert. Skal hann boðaður félagsmönnum skriflega með þriggja vikna fyrirvara og sé félagsveiði ákveðin, verður að taka fram fyrirhugaðar breytingar á henni í fundarboðinu. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári, leggur fram áætlun um starfrækslukostnað félagsins á yfirstandandi ári, sem hún innheimtir eftir, og endurskoðaða reikninga hins liðna starfsárs til úrskurðar fundarins. Aðalfundur kýs stjórn og tvo endurskoðendur reikninga, og ákveður þóknun til þeirra

13 ef þess er þörf, og tekur ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu. Afl atkvæða
5. marz ræður úrslitum á fundum, nema um breytingar á samþykktinni og félagsslit.

7. gr.

Stjórn félagsins boðar til aukafundar, þegar henni þykir ástæða til eða ¼ félagsmanna æskir þess skriflega til félagsstjórnarinnar ásamt tilgreindu fundarefni.

8. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

9. gr.

Árgjöld félagsmanna greiðast samkvæmt löggiltri gjaldskrá. Verði veiði á félagssvæðinu rekin í félagi af öllum hlutaðeigendum, skiptast tekjurnar eftir sömu hlutföllum og gjaldskráin tilgreinir. Gjaldskránni má aðeins breyta samkvæmt þeim reglum, sem gilda um breytingar á samþykktinni.

10. gr.

Gjalddagi tillaganna er 15. júlí og má taka þau lögtaki.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða allt að 200 króna sektum, er renna í félagssjóð. Ennfremur skal hinn brotlegi sóttur til skaðabóta, ef aðalfundur samþykkir.

12. gr.

Samþykkt félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi, ef ⅔ fundarmanna samþykkja og breytingartillögurnar hafa verið birtar í fundarboðinu.

13. gr.

Nú þykir æskilegt að slíta þessum félagsskap, þá er það heimilt ef tveir löglega boðaðir fundir samþykkja að leggja niður félagið með tveim þriðju — ⅔ — atkvæðum félagsmanna. Skuldum eða eignum félagsins á þeim tíma skal jafnað niður á félagsmenn samkvæmt gjaldskránni.

Framanskráð samþykkt er sett samkvæmt lögum nr. 6, 14. júní 1929, um fiskiræktarfélög, til þess að öðlast gildi 1. apríl þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. marz 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

GJALDSKRÁ

14
5. marz

fyrir

Fiskiræktarfélagið Blanda.

1. Þröm	40	einingar
2. Eldjárnsstaðir	45	—
3. Eiðsstaðir	55	—
4. Guðlaugsstaðir	90	—
5. Höllustaðir	50	—
6. Syðri-Löngumýri	55	—
7. Ytri-Löngumýri	55	—
8. Tungunes	60	—
9. Kárastaðir	50	—
10. Ásar	45	—
11. Hamar	30	—
12. Gunnfríðarstaðir	30	—
13. Kagaðarhóll	40	—
14. Smyrlaberg	30	—
15. Kaldakinn	50	—
16. Hnjúkar	140	—
17. Blönduós	85	—
18. Enni	140	—
19. Breiðavað	45	—
20. Björnólfsstaðir	40	—
21. Ystagil	35	—
22. Miðgil	35	—
23. Engihlíð	45	—
24. Glaumbær	35	—
25. Fremstagil	50	—
26. Geitaskarð	60	—
27. Holtastaðir með Kotinu	75	—
28. Hvammur	40	—
29. Móberg	50	—
30. Strjúgsstaðir	30	—
31. Gunnsteinsstaðir með Hólabæ	75	—
32. Auðólfsstaðir	65	—
33. Æsustaðir	75	—

14 5. marz

34. Gautsdalur	30	einingar
35. Mörk	30	—
36. Hvammur	20	—
37. Mjóidalur	30	—
38. Þverárdalur	30	—
39. Kálfárdalur	20	—
40. Bólstaðarhlíð	90	—
41. Botnastaðir	35	—
42. Gil	45	—
43. Fjósar	70	—
44. Skeggjastaðir	70	—
45. Brattahlíð	40	—
46. Brún	45	—
47. Eiríksstaðir	60	—
48. Torfustaðir	40	—
49. Barkarstaðir	55	—
50. Bergsstaðir	70	—
51. Leifsstaðir með Steinárgerði	50	—
52. Steiná	60	—
53. Hóll	30	—
54. Skottastaðir	30	—
55. Hvammur	45	—
56. Kúfustaðir	30	—
57. Stafn	60	—
58. Fossar	35	—
59. Rugludalur	50	—
60. Bollastaðir	65	—
61. Eyvindarstaðir	40	—
62. Austurhlíð	45	—
63. Brandsstaðir	55	—
64. Blöndudalshólar	60	—
65. Syðra-Tungukot	40	—
66. Finnstunga	70	—
67. Ytra-Tungukot	50	—
Samtals	3440	einingar

Kostnaði, sem leiðir af starfsemi fiskiræktarfélagsins, skal niður jafna á félagana miðað við þann einingafjölda, er hvílir á þeirri jörð eða jarðarhluta, sem hann á eða hefir veiðirétt á.

Framanrituð gjaldskrá er sett samkvæmt lögum nr. 6, 14. júní 1929, 14
um fiskiræktarfélög, til þess að öðlast gildi 1. apríl þ. á., og birtist til eftirbreytni 5. marz
öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. marz 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

HAFNARREGLUGERÐ 15
11. marz

fyrir

Reyðarfjarðarkauptún.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir í dag samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917, gefið út svofellda hafnarreglugerð fyrir Reyðarfjarðarkauptún:

I. Takmörk hafnarinnar.

Reyðarfjarðarhöfn tekur yfir Reyðarfjörð, vestan línu, sem hugsast dregin úr Hellulækjarós, norðan fjarðarins í Handarhald, sunnan fjarðarins.

II. Hafnargjöld.

Af öllum skipum, sem mæld eru til lestatals, 12 smálestir eða þar yfir (að undanteknum þeim, er síðar getur um) skal greiða í hafnargjald 5 aura af hverri nettó-smálest, í fyrsta sinn á hverju ári, er þau hafna sig á Reyðarfjarðarhöfn, án tillits til þess, hvort skipið kemur beint frá útlöndum eða frá höfnum innanlands.

Af skipum, sem hafna sig oftar en einu sinni á ári, skal greiða 2 aura af hverri nettó-smálest í annari og þriðju ferð, en oftar skal ekkert skip hafnargjald greiða, hversu oft sem það hafnar sig á árinu.

Undanþegin hafnargjaldi skulu:

1. Öll herskip og skemmtiskip, hverrar þjóðar sem eru.
2. Öll skip, sem eru að fiskiveiðum við strendur landsins, ef þau afferma ekki né ferma annað en það, sem afla þeirra og útgerð snertir.

15 11. marz

3. Loks skulu undanþegin hafnargjaldi öll skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða.

III. Hafnarsjóður.

Gjöld þau, sem ákveðin eru hér að framan, skulu renna í hafnarsjóð Reyðarfjarðar. Skal sjóðnum varið til umbóta á höfninni, til byggingar mannvirkja, er höfninni tilheyra og til leiðarmerkja við höfnina og innsiglingu.

IV. Stjórn hafnarinnar.

Hafnarnefnd Reyðarfjarðar skipa þrír menn. Er hreppstjóri Reyðarfjarðarhrepps formaður og hefir á hendi innheimtu hafnargjaldanna og reikningsskil fyrir hafnarsjóð. Hina tvo kýs hreppsnefnd til þriggja ára í senn og skal annar þeirra ávallt vera í hreppsnefndinni.

Hafnarnefnd skal sjá um, að reglugerð þessari sé hlýtt og stjórna hafnarsjóðnum með eftirliti hreppsnefndar, sem veitir fé úr sjóðnum, eftir tillögum hafnarnefndar og ber ábyrgð á sjóðnum, sem öðrum eigum hreppsins. Reikningur hafnarsjóðs skal fylgja sveitarsjóðsreikningum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim. Handbært fé sjóðsins skal ávallt ávaxta í Landsbankanum eða annari jafntryggri lánsstofnun.

V. Um almenna reglu.

Fiskiskip og önnur skip, sem ekki ferma né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfnina að tálmi fermingu eða affermingu annara skipa og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boði hafnarnefndar um það, hvar þau skuli leggjast.

Skip mega ekki leggja svo út frá sér strengi og önnur festartæki, að umferð tálmi. Festartæki frá skipi má aldrei leggja yfir alfaraveg.

Vélbátum, sem eiga heima á Reyðarfirði, má ekki leggja svo að hindri eða tefji umferð um höfnina. Hafnarnefnd sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boði hennar tafarlaust, en þyki einhverjum sér óréttur gjör, getur hann kært það fyrir sýslumanni.

VI. Seglfesta.

Seglfestu má hvergi taka á hafnarsvæðinu nema með leyfi landeiganda og samþykki hafnarnefndar og ekki kasta út seglfestu á höfninni nema hafnarnefnd leyfi.

VII. Hegningarákvæði. 15
11. marz

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að 400 krónum og rennur sektarféð í hafnarsjóð.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. apríl þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. marz 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ 16
13. marz

um

notkun Krossavíkur við Hellissand.

1. gr.

Skjólgarðurinn og Krossavíkin innan hans ásamt erfðafestulandi því, sem hreppsnefndin í Neshreppi utan Ennis hefir tekið á leigu hjá ríkissjóði, er í umsjón hreppsnefndarinar. Ennfremur telst til Krossavíkur svæði það sem er innan línu, sem tekin er sjónhendingu frá svonefndum „Úrum“ á Sandi á „Reiðar“ á Brimnesi.

2. gr.

Bannað er að kasta fiskúrgangi innan skjólgarðsins. Í hvert skipti, sem aðgerð á fiski fer fram, skal flytja allan úrgang út fyrir skjólgarðinn eða á land upp í gryfjur, sem grafnar skulu þar sem hreppsnefnd leyfir.

Bannað er einnig að kasta út seglfestu eða bera steina ofan fyrir sjávarmál í víkinni. Akkeri eða aðra harða hluti má ekki láta liggja fyrir neðan stórstraumsflæðarmál. Enginn má grafa maðk til beitu eða gera neins konar gryfjur innan sömu takmarka.

3. gr.

Vélbátar, sem hafa aðsetur í víkinni eða leita þangað hafnar, skulu strax og inn er komið binda sig í báða stafna með járnkeðjum í festarhöld þau, sem í víkinni eru. Hver bátur skal skyldur að leggja þessar keðjur til sjálfur, og skulu þær teknar gildar af skoðunarmönnum Samábyrgðar Íslands. Hafi einhver bátur ekki keðjur, sem teknar eru gildar, skal hann strax útvega sér þær áður

16 en hann fær leyfi til að liggja í víkinni. Hver bátur skal hafa legupláss, þar sem
13. marz hafnarnefnd visar til. Ætlazt er til, að stærstu bátarnir liggi fremst, en hinir minnstu innst.

4. gr.

Gjöld fyrir notkun víkurinnar eru þessi:

A. Bátagjald.

Vélbátar: Fyrir vetrarvertíð 12 kr. af rúmlest.
— Fyrir vorvertíð 10 kr. af rúmlest.
— Fyrir sumarvertíð 7 kr. af rúmlest.
— Fyrir haustvertíð 6 kr. af rúmlest.

Fyrir vélbát sem er allt árið 25 kr. af rúmlest.

Fyrir aðkomubáta í eitt skipti eða oftar, hafi báturinn ekki fast aðsetur, 3 krónur í hvert skipti að 8 rúmlesta stærð, en fyrir stærri báta 5 krónur.

Fyrir róðrarbáta yfir hverja vertíð 15 krónur.

Fyrir uppskipunarbáta yfir árið 20 krónur.

Fyrir vélbáta, sem ekki eru í notkun og ekki greiða gjald samkvæmt fyrtöldu:

Fyrir að leggja upp vélbát til aðgerðar 20 krónur.

Fyrir að geyma vélbát á þurru landi 20 krónur.

Bátagjöld þessi greiðast hvort heldur bátarnir nota víkina sjálfa eða hið annað hafnarsvæði, er greinir í 1. gr. reglugerðar þessarar.

B. Vörugjald.

Af vörum, sem fluttar eru í land í víkinni sjálfri eða skipað þaðan út, skal greiða gjald það sem hér segir:

1. Af salti kr. 1.50 af hverri smálest.
2. Af kolum kr. 1.50 af hverri smálest.
3. Af óverkuðum saltfiski kr. 1.50 af hverri smálest, hvort heldur fiskurinn er fluttur burt úr víkinni á sjó eða landi.
4. Af verkuðum saltfiski kr. 2.25 af hverri smálest.
5. Af olíutunnum, fisktunnum, síldartunnum og kjöttunnum 50 aurar af hverri tunnu.
6. Af trjávið og öðrum vörum, sem reiknast eftir rúmmáli, 5 aurar af hverju teningsfeti; minnsta gjald þó 30 aurar.

Af öllum öðrum vörum 30 aurar af hverjum 100 kg.

Af umhlöðnum vörum greiðist gjaldið aðeins einu sinni.

Póst og farþegaflutningur er undanþeginn gjaldi þessu.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd vörunnar með umbúðum. Brot úr gjaldeining telst sem heil gjaldeining. Gjaldið skal ákveðið eftir farmskrám skipa eða farmskírteinum, þegar um slík skjöl er að ræða, og er öllum

skipaafgreiðslumönnum skylt að láta hafnarnefnd í té eintak af öllum farm- 16
skrám yfir vörur, sem skipað er upp eða út í Krossavíkinni, innan sólarhrings 13. marz
eftir komu eða burtför skipsins.

Hafnarnefndin hefir haldsrétt á vörum þeim, sem greiða skal af vörugjald, unz gjaldið er greitt.

5. gr.

Hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis kýs 3 menn í hafnarnefnd til þriggja ára í senn, og skal einn þeirra jafnan vera hreppsnefndarmaður. Hafnarnefndin hefir umsjón með að reglugerð þessari sé hlýtt, og innheimtir eða sér um innheimtu á gjöldum til hafnarsjóðs, bæði bátagjaldi og vörugjaldi, og getur hafnarnefndin ráðið einn eða fleiri menn til að hafa innheimtuna á hendi gegn innheimtulaunum þeim er um semur. Hafnarnefndinni ber að sjá um reikningsskil fyrir tekjum og gjöldum hafnarsjóðs og stjórna sjóðnum með umsjón hreppsnefndar. Hafnarsjóðnum skal eingöngu varið til að standast kostnað af mannvirkjum, sem við höfnina eru eða verða gerð, viðhaldi þeirra og frekari umbótum. Hreppsnefndin veitir fé úr hafnarsjóði til verklegra framkvæmda eftir tillögum hafnarnefndar og ákveður, hvernig hafnarsjóðinn skuli ávaxta, enda ber hreppsnefndin ábyrgð á innstæðu hafnarsjóðs og reikningsskilum sjóðsins eins og öðrum eignum hreppsfélagsins. Fyrir 15. janúar ár hvert skal hafnarnefndin semja reikning yfir tekjur og útgjöld hafnarsjóðsins umliðið almanaksár og eignir og skuldir hafnarsjóðsins í árslokin, svo sem fyrirskipað er um sveitarsjóðsreikninga. Skulu reikningar hafnarsjóðs fylgja sveitarsjóðsreikningunum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

6. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 400 krónum, er renna í hafnarsjóð, og skal með mál út af brotum á reglugerð þessari farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvembeer 1917, til að öðlast gildi 15. marz 1930, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. marz 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

17
31. marz

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir

Skálaveiðistöð.

I. Hafnargjöld.

A. Skipagjöld.

1. gr.

Öll veiðiskip, sem mæld eru til lestatals 5 smál. og þar yfir, skulu greiða í hafnargjald 10 aura af hverri nettósmálest í hvert skipti, er þau leggjast á Skálahöfn eða hafa samband við land á Skálum eftir að þau koma frá útlöndum, eða ef ræðir um innlend skip, þá í fyrsta sinn er þau leita hafnar á Skálum á árinu. Liggi skipið lengur en 14 daga í einu á höfninni tvöfaldast gjaldið.

2. gr.

Hafni skipið sig oftar en einu sinni á árinu á Skálahöfn og hafi á þeim tíma ekki komið til annara landa, greiðist hafnargjaldið ekki að fullu nema í fyrsta skipti, en síðar að helmingu.

B. Bátagjöld.

3. gr.

Gjöld fyrir notkun hafnarinnar og uppsátursgjöld eru þessi.
3 krónur af hverjum vertíðarhlut hvers róðrarbáts og opins vélbáts.
10 krónur fyrir hvern uppskipunarbát um árið.

II. Undanþága frá hafnargjaldi.

4. gr.

Undanþegin hafnargjaldi eru:

1. Skip sem leita hafnar vegna sjóskemmda, enda þótt farmur þeirra sé á land borinn, og þau flytji hann burt aftur og ekkert annað.
2. Skip sem leita hafnar vegna illveðurs, og hafa ekkert samband við land.

III. Seglfesta.

5. gr.

Seglfestu má hvergi kasta út á höfninni nema með leyfi hafnarnefndar,

og hvergi má taka seglfestu nema með leyfi landeiganda og samþykki hafnar- 17
nefndar og greiðist hún eftir samkomulagi. 31. marz

IV. Vörugjald.

6. gr.

Af vörum, sem fluttar eru í land á Skálum eða skipað þaðan út, ennfremur af vörum, sem fluttar eru milli skipa á höfninni, skal greiða gjald, sem hér segir:

1. Af salti og kolum 1 króna af hverri smálest.
2. Af óverkuðum saltfiski 1 kr. af hverri smálest.
3. Af verkuðum saltfiski kr. 1.50 af hverri smálest.
4. Af olíutunnum, fiskitunnum, lýsistunnum, síldartunnum og kjöttunnum 30 aurar af hverri tunnu.
5. Af öllum öðrum vörum 20 aurar af hverjum 100 kg., minnsta gjald þó 10 aurar.

Af umhlöðnum vörum greiðist gjaldið aðeins einu sinni. Póstflutningur og farþegaflutningur er undanþeginn þessu gjaldi. Vörugjaldið skal reikna eftir þyngd vörunnar með umbúðum. Gjaldið skal ákveðið eftir farmskrám eða farmskírteinum, ef um slík skjöl er að ræða.

V. Hafnarsjóður og hafnarnefnd.

7. gr.

Gjöld þau, sem að framan greinir, renna í hafnarsjóð á Skálum og skal honum varið til þess að standast kostnað af mannvirkjum, er við höfnina verða gerð, og svo til ljóskera og leiðbeininga við innsiglinguna við höfnina.

8. gr.

Hafnarnefnd á Skálum skipa 3 menn. Er hreppstjóri Sauðaneshrepps formaður hennar, annan tilnefnir hreppsnefnd Sauðaneshrepps og þann þriðja Fiskifélagsdeildin á Skálum, en leggist hún niður kýs almennur fundur Skálabúa þriðja manninn. Nefndarmenn skulu kosnir til þriggja ára.

9. gr.

Hafnarnefnd ræður mann til að annast innheimtu hafnargjalds og til að sjá um að reglugerð þessari sé hlýtt og semur við hann um þóknun fyrir starfann. Hún færir reikninga sjóðsins og ber ábyrgð á innstæðu hans, og veitir fé úr honum í samráði við hreppsnefnd Sauðanesshrepps. Reikningarnir skulu endurskoðast og úrskurðast ásamt sveitarsjóðsreikningum Sauðanesshrepps.

17 31. marz

VI. Hafnartakmörk og mannvirki.

10. gr.

Takmörk Skálahafnar skulu vera að sunnan Skálabjarg og að norðaustan Búðahorn.

11. gr.

Engin mannvirki má reisa við höfnina nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar.

VII. Almenn ákvæði.

12. gr.

Skipstjórar eða afgreiðslumenn skipa skulu greiða skipagjöldin samkvæmt reglugerð þessari strax og skipin hafa hafnað sig, en vörugjaldið greiðist um leið og vörur eru fluttar í land eða um borð í skip. Hafnarsjóður hefir haldsrétt í vörum þeim, sem greiða skal gjald af, unz gjaldið er goldið.

VIII. Sektarákvæði.

13. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 400 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð á Skálum.

14. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóv. 1917, til að öðlast gildi 1. apríl 1930, og er birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. marz 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

REIKNINGUR

yfir

tekjur og gjöld Prestsekknasjóðs árið 1929.

18

Tekjur.

1. Eign í árslok 1928			kr. 55685.86
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	990.25	
b. — veðskuldarbréfum	—	120.00	
c. — innstæðu í Söfnunarsjóði	—	1465.30	
d. — innstæðu í sparisjóði	—	365.65	
			— 2941.20
3. Gjafir og tillög á árinu			— 575.00
			Kr. 59202.06

Gjöld.

1. Úthlutað á synódus			kr. 1350.00
2. Keypt ávísanahefti			— 2.00
3. Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	20700.00	
b. Veðskuldarbréf	—	2400.00	
c. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	25800.90	
d. Innstæða í sparisjóði	—	8657.33	
e. Hjá reikningshaldara	—	291.83	
			— 57850.06
			Kr. 59202.06

Biskupinn yfir Íslandi.

Reykjavík, 4. marz 1930.

Jón Helgason.

19

Reikningur

yfir

tekjur og gjöld hins Almenna Kirkjusjóðs árið 1929.

Tekjur:

1.	Sjóður frá f. á. (sbr. Stjórnartíðindi 1929, B. bls. 54.) . .			kr. 306720 22
2.	Innborgað á árinu			— 25013 08
3.	Vextir á árinu:			
	a. Af lánum	kr.	7040 67	
	b. — innieign í Landsbanka	—	5083 19	
	c. — vaxtabréfum	—	2106 00	
	d. — sparisjóði Hafnarfjarðar	—	26 79	
		Kr.	14256 65	
	e. Vangoldnir vextir	—	302 90	
				— 14559 55
4.	Endurborgað af lánum			— 8749 07
5.	Til jafnaðar við gjaldlið 2			— 7150 00
6.	— — — — 4			— 5485 44
				Kr. 367677 36

Gjöld:

1.	Tekið út af inneign			kr. 16445 47
2.	Ný lán veitt á árinu			— 7150 00
3.	Kostnaður			— 306 00
4.	Vaxta-afgangur			— 5485 44
5.	Til jafnaðar við tekjulið 4			— 8749 07
6.	— — — — 3e.			— 302 90
7.	Eign í árslok 1929:			
	a. Í lánum	kr.	155692 11	
	b. - Landsbanka Íslands	—	126878 45	
	c. - vaxtabréfum	—	45500 00	
	d. - Sparisjóði Hafnarfjarðar	—	626 79	
	e. Hjá reikningshaldara	—	541 13	
				— 329238 48
				Kr. 367677 36

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 6. jan. 1930.

Jón Helgason.

Skýrsla 19

um

eign kirkna í hinum Almenna Kirkjusjóði árið 1929.

Kirkjur	Eign við árslok 1928 Kr. au.	Lagt inn á árinu Kr. au.	Tekið út á árinu Kr. au.	Vextir á árinu Kr. au.	Eign við árslok 1929 Kr. au.
N.-Múlaprófastsdæmi.					
1. Skeggjastaðakirkja	2890 03	»	102 00	114 58	2902 61
2. Hofteigskirkja	3991 61	310 00	200 80	164 94	4265 75
3. Kirkjubæjarkirkja	11402 80	»	1804 00	438 07	10036 87
4. Hjaltastaðarkirkja	1909 11	60 00	»	77 36	2046 47
5. Eiðakirkja	579 81	»	»	23 19	603 00
6. Ásskirkja í Fellum . . .	3861 62	100 00	»	154 46	4116 08
7. Valþjófsstaðarkirkja . . .	2319 01	»	400 00	80 76	1999 77
8. Hofskirkja í Vopnaf. . .	1421 76	»	»	56 87	1478 63
S.-Múlaprófastsdæmi.					
9. Vallanesskirkja	13679 73	»	1000 00	533 85	13213 58
10. Þingmúlakirkja	1960 38	»	»	78 41	2038 79
11. Klippstaðarkirkja	382 03	»	200 00	9 95	191 98
12. Vestdalseyrarkirkja . . .	19 46	»	»	0 77	20 23
13. Mjóafjarðarkirkja	1 94	»	»	0 07	2 01
14. Neskirkja í Norðfirði . .	42 77	»	2 50	1 78	42 05
15. Kolfreyjustaðarkirkja . .	13 81	13 50	12 80	0 21	14 72
16. Stöðvarkirkja . . , . . .	10 09	»	»	0 40	10 49
17. Eydalakirkja . . . . . ,	6915 90	»	20 60	276 48	7171 78
18. Hofskirkja í Álftafirði. .	334 37	»	»	13 37	347 74
A.-Skaftafellsprófastsdæmi.					
19. Sandfellskirkja	1577 76	»	»	63 11	1640 87
20. Stafafellskirkja	2056 53	»	»	82 26	2138 79
21. Einholtskirkja	1 02	»	»	0 04	1 06
22. Kálfafellsstaðarkirkja . .	40 83	»	»	1 63	42 46
23. Hofskirkja í Öræfum . .	3101 76	130 00	»	127 97	3359 73
V.-Skaftafellsprófastsdæmi.					
24. Prestsbakkakirkja	5289 28	»	»	211 57	5500 85
25. Reyniskirkja	283 59	»	»	11 34	294 93
26. Grafarkirkja	7592 64	»	»	303 70	7896 34
27, Kálfafellskirkja	565 69	100 00	»	23 62	689 31
28. Skeiðflatarkirkja	391 16	»	»	15 64	406 80
29. Langholtskirkja	»	5000 00	»	150 00	5150 00
Flyt . . .	72636 49	5713 50	3742 70	3016 40	77623 69

Kirkjur:	Eign við árslok 1928 Kr. au.	Lagt inn á árinu Kr. au.	Tekið út á árinu Kr. au.	Vextir á árinu Kr. au.	Eign við árslok 1929 Kr. au.
Flutt . . .	72636 49	5713 50	3742 70	3016 40	77623 69
Rangárvalleprófastsdæmi					
30. Stórólfshvolskirkja	628 62	»	»	25 14	653 76
31. Oddakirkja	314 69	»	»	12 58	327 27
32. Kálfholtskirkja	60 07	»	»	2 40	62 47
33. Krosskirkja	7155 20	»	»	286 20	7441 40
34. Ásólfsskálakirkja	127 67	»	»	5 10	132 77
35. Eyvindarhólakirkja . . .	2663 00	130 00	»	110 42	2903 42
36. Breiðabólstaðarkirkja . .	16 74	»	»	0 66	17 40
37. Skarðskirkja	6920 94	130 39	»	276 83	7328 16
38. Landakirkja í Vestm.eyj.	3128 49	»	»	125 13	3253 62
Árnesprófastsdæmi.					
39. Mosfellskirkja í Grímsn.	1369 84	»	250 00	48 96	1168 80
40. Þingvallakirkja	414 61	60 85	»	17 80	493 26
41. Strandarkirkja	54151 83	15290 30	7025 50	2201 33	64617 96
42. Gaulverjabæjarkirkja . .	68 55	»	12 00	2 54	59 09
43. Haukadalskirkja	90 32	»	»	3 61	93 93
44. Hraungerðiskirkja	202 67	200 00	»	12 77	415 44
45. Stokkseyrarkirkja	2563 71	»	»	102 54	2666 25
46. Ólafsvallakirkja	131 70	»	92 41	1 57	40 86
47. Miðdalskirkja.	426 82	»	400 00	6 07	32 89
48. Eyrarbakkakirkja	1314 35	»	»	52 57	1366 92
Kjalarnessprófastsdæmi.					
49. Grindavíkurkirkja	120 48	150 00	»	5 81	276 29
50. Brautarholtskirkja	318 98	»	75 00	12 25	256 23
51. Reynivallakirkja	4585 54	»	»	183 42	4768 96
52. Lágafellskirkja	2902 04	»	»	116 08	3018 12
53. Njarðvíkurkirkja	32 55	»	»	1 30	33 85
Borgarfjarðarprófastsdæmi.					
54. Saurbæjarkirkja	1197 45	»	»	47 89	1245 34
55. Hallgrímskirkjan.	13577 31	439 25	»	552 99	14569 55
56. Stóra-Áskirkja	84 74	»	84 74	1 69	1 69
57. Reykholtskirkja	2124 82	300 00	370 00	76 36	2131 18
58. Lundarkirkja	124 77	»	»	4 99	129 76
59. Bæjarkirkja	137 05	»	»	5 48	142 53
Mýraprófastsdæmi.					
60. Stafholtskirkja	5960 52	330 00	»	248 32	6538 84
61. Síðumúlakirkja	42 02	»	»	1 68	43 70
Flyt . . .	185594 58	22744 29	12052 35	7568 88	203855 40

19

Kirkjur	Eign við árslok 1928 Kr. au.	Lagt inn á árinu Kr. au.	Tekið út á árinu Kr. au.	Vextir á árinu Kr. au.	Eign við árslok 1929 Kr. au.
Flutt . . .	185594 58	22744 29	12052 35	7568 88	203855 40
62. Hvammskirkja í Nd. . .	1293 53	140 00	»	55 47	1489 00
63. Borgarkirkja	1771 75	»	»	70 87	1842 62
Snæfellsnessprófastsdæmi.					
64. Breiðabólstaðarkirkja . .	980 30	»	»	39 21	1019 51
65. Miklaholtskirkja	5752 62	100 00	»	230 10	6082 72
66. Narfeyrarkirkja.	276 18	200 00	»	11 04	487 22
67. Ytra-Rauðamelskirkja . .	784 00	»	»	31 36	815 36
68. Kolbeinsstaðakirkja . . .	2802 65	100 00	»	115 77	3018 42
Dalaprófastsdæmi.					
69. Stóra-Vatnshornskirkja .	860 03	»	»	34 40	894 43
70. Snóksdalskirkja	2846 18	»	16 00	113 84	2944 02
71. Garpdalskirkja	4619 71	125 00	»	188 53	4933 24
72. Sauðafellskirkja	1 51	»	1 51	»	»
73. Hvammskirkja	19 54	»	»	0 78	20 32
Barðarstrandarprófastsdæmi.					
74. Selárdalskirkja	481 47	200 00	12 00	21 48	690 95
75. Sauðlauksdalskirkja . . .	2284 88	72 00	»	92 35	2449 23
76. Flateyjarkirkja	31 95	»	11 75	0 99	21 19
77. Gufudalskirkja	102 35	»	»	4 09	106 44
V.-Ísafjarðarprófastsdæmi.					
78. Holtskirkja	6936 99	»	2 50	277 39	7211 88
79. Mýrakirkja	909 43	80 00	»	38 24	1027 67
80. Sæbólskirkja	3074 87	»	3070 97	70 64	74 54
81. Staðarkirkja í Súgandaf.	1332 56	309 35	»	61 13	1703 04
82. Hraunskirkja	770 53	»	2 50	30 72	798 75
N.-Ísafjarðarprófastsdæmi.					
83. Staðarkirkja í Grv. . .	666 36	85 00	»	23 53	774 89
Strandaprófastsdæmi.					
84. Staðarkirkja í Stgrf. . .	2297 66	»	»	91 90	2389 56
85. Prestsbakkakirkja . . .	1688 57	»	»	67 54	1756 11
86. Staðarkirkja í Hrf. . . .	1003 36	»	»	40 13	1043 49
87. Árneskirkja	2658 05	265 00	»	106 32	3029 37
88. Óspakseyrarkirkja . . .	1775 30	»	»	71 01	1846 31
Húnavatnsprófastsdæmi.					
89. Staðarbakkakirkja . . .	40 38	»	»	1 61	41 99
Flyt . . .	233657 29	24420 64	15169 58	9459 32	252367 67

Kirkjur	Eign við árslok 1928 Kr. au.	Lagt inn á árinu Kr. au.	Tekið út á árinu Kr. au.	Vextir á árinu Kr. au.	Eign við árslok 1929 Kr. au.
Flutt . . .	233657 29	24420 64	15169 58	9459 32	252367 67
90. Melstaðarkirkja	3049 87	»	»	121 99	3171 86
91. Hofskirkja á Skstr. . .	665 01	»	»	26 60	691 61
92. Bergstaðakirkja	2 86	»	»	0 11	2 97
93. Höskuldsstaðakirkja . .	1006 29	»	»	40 25	1046 54
94. Efranúpskirkja	16 31	»	»	0 65	16 96
95. Tjarnarkirkja á Vn. . .	1112 04	33 72	»	44 48	1190 24
96. Spákonufellskirkja . . .	1 36	»	»	0 05	1 41
97. Blönduóskirkja	217 75	»	»	8 71	226 46
98. Auðkúlukirkja	1081 60	»	380 00	34 86	736 46
Skagafjarðarprófastsdæmi.					
99. Sauðárkrókskirkja . . .	1504 64	»	»	60 18	1564 82
100. Rípurkirkja	6 94	»	»	0 27	7 21
101. Glaumbæjarkirkja . . .	8 99	»	»	0 35	9 34
102. Mælifellskirkja	9 90	»	»	0 39	10 29
103. Barðskirkja	1966 94	150 00	18 00	79 17	2178 11
104. Fellskirkja í Sléttuhl. .	201 67	»	»	8 06	209 73
105. Goðdalakirkja	670 55	»	»	26 82	697 37
106. Miklabæjarkirkja	1042 56	»	»	41 70	1084 26
107. Flugumýrarkirkja . . .	469 55	»	»	18 78	488 33
108. Ketukirkja	635 11	»	»	25 40	660 51
109. Viðvíkurkirkja	812 53	25 00	»	32 50	870 03
110. Hofskirkja á Hstr. . . .	82 47	»	»	3 29	85 76
111. Hvammskirkja í Ldal .	»	200 00	»	0 06	200 06
112. Knappstaðakirkja. . . .	232 44	»	»	9 29	241 73
Eyjafjarðarprófastsdæmi.					
118. Grímseyjarkirkja	2766 73	»	»	110 66	2877 39
114. Glæsibæjarkirkja	124 17	»	»	4 96	129 13
115. Kaupangskirkja.	5 99	»	»	0 23	6 22
116. Saurbæjarkirkja	4595 13	»	»	183 80	4778 96
117. Munkaþverárkirkja. . .	10809 48	»	»	432 37	11241 85
118. Lögmannshlíðarkirkja .	573 08	»	»	22 92	596 00
119. Akureyrarkirkja	15264 94	»	»	610 59	15875 53
120. Bægisárkirkja	2209 28	»	»	88 37	2297 65
121. Vallakirkja	27 48	»	»	1 09	28 57
122. Tjarnarkirkja	171 41	»	60 00	6 25	117 66
123. Stærra-Árskógskirkja .	34 14	»	34 14	0 57	0 57
S.-Þingeyjarprófastsdæmi.					
124. Laufáskirkja	2300 43	»	»	92 01	2392 44
125. Hálskirkja	1173 07	»	173 00	43 46	1043 53
Flyt . . .	288510 03	24829 36	15834 72	11640 56	309145 23

19

Kirkjur:	Eign við árslok 1928 Kr. au.	Lagt inn á árinu Kr. au.	Tekið út á árinu Kr. au.	Vextir á árinu Kr. au.	Eign við árslok 1929 Kr. au.
51 19. maí **Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins** til sýslumannsins í Árnessýslu, **um flutning þingstaðar.**

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi dags. 22. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Grímsneshreppi í Árnessýslu, veitir ráðuneytið hérmeð samþykki sitt til þess að þingstaður Grímsneshrepps verði fluttur frá Minniborg til Stóruborgar, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

52 24. maí **Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins,** til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, **um skiptingu Árskógshrepps í tvö sveitarfélög.**

Með bréfi yðar, herra sýslumaður, dags. 16. þ. m., hefir hingið borizt erindi frá hreppsnefnd Árskógshrepps og Páli Bergssyni f. h. Hríseyinga, dags. 2. f. m., um skipting Árskógshrepps í tvö sveitarfélög, ásamt meðmælum sýslunefndar um að skiptingin verði leyfð. Út af þessu skal hérmeð samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 12, 31. maí 1927, skipa svo fyrir sem hér segir:

1. Árskógshreppi í Eyjafjarðarsýslu skal skipt í tvö sveitarfélög. Hinir nýju hreppar nefnast Árskógshreppur og Hríseyjarhreppur. Hrísey á Eyjafirði skal vera annar hreppurinn, Hríseyjarhreppur, en landbyggðin í núverandi Árskógshreppi hinn, Árskógshreppur.

2. Öllum eignum, skuldum og skuldbindingum sveitarsjóðsins sem og þurfamannaframfæri hins núverandi Árskógshrepps, þeim er verða þegar skiptingin fer fram, skal skipt þannig milli hinna nýju hreppa, að í hlut Hríseyjarhrepps komi ⅔ hlutar en í hlut Árskógshrepps ⅓ hluti, og eftir sama hlutfalli skal skipta sveitarþyngslum þeim, sem síðar kunna að koma og eiga rót sína í félagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sér stað milli hinna nýju hreppa, en þetta þó með þeim undantekningum, *að* ekknasjóði, ellistyrktarsjóði og varasjóði Sparisjóðs Árskógshrepps skal skipta eftir helminga hlutföllum og *að* kennsluáhöld við barnaskólana skulu fylgja hvorum skóla eftir því sem nú er.

3. Bókum og skjölum sveitarsjóðsins skal ekki skipta. Þau fylgi Árskógshreppi.

4. Starfrækslukostnaður símastöðvanna í Hrísey og Litla Árskógssandi falli hvor sínum hreppshluta. Fái sveitarsjóður greitt að nokkru kostnað við

lagningu símalínunnar frá Krossum að Litla Árskógssandi, þá skal þeirri greiðslu skipt til helminga á milli hreppanna. 52 24. maí

5. Fjallskil skulu sameiginleg fyrst um sinn.

6. Hreppsnefndarmenn skulu vera 3 í hvorum hreppi.

7. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara þegar hreppsnefndir hafa verið kosnar í hvorum hinna nýju hreppa, en þær skulu síðan framkvæma skiptinguna á eignum, skuldum, skuldbindingum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur út af skiptunum skal úr honum skorið af sýslunefnd.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, frekari aðgerða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipun er engin breyting gerð á hinum forna Árskógshreppi sem dómþinghá né manntalsþinghá.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Málfundasjóð Svalbarðsstrandar útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra **6. maí 1930.** Skipulagsskráin er þannig: 53 6. maí

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Málfundasjóð Svalbarðsstrandar.

1. gr.

Sjóður þessi nefnist Málfundasjóður Svalbarðsstrandar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins 400 krónur, er myndaður af skuldlausri eign Málfundafélags Svalbarðsstrandar, er félagið var uppleyst.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávallt geymdur og ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands

4. gr.

Markmið sjóðsins skal vera að styrkja og verðlauna hverskonar nytsamar verklegar framkvæmdir, innan takmarka núverandi Svalbarðsstrandarhrepps, sbr. 5. gr. skipulagsskrárinnar.

5. gr.

Sjóðurinn ásamt vöxtum af honum, skal standa óhreyfður til ársins

53 6. maí

2050, frá þeim tíma, og þar til sjóðurinn er orðinn 500 þúsund krónur, skulu jafnan 3/5 hlutar vaxtanna leggjast við höfuðstólinn, en 2/5 hlutum skal árlega verja samkvæmt fyrirmælum 4. gr. Þegar sjóðurinn er orðinn 500 þúsund krónur, skal árlega verja 4/5 hlutum vaxtanna til þeirra fyrirtækja, er stjórn sjóðsins á hverjum tíma álítur nytsömust, og eru að öðru leyti í samræmi við skipulagsskrá þessa, en 1/5 hluti leggist ávallt við höfuðstólinn, *sem aldrei má skerða.*

6. gr.

Hreppsnefnd Svalbarðsstrandarhrepps ásamt tveimur mönnum, kosnum á almennum hreppsfundi, hafi á hendi stjórn sjóðsins, styrkveitingar og verðlaun úr honum, er þar að kemur. Sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu endurskoði og úrskurði reikninga sjóðsins hvert ár.

Í umboði Málfundafélags Svalbarðsstrandar á síðasta fundi þess.

Svalbarðseyri, 27. desember 1928.

Ásgeir Stefánsson. *Jakob Björnsson.* *Páll Halldórsson.*

54 2. júní

REGLUGERÐ

fyrir

bátabryggjuna í Ólafsfirði.

1. gr.

Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps hefir yfirumsjón með bryggjunni og eignum hennar. Ræður hún sérstakan bryggjuvörð, og semur um borgun fyrir starf hans. Skal það ætíð vera útgerðarmaður í Ólafsfjarðarkauptúni.

2. gr.

Bryggjuvörður skal hafa umsjón með bryggjunni, og sjá um að hún ásamt vatnsleiðslum og raflýsingu sé ávallt í svo nothæfu ástandi, sem mögulegt er, á meðan vertíð stendur, og skal hann að öllu fara eftir fyrirmælum reglugerðar þessarar.

Eru allir sem bryggjuna nota, skyldir til að hlýða fyrirmælum hans um notkun hennar.

3. gr.

Óheimilt er að láta vörur eða annað liggja á bryggjunni, fram yfir það sem nauðsyn krefur. Sé þess ekki gætt af hlutaðeigendum, er bryggjuverði

heimilt að láta flytja það burt á þeirra kostnað. Hann getur og bannað alla ónauðsynlega umferð um bryggjuna. 54 2. júní

4. gr.

Allir, sem bryggjuna nota, eru skyldir til að ganga hreinlega um hana. Sé það ekki gert að dómi bryggjuvarðar, skal hann sjá um að það sé gert á kostnað þess, sem valdur hefir verið að óþrifnaðinum.

5. gr.

Allir heimilisfastir bátar í Ólafsfirði hafa rétt til að nota bryggjuna, gegn því að greiða gjald það, sem ákveðið er í 7. gr. reglugerðar þessarar. Og skulu þeir nota rétt sinn í þeirri röð, sem þeir koma að henni.

Óheimilt er að láta báta liggja að óþörfu við bryggjuna, og skulu menn ætíð skyldir til þess að hlíta fyrirmælum bryggjuvarðar í því efni.

6. gr.

Allar skemmdir, sem bryggjan verður fyrir af völdum skipa eða báta, skulu eigendur eða umráðamenn skipa þeirra, sem skemmdunum valda, bæta að fullu eftir samkomulagi eða mati dómkvaddra manna.

7. gr.

Bryggjugjöld greiðast af öllum uppskipuðum og útskipuðum vörum, svo sem hér segir:

1.	Af hverjum heimilisföstum bát, sem að bryggjunni leggur, sem er 6 smálestir og stærri, greiðist af hverri smálest árgjald	kr. 8.00
2.	Fyrir hvern vélbát minni en 6 smálestir árgjald	— 50.00
3.	a. Fyrir hvert skippund fiskjar	— 0.35
	b. — hverja saltsíldartunnu	— 0.20
	c. — — smálest salt	— 1.00
	d. — — — kol	— 1.00
	e. — — — sement	— 1.00
	f. — hvert teningsfet timbur	— 0.01
	g. — hverja lýsistunnu	— 0.20
	h. — hvert lifrarfat	— 0.30
	i. — — steinolíufat	— 0.30
	j. — — stykki af venjulegum vörum	— 0.10
4.	Fyrir stærri skip, sem ferma eða afferma við bryggjuna skal greiða auk stykkjagjaldsins í hvert skipti af hverri smálest	— 0.10

Gjalddagi bryggjugjalda fyrir búsetta menn í Ólafsfirði er 30. dagur septembermánaðar, en aðrir bryggjunotendur greiði gjöldin í hvert sinn, er þeir nota bryggjuna.

54 2. júní

8. gr.

Heimilt skal hreppsnefndinni að hækka eða lækka bryggjugjöldin um 10—20% fyrir eitt ár í senn, ef henni finnst ástæða til.

Ennfremur skal henni heimilt að lækka árgjöld vélbáta, sem ekki nota bryggjuna alla vertíðina einhverra orsaka vegna. Heimilt skal og hreppsnefndinni að semja fast árgjald fyrir verzlanir eða önnur stærri fyrirtæki.

9. gr.

Undanþegnar gjöldum samkvæmt 7. gr. 3 eru allar útgerðarvörur þeirra manna, sem greiða gjöld samkvæmt 1. og 2. lið 7. greinar, svo sem salt, steinolía o. fl.

Einnig skal útgerðarmönnum og hásetum, sem ráðnir eru upp á hlut á bátunum, heimilt að nota bryggjuna við alla aðflutninga á heimilisnauðsynjum sínum, endurgjaldslaust, meðan á vertíð stendur.

10. gr.

Öllum, sem bryggjuna nota, er skylt að gefa bryggjuverði upp vörumagn það, er þeir skipa upp og út við bryggjuna, þegar hann óskar þess.

Nú gefur einhver ranglega upp vörumagn sitt, skal þá sá er uppvís verður að því, greiða 10 til 100 króna sekt, sem rennur í bryggjusjóð.

11. gr.

Gjöld samkvæmt regulgjörð þessari innheimtir bryggjuvörður og hefir allt reikningshald bryggjunnar. Skal hann fyrir lok hvers árs, afhenda hreppsnefndinni reikninga yfir tekjur og gjöld hennar.

Gjöld þessi má taka lögtaki.

12. gr.

Tekjum bryggjunnar skal einungis varið til afborgana höfuðstóls og vaxta af skuldum hennar, og viðhalds og umbóta á bryggjunni.

Verði bryggjan skuldlaus skulu tekjur hennar lagðar í sjóð, sem nefnist bryggjusjóður og skal hann ávaxtast í Sparisjóði Ólafsfjarðar.

13. gr.

Verði ágreiningur milli bryggjuvarðar og bryggjunotenda út af ákvæðum reglugerðar þessarar, skal málinu skotið undir úrskurð hreppsnefndar.

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 200 krónum, og fer um mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

Sektir renna í bryggjusjóð.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917 til þess að öðlast gildi 15. júní 1930 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. 54 2. júní

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. júní 1930.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ 55 3. júní

um

hafnargjöld í Hafnarfirði.

I. KAFLI.

Lestagjald.

1. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip, mótorskip, bátar, hverskonar uppskipunartæki, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestargjald í hvert sinn, sem þau leggjast við festar á höfninni, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

2. gr.

a.) Allar fleytur, sem heima eiga í Hafnarfirði og minni eru en 30 tonn brútto, skulu greiða lestargjald tvisvar á ári, 2. jan. og 1. júlí, 1 kr. fyrir hvert nettó tonn, þó aldrei minna en 2 kr. í senn.

Uppskipunarbátar, prammar og önnur uppskipunartæki, svo og geymsluskip, greiða sama gjald, þótt stærri séu en 30 tonn brúttó.

b.) Öll skip, sem til hafnarinnar koma, nema herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, og skip þau, sem getur um í staflið c. þessarar greinar, skulu greiða 20 aura lestargjald fyrir hvert nettó tonn.

c.) Skip, sem leita hafnar vegna illveðurs, sjóskaða eða skemmda á skipi á einhvern hátt, greiða ekki lestargjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur.

55 3. júní

Sama gildir og um skip, sem leita hafnarinar til að rétta áttavita, setja á land sjúka menn eða látna eða til að fá skipanir.

d.) Innlend fiskiskip greiða ekkert lestargjald.

II. KAFLI.

Vita- og sæmerkjagjöld.

3. gr.

Öll innlend fiskiskip, sem leggja afla sinn á land í Hafnarfirði að staðaldri og stærri eru en 20 ts. nettó skulu greiða vitagjald tvisvar á ári, 2. jan. og 1. júlí, í hvert sinn 10 kr. af fyrstu 20 tonnum nettó og síðan 15 aura af hverju tonni nettó þar fram yfir. Minni skip greiði ekkert vitagjald.

Öll önnur skip skulu greiða vitagjald í hvert sinn, er þau koma til hafnarinnar, 2 kr. fyrir fyrstu 50 nettó tonnin og 2 aura fyrir hvert nettó tonn þar fram yfir.

Undanþegin vitagjaldi eru þau skip, sem eigi greiða lestargjald samkvæmt b-lið 2. gr.

III. KAFLI.

Hafnsögugjald.

4. gr.

Öll skip, sem eru 30 tonn nettó að stærð eða meira, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma frá útlöndum og leggjast við festar innan takmarka hafnarinnar.

Komi skip oftar á sama ári, skal það ekki greiða hafnsögugjald, nema það noti hafnsögumann.

Herskip, skemmtiskip og fiskiskip, sem skrásett eru hér á landi, eru undanþegin hafsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

5. gr.

Hvert það skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar eða frá höfninni, skal greiða hafnsögugjald. Auk þess skal greitt sérstakt gjald fyrir leiðsögu skipa um höfnina sjálfa.

6. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a.) Fyrir leiðsögu til hafnarinnar 15 aura á hvert nettó reg. tn., þó aldrei minna en 20 krónur.

b.) Fyrir leiðsögu frá höfninni hálft gjald, þó aldrei minna en 15 krónur.

c.) Fyrir leiðsögu um höfnina sjálfa, þar á meðal að og frá bryggjum eða hafnaruppfyllingum, greiðast 15 kr. fyrir hvert skip. 55 3. júní

Fyrir leiðsögu skipa frá og til nærliggjandi hafna greiðist sú borgun, er hafnarnefnd ákveður eða innheimtumaður hafnargjaldanna í umboði hennar, og rennur gjald þetta einnig í hafnarsjóð.

Auk þess skal hvert skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar eða skylt er að greiða hafnsögugjald samkvæmt 4. gr., greiða 1 kr. í hafnsögumannsjóð.

IV. KAFLI.

Ýms gjöld.

7. gr.

Fyrir að nota báta hafnarinnar og önnur tæki hennar, skal greiða það gjald, er hafnarnefnd, eða hafnarstjóri í umboði hennar, ákveður í hvert skipti.

8. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, og geymsluhús, sem leigð eru einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður í hvert skipti með sérstökum samningi.

9. gr.

Bryggjugjöld af skipum, sem leggjast við bryggjur einstakra manna eða félaga í höfninni, svo og vörugjöld af vörum, sem fluttar eru um bryggjur þessar, greiðast samkvæmt gjaldskrá, er bæjarstjórn samþykkir.

V. KAFLI.

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

10. gr.

Öll gjöld, er umgetur í reglugerð þessari, renna í hafnarsjóð að undanskildum þó þeim gjöldum, er um ræðir í 9. gr. Þau má taka lögtaki. Gjöldin skulu greidd, þegar innheimtumaður hafnargjaldanna krefst þess, áður en skipið fer burt úr höfninni, og getur enginn skipstjóri vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lögreglustjóra, nema hann með vottorði innheimtumannsins, sanni, að hann hafi greitt gjöld sín samkvæmt reglugerð þessari.

Hafnarsjóður hefir haldsrétt yfir skipunum, unz gjöldin eru greidd.

55
3. júní

11. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10 til 500 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Hafnarfjarðar.

12. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Með hliðsjón af hafnarbyggingu þeirri, er nú er ákveðin í Hafnarfirði, skal reglugerð þessi endurskoðuð, þegar hafnarmannvirkin gefa tilefni til þess að dómi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.

14. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð um hafnsögugjöldin í Hafnarfirði frá 5. nóv. 1920.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 30, 14. júní 1929 til þess að öðlast gildi 15. júní 1930 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. júní 1930.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

56
6. júní

um

breytingu á reglugerð 10. september 1919 fyrir Suður-Múlasýslu, um refaveiðar, notkun afrétta, fjallskil o. fl.

1. málsgrein 18. greinar hljóði þannig:

Þrjár skulu vera fjallgöngur hvert haust. Skal byrja hina fyrstu á mánudag í 22. viku sumars, hina aðra á mánudag í 23. viku sumars og hina þriðju á mánudag í 24. viku sumars. Ef veður hamlar göngum eða ónýtir á réttum göngudögum, skal taka næsta dag, er veður leyfir.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Suður-Múlasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 48, 28. nóvember 1919, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1930.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. júní 1930.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

57
12. júní

um

breyting á fjallskila-reglugerð 2. júní 1921 fyrir Mýrasýslu.

62. gr. hljóði þannig:

Við hvert sláturhús eða aðra slátrunarstaði, skal vara markaeftirlitsmaður um aðalsláturtímann, kosinn af sýslunefnd. Fyrir starf sitt fær hann þóknun frá félaginu eða kaupmanni, er ekki skal minni vera en dagkaup almennt. Hann skal athuga mark og rekstrarmerki á hverri kind áður eða um leið og hún er leidd til slátrunar, og hafa vakandi auga á því, að misdráttur eða ruglingur eigi sér ekki stað. Þyki eftirlitsmanni eignarheimild á kind vafa-

57 12. júní

söm, er honum skylt að leita upplýsingar um málið þegar í stað eða síðar eftir atvikum.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. júlí 1930.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. júní 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

58 13. júní

REGLUGERÐ

til

leiðbeiningar skiptaráðendum um auglýsing gjaldþrotaskipta samkv. lögum nr. 25/1929, 37. gr. 4. mgr.

1. gr.

Ákvæði fyrstu mgr. 37. gr. laga nr. 25, 1929, um gjaldþrotaskipti, taka aðeins til gjaldþrotabúa, en ekki til dánarbúa þótt þau hrökkvi ekki fyrir skuldum og sæti þrotabúsmeðferð.

2. gr.

Auglýsing skal birt er úthlutunargerð hefir verið samþykkt og skiptum búsins að öðru lokið, enda hafa allir þeir, er ekki hafa fengið kröfur sínar að fullu greiddar úr búinu, mætt á skiptafundi og samþykkt úthlutunina. Ella verður auglýsingu að fresta unz áfrýjunarfrestur er liðinn án þess áfrýjað hafi verið. Þegar áfrýjað er skiptum skal auglýsing birt er búskiptunum er lokið samkvæmt dóminum.

3. gr.

Í auglýsingu skal greina hvenær skipti hófust og hvenær þeim var lokið, hve háa hundraðstölu lánardrottnar fengu úr búinu, sundurliðað eftir flokkun skuldaraðar, ef forgangskröfur hafa ekki fengizt greiddar að fullu, en annars nægir að geta hundraðstölu greiddrar af almennum kröfum. Greina skal hve eignir búsins námu mikilli upphæð og sundurliða í þrennt hve mikið greiddist: upp í forgangskröfur, kröfur tryggðar með veði og almennar kröfur.

4. gr. 58

Nú er krafa tryggð með veði í fasteign og skal þess þá getið hvort fast- 13. júní
eignin var lögð út ófullnægðum veðhafa að afstöðnu nauðungaruppboði, hversu mikið vantaði á að veðkröfur fengjust greiddar með veðinu og hvort það, er ávantaði, er talið á sínum stað í skuldaröðinni.

5. gr.

Greint skal í einni upphæð hve mikið lánardrottnar fengu ekki greitt af kröfum þeim, er lýst var í tæka tíð og gildar metnar, og á sama hátt skal getið upphæðar þeirra krafna, sem of seint var lýst.

6. gr.

Skiptaniðurstaða skal auglýst fyrir hvert bú um sig í samfeldu venjulegu lesmáli eða í reikningsformi sem útdráttur úr skýrslu um eignir og skuldir og úthlutunargerð.

7. gr.

Um nauðasamninga skal greina samanlagða upphæð samningskrafna og hundraðstölu þá, er að samningi verður, samtímis — en þó í sérstakri auglýsingu — tilkynningu þeirri, er birt skal þegar nauðasamningur hefir hlotið staðfestingu.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. júní 1930.

Jónas Jónsson.

Gissur Bergsteinsson.

HAFNARREGLUGERÐ 59

13. júní

fyrir

Eskifjarðarkauptún.

I. KAFLI.

1. gr.

Eskifjarðarhöfn takmarkast af línu, er hugsast dregin frá Mjóeyri í Skeleyri og skulu öll skip, er koma inn fyrir þá línu, með þeim undantekningum, er síðar verður um getið, greiða hafnargjald á Eskifirði.

59 2. gr.

13. júní Hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps skipar 3ja manna hafnarnefnd og hefir hún, undir yfirstjórn hreppsnefndar, framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á henni og eignum hennar, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta og annast fjárhald hafnarinnar, innheimtu og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

II. KAFLI.

3. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ekki ferma eða afferma, mega aldrei leggjast svo á höfnina, að tálmi fermingu eða affermingu annara skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boði hafnarnefndar um það, hvar þau skuli leggjast. Skip mega aldrei leggja svo frá sér strengi né önnur festartæki, að umferð tálmi. Festartæki frá skipi má aldrei leggja yfir alfaraveg.

4. gr.

Vélbátum, sem heima eiga á Eskifirði eða eru gerðir þaðan út og liggja við sérstök legugögn á höfninni, má ekki leggja svo að hindri eða tefji umferð um höfnina.

5. gr.

Hafnarnefnd getur ákveðið hvar og hvernig legufæri báta og skipa skuli lögð. Enginn má flytja legugögn báts síns, nema með leyfi hafnarnefndar, en heimilt er eiganda þeirra að taka þau upp án leyfis nefndarinnar.

6. gr.

Nú tregðast eigandi, skipstjóri eða umráðamaður skips, við að hlýða skipun hafnarnefndar eða umsjónarmanns, að láta flytja skip sitt eða bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarnefnd látið gera það á kostnað eiganda eða umsjónarmanns.

III. KAFLI.

7. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip, vélskip, stærri en 20 smálestir, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjald (lestargjald) í hvert sinn er þau leggjast við festar á Eskifjarðarhöfn, hvort sem þau varpa akkeri eða leggjast við bryggju eða aðrar festar á höfninni. Einnig skulu þau skip, sem ferma eða afferma vörur eða taka eða skila farþegum á höfninni, greiða hafnargjald eins fyrir það, þó að þau leggist ekki við neinar festar.

Ef ekki er öðruvísi ákveðið, greiðist hafnargjald af netto-stærð skipsins reiknað í heilum tölum en brotum skal sleppa. 59 13. júní

a. Skip, sem eru eign búsettra manna á Eskifirði eða gerð þaðan út eða skrásett þar, og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða hafnargjald einu sinni á ári 50 aura af smálest, þó ekki minna en 10 kr. á ári.

b. Innlend fiskiskip greiði 5 aura af smálest í hvert skipti, er þau koma á höfnina.

c. Innlend strandferðaskip, sem ekki stunda millilandasiglingar, en ganga aðeins milli hafna á Íslandi, skulu, þá er þau koma fyrsta skipti á Eskifjarðarhöfn á ári hverju greiða 30 aura af hverri smálest í hafnargjald, en ekkert hafnargjald frekar, þó þau komi oftar á höfnina á sama ári.

d. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, nema herskip, varðskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna og skip, sem leita hafna vegna sjóskemmda, skulu greiða 8 aura af hverri smálest í fyrsta sinn, er þau koma á höfnina á ári hverju en síðan 5 aura af hverri smálest í hvert sinn, er þau koma á höfnina á því sama ári.

IV. KAFLI.

8. gr.

Þegar hafnarsjóður eignast bryggju, skal bryggjugjald vera eins og hér segir.

a. Hvert skip, sem legst við bólvirki eða bryggju, skal greiða bryggjugjald af netto-stærð skipsins, talið í heilum smálestum en brotum skal sleppa. Gjaldið skal greiða fyrir hvern ½ sólarhring eða hluta af ½ sólarhring 2 aura af hverri smálest, þó aldrei minna en 2 krónur í hvert sinn. Minni skip en 30 smálestir skulu ekkert bryggjugjald greiða, en vera skyld til að víkja frá bryggju hvenær sem hafnarnefnd óskar þess.

b. Bryggjueigendur greiða ekkert bryggjugjald af sínum eigin fiskiskipum eða öðrum fiskiskipum, meðan þau reka fiskiveiðar frá Eskifirði og leggja upp á bryggjur þeirra. Flutningaskip og önnur skip gjaldskyld, sem leggja að annari bryggju en bryggju hafnarsjóðs, greiði hálft bryggjugjald í hafnarsjóð.

c. Hafnarnefnd skal heimilt að semja sérstaklega um bryggjugjald í einstökum tilfellum, þá er henni þykir ástæða til að víkja frá gjaldskrá þessari.

d. Skip þau, sem samkvæmt 7. gr. d. eru undanþegin hafnargjaldi, eru einnig undanþegin bryggjugjaldi.

9. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalds og bryggjugjalds, en ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipinu, ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldanna.

59
13. júní

10. gr.

Hafnarsjóður hefir haldsrétt á skipi unz gjöld þessi eru greidd.

11. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

12. gr.

Enginn, sem bakað hefir sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

13. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 400 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum, og skal fara með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál. Sektirnar renna í hafnarsjóð Eskifjarðar.

14. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júlí 1930 og er þá um leið úr gildi numin hafnarreglugerð fyrir Eskifjarðarkauptún frá 10. febrúar 1917.

Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt lögum nr. 76. 14. nóvember 1917 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. júní 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

um

hvíldartíma bifreiðarstjóra.

1. gr.

Bifreiðarstjórar fólksflutningsbifreiða skulu að jafnaði hafa 12 klukkustunda hvíld á sólarhring hverjum auk nauðsynlegs matartíma. Þó skal leyfð 4 klukkustunda eftirvinna þegar nauðsyn krefur, enda komi þá að minnsta kosti 10 klukkustunda hvíld á eftir.

2. gr.

Bifreiðarstjóra, sem hefir farþega í bifreið sinni, er eigi heimilt að slíta ferð sinni eða hætta vinnu þó að vinnudagur sé úti, samkvæmt ákvæðum 1. gr., fyrr en hann hefir lokið ferðinni eða náð á hæfilegan áfangastað og gengið vel frá bifreiðinni.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10 til 500 krónum. Mál út af slíkum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hérmeð sett, samkvæmt 13. gr. laga nr. 56, 15. júní 1926, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. júní 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

61
14. júní

VATNSVEITUREGLUGERÐ

fyrir

Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Bæjarsjóður hefir einkasölu á vatni til hverra þarfa sem er, á því svæði kaupstaðarins, sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt, svo og á höfn hans.

2. gr.

Bæjarstjórnin leggur vatnsæðar um bæinn, svo víða sem fært þykir og þörf krefur, svo húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í götu, vegi eða opnu svæði, er lóðir þeirri liggja að, og verður enginn krafinn um vatnsskatt fyrr en svo er. Frá vatnsæðum þessum leggja húseigendur vatnsæðar til sín á sinn kostnað.

Sé sérstaklega kostnaðarsamt að leggja vatnsæð frá aðalæð yfir lóð manns, getur hann krafið sig undanþeginn vatnsskatti, ef hann kýs að vera án vatnsins. Ef ágreiningur verður, skal skorið úr honum með mati.

3. gr.

Þeim, sem búa utan vatnsveitusvæðisins, er heimilt að gera vatnsból og veita til sín vatni því, sem um lóð þeirra rennur eða á henni er, en gæta skal þess, að öðrum, sem tilkall eiga til þess vatns, verði sem minnstur bagi að vatnstökunni.

4. gr.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu. Skal hann ákveðinn í gjaldskrá og miðaður við fasteignamatsverð húseigna, og má eigi fara fram úr 5‰ af fasteignamatsverði á neinni húseign.

Aukagjald má leggja á þá, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa, og á þá, sem hafa vatnshana utan húss.

Skip, sem taka vatn úr vatnsveitu kaupstaðarins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna, og verður það gjald einnig ákveðið í gjaldskránni.

5. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. apríl og 1. september, og greiðist helmingur gjaldsins á hvorum gjalddaga. Húseigandi ábyrgist vatnsskatt, en heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaukningu nemur, þótt hún hafi áður verið ákveðin.

6. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveði í eigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir samningsveði og aðfararveði.

7. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt og landsafnot í þarfir vatnsveitu kaupstaðarins, svo og mannvirki, og að þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, ef eigi næst samkomulag.

8. gr.

Vatnssala til skipa fer fram á bryggjum hafnarsjóðs og fleiri bryggjum, ef þurfa þykir, og er bryggjueigöndum skylt að leyfa afhendingu vatns til skipa á bryggjum sínum og lagningu vatnsæða og uppsetningu mælitækja í húsum og á bryggjum í þessu skyni, samkvæmt ákvæðum 7. gr.

9. gr.

Bæjarstjórn löggildir vatnsvirkjara, setur þeim erindisbréf og ákveður kaup þeirra. Þeim einum er heimilt að leggja vatnsæðar frá aðalæðum í hús og um þau og breyta vatnsæðum.

10. gr.

Hús- og lóðaeigöndum er skylt að halda vatnsveitum sínum vel við, verja þær frosti og láta gera tafarlaust við þær, ef þær bila.

Umsjónarmönnum vatnsveitunnar og löggiltum vatnsvirkjurum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar eru, til að athuga þær og tæki, sem eru í sambandi við þær.

11. gr.

Umsjónarmönnum vatnsveitunnar er heimilt að loka vatnsæðum í húsum eða hverfum, þyki þess þörf vegna frosthættu eða aðgerða á vatnsveitukerfinu. Einnig er þeim heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem, þrátt fyrir áminningu, vanrækja að gera við vatnsæðar sínar eða tæki í sambandi við þær, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt. Fullan vatnsskatt skal greiða, þó vatnsæðum sé lokað af þessum ástæðum.

12. gr.

Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar og setja hreyfivélar í samband við hana, án leyfis bæjarstjórnar.

13. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Sektir renna í ríkissjóð.

61 14. gr.
14. júní Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi 1. júlí 1930 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið 14. júní 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

62
14. júní

GJALDSKRÁ

fyrir

vatnsveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Vatnsskattur skal vera sem hér segir:

1. Húseigendur á vatnsveitusvæðinu greiði 2½‰ af fasteignamatsverði húseigna sinna.
2. Fyrir vatn í síldar eða kjötpækil skal greiða 5 aura fyrir hverja tunnu síldar og 10 aura fyrir hverja tunnu kjöts.
3. Fyrir vatn til fiskþvottar 10 aura fyrir hvert skippund fiskjar.
4. Fyrir hvert vatnssalerni 5 kr. á ári.
5. Fyrir vatn til skipa skal greiða við afhendingu kr. 1,50 fyrir hverja smálest vatns, þó eigi minna í hvert skipti en kr. 10,00 fyrir fiskiskip og kr. 20,00 fyrir öll önnur skip. Bæjarstjórnin getur, fyrir eitt ár í senn eða skemmri tíma, gert samning við eigendur eða umráðamenn skipa um árgjöld eða mánaðargjöld af þeim.
6. Fyrir aðra notkun ákveður bæjarstjórnin gjald, þegar ástæða þykir til.

Gjöld þessi getur bæjarstjórnin hækkað allt að 20% eða lækkað allt að 40%.

1. liður gjaldskrárinnar kemur eigi til framkvæmda fyrr en árið 1931.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til þessað öðlast gildi 1. júní 1930 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 62 14. júní

Atvinnu og samgöngumálaráðuneytið, 14. júní 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

FJALLSKILAREGLUGERÐ 63 16. júní

fyrir

Vestur-Barðastrandarsýslu.

I. KAFLI.

Um stjórn fjallskila o. fl.

1. gr.

Yfirstjórn allra fjallskilamála hefir sýslunefnd á hendi samkvæmt sveitarstjórnarlögum, en hreppsnefnd alla umsjón á framkvæmdum þeirra.

2. gr.

Hreppsnefndir geta gert nákvæmari ákvarðanir um fjallskil í einstökum atriðum hver í sínum hreppi. Þó má eigi þar með raska reglugerð þessari, og skulu hreppsnefndir gæta þess að farið sé eftir ákvæðum hennar.

II. KAFLI.

Um sauðfjármörk.

3. gr.

Sérhver fjáreigandi skal skyldur að hafa glöggt mark á fé sínu, en aðfengið fé skal því aðeins markað upp, að ekkert aukaben verði eftir. Enginn má hafa afeyrt sem fjármark.

63
16. júní

4. gr.

Markaskrá fyrir sýslufélagið skal að minnsta kosti prenta 6. hvert ár, og skal hreppsnefndin í hverjum hreppi annast um, að safna öllum eyrna- og brennimörkum í hreppnum, og raða þeim eftir stafrofsröð í greinilega skrá. Skal í því skyni sérhverjum fjáreiganda skylt að skýra hlutaðeigandi hreppsnefnd skriflega frá eyrna- og brennimörkum sínum. Því næst skal sérhver hreppsnefnd senda markaskrá hreppsins til manns þess, er sýslunefnd hefir falið að semja aðalmarkaskrá yfir öll mörk í sýslufélaginu. Heimilt skal að greiða úr sveitasjóðum þóknun fyrir markasöfnun heima í hreppunum.

5. gr.

Sérhver markeigandi greiði hlutaðeigandi hreppsnefnd um leið og hann birtir henni mark sitt til skrásetningar, eftir því sem sýslunefnd í hvert sinn ákveður, fyrir hvert eyrnamark, og jafnmikið fyrir hvert brennimark og rennur það í sýslusjóð, er svo kosti að fullu prentun markaskrárinnar.

6. gr.

Hver sem tekur upp nýtt mark, eða flytur inn í sýslufélagið, og á því eigi mark í hinni gildandi markaskrá sýslunnar, skal þegar í stað tilkynna það bréflega öllum hreppstjórum sýslufélagsins, en þeir annist um, að markið verði innfært á eyðublöð í þeim markaskrám, er hreppstjóri og hreppsnefnd hafa undir höndum, svo og í markaskrár á réttarstöðum.

7. gr.

Enginn má marka kind í lögréttum.

III. KAFLI.

Um sauðfjárrekstur á fjalllönd.

8. gr.

Allir fjáreigendur skulu skyldir að reka á fjall að vorinu allt sauðfé sitt, nema kvíaær, á eigið land, ef til er, annars þar sem upprekstrarland er aflögu.

9. gr.

Hreppsnefnd kveður á um, hverjar jarðir í hreppnum hafa upprekstrarland aflögu, og hvað mörgu fé það nægir.

10. gr.

Hreppsbúar ganga fyrir utansveitarmönnum um afnot upprekstrarlands í hreppi sínum.

11. gr.

Enginn má kefla lömb.

12. gr.

Í upprekstrartoll greiðist 25 aurar fyrir hverja veturgamla kind eða eldri, og 15 aurar fyrir hvert lamb, alls þess fjár, er á fjall er rekið, og skal tollurinn greiddur hlutaðeigandi ábúanda eða landeiganda innan loka októbermánaðar.

IV. KAFLI.

Um fjársmalanir á vorum.

13. gr.

Allir þeir, er jörð hafa til ábúðar eða afnota, svo og þeir, er eiga sex kindur fullorðnar, eru skyldir að smala heimalönd sín á vorum.

14. gr.

Hreppsnefnd skal heimilt að skipa fyrir um smölun sauðfjár til rúnings á vorum, bæði í heimalöndum og afréttum. Gangnaskyldir í afréttum eru allir þeir, sem þar nota upprekstur. Hið sama gildir um smölun til fráfærna.

15. gr.

Nú finnst fé, er sloppið hefir úr landi eiganda, eða kemur fyrir fjarri eigendum þegar rúningstími yfir stendur eða er afstaðinn, hvort heldur eru geldar kindur eða lambær, er þá finnandi skyldur til, ef honum er unnt, að hirða og rýja kindur þessar, og einnig að marka ómörkuð lömb, ef hann álítur ekki geti ruglingi valdið. Skal hann gera eiganda full skil á ullinni og greina frá marki, og öðrum einkennum á hverri kind, sem hann hefir rúið, eða markað. Í ómakslaun ber finnanda 30 aurar fyrir að rýja kind, og 20 aurar fyrir að marka lamb.

V. KAFLI.

Um fjallskil á haustum, réttarhöld o. fl.

16. gr.

Þrennar skulu vera fjallleitir á hausti í öllum hreppum sýslufélagsins. Fyrsti leitardagur skal vera mánudagur í 22. viku sumars, og skal samdægurs rétta í öllum réttum, þar sem því verður við komið. Skilaréttir skulu vera á á þeim stöðum er hér segir:

63 16. júní

Brjánslæk, og skal rétta þar miðvikudag næstan eftir 1. leitir
Skógi, — — — — mánudaginn samdægurs
Geirseyri, — — — — — —
Norður-Botni, — — — — — —
Austmannsdal, — — — —, þriðjudaginn næstan eftir 1. leitir
Dufansdal, — — — — mánudaginn samdægurs.

Annar leitardagur skal vera mánudagur næsti á eftir fyrsta leitardag, og skal þá rétta samdægurs í öllum réttum nema Brjánslækjarrétt, þar skal rétta á þriðjudag.

Þriðji og síðasti leitardagur skal vera miðvikudag í 25. viku sumars og skal þá rétta samdægurs í öllum réttum ef því verður við komið.

17. gr.

Hver sem býr á jörð, eða jarðarhluta, sem metin er til dýrleika, og hver sá, sem alið hefir að minnsta kosti 6 kindur síðastliðinn vetur, og hver utanhreppsmaður, sem notar upprekstrarland í hreppnum fyrir sauðfé, skal skyldur að gera fjallskil og sækja fé í réttir utanhrepps sem innan, eftir því sem hreppsnefndin í hvert skipti nákvæmar skipar fyrir um í fjallskilaseðlinum. Umráðamenn upprekstrarlands tilkynna hreppsnefndinni tölu upprekstrarfjár og eigendur þess, svo að hún geti jafnað niður fjallskilum í hverri réttarsókn tiltölulega á utanhreppsmenn sem hreppsbúa.

Niðurjöfnun þessari skal hreppsnefnd hafa lokið hálfum mánuði fyrir fyrstu leit, og skal við niðurjöfnunina fara eftir skýrslu forðagæzlumannanna hvað fjártölu snertir, en að öðru leyti eftir víðáttu landrýmis ábúanda. Þykist einhver verða hart úti í ráðstöfun hreppsnefndar, getur hann borið sig upp fyrir henni, og fært ástæður fyrir málstað sínum, ekki síðar en fjórum dögum fyrir fyrsta leitardag, og skal þá hreppsnefnd skyld að taka umkvartanir hans til athugunar og leggja fullnaðarúrskurð á málið. Skylt skal húsbónda hverjum að annast fjallskil fyrir allt það sauðfé, sem hann hefir alið síðastliðinn vetur.

18. gr.

Nú er enginn ábúandi á jörð og enginn hefir haft upprekstur í landi jarðarinnar, og skal þá landeiganda skylt að inna fjallskilin af hendi.

19. gr.

Enginn er undanþeginn almennri fjallskilaskyldu, þótt hann hafi sleppt sauðfé sínu í heimalönd en ekki í afrétt.

20. gr.

Ef einhver hefir ekki sjálfur nægilegan mannafla til fjallskila, samkvæmt fyrirmælum hreppsnefndar, skal honum skylt að gera henni aðvart um það, með 5 daga fyrirvara, og skal henni skylt, ef mögulegt er, að útvega menn á hans kostnað til að inna fjallskilin af hendi.

21. gr.

Nú alheimtir einhver fjáreigandi allt fé sitt í fyrstu leit, og skal hann þrátt fyrir það gera fjallskil alla hina ákveðnu fjallskiladaga, eftir því sem hreppsnefnd hefir fyrirskipað.

22. gr.

Hreppsnefndir skulu í fjallskilaseðlinum taka skýrt og greinilega fram, hvernig leitum skuli hagað, skal, þar sem því verður við komið, leit byrjuð á öðrum eða báðum endum leitarsvæðisins.

23. gr.

Hlutaðeigandi hreppsnefnd skal í fjallskilaseðlinum kveðja svo marga menn, sem henni þykir nauðsynlegt, til að vera leitarforingja, skulu þeir stýra göngum leitarmanna bæði í heimalöndum og afréttum á leitarsvæði því, sem þeim er falið, og skipa þeir svo fyrir, að allt fé annað en kviaær komi einu sinni til réttar (sbr. þó 24. gr.). Þeir tilkynna hreppsnefnd, ef einhver vanrækir að gera fyrirskipuð fjallskil eða óhlýðnast fyrirskipunum þeirra, eða hefir sent óliðgengan mann í leitirnar. Þeir skulu annast um að allt fari vel og skipulega, er að fjallgöngum lýtur, sér í lagi hvað meðferð á fjallfé snertir. Óhlýðni við leitarforingja varðar sektum. Sektum varðar og ef leitarforingi vanrækir stöðu sína, eða misbeitir henni. Sömuleiðis skal hreppsnefnd skipa einn eða tvo réttarstjóra við hverja lögrétt, eftir því sem hún álítur með þurfa, hið sama gildir um stöðu þeirra sem leitarstjóra. Enginn er skyldur að vera réttarstjóri nema eitt ár í senn.

VI. KAFLI.

Um lögréttir og meðferð á óskilafé.

24. gr.

Lögréttir skulu vera í hverjum hreppi svo sem hér segir:

Í Barðastrandarhreppi, á Fossá, Brjánslæk, Hamri, Haga, Haukabergi og Hreggstöðum.

Í Rauðasandshreppi, í Vestur-Botni, Skógi, Breiðavík og Hnjóti.

Í Patrekshreppi, á Geirseyri.

Í Tálknafjarðarhreppi, í Norður-Botni, Sveinseyri, Kvígindisfelli og Suðureyri.

Í Dalahreppi, í Austmannsdal og Húsum í Selárdal.

Í Suðurfjarðahreppi, á Litlueyri, Dufansdal, Reykjarfirði, Trostansfirði, Langa-Botni og Steinanesi.

Skilaréttir eru eins og segir í 16. gr. — Eftir tillögum meiri hluta fjáreigenda í hreppnum, og með samþykki sýslunefndar má hreppsnefnd gera breytingar á réttarstöðum og réttarsóknum. Ennfremur hefir hreppsnefnd

63 16. júní heimild til að leyfa einstöku bæjum úrdrátt á fé sínu. Setur hreppsnefnd reglur fyrir úrdrættinum, er þá að öðru leyti komi ekki í bága við reglugerð þessa.

25. gr.

Valdi bygging lögréttar grasnámi eða jarðusla, skal, ef þess verður krafizt, koma fullt endurgjald af sveitarsjóði hlutaðeigandi hrepps, eftir mati óvilhallra manna, sem sýslumaður nefnir til.

26. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að veita hlutaðeigandi réttarbændum allt að kr. 20.00 þóknun af sveitarsjóði hreppsins vegna átroðnings við réttahöld.

27. gr.

Hreppsnefndin skal sjá um, að lögréttir hreppsins séu í gildu og fjárheldu standi, og skulu dilkar svo rúmgóðir, að engu þurfi út að hleypa fyrr en fjárdrætti er lokið. Bæði innan- og untanhreppsmenn skulu í þeim lögréttum, þar sem þeir eiga von á töluverðum fénaði, skyldir að hlaða upp hæfilega stóra dilka, eftir nákvæmari ákvæðum hlutaðeigandi hreppsnefndar, og getur hún jafnað niður kostnaði við byggingu eða aðgerð lögréttar, eftir fjáreign þeirra, er þangað eiga rétt að sækja.

Þó skal heimilt ef um minni aðgerðir eða viðhald er að ræða, að kostnaður sá greiðist úr sveitarsjóði.

28. gr.

Réttarstjórar, sem hreppsnefndin hefir skipað í fjallskilaseðlunum, skulu ávallt vera staddir við réttarhöld, til þess að hafa umsjón með, að allt fari vel og skipulega fram, og skulu þeir hlífðarlaust kæra fyrir hreppsnefndinni hvern þann, sem óhlýðnast fyrirskipunum þeirra. Sér í lagi skulu þeir annast um, að áreiðanlegir menn gæti þess vandlega, áður en út er hleypt úr hverjum dilk, að þar sé engin misdregin kind, og síðan skulu þeir sjá um, að að hreppsfé, er heima á utan réttarsóknarinnar, sé rekið bæ frá bæ á heimili eiganda, skulu allir hreppsbúar, sem gera eiga fjallskil skyldir að reka endurgjaldslaust fé manna um hreppinn, frá lögrétt að heimkynni, úr öllum göngum. Sá sem veldur því, að rekstur er tafinn að óþörfu, eða að heimt fé týnist úr rekstri, eða mætir illri meðferð, sæti sektum, nema þyngri hegning liggi við. Hreppsnefnd getur ákveðið, að maður sé sendur úr réttarsókn í næstu rétt innan hrepps til þess að hafa eftirlit með drætti og rekstri á fé því, sem þar kann að vera úr hlutaðeigandi réttarsókn, og skal starf þetta teljast með fjallskilum.

29. gr.

Réttarstjórar skulu annast um að allir ómerkingar séu dregnir í einn dilk, jafnóðum og þeir finnast, og skal leitast við, áður en réttarhaldinu er lokið, að láta lambsmæður helga sér dilka sína. Ómerkingar, markkalið og

mýétið fé, sem enginn getur helgað sér, sé selt af hreppsstjóra eða umboðsmanni hans við uppboð á réttinni, nema honum virðist réttara að fresta sölunni. Andvirði þess rennur í sveitarsjóð. Enginn má marka ómerking marki sínu um eða eftir leitir, nema hann leiði valinkunna menn, sem votta að því, að hann eða þeir séu hans eign.

30. gr.

Úrtíningur úr fyrstu og annari rétt, skal vandlega geymdur til miðvikudags í 23. viku sumars hjá þeim búanda, sem hreppsnefndin ákveður, gegn 12 aura borgun fyrir hverja sauðkind um sólarhringinn. Eigendum fjárins er skylt að greiða geymslulaunin við afhendingu þess. Sannist það, að fjárgeymslumaðurinn hafi haft ótilhlýðilega meðferð á fénu, hefir hann fyrirgert tilkalli til geymslulaunanna, og bakað sér sektir samkvæmt 42. gr. í reglugerð þessari.

31. gr.

Miðvikudaginn í 23. viku sumars, skal hreppsnefndin, eða umboðsmaður hennar semja nákvæma lýsingu á eyrna- og brennimarki, og öðrum einkennum þeirra kinda, sem eigendur hafa þá eigi leitt sig að, og svo fljótt sem unnt er, birta lýsingarseðla þessa í nærliggjandi hreppum og kauptúnum, en úrtíningsféð skal afhent fjárgeymslumanni þeim, er hreppsnefndin hefir kosið. Það úrtíningsfé úr 1. og 2. leitum, sem enginn hefir helgað sér, sem og það úrtíningsfé, sem fyrirkemur úr 3. leit, skal selt við opinbert uppboð af hreppsstjóra sveitarinnar, eða umboðsmanni hans, á réttinni í 3. leit.

32. gr.

Nú koma utanhrepps kindur fyrir í einhverjum hreppi, að afstöðnum öðrum göngum, og þekkja menn eigendur að þeim, skulu þær þá á kostnað eiganda geymdar í vörzlum hreppsnefndarinnar, sem annast um, að eigendum verði við fyrsta tækifæri gert viðvart um það. Hafi eigendur eigi leitt sig að kindum þessum innan hálfs mánaðar, skal selja þær við opinbert uppboð, sem áður sé auglýst almenningi í hreppnum.

33. gr.

Kindur þær sem koma fyrir, að afstöðnum síðustu göngum, og engin þekkir eigendur að, skulu seldar við opinbert uppboð, sem sé birt á löglegan hátt í hreppnum og nágrannasveitum, með hæfilegum fyrirvara.

34. gr.

Nú hefir veðrátta eða önnur forföll orðið þess valdandi, að leitir hafa misheppnast, svo sýnilegt er, að dómi sveitastjórnar eða annara manna í hreppnum, að tjón geti af hlotizt, skal þá hreppsnefnd skylt að gera ráðstafanir til þess að úr þessu verði bætt, annaðhvort með því að fyrirskipa nýja leit, eða á þann hátt, sem hún telur fullnægjandi.

63
16. júní

35. gr.

Eftir að fjallleitir byrja, skal óheimilt að sleppa upp utanhreppsfé. Sama gildir um það fé, sem á heima innan hrepps og vart verður við í fé manna, nema þar sem svo hagar til, að fé gengur saman. Það fé, sem fyrir kemur og á heima innan hrepps, en á öðrum bæjum en sem svo hagar til að fé gengur saman, skal annaðhvort rekið tafarlaust bæ frá bæ, til eiganda, eða honum strax gert aðvart um það, hvorttveggja honum að kostnaðarlausu.

36. gr.

Fyrir nóvembermánaðarlok skal hver hreppstjóri senda oddvita sýslunefndar skýrslu um allt vafafé, er selt hefir verið í hreppi hans, og greiði auglýsingargjald eftir reikningi. Oddviti sýslunefndar skal svo sjá um, að skýrsla um vafaféð sé birt í blaði því, er flytur opinberar auglýsingar.

37. gr.

Fram að 1. október næsta ár eftir geta menn sannað eignarrétt sinn að andvirði vafafjár, að frádregnum kostnaði. Sanni enginn eignarrétt sinn, rennur andvirðið í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

38. gr.

Nú fer einhver í eftirleit ótilkvaddur af sveitarstjórn, að liðinni síðustu leit, og finnur fé á fjalli eða afrétt, skal hann þá fá fundarlaun $\frac{1}{10}$—$\frac{1}{4}$ af verði kindanna, eftir mati sveitarstjórnar þeirrar sveitar, þar sem féð finnst. Féð er að veði fyrir fundarlaununum. Fyrir fé, sem fyrir kemur í smalamennsku, eða kemur í fé manna, á hvaða tíma sem er, skal engra fundarlauna vera hægt að krefjast.

VII. KAFLI.

Ýmisleg ákvæði.

39. gr.

Álíti hreppsnefnd í einhverjum hreppi nauðsyn á, að senda á hausti í næstu sýslur til að leita eftir fé manna, er henni heimilt að kveðja menn til fararinnar. Kostnaðurinn við sendiförina greiðist úr sveitarsjóði, að svo miklu leyti, sem $\frac{1}{4}$ af andvirði hins fundna fjár, eftir mati tveggja óvilhallra manna, hrekkur ekki fyrir kostnaðinum.

40. gr.

Verði einhver þess var, að fé sé í sveltu eða komið í aðrar ófærur, skal honum skylt á hverjum tíma árs sem er, að sjá um, að því sé bjargað, ef unnt er, að öðrum kosti gera hreppsnefnd aðvart, svo framarlega sem hann ekki

getur gert eiganda aðvart. Nú hrekkur ekki andvirði hins bjargaða fyrir kostnaði, skal þá það er til vantar greiðast úr hlutaðeigandi sveitarsjóði. Sama er og ef björgun reynist árangurslaus. 63 16. júní

41. gr.

Enginn má láta óskeytta hrúta ganga úti á tímabilinu frá 1. nóvember til 30. apríl. Ef vanræksla veldur að skaði verður að, sé eigandi hrútsins skyldur að svara fullum skaðabótum, ef krafizt er.

VIII. KAFLI.

Almenn ákvæði.

42. gr.

Öll brot gegn reglugerð þessari skulu kærð fyrir hlutaðeigandi sýslumanni og varða þau 5—500 kr. sektum, eftir stærð og eðli brotanna, nema því aðeins, að þyngri hegning liggi við lögum samkvæmt. Sektirnar renna að hálfu til uppljóstrarmanns, og að hálfu í sjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið. Verði ágreiningur um í hvaða hreppi brotið er framið, skal sektin falla til þess eða þeirra hreppa, þar sem hinir seku eiga heimili, að tiltölu réttri. Með mál út af brotunum skal farið sem almenn lögreglumál.

43. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu, nr. 21. 22. marz 1922, nema annar kafli hennar sem og önnur ákvæði, er koma í bág við reglugerðina.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga staðfestist hérmeð til þess að öðlast gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. júní 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

64
16. júní

REGLUGERÐ

til

bráðabirgða um breyting á 11. gr. reglugerðar frá 1. febrúar 1928, um próf fyrir bifreiðarstjóra.

Samkvæmt lögum nr. 56, 15. júní 1926, um notkun bifreiða er hérmeð sett eftirfarandi ákvæði:

Á tímabilinu frá 20. júní til 5. júlí 1930 heimilast undirbúningsnefnd Alþingishátíðarinnar að ráða í þjónustu sína bifreiðarstjóra til þess að stýra bifreiðum til almennra fólksflutninga þótt þeir hafi ekki tekið viðbótarpróf það, sem um ræðir í 11. gr. reglugerðar frá 1. febrúar 1928, um próf fyrir bifreiðarstjóra.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. júní 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

65
18. júní

BRÁÐABIRGÐAREGLUGERÐ

um

eftirlit með raforkuvirkjum.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Öll raforkuver og raforkuvirki, sem framleiða og flytja raforku með hærri spennu en 20 voltum til heimilisþarfa, iðnaðar eða annarar notkunar, skal tilkynna atvinnumálaráðuneytinu jafnskjótt og þau taka til starfa. Þau

raforkuver og raforkuveitur, sem til eru þegar reglugerð þessi gengur í gildi, skal tilkynna áður en tveir mánuðir eru liðnir frá þeim tíma. 65 18. júní

2. gr.

Eigendum og forstöðumönnum raforkuvers og raforkuveitu, sem getur í 1. gr., er ávallt skylt að láta atvinnumálaráðuneytinu eða þeim, sem ráðherra setur til eftirlits með raforkuvirkjum, í té allar upplýsingar, sem óskað kann að verða, um gerð, tilhögun og rekstur raforkuvers og veitu og þeirra raforkuvirkja, sem tengd eru við veituna.

3. gr.

Þeim, sem ráðherra setur til eftirlits raforkuvirkja, skal jafnan frjálst að skoða og rannsaka raforkuver og raforkuveitur og frjáls aðgangur að rúmum, þar sem eru raforkuvirki, sem tengd eru eða tengjanleg við raforkuveituna.

II. KAFLI.

4. gr.

Sá sem hefir forstöðu eða framkvæmdarstjórn raforkuvers og raforkuveitu skal tilkynna þau samkv. 1. gr., en eigandi eða eigendur bera ábyrgð á að tilkynnt sé.

5. gr.

Í tilkynningu skal getið:

1) nafns kaupstaðar, kauptúns eða bæjar og hrepps,
2) hver eða hverjir eru eigendur raforkuvers og raforkuveitu,
3) hverjir sitja í stjórn fyrirtækisins og hver er framkvæmdarstjóri þess,
4) hve margir fastir starfsmenn eru við orkuverið og hve margir við veituna,
5) hver eða hverjir sáu um byggingu orkuvers og veitu.
6) hvenær orkuver og veita voru byggð og hvenær fyrirtækið tók til starfa,
7) hverjir eru orkugjafar (vatnsorka, olía, kol),
8) ef vatnsorka er notuð, hvert er nafn árinnar eða lækjar,
9) hver sé virkjuð fallhæð og vatnsmagn,
10) stærðar og tegundar aflvéla,
11) hver sé stærð og tegund rafala (kw eða kva, rakstraumur eða riðstraumur, snúningshraði o. a.),
12) hvaða spenna eða spennur eru notaðar,
13) hver sé lengd háspenntrar línu (yfir 500 volt),
14) hve margra ampera straumur eða hve mörg kílówött voru framleidd mest á síðasta ári,
15) hve margar kílówattstundir voru framleiddar síðasta ár (ef mælt hefir verið),

65 16) hvert er orkuveitusvæðið,
18. júní 17) hve margir íbúar eru á orkuveitusvæðinu,
18) hve margir eru notendur raforku (kaupendur),
19) hve margir nota raforku til véla,
20) hvort um aðra heimilisnotkun er að ræða en til ljósa og þá hverja,
21) hver sé stofnkostnaður orkuvers og stofnkostnaður veitu,
22) hver sé árlegur reksturskostnaður,
23) hvert sé rafmagnsverð,
24) hverjar voru tekjur af rafmagnssölu og hverjar heildartekjur síðasta ár,
25) hvort reglugerð hefir verið samþykkt fyrir fyrirtækið (ef svo er, sendist eitt eintak eða afrit af henni með tilkynningunni),
26) annara upplýsinga, sem að gagni mega koma við almenna skýrslugerð um raforkuvirki og eftirlit með þeim.

III. KAFLI.

Um einkastöðvar.

6. gr.

Nú kemur einstakur maður eða einstakir menn sér upp raforkuveri og raforkuvirkjum og nota þau innan takmarka húseigna sinna og jarðeigna, og skal þá þeim raforkuvirkjara, sem ábyrgð hefir og yfirumsjón með uppsetningu þeirra, skylt að tilkynna þau samkv. 1. gr. jafnskjótt og þau eru fullger eða tekin í notkun.

7. gr.

Raforkuver og raforkuvirki, sem ræðir um í 6. gr. og til eru þegar reglugerð þessi gengur í gildi, skal eigandi eða eigendur þeirra tilkynna samkv. 1. gr.

8. gr.

Í tilkynningu um roforkuver og raforkuvirki, er ræðir um í 6. og 7. gr. skal greina þau atriði, sem segir í 5. gr., eftir því sem við á.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 1000 krónum.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um raforkuvirki nr. 7, 15. júní 1926 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. júní 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

66
23. júní

um

framkvæmd við tollgæzlu skipa, báta og loftfara, er koma frá erlendum höfnum, innlendum höfnum, eða af fiskiveiðum og hafna sig á tollgæzlusvæði Reykjavíkur.

1. gr.

Þegar skip eða bátar koma frá öðrum löndum og hafna sig á tollsvæði Reykjavíkur, og læknisskoðun hefir farið fram, eftir þar um gildandi lögum, skal tollgæzlan annast um afgreiðslu þeirra, eftir því sem ákveðið er í bannlögum, tollilögum, öllum þeim, sem í gildi eru, og öðrum lögum og reglum, sem til greina geta komið. Á meðan á afgreiðslu þessari stendur, má enginn hvorki koma á skipsfjöl né fara frá borði, nema leyfi tollgæzlumanna komi til, og eigi má skipstjóri heldur nema með samþykki þeirra, gefa skipun eða leyfa að leggja skipinu að hafnarvirkjum, fyr en tollgæzlumenn hafa lýst því yfir, að afgreiðslu sé lokið.

Um herskip og skemmtiferðaskip fer eftir þeim reglum, er um þau skip gilda sérstaklega.

2. gr.

Skip þau og bátar, sem koma frá innlandshöfnum eða af fiskiveiðum skulu, ef tollgæzlan álítur þess þörf, háð sömu reglum, að því er til tollgæzlu kemur, sem skip þau, er 1. gr. ræðir um, og skulu þá tollgæzlumenn, þegar er þeir koma á skipsfjöl, tilkynna skipstjóra, að framkvæma eigi eftirlit á sama hátt og með skipum, er koma frá erlendri höfn.

3. gr.

Ákvæði 1. gr. skulu og gilda eftir því sem við á, er loftför, flugvélar eða flugbátar, eða önnur flugtæki lenda á tollsvæði Reykjavíkur, og má þá farastjóri eigi leyfa samgöngur, fyr en tollgæzlumenn hafa lokið störfum sínum.

4. gr.

Skipstjóra ber að láta tollgæzlumönnum í té tollskjöl þau og önnur afgreiðsluskjöl, er skipið hefir fengið á síðustu höfn, er það hefir fengið afgreiðslu á, hvort sem sú höfn hefir verið erlendis eða hér á landi, svo og farmskrár, farmskírteini og önnur skjöl viðvíkjandi farminum, og að öðru leyti að veita tollgæzlumönnum alla þá aðstoð, sem þörf er á, til þess að afgreiðslan gangi sem greiðast, og án tafa eða tálmana.

66
23. júní

5. gr.

Að afgreiðslu lokinni tekur tollgæzlan í sínar vörzlur þjóðernisskírteini skipsins, tollskírteini, farmskrár eða farmskírteini ef um farmskip er að ræða, og ennfremur skipshafnarskrána, ef um fiskiskip er að ræða, og önnur skjöl eftir því sem við á. Varðveitir tollgæzlan síðan skjöl þessi. En er skipið hefir lokið erindum sínum og greitt öll lögboðin gjöld, afhendir tollgæzlan skipstjóra þjóðernisskírteinið og ef fiskiskip er, einnig skipshafnarskrána.

6. gr.

Til þess að fullvissa sig um, að vörur og annar farangur, sem er með skipi, sé öllu framvísað og rétt frá skýrt fyrir tollgæzlumönnum og að allt sé rétt tilfært á skjölum, sem skip hefir meðferðis af farmi og öðrum flutningi, er tollgæzlumönnum heimilt að leita allsstaðar í skipi og í hirzlum og farangri skipverja og farþega, svo og á skipverjum, farþegum og öðrum mönnum, er tollgæzlumönnum þykir ástæða til að ætla, að leyna á sér vörum eða hlutum, til þess að skjóta því undan tollgreiðslu, eða sem bannað er að flytja í land.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu eftir ákvæðum í 12. kapítula hinna almennu hegningarlaga, um brot á móti valdstjórninni og allsherjarreglu.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 23. júní 1930.

Einar Árnason.

Gísli Ísleifsson.

Staðfesting skipulagsskrár fyrir minningarsjóðinn „Vinaminni", útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra **30. júní 1930.** Skipulagsskráin er þannig: 67 30. júní

SKIPULAGSSKRÁ

minningagjafasjóðsins „Vinaminning".

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Vinaminning".

2. gr.

Hann er stofnaður af frk. Önnu Friðriksdóttur frá Ytri-Bakka, nú á Hólatorgi 6, Reykjavík, til minningar um föður hennar Friðrik sál. Jónsson (f. 13. júní 1829. — d. 15. maí 1902), útvegsbónda á Ytri-Bakka og konu hans Hansínu Hansdóttur, fædd Hjaltalín (f. 30. júní 1830. — d. 7. júní 1909), í tilefni af aldarafmæli þeirra hjóna; svo og aðra látna vini gefandans. Heimilt er öllum að styrkja sjóð þennan með minningagjöfum um látna vini sína, gjöfum, áheitum eða á hvern þann hátt er þeim sýnist, enda fylgi engin ákvæði þeim gjöfum, er komi í bág við skipulagsskrá þessa. Verður sjóðurinn þá jafnframt til minningar um vini þeirra og vandamenn, þá er þeir kynnu að tilnefna í sambandi við gjafirnar.

Stofnfé sjóðsins er kr. 5000,00.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátækar ekkjur og ekkjumenn, gamalmenni og börn í Arnarnesshreppi.

Ef ekki telst þörf að veita styrk úr sjóðnum til þeirra aðilja, sem nú eru nefndir, má veita $\frac{4}{5}$ vaxtanna til að styrkja fátæka efnilega unglinga úr Arnarnesshreppi til náms.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í sparisjóði Arnarneshrepps eða öðrum jafntryggum sjóði.

5. gr.

Heimilt er að verja fé úr sjóðnum, samkv. 3. gr., þegar féð hefir staðið á vöxtum í heilt ár. Nær þetta þó aðeins til $\frac{4}{5}$. hluta vaxtanna, enda má ekki öðru úthluta úr sjóðnum. $\frac{1}{5}$ hluti vaxtanna skal ávallt leggjast við höfuðstólinn, en hann má aldrei skerða, sama gildir um það, sem sjóðnum kann að áskotnast, samanber þó 7. gr.

Ef ekki telst þörf að veita styrk úr sjóðnum eitthvert ár samkvæmt 3. gr. má verja allt að $\frac{4}{5}$. hlutum vaxtanna til að verðlauna ungmenni, sem get-

67 30. júní

ið hafa sér góðan orðstír með háttprýði í hvívetna, reglusemi, iðjusemi og trúmennsku við dagleg störf.

6. gr.

Sjóði þessum stjórna: Sóknarprestur Möðruvallaklausturprestakalls (og skal hann ávallt vera formaður sjóðsstjórnarinnar), hreppstjóri Arnarneshrepps, einn úr hreppsnefnd Arnarneshrepps, sá er hreppsnefndin kýs til þess starfa, svo og tvær konur búsettar í Arnarneshreppi, kosnar af kvenfélaginu „Freyja“. Leggist það félag niður skulu þær allt að einu valdar af konum í Arnarneshreppi, þeim sem atkvæðisrétt hafa í sveitamálum.

Störf stjórnarinnar verða:

a) Að sjá um að sjóðurinn sé ávallt geymdur á tryggum stað.
b) Að stuðla að því að sjóðurinn verði styrktur með því að kynna hreppsbúum efni skipulagsskrárinnar, ekki sjaldnar en 10. hvert ár.
c) Að leitast við að láta þá sitja fyrir styrkveitingu úr sjóðnum, sem ætla má að hafi hans mest og bezt not.
d) Að skrá í bók reikninga sjóðsins, ákvarðanir sjóðsstjórnarinnar og annað það, er viðkemur sjóði þessum.
e) Að annast um að skipulagsskrá þessari verði framfylgt.

Reikningar sjóðsins skulu birtir á hreppsfundi ár hvert, endurskoðaðir af endurskoðanda hreppsreikninganna. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta fyrr en árið 2029. Þá má auka starfssvið sjóðsins og jafnvel breyta að nokkru fyrirkomulagi hans, ef breyttir tímar gera ónauðsynlega hjálp til þeirra, sem sjóðurinn á samkvæmt upphaflegum tilgangi að styrkja. Þetta má þó aðeins gerast eftir tillögum þáverandi sjóðsstjórnar, enda séu þær tillögur samþykktar á hreppsfundi í Arnarneshreppi af meiri hluta atkvæðisbærra hreppsbúa.

8. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

p. t. Ytri Bakka, 13. júní 1929.

Anna Friðriksdóttir.

SAMÞYKKT

68
2. júlí

um

breyting á samþykkt um ýms atriði, er snerta fuglaveiðar í Vestmannaeyjum, frá 16. júlí 1895.

Lunda má veiða með háf á Heimalandinu í sumar frá því 11 vikur af sumri þar til fullar 16 vikur eru af sumri.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum hefir gert samkvæmt lögum nr. 13, 13. apríl 1894, sbr. lög nr. 22, 9. júlí 1909, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. júlí 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

69
18. júlí

um

breyting á erindisbréfi fyrir fiskimatsmenn frá 7. apríl 1922, sbr. auglýsingu frá 13. ágúst 1926.

Kaup það, sem ákveðið er fyrir fiskimatsmenn í 5. gr. erindisbréfs fyrir fiskimatsmenn frá 7. apríl 1922, sbr. auglýsingu frá 13. ágúst 1926, skal frá 1. ágúst þ. á. vera í Reykjavík 2 krónur um hverja klukkustund á virkum dögum, en 2 kr. 50 aur. á helgidögum, hvort sem er við flokkun fiskjar, umsjón við vigt hans, útskipun, hleðslu eða annað.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar og til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. júlí 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

70
25. júlí

SAMÞYKKT

um

lokun sölubúða í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Allar sölubúðir í Seyðisfjarðarkaupstað skulu vera lokaðar eftir því, sem ákveðið er í 2. og 3. grein samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga árs skulu sölubúðir eigi opnaðar fyrr en kl. 9 árdegis og lokaðar eigi síðar en kl. 7 síðd. Undanskildar þessu ákvæði eru þær búðir, sem aðallega verzla með brauð og mjólk. Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal öllum búðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 11 síðdegis.

Á tímabilinu frá 15. júlí til 1. september skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 4 síðdegis.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 17. júní, frídag verzlunarmanna og 1. desember mega engar sölubúðir vera opnar, enda sé frídagur verzlunarmanna auglýstur með minnst viku fyrirvara.

4. gr.

Eftir lokunartíma er óheimilt að selja í lyfjabúðum, á strætum og torgum eða annarsstaðar utan sölubúða, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja á þeim tíma kol, salt, veiðarfæri og skipsforða handa skipum.

5. gr.

Menn, sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða, eftir að lokað er.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 20—500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal rekið sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi fallin samþykkt 6. júlí 1921.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóv. 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918, og lög nr. 12, 7. maí 1928, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. **70** 25. júlí

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. júlí 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKT

71 31. júlí

fyrir

lendingarsjóð í Hnífsdal.

1. gr.

Af öllum skipum undir 30 smálestir, sem fiskveiðar eða hverskonar aðra veiði stunda frá Hnífsdal, eigi skemur en 1 mánuð í senn, svo og öðrum skipum er leggja þar á land afla sinn, skal greiða í lendingarsjóð ½% — hálfan af hundraði — af brúttó afla. Skip, sem leggja afla sinn á land hluta af vertíð og greitt hafa lendingarsjóðsgjald fyrir þá vertíð í öðrum hreppi innan N.-Ísafjarðarsýslu, greiða þó ekkert gjald.

2. gr.

Árið skiptist í 2 vertíðir. Vor- og sumar-vertíð frá páskum til gangna og haust- og vetrar-vertíð frá göngum til páska.

Formaður greiði gjaldið í peningum af óskiptum afla í hvert skipti og aflaskipti fara fram, þó í síðasta lagi fyrir lok hverrar vertíðar og ber hann ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

Hreppsnefnd innheimtir gjaldið og reiknast 2% innheimtulaun. Taka má gjaldið lögtaki á kostnað gjaldanda.

3. gr.

Hreppsnefndaroddviti semur skýrslu yfir alla þá, er gjald þetta eiga að greiða og sendir hana ásamt gjaldinu oddvita sýslunefndar fyrir 1. desember ár hvert.

71
31. júlí

4. gr.

Gjaldið skal ávaxta í sérstökum sjóði, sem kallast Lendingarsjóður Hnífsdals. Annast sýslunefndin um að sjóðurinn sé ávaxtaður á sem tryggastan og arðvænlegastan hátt.

5. gr.

Fé sjóðsins skal varið til þess að bæta bátalegu og lendingu í Hnífsdal. Sýslunefnd ákveður hvenær veita skal fé úr sjóðnum til lendingar og hafnarbóta.

6. gr.

Með samþykkt þessari eru öll þau ákvæði í eldri samþykktum úr gildi fallin, að svo miklu leyti sem þau taka til lendingarsjóðs í Hnífsdal.

Samþykkt þessi, sem sýslunefndin í Norður-Ísafjarðarsýslu, hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 86, 14. nóvember 1917 til þess að öðlast gildi 1. september 1930, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. júlí 1930.

Í fjarveru ráðherra.

Vigfús Einarsson.

Jón Gunnlaugsson.

72
7. ágúst

SAMÞYKKT

um

lokunartíma sölubúða á Ísafirði.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar ná til sölubúða kaupmanna, kaupfélaga, iðnaðarmanna, bæjarfélagsins, ríkisins og annara, hverju nafni sem nefnast.

2. gr.

Sölubúðir skal ekki opnan fyrr en kl. 8 árdegis og loka eigi síðar en kl. 7 síðdegis.

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal þó sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis, en laugardaginn fyrir páska og laugardaginn fyrir hvítasunnu eigi síðar en kl. 6 síðdegis. Svo skal og öllum sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis á laugardögum á tímabilinu frá 1. júlí til 31. ágúst ár hvert. En á sama tímabili má halda þeim opnum á föstudögum til kl. 9 síðd. Síðustu virka daga fyrir aðfangadag jóla og gamlársdag skal heimilt að halda opnum búðum til kl. 10 síðdegis. 72 7. ágúst

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, frídag verzlunarmanna á Ísafirði og 1. desember mega engar sölubúðir vera opnar.

4. gr.

Sölubúðir þær, sem eingöngu verzla með brauð, mjólk, fisk eða kjöt, má hafa opnar á hverjum degi til kl. 9 síðdegis. Sé í þessum búðum verzlað með aðrar vörur jafnframt, gilda um þær sömu reglur og almennar búðir. Fiskbúðir má opna fyrir kl. 8 árdegis.

5. gr.

Áfengisbúðum, hvort sem þar er verzlað með áfengi eingöngu eða ásamt með öðrum varningi, skal lokað eigi síðar en kl. 2 síðdegis.

Slíkum búðum skal og lokað, auk þess sem segir í 3. gr., alla aðfangadaga þeirra daga, sem þar eru taldir. Þeim skal og lokað frá því viku fyrir jól og til 2. dags janúarmánaðar, einnig alla páskavikuna.

6. gr.

Lyfjabúðir mega afgreiða lyf og sjúkragögn hvenær sem er, en aðrar vörur ekki á þeim tíma, sem almennar búðir eru lokaðar.

7. gr.

Eftir almennan lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum og torgum eða annarsstaðar utan sölubúða, nema úr sjálfsölum, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

8. gr.

Menn, sem komnir eru inn í sölubúðir fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

Matvæli til skipa, sem eru að leggja úr höfn, er og heimilt að afgreiða eftir lokunartíma.

9. gr.

Lögreglustjóra er heimilt þegar sérstaklega stendur á að veita undanþágu frá þessari samþykkt fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í

72 7. ágúst

góðgerðaskyni eða til ágóða fyrir stofnanir eða vegna nauðsynjafyrirtækja, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 20—500 krónum, og renna þær í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumúl.

11. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi felld eldri samþykkt um sama efni.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóv. 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918 og lög nr. 12, 7. maí 1928, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. ágúst 1930.

Í fjarveru ráðherra.

Vigfús Einarsson.

Jón Gunnlaugsson.

73 15. ágúst

REGLUGERÐ

um

viðauka við hafnarreglugerð fyrir Siglufjarðarkaupstað frá 18. júlí 1928.

1. gr.

Nú hafa bryggjur brotnað, og er þá bryggjueiganda skylt, ef hann ætlar að byggja upp bryggjuna, að byggja hana svo trausta, að hafnarnefnd telji hana hæfa. Að öðrum kosti ber eiganda að taka burt allar eftirstöðvar af bryggjunni, draga upp alla staura og hreinsa til, svo að engin hætta geti stafað af brotum á bryggjusvæðinu. Sé þetta ekki gert innan hæfilegs frests, er hafnarnefnd ákveður, er henni heimilt að láta gera það á kostnað eiganda, og má taka þann kostnað lögtaki. Hafnarnefndin getur og krafizt þess, að allar bryggjur séu gerðar á þann hátt, að hætta geti ekki af þeim stafað, t. d. getur hún heimtað, að þiljur á bryggjum séu gerðar í flekum, er taka megi af

þegar þörf gerist. Bryggjueigandi ber alla ábyrgð á skaða þeim, sem brot úr bryggju hans kunna að valda á eignum annara manna. 73 15. ágúst

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefir samið og samþykkt, er hérmeð staðfest samkvæmt lögum nr. 64, 3. nóv. 1915, sbr. lög nr. 76, 14. nóvember 1917, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. ágúst 1930.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Jón Gunnlaugsson.

FUNDARSKÖP 74 18. ágúst

fyrir

bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar.

1. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar skipa 9 bæjarfulltrúar og 9 varabæjarfulltrúar, auk bæjarstjóra. Varafulltrúar taka sæti bæjarfulltrúa eftir reglum, er Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur. Bæjarstjóri hefir ekki atkvæðisrétt á fundum, nema því aðeins að hann sé einnig bæjarfulltrúi, en þó hefir hann óbundið málfrelsi og tillögurétt í bæjarstjórn.

2. gr.

Fjórða hvert ár, þegar reglulegar bæjarstjórnarkosningar eru um garð gengnar, kýs bæjarstjórn sér forseta og varaforseta úr flokki bæjarfulltrúanna. Forseti stjórnar fundum, og sér um að allt fari fram skipulega og í góðri reglu, og eru bæjarfulltrúarnir og bæjarstjóri skyldir til að hlíta úrskurði hans um allt, er snertir fundarsköp. Hann sér og um, að gerðir bæjarstjórnar séu rétt og skipulega ritaðar í gerðabókina.

Í forföllum forseta gegnir varaforseti störfum hans.

74 3. gr.

18. ágúst Fundir bæjarstjórnar eru tvennskonar, almennir fundir og aukafundir. Almennir fundir skulu haldnir þriðja hvern fimmtudag. Farist almennur fundur fyrir, vegna helgi eða af öðrum ástæðum, skal halda fund einhvern næsta virkan dag á eftir. Almennir fundir byrja kl. 8 e. h., og standa meðan dagskrá endist. Getur ⅓ mættra fulltrúa heimtað, að slitið sé fundi á miðnætti, þótt dagskrá sé eigi afgreidd. Aukafundi skal halda svo oft sem bæjarstjóra þykir þurfa, á þeim stað og stundu er hann ákveður. Hann skal og jafnan boða til aukafundar, ef 5 bæjarfulltrúar óska þess.

4. gr.

Bæjarstjóri má ekki, nema brýn nauðsyn sé til, taka neitt erindi á dagskrá almenns fundar, nema það sé komið til hans á hádegi næsta virkan dag fyrir fund. Á miðvikudag í síðasta lagi fyrir kl. 4 e. h., skal hann hafa sent öllum bæjarfulltrúunum dagskrá, er greinir erindi þau, er eiga að koma fyrir fundinn til umræðu.

Nú vill einhver flytja mál utan dagskrár, og getur þá forseti frestað umræðum um það til næsta fundar á eftir, en þá skal skylt að taka það á dagskrá.

Þá er lagðar eru fram gerðir fastra nefnda bæjarstjórnar, skal útdráttur úr fundargerðum fylgja dagskránni. Dagskráin skal fest upp, að minnsta kosti á tveim stöðum í bænum.

Um leið og aukafundur er boðaður, skal greina fundarefni eins nákvæmlega og unnt er.

5. gr.

Bæjarstjóri ákveður dagskrá og röð fundarmála. Þó getur bæjarstjórn breytt röð mála á dagskrá, svo og fellt mál af dagskrá.

6. gr.

Fundir bæjarstjórnar skulu haldnir í heyranda hljóði. Áheyrendur eru skyldir til að vera kyrrir og hljóðir, og mega því hvorki láta í ljósi, á nokkurn hátt, ánægju sína né vanþóknun út af því, er gerist á fundinum. Brjóti nokkur í bág við þetta, getur forseti vísað honum út, og ef þörf er á látið ryðja salinn.

Forseti eða bæjarfulltrúi getur krafizt þess að mál sé rætt fyrir luktum dyrum og sker bæjarstjórn úr því umræðulaust, hvort svo skuli gert. Ræður afl atkvæða.

Enginn bæjarfulltrúanna má skýra frá umræðum eða atkvæðagreiðslu í þeim málum, sem rædd eru fyrir luktum dyrum, og nær þetta einnig til bæjarstjóra.

7. gr.

Bæjarstjóri eða bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal snúa sér til forseta, og veitir hann venjulega fulltrúum orðið í þeirri röð, sem þeir æskja þess. Hann má þó breyta út af því, að því er bæjarstjóra, framsögumann eða flutningsmann snertir, svo og til þess að ræður með og móti málefni skiptist

á, eða til þess að bæjarfulltrúi geti gert stutta athugasemd eða leiðréttting, er honum sjálfum viðkemur. 74 18. ágúst

Kveðji fleiri en einn sér jafnsnemma hljóðs, ræður forseti í hverri röð bæjarfulltrúar og bæjarstjóri fá orðið.

8. gr.

Bæjarstjóri, flutningsmaður og framsögumaður máls, mega tala eins oft og þeir vilja. Aðrir bæjarfulltrúar mega ekki tala oftar en tvisvar í hverju máli, á sama fundi. Heimilt er hverjum bæjarfulltrúa að biðja sér hljóðs, til þess að bera af sér ámæli, gera stuttar fyrirspurnir, athugasemd um atkvæðagreiðslu eða gæzlu fundarskapa.

Sérhver bæjarfulltrúi og bæjarstjóri, skal standa við sæti sitt meðan hann flytur tölu sína.

Mál má afgreiða á 5 vegu: Með því að greiða atkvæði um framkvæmd þess, með því að vísa því til 2. umræðu, með því að vísa því til nefndar, með því að fresta því um óákveðinn tíma og með því að vísa því frá með rökstuddri dagskrá.

9. gr.

Ræðumaður skal halda sér við umræðuefnið og varast að meiða nokkurn utan eða innan bæjarstjórnar eða við hafa ósæmileg orð. Nú bregður út af þessu, og skal þá forsti víta það, og hafa upp ummælin. Nú er bæjarfulltrúi eða bæjarstjóri víttur tvisvar á sama fundi, og má þá forseti svipta hann málfrelsi á þeim fundi.

10. gr.

Sérhver bæjarfulltrúi hefir rétt til þess að bera upp tillögur og breytingartillögur við það málefni, sem er til umræðu. Þyki forseta nauðsynlegt, getur hann krafizt þess, að tillagan sé borin fram skriflega, en þá skal hann veita hæfilegan frest til að semja hana.

11. gr.

Ef umræður dragast um skör fram getur forseti, bæjarstjóri eða einhver bæjarfulltrúanna stungið upp á því, að bundinn sé endi á þær, og sker bæjarstjórn úr því umræðulaust.

12. gr.

Bæjarstjórn má ekki gera ályktun um nokkurt mál, nema minnst helmingur bæjarfulltrúanna, auk forseta eða varaforseta sé á fundi. Engin ályktun er lögmæt, nema meira en helmingur fundarmanna, þeirra, er atkvæðisbærir eru, greiði atkvæði með henni.

Nú er mál útrætt og skal þá gengið til atkvæða. Atkvæðagreiðsla fer venjulega þannig fram, að bæjarfulltrúarnir rétti upp hönd. Nafnakall skal notað, ef 3 fulltrúar æskja þess áður en atkvæðagreiðsla fer fram, svo og ef atkvæðagreiðsla þykir óglögg. Við nafnakall greiðir forseti síðastur atkvæði.

74 18. ágúst

13. gr.

Nú snertir mál forseta og skal hann víkja úr sæti sínu meðan málið er útkljáð, en varaforseti taka sæti hans.

Nú varðar mál hagsmuni bæjarfulltrúa, þá greiðir hann ekki atkvæði um það. Þó er bæjarfulltrúa heimilt að skýra málið frá sinni hendi. Bæjarstjórn sker úr því umræðulaust, ef á þarf að halda, hvort málið sé svo vaxið, sem nú var sagt. Enginn bæjarfulltrúanna má greiða atkvæði með fjárveitingu til sjálfs sín.

14. gr.

Forseti ræður því hvernig atkvæðagreiðslu er skipt, og í hverri röð og innra sambandi hún fer fram. Bæjarstjórn getur þó, ef 3 bæjarfulltrúar óska þess, breytt ákvörðun forseta. Forseti, framsögumaður eða flutningsmaður mega taka einu sinn til máls, áður en til atkvæða er gengið um það.

Krefjast má bæjarfulltrúi þess, að atkvæðagreiðslu um tillögur sé skipt.

15. gr.

Auk fastra nefnda, sem bæjarstjórn kýs árlega á fyrsta fundi eftir áramót, hefir hún rétt til að setja nefnd í hvert mál, sem er á dagskrá. Allar nefndarkosningar skulu vera hlutbundnar, ef fleiri skal kjósa en einn mann, og leynilegar, ef einhver bæjarfulltrúa óskar þess. Skal beita hlutfallskosningu sem hér segir: Þeir bæjarfulltrúar, er komið hafa sér saman um að kjósa allir sömu menn í röð, afhenda formanni bæjarstjórnar, þegar til kosninga kemur, lista yfir þá í þeirri röð. Þegar hann hefir tekið við listunum, merkir hann hvern þeirra bókstaf, A., B., C., o. s. frv., eftir því, sem hann sjálfur ákveður eða ákveðið hefir verið með samkomulagi eitt skipti fyrir öll þann kjörtíma. Síðan les formaður upp stafnafn hvers lista og nöfn þau, er á honum standa. Þá kjósa bæjarfulltrúar þannig, að hver ritar á kjörmiða aðeins stafnafn (A., B., C. o. s frv.) þess lista, er hann vill kjósa eftir. Kjörmiðarnir eru afhentir formanni, og nefnir hann upphátt bókstaf hvers miða, en skrifarar rita jafnóðum og telja saman, hve mörg atkvæði hafa fallið á hvern lista, hve mörg á A., hve mörg á B. o. s. frv. Tölu þeirri, sem hver listi þannig fær, er svo skipt, fyrst með 1, síðan með 2, síðan með 3, o. s. frv., eftir því sem með þarf. Hlutatölur hvers lista eru ritaðar í röð, hver niður undan annari, og yfir dálkinum er ritaður bókstafur þess lista.

Kosningin fer eftir hlutatölunum, þannig að sá listi fær fyrsta mann, er hæsta á hlutatöluna, sá listi næsta mann, er á næst hæsta hlutatöluna o. s. frv., þar til fullskipað er. Ef jafnháar hlutatölur koma á tvo eða fleiri lista, skal varpa hlutkesti um, hver listinn skuli koma að manni.

Af hverjum lista skulu menn hljóta kosningu í þeirri röð, sem þeir standa á listanum. Sé ekki stungið upp á fleiri nefndarmönnum en kjósa á, lýsir formaður þá rétt kjörna án atkvæðagreiðslu.

16. gr.

Sá, er flest atkvæði fær í nefnd eða er elztur, ef fleiri fá jafnmörg atkvæði, kveður nefndina saman í fyrsta sinn, og lætur kjósa formann. Boðar formaður síðan nefndarfundi og annast framkvæmdir nefndarinnar. Um leið og nefnd lýkur starfa sínum, kýs hún einn nefndarmann sem framsögumann. Klofningur nefndar hefir framsögurétt.

17. gr.

Skyldur er hver bæjarfulltrúi að taka við kosningu í nefnd. Bæjarstjóri getur skorazt undan nefndarkosningu, en nefndarmenn geta heimtað hann á fundi sína til þess að fá hjá honum upplýsingar, er nauðsynlegar þykja, og hann getur í té látið.

18. gr.

Bæjarstjórn kýs úr sínum flokki tvo skrifara. Telja þeir saman atkvæði við atkvæðagreiðslur og kosningar. Við nafnakall greiða þeir sjálfir fyrst atkvæði, og skrá síðan hin atkvæðin. Bæjarstjórn ræður sérstakan fundarskrifara, sem ekki er bæjarfulltrúi, og skal hann bóka greinilega í gjörðabókina umræðuefni og þær ályktanir, sem bæjarstjórnin gerir. Í fundarlok skal gerðabókin lesin upp og undirrituð af bæjarstjóra, forseta og öllum öðrum viðstöddum bæjarfulltrúum. Þá eiga bæjarfultlrúar rétt á að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað, en eru eigi að síður skyldir til að undirrita gerðabókina.

19. gr.

Bæjarstjóri sér um afgreiðslu allra mála samkvæmt ályktun bæjarstjórnar, og hefir framkvæmd á öllum þeim málum, sem ekki eru sérstaklega falin einstökum mönnum eða nefndum.

Bæjarstjórn setur bæjarstjóra með samþykkt, staðfestri af atvinnumálaráðherra, erindisbréf, þar sem ákveðið er um starfssvið hans, laun og skrifstofufé.

20. gr.

Skrá yfir allar fastar nefndir bæjarstjórnar skal láta í té öllum bæjarfulltrúum og varafulltrúum og skal hún að jafnaði hanga í fundarsalnum.

21. gr.

Leiki vafi á því hvernig skilja beri fundarsköp þessi, sker forseti úr, eða bæjarstjórn, ef 3 fulltrúar krefjast þess.

22. gr.

Afbrigði frá fundarsköpum þessum getur bæjarstjórn gert í einstökum tilfellum, þegar nauðsyn þykir til bera, ef það er samþykkt af ⅔ allra bæjarfulltrúa, sem á fundi eru.

74
18. ágúst

23. gr.

Nú eru hafðar 2 umræður um mál, og skal það þá við fyrri umræðu rætt almennt, og síðan í heild vísað til annarar umræðu. Við síðari umræðu skal málið rætt í einstökum atriðum og atkvæði greidd um hvern lið eða grein fyrir sig.

24. gr.

Til þess að gera breytingar á fundarsköpum þessum, þarf umræður á tveim fundum í bæjarstjórn, samþykki meiri hluta atkvæða og staðfestingu stjórnarráðsins.

25. gr.

Fundarsköp þessi öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt eru úr gildi felld fundarsköp fyrir bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar frá 1. maí 1919.

Fundarsköp þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar hefir samið og samþykkt, staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 26, 22. nóvember 1918 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. ágúst 1930.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Jón Gunnlaugsson.

75
18. ágúst

REGLUGERÐ

um

skipun slökkviliðs og brunamála í Húsavíkurkauptúni.

I. KAFLI.

Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

1. gr.

Yfirstjórn brunamála í Húsavíkurkauptúni, skal falin 5 manna nefnd, og eiga sæti í henni lögreglustjóri, sem formaður, oddviti hreppsnefndar, slökkviliðsstjóri og 2 menn, er hreppsnefndin kýs til þriggja ára í senn.

2. gr. 75

Brunamálanefnd skal hafa eftirlit með, að hlýtt sé fyrirmælum laganna 18. ágúst
um varnir gegn eldsvoða, eða eldsvarnaráhöld séu útveguð og þeim haldið við í góðu ástandi. Hún skipar fyrir um hið árlega eftirlit með eldstæðum, reykháfum, hreinsun reykháfa og um varúð alla, er hafa skal í húsum til að fyrirbyggja eldsuppkomu.

II. KAFLI.

Hver slökkvitól kauptúnið skuli eiga og viðhald þeirra.

3. gr.

Húsvíkurkauptúni er skylt að eiga í nothæfu standi að minnsta kosti þessi slökkvitól: Slökkvidælu, slöngur, stiga og minnst 50 strigaskjólur og önnur smærri áhöld, svo sem björgunardúk og brunastjaka.

Áhöldum þessum skal á kostnað hreppssjóðs haldið vel við.

Ef brunamálanefnd þykir ástæða til að auka slökkvitólin, skal hún leggja það til við hreppsnefnd að svo verði gert.

4. gr.

Slökkvitæki kauptúnsins skulu geymd í sérstöku húsi. Lykill að því skal vera í vörzlum slökkviliðsstjóra, varaslökkviliðsstjóra og svo margra úr slökkviliðinu, er þurfa þykir.

5. gr.

Slökkviliðsstjóri hefir undir umsjá brunamálanefndar eftirlit með slökkvitólunum, ber ábyrgð á því að þau séu fyrir hendi, og að þeim sé vel við haldið. Við árslok sendir slökkviliðsstjóri brunamálanefnd skrá yfir slökkvitól þau, sem til eru, og skal þess jafnframt getið, hver slökkvitól hafi verið keypt á árinu og hver hafi gengið úr sér.

III. KAFLI.

Hver slökkvitól húseigandi sé skyldur að útvega.

6. gr.

Hverju húsi skal fylgja kaðall og stigi, er sé svo langur, að hann nái upp í glugga á efsta íbúðarherbergi hússins, og tvær skjólur. Þessir hlutir skulu geymdir á tilteknum stað, er sé aðgengilegur fyrir slökkviliðið.

Hreppsnefndin getur látið setja í sérhverju húsi kauptúnsins, slökkvitæki í sambandi við vatnspípur hússins. Húseigandi er skyldur til að viðhalda slíkum slökkvitækjum og endurnýja þau, og má ekki nota þau til neins annars, en að verja eldsvoða og slökkva eld.

75
18. ágúst

IV. KAFLI.

Skipun slökkviliðs.

7. gr.

Allir karlmenn í kauptúninu, sem til þess verða álitnir hæfir, eru skyldir til þjónustu í slökkviliðinu, frá því þeir eru 20 ára unz þeir eru 60 ára, nema sjúkleiki hamli. Frá þessu ákvæði eru þó sóknarprestur, læknir, lyfsali og símastjóri undanskildir.

8. gr.

Í slökkviliði kauptúnsins skulu að minnsta kosti vera þessir menn: Slökkviliðsstjóri, varaslökkviliðsstjóri, 20 liðsmenn og 2 brunakallarar.

9. gr.

Slökkviliðstjórinn, og í forföllum hans varaslökkviliðsstjórinn, er yfirmaður og stjórnari alls slökkviliðsins. Auglýsa skal árlega, á venjulegan hátt, hver sé slökkviliðsstjóri, hvar hann býr og hverjir séu honum næstir yfirmenn í slökkviliðinu.

Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri mega aldrei vera á brottu úr kauptúninu báðir í senn, nema alveg sérstaklega standi á, enda hafi þeir leyfi lögreglustjóra til fjarverunnar.

10. gr.

Hreppsnefndin skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra til þriggja ára í senn, eftir tillögum brunamálanefndar. En brunamálanefnd ræður hina aðra starfsmenn slökkviliðsins eftir tillögum slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjórinn getur sagt upp liðsmönnum slökkviliðsins án nokkurs fyrirvara, ef hann finnur ástæðu til og ráðið aðra í þeirra stað til bráðabirgða, en allir liðsmenn í slökkviliðinu eru skyldir að tilkynna slökkviliðsstjóra, með viku fyrirvara, ef þeir af gildum ástæðum ekki geta gengt starfi sínu í slökkviliðinu.

Flokksstjórar skulu skyldir að tilkynna slökkviliðsstjóra, ef þeir fara burt úr kauptúninu daglangt og liggur sekt við, ef út af er brugðið.

11. gr.

Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri hafa föst laun fyrir starfa sinn eftir nánari ákvæðum sveitarstjórnar; aðrir liðsmenn slökkviliðsins fá greiðslu fyrir hverja klukkustund, er þeir vinna í þjónustu þess, eftir taxta er hreppsnefnd setur í janúar ár hvert.

Þeir, er skemma föt sín í þágu brunaliðsins, eiga rétt á því að fá skemmdirnar endurgreiddar af hreppssjóði.

12. gr.

Hreppsnefndin ákveður eftir tillögum brunamálanefndar, hver einkenni slökkviliðið skal bera, þegar það er að starfi sínu.

13. gr.

Slökkviliðsstjóri stjórnar æfingum slökkviliðsins og ber ábyrgð á því, að ávallt séu nógu margir í slökkviliðnu, og að það sé vel æft.

Þegar eldsvoða ber að höndum, ákveður hann hvernig slökkviliðinu skuli fyrir komið og allt hvað gera skuli til að slökkva eldinn og varna útbreiðslu hans. Þó má ekki láta rífa niður hús til varnar úbreiðslu eldsins, nema samþykki lögreglustjóra, — eða þess er fer með umboð hans við eldsvoðann, komi til. Ef slökkviliðsstjóri er forfallaður, gengur varaslökkviliðsstjóri í hans stað, og sé hann heldur ekki viðstaddur, þá hefir yfirstjórnina á hendi sá af liðsmönnum, er slökkviliðsstjóri hefir fyrirfram ákveðið til þess.

14. gr.

Sérhver slökkviliðsmaður er, að viðlagðri sekt, skyldur til að mæta til æfinga og til að slökkva eld, þegar hann er til þess kallaður, hvar sem er innan kauptúnsins, og hlýða þá í einu sem öllu því, sem yfirmaður hans skipar honum. Enginn má heldur, án leyfis yfirmanna, yfirgefa eldsvoða áður en slökkt er, eða slökkviliðsæfingu áður en henni er lokið.

15. gr.

Lögreglustjóri er yfirmaður lögreglusveitar þeirrar, er viðhalda skal góðri reglu við eldsvoða og slökkviæfingar. Auk hans eru í lögreglusveitinni, hreppstjóri og lögregluþjónn kauptúnsins, þegar skipaður verður, og ennfremur menn, er lögreglustjóri kveður til þess, úr flokki þeirra er skyldir eru til að vera í slökkviliðinu. Lögreglustjóri ákveður skipulag lögreglusveitarinnar og starfssvið hvers einstaks í henni. Skylt er lögreglusveitinni að viðhalda góðri reglu við eldsvoða, sjá slökkviliðsmönnum fyrir greiðum gangi að eldinum og annast um, að engir óviðkomandi menn gangi of nærri húsi því, er brennur, eða flytji þaðan nokkuð burt.

16. gr.

Það er skylda hvers eins, sem er viðstaddur eldsvoða, hvort sem hann er í slökkviliðinu eða ekki, að láta í té alla þá aðstoð, sem hann getur ef slökkviliðsstjórinn krefst þess, og hlýða í öllu fyrirskipunum slökkviliðsstjóra.

75
18. ágúst

V. KAFLI.

Um vatnstöku o. fl.

17. gr.

Heimilt er að taka vatn til að slökkva eld, sem og til æfinga, úr brunahönum kauptúnsins. Það er á ábyrgð umsjónarmanns vatnsveitunnar og slökkviliðsstjóra, að allir brunahanar séu óskemmdir og ávallt í nothæfu ástandi hvenær sem vatn þarf að taka úr þeim. Sé þess vandlega gætt, að moka snjó frá þeim þegar þá fennir í kaf, og á tímabilinu frá 1. október til 1. júní skal einu sinni á mánuði sannprófa að þeir séu óskemmdir.

Enginn má taka vatn úr brunahönum né hreyfa við þeim að neinu leyti nema hann hafi fengið til þess leyfi slökkviliðsstjórans og umsjónarmannsins.

18. gr.

Skylt er sérhverjum húseiganda að leyfa að vatn sé tekið úr vatnshönum í húsi hans til að slökkva með eld, og má enginn sem í húsi hans er, leggja tálmanir í veg fyrir, að slökkviliðið hafi greiðan aðgang að vatnshönum í húsinu. Meðan verið er að slökkva eldsvoða, eru kauptúnsbúar skyldir til að takmarka vatnsnotkun sína svo, að þeir noti vatn aðeins til nauðsynlegustu heimilisþarfa.

19. gr.

Ef hús brennur þar sem vatnsveita liggur að, eða ef vatn úr brunahönunum nægir ekki, er sérhverjum skylt að lána þau tæki, er hann hefir til að flytja vatn, og leyfa að vatn sé tekið úr vatnsbólum þeim, sem á lóð hans eru eða hann hefir umráð yfir. Ef tæki, sem lánað hefir verið skemmist eða týnist, skal fullt endurgjald koma fyrir úr sveitarsjóði.

VI. KAFLI.

Um skoðun eldfæra og reykháfa.

20. gr.

Brunamálanefnd skal á ári hverju láta skoða eldfæri og reykháfa í öllum húsum kauptúnsins, og líta eftir að þau séu útbúin lögum samkvæmt og að reykháfar hafi verið tilhlýðilega hreinsaðir, svo og að aðgæta hvort púðurbirgðir og önnur eldfim efni séu geymd sem vera ber, samkvæmt lögum um brunamál nr. 85, 28. nóv. 1907. Komi það í ljós við skoðunina, að einhverju sé ábótavant í þessu, skal það tafarlaust bætt ef unnt er. Ella má veita húseiganda stuttan frest til að fá það lagfært, og skal þá, að honum liðnum, ný skoðun fara fram. Komi það í ljós við hina síðari skoðun ,að enn sé ekki búið að bæta

úr því sem að var fundið, skal tafarlaust kæra hlutaðeiganda fyrir lögreglu- 75
stjóra, er kemur fram ábyrgð á hendur hinum brotlega og lætur á hans kostn- 18. ágúst
að færa í lag það, er lagfæra þarf.

VII. KAFLI.

Ýmsar almennar varúðarreglur til að fyrirbyggja eldsvoða.

21. gr.

Það er skylda hvers, er verður eldsvoða var, að tilkynna það slökkviliðinu þegar í stað.

22. gr.

Á götum, stakkstæðum, torgum eða annarsstaðar á almannafæri, eða milli húsa eða í görðum, má ekki setja lausar eldstór eða bráðabirgðahlóðir til eldunar, nema leyfi sé veitt til þess af slökkviliðsstjóranum og ákveður hann þá, hvernig eldstæðið skuli útbúið og hverra varúðarreglna skuli gætt. Þegar slík eldun er leyfð, skulu menn ávallt vera við eldinn og má eldunin ekki fara fram, ef þar nálægt er geymt mikið af eldfimum efnum.

Hið sama er og um lýsisbræðslu, tjörugerð og bikgerð.

Milli húsa, eða úti við, má ekki bera eldglæður nema í lokuðum málmkössum.

23. gr.

Eldivið, steinkol, mó og annað eldsneyti má ekki leggja fyrir utan hús nema með samþykki brunamálanefndar, og veitir brunamálanefnd því aðeins samþykki til þess, að af því geti ekki stafað veruleg eldhætta. Mikið af viði og borðum má því aðeins hafa fyrir utan hús, að slökkviliðsstjóri leyfi. Ákveður hann um leið, hve stór hver timburstakkur megi vera, hve langt bil skuli vera á milli þeirra, og minnstu fjarlægð frá næsta húsi, er þó aldrei má vera minna en 6 metrar.

Það skal yfirleitt ekki leyft að hafa viðarstakka hærri en 6 metra, ekki stærri en 40 fermetra, enda standi stakkarnir ekki nær hver öðrum en svo, að 2 metra bil sé milli þeirra, og ekki nær næsta húsi en 6 metra frá því.

Birgðir af steinolíu, bensíni, terpentínu eða öðrum eldfimum vökvum skulu ætíð geymdar í húsum inni, eða í mannheldum girðingum og hvergi nema þar, er hreppsnefnd samþykkir. Um undanþágu frá þessu fer samkvæmt lögum um brunamál.

Hafi einhver sett birgðir af slíkum eldfimum vökvum á bersvæði eða annarsstaðar í óleyfi hreppsnefndar, má lögreglustjóri láta flytja þær burtu á kostnað eiganda.

24. gr.

Þar sem geymdar eru birgðir af steinolíu, terpintínu, bensíni eða áþekkum eldfimum vökvum, skal hérgreindum varúðarreglum fylgt:

75 18. ágúst

a. Sé birgðirnar meiri en 800 lítrar, má hvorki bera um geymslustaðinn eld eða ljós, þótt byrgt sé í lokuðu ljóskeri, ekki kveikja á eldspýtu né reykja þar tóbak. Heldur ekki mega vera þar eldstór, reykháfar eða hitaleiðslur, sem eldhætta getur stafað af.

b. Sé birgðirnar ekki meira en 800 lítrar, og þær geymdar utanhúss, í görðum eða húsum, sem engin íbúð er í, má því aðeins bera þar um ljós, að það sé í lokuðu ljóskeri, en eld má þar ekki kveikja né bera. Ekki má þar heldur tappa ljósvökva úr tunnu eða stærra íláti við ljós, nema ljósið sé geymt í lokuðu ljóskeri og það látið hanga a. m. k. í 2 metra fjarlægð.

c. Birgðir allt að 200 lítrum má geyma í sölu- eða smíðahúsum, en þá skulu þær geymdar á afviknum stað í málmíláti eða lokuðum flöskum.

Þar sem ljósvökvi er geymdur, hvort heldur úti eða inni, í sölustöðum eða smíðahúsi, skal gæta allrar varúðar.

d. Í húsum eða herbergjum, þar sem farið er um með eld eða ljós, má ekki tappa úr íláti neitt ljósmeti, sem er svo eldfimt, að í því kvikni við 40 stiga hita hundraðsmælis.

e. Fari ljósvökvi niður á gólf í húsi, skal hann þerraður upp þegar í stað svo vel sem unnt er.

Í húsinu má ekki geyma eldfima hluti nálægt ljósvökvanum, nema yfir þeim sé höfð ábreiða, sem ekki er eldfim.

Þar sem geymdir eru meira en 200 lítrar af ofangreindum ljósvökvum, má enginn vinna fara fram nema undir eftirliti fullorðins manns, er þar sé ávallt staddur. Ella skal geymslustaðnum lokað, svo óviðkomandi komist þar ekki inn.

25. gr.

Í smíðahúsum handiðnamanna, er fást við trésmíði, skal gæta þessara varúðarreglna:

a. Eld má ekki fara með nema í eldstæðum eða ofnum og ekki má reykja þar tóbak.

b. Þegar límpotturinn er tekinn af eldstæðinu, skal setja hann á málmplötu, er nái að minnsta kosti 8 cm. út á alla vegu. Kantur málmplötunnar skal beygður upp á við.

c. Kertaljós má því aðeins nota, að það sé haft í ljósastjaka úr málmi og nauðsynlegrar varúðar gætt við meðferð þess. Sé borðlampi notaður, skal hann standa á þungum fæti, svo ekki sé hætt við að hann velti um koll.

d. Eldspýtu, sem kveikt er á, má ekki fleygja á gólfið, heldur skal fleygja henni í ofninn eða leggja hana á málmplötu eða annan stað, þar sem vissa er fyrir, að hún geti ekki kveikt frá sér.

e. Tréspænir, hey eða aðrir slíkir eldfimir hlutir, mega ekki liggja dreifðir um smíðagólfið dag frá degi. Á hverjum degi, að endaðri vinnu, skal þeim sópað saman og þeir bornir úr smíðahúsinu eða þeim komið fyrir á sérstökum stað í smíðahúsinu, sem ætlaður er fyrir þá. Miklar birgðir af tré-

spónum skal geyma í lokuðum klefum, þar sem engin sérstök eldhætta get- 75
ur stafað af. 18. ágúst

f. Miklar birgðir af trésmíðaefni mega ekki liggja í göngum né stigum og heldur ekki utan við smíðahúsið, nema sérstakt leyfi slökkviliðsstjóra komi til. Handiðnamenn, er fást við trésmíði og járnsmíði, mega ekki geyma meira viðarsmíðaefni í smiðju eða á verkstæði sínu en þarf til þess, að vinnan verði innt af hendi tafarlaust.

g. Þegar vinnunni er lokið og áður en smiðir fara úr smíðahúsinu, skal slökkva allan eld og ljós, og loka húsinu, svo að óviðkomandi menn komist ekki í það.

h. Í hverju smíðahúsi skal vera sérstakur vatnskrani með viðfestri slöngu.

i. Í hverju smíðahúsi skal eintak af reglum þessum fest á vegg, þar sem auðvelt er að lesa það. Forstöðumaður smíðahússins skal sjá um, að reglum þessum sé hlýtt, og að hinnar mestu varúðar sé að öllu leyti gætt í meðferð á eldi og ljósi.

VIII. KAFLI.

Um slökkviliðið.

26. gr.

Slökkviliði kauptúnsins skal skipt þannig:

1. Björgunarflokkur	....	2 menn
2. Húsrifsflokkur	.....	2 —
3. Vatnsslönguflokkur	...	6 —
4. Stigaflokkur	.....	6 —
5. Dæluflokkur	.....	4 —
6. Brunaboðar	.....	2 —

Slökkviliðsstjóri skipar flokkstjóra fyrir hina fyrstnefndu flokka.

27. gr.

a. Björgunarflokknum er skylt að mæta, þá er eldsvoða ber að höndum, á brunastaðnum svo fljótt sem unnt er.

Fyrsta verk hans skal vera að bjarga fólki, þá lifandi skepnum og síðan öllum dauðum munum, hverju nafni sem nefnist og undantekningarlaust.

Allt, sem hann bjargar, skal hann fara vel með og koma því á svo óhultan stað, sem unnt er.

Enga björgun má hann framkvæma, að undanskildu fólki og skepnum, nema eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra eða þess, er gengur í hans stað.

Slökkviliðsstjóri skipar einn úr flokki þessum flokkstjóra, sem hann

75 18. ágúst

getur sérstaklega snúið sér til með skipanir sínar, sem og til hinna annara flokksstjóra, er skipaðir kunna að verða.

b. Húsrifsflokkur skal hafa á hendi að rífa það er þurfa þykir, eftir skipun slökkviliðsstjóra. Skulu þeir ávallt vera með sín ákveðnu verkfæri á brunastaðnum.

c. Vatnsslönguflokkur skal koma slöngunum svo fyrir, að þægilegt sé að drepa eldinn, eftir fyrirskipunum yfirmanna.

d. Stigaflokkur skal sjá um, að stigar séu til eftir þörfum, reisa þá upp þar sem þeim er fyrirskipað og sjá um, að þeir séu tryggilega útbúnir, að ekki stafi hætta af. Ennfremur skal hann aðstoða björgunarflokkinn eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra.

e. Dæluflokkur skal mæta við slökkvitækjahúsið svo fljótt sem unnt er, þegar eldsvoða ber að höndum, og hafa dælur í standi, flytja þær þangað er slökkviliðsstjóri skipar fyrir og auðvelt er að ná til vatns, setja þær í gang og láta þær dæla; einnig skal hann aðstoða vatnsslönguflokkinn við samsetning slangnanna.

f. Brunaboðar skulu, þá er eldsvoða verður vart, gera slökkviliðinu aðvart, með því að blása í lúðra. Sé það að næturþeli, skulu þeir blása í lúður við hús hvers liðsmanns, þar til hann verður var við þá, og skal liðsmaður þegar gefa þeim merki um, að hann hafi orðið þeirra var. Ekki mega þeir tala við nokkurn mann, nema segja götu og húsnúmer þar sem eldurinn er.

Skulu þeir, að afloknum útblástri, skyldir til að mæta á brunastaðnum.

Loks skulu þeir skyldir að tilkynna slökkviæfingar eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra.

28. gr.

Allir liðsmenn skulu, þegar þeir eru að verki, forðast allan óþarfa hávaða eða tal, og gera sér sérstaklega far um, að taka öllu með gætni og stillingu og vera skjótir og liðugir að framkvæma skipanir yfirmanna sinna.

29. gr.

Allir liðsmenn skulu, ef þeir verða varir við, að óvarlega er farið með eld, eða á annan hátt brotið á móti brunareglugerð kauptúnsins, vanda um við þá, er gera sig seka í því, og ef þeir hlýða ekki aðvörun þeirra, gera slökkviliðsstjóra aðvart svo fljótt sem unnt er.

30. gr.

Engin forföll liðsmanna eru tekin gild önnur en veikindi eða fjarvera úr kauptúninu.

IX. KAFLI. 75
18. ágúst

Sektarákvæði.

31. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem opinber lögreglumál, og greiði hinn seki allt að 100 kr. sekt fyrir afbrot sitt, er renni í sveitarsjóð Húsavíkurkauptúns, ef ekki liggur þyngri hegning við samkvæmt lögum.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Húsavíkurhrepps hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 85, 22. nóvember 1907, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi 1. október 1930, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. ágúst 1930.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Jón Gunnlaugsson.

REGLUGERÐ 76
24. júlí

fyrir

Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um fjallskil m. m.

I. KAFLI.

Um geldfjárrekstra á afréttir og fjalllönd á vorin.

1. gr.

Hreppsbúar í þeim sveitum þar sem nægileg afréttarlönd eru, skulu, ef þeir að áliti hreppsnefndar ekki eiga nægilegt fjallland fyrir sjálfa sig, skyldir að reka í miðja afrétt að vorinu allt geldfé sitt, að meðtöldum dilkum. Nú eru engin slík afréttarlönd til, heldur aðeins heimalönd og búfjárhagar, skal þá hreppsnefndin annast um, ef ekki fæst upprekstur í annari sveit, að fénu sé jafnað niður á löndin að réttri tiltölu við landrými og með samkomu-

76 lagi við landeiganda. Skulu sveitarmenn skyldir að nota slíkan upprekstur
24. júlí eftir tilvísun hreppsnefndar, svo framarlega sem upprekstrartollurinn fer ekki fram úr því, sem hann er ákveðin hér á eftir.

2. gr.

Í upprekstrartoll greiðist kr. 1.00 fyrir hverjar 10 sauðkindur, hvort heldur sem eru lömb eða roskið fé, og skal tollur þessi vera greiddur innan októbermánaðarloka ár hvert ef ekki er öðruvísi um samið.

Hver fjáreigandi skal skyldur til þess, að skýra hlutaðeigandi hreppsnefnd fyrir 15. ágúst ár hvert frá tölu þess sauðfjár, er hann átti fjallrækt það vor, en hreppsnefndinni ber fyrir fjallleitir að haustinu að tilkynna þeim, er hafa rétt til fjallatolla, að hverjum fjáreigendum þeir eigi aðgang um greiðslu á þeim.

3. gr.

Þar sem svo hagar til hér í sýslu, að mikill ágangur á sér stað af fénaði úr hreppum utansýslu, þá er hlutaðeigandi hreppsnefnd skylt að leita samkomulags við hreppsnefndirnar í þeim hreppum, sem fénaðinn eiga er áganginn veita, um borgun fyrir áganginn. Náist ekki samkomulag milli hreppsnefndanna, geta hreppsnefndir í þeim hreppum hér í sýslu, sem verða fyrir áganginum, krafizt 10 aura gjalds fyrir hverja sauðkind, sem smalað er hér til réttar og er fram yfir þá fjártölu, sem viðkomandi hreppur á þar, og skal borgunin vera greidd hlutaðeigandi hreppsnefnd fyrir lok desembermánaðar ár hvert.

Borgun sú, sem ræðir um í þessari grein, greiðist í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

4. gr.

Fráfæring allan skal vakta, annaðhvort heima áður en hann er rekinn, eða þar, sem hann er skilinn eftir í fjalllandinu, að minnsta kosti 2 sólarhringa. Enginn má heimildarlaust reka eða sleppa fénaði sínum í annara manna lönd, sem hann á ekkert tilkall til. Reka skal þannig gegnum heimalönd manna að ekki hljótist skaði af.

Brot móti þessum kafla varða 10—50 kr. sekt auk skaðabóta eftir mati óvilhallra manna.

II. KAFLI.

Um vorsmalanir.

5. gr.

Hreppsnefnd hefir heimild til að skipa fyrir um smölun sauðfjár á vorum til rúnings þegar hentugt þykir. Ef þörf gerist, má hún láta göngur fara

fram á afréttum og fjalllöndum. Hið sama gildir að því er snertir smölun til fráfærna. Ennfremur ákveður hreppsnefnd leitardag hver í sínum hreppi. 76 24. júlí

6. gr.

Hreppsnefndin jafnar niður vorfjallskilum á menn á sama hátt og vanalegt er um niðurjöfnun fjallskila að haustinu. Þó skulu þeir fjáreigendur, sem koma fé sínu fyrir til vorhirðingar hjá öðrum, vera undanskildir vorfjallskilum, en þeir, sem féð taka, skulu sjá fyrir vorfjallskilum á því, sem sínu eigin fé.

7. gr.

Allt það fé, sem við leitir þessar finnst, skal rekið til lögskilaréttar. Þó mega hreppsnefndir fyrirskipa að annarsstaðar sé fé aðrekið, ef það þykir heppilegra, og skulu þær velja einn eða fleiri menn þar til hæfa, er sjái um að allt gangi vel og skipulega fram, þar sem féð er rekið að.

8. gr.

Skylt er hreppsnefnd að sjá um, að allt órúið fé, innanhrepps og utan, sem í leitum þessum finnst, sé rúið, og öll ómörkuð lömb séu mörkuð undir mörk mæðra þeirra.

Borgun fyrir rúning á aðkomufé og mörkun á lömbum, sem ekki eru líkur til að eigendur eða umráðamenn hirði, skal vera þessi: fyrir að rýja kindina 50 aurar og fyrir að marka lambið 1 króna, og skal sá, er verkið vinnur, vera skyldur til að merkja ullina greinilega og gera eiganda viðvart um hana, sem svo um leið og hann hirðir hana greiðir allan áfallinn kostnað, enda geri sá er verkið hefir unnið, eiganda grein fyrir marki, kyni og öðrum einkennum á kindum þeim, er hann hefir rúið og markað.

Brot gegn þessum kafla varða 10—50 kr. sektum.

III. KAFLI.

Um sauðfjármörk.

9. gr.

Sérhver fjáreigandi skal skyldur til þess að hafa glöggt og löglegt eyrnamark á sauðfé sínu, en afeyrt er óheimilt og bannað.

Nú eignast maður kindur, sem hann getur ekki markað undir sitt mark, og skal hann þá skyldur til, bæði að fá leyfi markeiganda, ef kostur er á að láta þær ganga með markinu, og brennimerkja og hornmarka þær svo glöggt sem verða má, og afhenda hreppsnefndinni skriflega lýsingu á eyrnamarki og öðrum einkennum kinda þessara fyrir ágústmánaðarlok ár hvert.

Nú vill einhver taka upp nýtt fjármark, skal hann þá tilkynna það

76 24. júlí hreppsnefndaroddvita og hreppsstjóra, bæði í hreppnum sem hann býr í og í aðliggjandi hreppum, og innfæra þeir það í markaskrár sínar.

Enginn má taka upp fjármark, sem annar sýslubúi hefir, né hafa fleiri en tvö fjármörk.

10. gr.

Nú flytur markeigandi inn í sýsluna; skal hann þá tilkynna mark sitt á þann hátt, sem segir í 9. gr.; eigi hann sammerkt við einhvern í sýslunni, skal hann leggja mark sitt niður eða semja við hlutaðeiganda um notkun þess.

Skylt er hverjum markeiganda að láta prenta mark sitt, þegar markaskrá sýslunnar er prentuð. Allir markeigendur skulu fá 1 eintak af markaskránni.

11. gr.

Á brennimarki sýslunnar skulu vera þessir stafir S. H. og að auki tölustafir þannig:

S.H. 1. fyrir Kolbeinsstaðahrepp
— 2. — Eyjahrepp
— 3. — Miklaholtshrepp
— 4. — Staðarsveit
— 5. — Breiðuvíkurhrepp
— 6. — Neshrepp utan Ennis
— 7. — Ólafsvíkurhrepp
— 8. — Fróðárhrepp
— 9. — Eyrarsveit
— 10. — Helgafellssveit
— 11. — Stykkishólmshrepp
— 12. — Skógarstrandarhrepp.

Brennimörk þessi skulu vera sett framan á vinstra horn kindarinnar, en brennimark eiganda framan á hægra horn. Skylt er öllum þeim, er soramarkaðar kindur eiga að nota þessi brennimörk á hyrndar kindur.

12. gr.

Markaskrá sýslunnar skal prenta tíunda hvert ár, og viðauka yfir ný mörk fimmta hvert ár ef þörf krefur, og skal hreppsnefndin í hverjum hreppi annast um að safna öllum eyrna- og brennimörkum í hreppnum og setja þau saman eftir stafrofsröð í greinilega skrá. Hreppsnefndin skal því næst, eftir að hún hefir samið skrána, leggja hana fram til sýnis fyrir fjáreigendur í hreppnum, svo að hverjum þeirra gefist kostur á að sjá að mark sitt sé rétt skrásett. Síðan sendir hreppsnefndin sýslunefndinni skrána, sem annast svo um, að aðalskrá sé samin yfir öll mörk í sýslunni og síðan prentuð.

Sérhver markeigandi er skyldur að skýra hreppsnefnd sinni frá marki sínu, svo að það komi í markaskrána. Skal hver markeigandi greiða fyrir prentun marks síns það, sem sýslunefndin ákveður, og gengur það til prentunarkostnaðar. Fyrir brennimörk skal þó eigi greidd nein sérstök borgun.

Skyldar skulu hreppsnefndir að semja skrá yfir öll fjármörk í hreppnum, svo mörg eintök að hver sá, sem sendur er í aðrar réttir, geti fengið eitt eintak, og skulu þeir markeigendur skyldir til þess að senda oddvita mark sitt fyrir 15. ágúst, sem flutt hafa inn í hreppinn næsta vor á undan, svo og þeir, sem taka upp nýtt mark eða breyta um mark. Skrár þessar skulu afhentar oddvitum að afloknum skilaréttum ár hvert. 76 24. júlí

13. gr.

Enginn má blóðmarka kindur í réttum eða að hausti, nema því aðeins að viðstaddir séu 2 vottar.

Brot móti þessum kafla varða 10—50 kr. sektum.

IV. KAFLI.

Um fjallskil.

14. gr.

Á ári hverju skulu hreppsnefndir, hver í sínum hreppi, kveðja skriflega, með nægum fyrirvara, alla þá, sem skyldir eru að ganga á fjall eftir sauðfé, samkvæmt 15. gr. í reglugerð þessari, til þess að leita afréttir og önnur fjalllönd innan merkja þeirra, sem tilgreind eru í 16. gr. Fjallskilaboð þetta gangi sem þingboð um hreppinn, og varðar það sektum ef tefst eða niður fellur. Skal í því nákvæmlega ákveða hvernig fjallgöngum skal haga, rekstrum til réttar, geymslu safnsins við réttina þangað til réttarhald byrjar, hverjir skulu sækja fé í utansveitar- og aðrar réttir og hvað annað, sem tilheyrir fjallskilum. Til þess að sækja fé í utansveitarréttir, skal velja markglögga og gætna menn. Þeir skulu vera útbúnir með markaskrá sýslunnar og hreppsins. Hreppsnefndin skal og skipa fyrir um, hverjir skulu vera leitarstjórar, og skulu þeir ætíð skyldir til þess að ganga með leitarmönnum.

Öll óhlýðni gegn fyrirskipunum hreppsnefndar og leitarstjóra varðar sektum samkvæmt 24. gr.

15. gr.

Hver sá maður, sem á eða hefir umráð yfir allt að 12 kindum, hvort heldur er lömb eða roskið fé, er til fjalls skulu reknar, skal skyldur að greiða 50 aura fyrir hverja kind til hlutaðeigandi hreppsnefndar, sem svo verji því til fjallskila í hreppnum eftir því, sem þörf krefur, ella falli í sveitarsjóð þess hrepps, er fjallskilin eiga að fara fram í. Hreppsnefndir innheimta gjald þetta, og má taka það lögtaki á kostnað gjaldanda samkvæmt lögum frá 16. desember 1885 um lögtak og fjárnám.

Hver sá maður, sem á eða hefir umsjón yfir 12 kindum fjallrækum og þar yfir, skal skyldur að gera fjallskil eftir fyrirskipun hreppsnefndar þeirrar, sem hlut á að máli. En jafna skal nákvæmlega niður fjallskilum á alla

76 fjáreigendur eftir sauðfjártölu og þörfum, svo að fjallskilum og fjárheimt-
24. júlí um sé svo vel fullnægt sem unnt er, enda segi hver fjáreigandi hreppsnefnd til fjáreignar sinnar á fjalli fyrir 15. ágúst ár hvert.

Nú reka menn einnig fé á fjall í öðrum hreppi og skulu þeir þá skyldir að greiða gjald það, sem ræðir um í fyrstu málsgrein þessarar greinar eða gera fjallskil þar eftir fjármagni því, sem þar er rekið til fjalls. En reki þeir ekkert fé til fjalls í þeim hreppi, sem þeir eru fjallskildir í, greiða þeir samt helming þess gjalds, sem ákveðið er í fyrstu málsgrein þessarar greinar í sveitarsjóð þess hrepps. En þeir, sem eiga 12 kindur og þar yfir, en reka ekkert fé til fjalls í sínum hreppi, skulu auk fjallskilanna í hinum framandi hreppi skyldir að leggja til að minnsta kosti 1 mann í tvær göngur til fjallskila í sínum hreppi.

16. gr.

Þessi eru gangnamerki hreppa á milli: Langmerkin eru: fjallgarðurinn þar sem hann er hæstur eins og vötnum hallar, eða þar sem hreppalönd ná saman, nema þar, sem öðruvísi er ákveðið í grein þessari. Þvermerkin eru þessi: Á milli Hörðudals og Skógarstrandar, Gunnarsstaðaá, á milli fjalls og fjöru, og leita Skógstrendingar þaðan að Kársstaðahálsi. Þaðan leita Helgfellingar og Stykkishólmsbúar að Grímsskarði, syðradysi, Rauðsteinalæk, Moldargilsá, Axarhamri og Tröllahálsi. Þaðan leita Eyrsveitingar að Kaldnasa, Kistufelli, Höfðakúlum og Búlandsgili. Þaðan leita Fróðhreppingar að Stafnafelli, Steinahlíð, Miðfellsöxl, ytri-Moldarmúla, Hestdalsbotni, Hesti, Rauðukúlu, Folahnúk, Tvísteinu, Merarvörðu og Blindaugum. Þaðan leita Ólafsvíkurbúar um Geldingafell, þaðan þvert niður í Giljatungu í Fossdal, Hróaskarð, Einbúa og Loðnugjá. Þaðan leita Neshreppingar að Skarðsvík, Brattahrauni, Kálfadölum, Miðfelli og Bárðarkistu. Þaðan leita Breiðvíkingar að Axlargangi beina stefnu í Rjúpnaborgir eftir hreppamerkjum milli Staðarsveitar og Breiðuvíkur. Þaðan leita Staðsveitingar að Djúpagili, Urðarmúla, Baulárvallavatni að Moldargilsá. Þaðan leita Miklhreppingar að Skyrtunnu, Hafursfelli og Svínhól. Þaðan leita Eyhreppingar að Svínavatni, Svínaskarði, Arná, Oddastaðavatni og Hafursfjarðará. Þaðan leita Kolhreppingar að Geirhnúk eftir Vatnshlíðareggjum að Klyfsandi og Hítará.

Þar sem fjöll og hálsar ráða þvermerkjum, skal frá báðum hliðum gengið að vatnaskili.

17. gr.

Næsta virkan dag fyrir fyrsta leitardag og sömuleiðis fyrir skilaréttardaginn, skal hver búandi og nytjandi jarða, skyldur að leita vandlega sín heimalönd, þau, sem vanalega ekki eru leituð til réttar, og skal hann í tæka tíð reka allt fé, sem á þeim finnst, og hann ekki á sjálfur eða heimafólk hans, til réttar eða í fjallsafnið. Hinsvegar er stranglega bannað að draga í sundur fjallsafn annarsstaðar en í lögréttum og aukaréttum. Heimalönd teljast aðeins þau, sem notuð eru fyrir málnytupening og brúkunarhross. En víðáttumeiri lönd séu leituð eftir fyrirskipun hreppsnefndar.

18. gr. 76

Tvær skulu fjallleitir á hausti hverju. Til fyrri réttar skal gengið dag- 24. júlí
inn áður en réttað er, þar sem hreppsnefnd álítur þess þörf. Til síðari réttar (skilaréttar) skal gengið miðvikudaginn í 24. viku sumars í öllum hreppum sýslunnar og skilarétt haldin næsta dag á eftir. Leitardagar skulu tilgreindir í fjallskilaseðlinum. Ennfremur skal öllum hreppsnefndum skylt að láta fara fram almenna heimalandssmölun í hreppnum, og skal smölun sú fram fara fimmtudaginn síðastan í sumri. Allt það úrtíningsfé, sem fyrir kemur þennan dag, skal tafarlaust rekið til lögskilaréttar, og réttað sama dag. Skal það réttarhald fara að öllu leyti fram með sömu reglum og skilaréttin. Hreppsnefndir taki því fram í fjallskilaboði sínu, hvernig smölunum þessum skuli hagað.

19. gr.

Leitarstjórar skulu annast um að leitir fari vel og skipulega fram; til þess heyrir meðal annars, að leitarmenn hefji leitina, þá er sauðljóst er orðið, og hittist úr nágrannahreppum, eða bíði hver eftir öðrum á gangnamerkjum þar sem því verður við komið, enda haldi þeir leitinni samhliða hver til sinnar réttar.

Nú hittir leitarmaður vanfæra kind í leit sinni, og álítur að hann geti ekki komið henni til réttar án þess að vanrækja göngu sína, skal hann þá athuga mark og auðkenni á henni og aflífa hana ef hún er mjög aðfram komin og dysja forsvaranlega þannig, að hann geti vísað til hennar og skýrt frá marki á henni.

20. gr.

Leitarstjórar skulu vandlega gæta þess, að allir þeir, sem fjallskil eiga að gera, leggi svo marga fullgilda menn til, sem hreppsnefndin hefir ákveðið samkvæmt 15. gr. Nú vanrækir einhver að gera þau fjallskil, sem á hann voru lögð og má þá hreppsnefndin eða leitarstjóri, verði því við komið, kaupa menn til að vinna það, sem á vantar til fjallskilanna upp á hans kostnað eftir mati óvilhallra manna, enda gjaldi að auki sekt, samkvæmt 24. gr.

21. gr.

Leitarstjóri skal strax hlíðarlaust tilkynna hlutaðeigandi hreppsnefnd alla óhlýðni gegn fyrirskipun hans, en hreppsnefndin kærir slíkt, sem og sérhverja aðra skylduvanrækslu með tilliti til fjallskila, fyrir sýslumanni til sektar. Sömuleiðis hefir hver einstakur maður rétt til að kæra til hreppsnefndar, hafi hún beitt við hann rangindum, eða íþyngt honum fram yfir það sem þessi reglugerð leyfir, og skal hann þá hafa gert það skriflega til oddvita fyrir 20. október það ár. En nái hann ekki rétti sínum á þann hátt, getur hann skotið máli sínu til sýslumanns til endilegs úrskurðar.

76 24. júlí

22. gr.

Fjallafé það, sem ofan slangrar í kvikfé manna, skal þegar þörf gerist, skilja úr og reka til fjalls í lönd þau, er notuð eru til upprekstrar.

23. gr.

Auk heimalandssmalana, sem getið er um í 17. gr., geta hreppsnefndir svo oft sem þörf gerist, fyrirskipað almenna smölun í öllum heimalöndum í hreppnum, og skal þá öllu fé komið beinustu leið til átthaga sinna.

Nú kemur rekstur til búanda, skal hann þá, ef mögulegt er, láta rannsaka hann og taka úr honum kindur þær, sem ekki eru á réttri leið, ef nokkrar eru, og leiðbeina þeim í rétta átt, svo fljótt, sem því verður við komið.

24. gr.

Hver, sem finnur kindur í fjalllendum þeim, sem ekki teljast búfjárhagar, að afstöðnum öllum lögboðnum leitum, skal fá fundarlaun, eftir mati óvilhallra manna. Þó mega þau ekki fara fram úr ¼ verðs þess, sem kindurnar eru metnar.

Af þeim kindum, sem finnast heima í búfjárhögum, ber ekki að greiða fundarlaun, en sérstaka fyrirhöfn, svo sem að ná kindum úr klettum eða því um líkt, ber að borga.

Komi utansveitarkindur fyrir í heimafé manna að afstöðnum öllum réttum og hafi þær orðið þar innligsa fyrir trassaskap þess, sem kindurnar hafa verið hjá, skal hann tafarlaust tilkynna eiganda kindanna, og annast þær, eiganda að kostnaðarlausu, þar til hann vitjar þeirra, ef eigandinn ekki sýnir ótilhlýðilegan drátt á að vitja þeirra.

Brot móti þessum kafla varðar 10—50 kr. sektum.

V. KAFLI.

Um réttarhöld og meðferð á úrtíningsfé.

25. gr.

Þar skulu réttir vera, sem segir 27. gr., og svo langt og víða til reka, sem segir í 16. gr.

Breyta má þessu með samþykki meiri hluta hreppsbúa, hreppsnefndar og sýslunefndar.

26. gr.

Þrisvar skal réttað á hausti í hverri lögskilarétt samkvæmt 18. gr., og skulu hreppsnefndir annast um að réttir séu að öllu vel upp byggðar og nægir dilkar handa öllum hreppsbúum, sem sjálfir annast um dilkadyr sínar meðan á réttarhaldinu stendur, helzt með grindum eða á annan jafn tryggan hátt, og annast þeir einnig um árlegt viðhald á dilkum sínum. Hreppsnefnd skal

þó heimilt að taka í sínar hendur viðhald réttardilka, þar, sem hún álítur slíka tilhögun heppilegri.

Dilka handa utanhreppsbúum, eru hreppsbúar ekki skyldir að leggja til, nema jafnstóra því dilkrúmi, sem þeir þurfa að fá hjá utanhreppsbúum. Þeir menn, sem reka fé sitt á fjall í öðrum sveitum, skulu sjá sér þar sjálfir fyrir dilkrúmi.

Hreppsnefndin kjósi einn mann úr sínum flokki fyrir réttarstjóra.

27. gr.

Réttir skulu haldnar í þeirri röð og á þeim dögum, er nú skal greina: Kaldárdals-, Þverár-, Vörðufells- og Kothraunsrétt mánudaginn í 22. viku sumars; Mýrdals-, Dranga-, Arnarhóls- og Selgilsrétt þriðjudaginn í 22. viku sumars, Miðhrauns- og Lárdalsrétt miðvikudaginn í 22. viku sumars; Brekku- og Grundarrétt fimmtudaginn í 23. viku sumars; Haukabrekku-, Ólafsvíkur- og Bláfeldarrétt föstudaginn í 23. viku sumars; Hnausa-, Fagurhóls- og Hraunskarðsrétt laugardaginn í 23. viku sumars.

Kaldárdals-, Selgils-, Kothrauns- og Lárdalsrétt eru aukaréttir, en hinar allar lögskilaréttir.

Í þeim hreppum, sem aukaréttir eru í, er hlutaðeigandi hreppsnefndum skylt að sjá um að allt úrtíningsfé, er fyrir kann að koma í aukaréttunum á haustin, sé tafarlaust komið til lögskilaréttar.

Hlutaðeigandi hreppsnefndum er skylt að sjá um að aukaréttirnar séu þannig útbúnar, hvað dilka og fyrirkomulag snertir, að réttarhaldið geti farið vel og skipulega fram.

28. gr.

Hreppstjórar skulu halda lögreglu í hverri lögskila- og aukarétt, en réttarstjóri annast um innrekstur fjárins, og sér um að féð ekki troðist undir, gætir þess, að fénu sé ekki á nokkurn hátt misþyrmt og kallar hreppstjóra til of sve ber við; lítur eftir að sundurdráttur fjárins fari vel og skipulega fram. Markglöggir menn skoði í dilka áður en út er hleypt og gæti þess að féð fari ekki saman úr dilkum. Skal því enginn hleypa út fyrr en réttarstjóri leyfir, sem ekki sé fyrr en búið er að töflulesa úrtíning, og skal þá aðalreglan sú, að utanhreppsmenn hleypi fyrst út, og svo þeir, sem lengst eru að.

29. gr.

Ómerkinga alla skal draga í sérstakan dilk, og skulu þeir geymdir þar, unz búið er að draga úr almenningnum. Að loknum fjárdrætti skal þeim sleppt í almenninginn og skal þangað færa allar ær, sem von er um að ættu þá, svo þær geti helgað sér lömb sín. Réttarstjóri skal jafnan vera viðstaddur, og engum skal heimilt að taka ómerking sem sína eign, nema með samþykki hans og meiri hluta hreppsnefndar.

Alla ómerkinga, sem enginn finnst eigandi að, skal selja strax á réttarstaðnum og andvirði þeirra renna í sveitarsjóð. Um ómerkinga, sem finn-

76 24. júlí

ast eftir réttir, fer sem um annað óskilafé, ef enginn getur helgað sér þá, og rennur einnig andvirði þeirra í sveitarsjóð.

Geti menn sannað með framburði tveggja óvilhallra og áreiðanlegra manna, að ær hafi helgað sér seldan ómerking, skal eigandi ærinnar fá andvirði ómerkingsins að frádegnum uppboðskostnaði.

30. gr.

Mýétning allan, skal selja í hverri lögskilarétt, þó því aðeins að enginn geti helgað sér þá, og að eyrun séu svo skemmd, að ekkert mark verði gert úr; réttarstjóri skal kalla til hreppstjóra og markglögga menn, bæði innanhrepps og utanhrepps, og séu þeir allir samdóma um markleysi þessara kinda; annars fer um kindur þessar eins og um annað óskilafé. Sama er um þá mýétninga, sem finnast eftir réttir. Andvirði mýétninganna rennur í viðkomandi sveitarsjóð.

31. gr.

Öllum úrtíningi úr fyrstu rétt skal sleppt í land réttarbónda, eða annars, ef hentugra þykir, en fé það, sem ekki dregst upp eða hirt er í skilarétt, skal þá þegar afhent hreppstjóra, og skal hann þá strax kveðja til með sér tvo markglögga og gætna menn, skulu þeir allir skoða kindurnar, bæði eyrnamörk og hornamörk, og segja til marka. Hreppstjóri skal skrifa mörkin nákvæmlega upp, og lesa þau upp í heyranda hljóði. Það sem þá verður óuppdregið, skal þegar selt við opinbert uppboð án útlausnarfrests. Allir þessir 3 menn bera ábyrgð á að mörkunum sé rétt lýst.

32. gr.

Réttartoll fyrir lögskilarétt skal greiða úr sveitarsjóði búanda þeim á hvers landi réttin stendur, og sé réttartollurinn 10—20 kr. eftir samkomulagi hlutaðeigenda eða mati óvilhallra manna.

33. gr.

Nú koma utanhreppskindur fyrir í einhverjum hreppi eftir afstaðnar skilaréttir, og þekkja menn eigendur að þeim, skulu þær þá á kostnað eiganda þeirra geymdar í vörzlum hreppstjóra eða annara, ef heppilegra þykir. Hreppstjóri annast um að eigendum verði tafarlaust gert aðvart um þetta séu þeir í nálægum hreppum. Hafi eigendur ekki ráðstafað kindum þessum fyrir Marteinsmessu, skal hlutaðeigandi hreppstjóri selja þær við opinbert uppboð, sem áður sé auglýst í hreppnum með nægum fyrirvara. Kindur þær, sem koma fyrir eftir skilarétt, og ekki þekkjast eigendur að, skal fara með á sama hátt. Geymslukostnaður sé 8 aurar um sólarhringinn.

34. gr.

Lýsing á óskilafé því, sem við opinbert uppboð er selt, skal sendast sýslumanni fyrir miðjan desember, sem auglýsir hana í Lögbirtingablaðinu á

kostnað sýslusjóðs, ekki síðar en í febrúar næsta ár. Skal þá hver sá, sem get- 76
ur helgað sér eitthvað af hinu selda fé, hafa rétt til að fá andvirði þess, ef 24. júlí
hann hefir gefið sig fram og sannað eignarrétt sinn, fyrir næstu Mikaelsmessu, þó að frádregnum öllum lögmætum og sanngjörnum kostnaði, sem fyrir því var hafður.

VI. KAFLI.

Um fjármarkaðshöld á haustin og rekstra á sölufé.

35. gr.

Allt fé í sölufjárrekstrum skal vera merkt með skýru rekstrarmerki, er sé svo glöggt, að það sjáist vel tilsýndar í björtu, og svo traust að það máist eigi af þótt votviðri gangi. Auk þess merkis skulu fjárkaupamenn spjaldbinda hverja kind, og skal spjaldið vera með glöggu og góðu merki fjárkaupmanns þess, sem kindina kaupir, og ennfremur áframhaldandi tölumerki.

36. gr.

Varast skal svo sem auðið er að rekstrum lendi saman við annað fé. Eigi má halda áfram með rekstur úr því svo dimmt er orðið, að ekki er markljóst, nema brýn nauðsyn beri til, svo má og eigi leggja upp með rekstur fyrr en markljóst er orðið.

37. gr.

Rekstrarmenn skulu gæta þess, komi kindur saman við reksturinn, að skilja þær strax úr rekstri sínum, svo að þær ekki rekist til ógreiða. Ef þeir reka kindur til ógreiða með rekstri sínum, skulu þeir skyldir til að koma þeim á sinn kostnað til eiganda, ella sæti ábyrgð fyrir.

Brot móti þessum kafla varða 5—100 kr. sektum, er hálfar gangi til upplýstrarmanns, en hálfar til viðkomandi sveitarsjóðs.

VII. KAFLI.

Um hross og naut.

38. gr.

Enginn hrossa- eða nautaeigandi má sleppa þeim ómörkuðum. Skyldur er hver sá, sem á hross eða naut, sem ekki eru í daglegri hirðingu, að lýsa marki sínu á þeim fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd, og láta prenta það við fyrsta tækifæri í markaskrá sýslunnar.

76 24. júlí

39. gr.

Allsstaðar í sýslunni þar sem stóðhross ganga að sumrinu, skal þeim að haustinu smalað og réttað í skilarétt. Þau hross, sem þá ekki þekkjast eigendur að og enginn hirðir, skulu tekin til geymslu á kostnað eiganda og auglýst sem annað óskilafé. Þó skulu þau ekki seld fyrir 30. nóvember það ár. Geymslukostnaður fari ekki fram úr 15 aurum um sólarhringinn.

40. gr.

Hver sá, sem í leyfisleysi lætur hross sín, eða þau, sem hann tekur til hagagöngu af öðrum, ganga í landi annara og hirðir þau ekki innan tveggja sólarhringa eftir að hann hefir fengið tilkynningu um að hirða þau, greiði 20 aura um sólarhring hvern fyrir hvert þeirra í hagatoll til þess manns, sem fyrir áganginum verður. Upprekstrartollur skal vera 5 kr. fyrir hvert hross, sé ekki öðruvísi um samið.

Brot móti þessum kafla varðar 10—50 kr. sektum.

VIII. KAFLI.

Um grenjaleitir og refaveiðar m. m.

41. gr.

Með grenjavinnslu og refaveiðar skal algerlega farið eftir lögum um refaveiðar og refarækt frá 19. maí 1930.

IX. KAFLI.

Almenn ákvæði.

42. gr.

Allar sektir fyrir brot á reglugerð þessari, aðrar en þær, sem getur um í 37. og. 41. gr., renna í viðkomandi sveitarsjóð.

43. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

44. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi reglugerð fyrir Snæfellsness og Hnappadalssýslu um fjallskil m. m. frá 22. júlí 1916.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitastjórnarlaganna, sbr. lög nr. 44, 19. maí 1930 um refaveiðar og refarækt, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. nóvember 1930 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 76 24. júlí

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. júlí 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Framkvæmdasjóð Hellissands, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 29. ágúst 1930. Skipulagsskráin er þannig: 77 29. ágúst

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Framkvæmdasjóð Hellissands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Framkvæmdasjóður Hellissands".

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er fé það, er kom inn fyrir seld marsvín er rekin voru á land í septembermánuði 1927, sem varð að frádregnum útgjöldum kr. 3947,69 — þrjú þúsund níu hundruð fjörutíu og sjö krónur og sextíu og níu aurar —, er nú er þannig ráðstafað:

1. Lánað Neshreppi utan Ennis kr. 3500,00 — þrjú þúsund og fimm hundruð krónur — samkvæmt skuldabréfi dags. 23. október þ. árs.

2. Lánað Búnaðarfélagi Neshrepps utan Ennis kr. 300,00 — þrjú hundruð krónur — samkvæmt skuldabréfi dags. 23. október þ. árs.

3. Krónur 147,69 — eitt hundrað fjörutíu og sjö krónur og sextíu og níu aurar — lagt inn á Sparisjóð Ólafsvíkur.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja hverskonar verklegar framkvæmdir í Hellissandskauptúni með því að veita lán úr honum með vægum vöxtum og

77 29. júlí

löngum gjaldfresti. Fé sjóðsins má ekki lána einstökum mönnum eða félögum nema með hreppsábyrgð.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins, ásamt því er við hann bætist með vöxtum eða á annan hátt, má aldrei skerða með gjöfum eða öðrum ráðstöfunum.

5. gr.

Fé sjóðsins, sem ekki er í útlánum, skal ávaxta í tryggum sparisjóði eða banka.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipar þriggja manna nefnd, er allir séu búsettir á Hellisandi og vinni störf sín við sjóðinn endurgjaldslaust, minsta kosti næstu 20 — tuttugu — ár. Skal einn kosinn af sýslunefnd í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, annar af hreppsnefnd í Neshreppi utan Ennis og sá þriðji af hreppsbúum á manntalsþingi. Skulu þeir kosnir til þriggja ára í senn og skipti með sér verkum.

Stjórnin haldi nauðsynlegar bækur yfir reikningshald sjóðsins og framkvæmdir. Andvirði nauðsynlegra bóka og önnur útgjöld greiðast af sjóðnum eftir reikningi

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikingar hans gerðir upp í janúarmánuði árlega, endurskoðast af þeim, er endurskoða hreppsreikinginn og síðan sendir með honum sýslunefnd til yfirendurskoðunar og samþykkis.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta fyr en höfuðstóll sjóðsins er orðinn kr. 40000,00 — fjörutíu þúsund krónur — og þá því aðeins að $^2/_3$ — tveir þriðju hlutar — atkvæðisbærra hreppsbúa, greiði atkvæði með breytingunni á opinberum hreppsfundi, ennfremur að því tilskildu, að hreppsnefnd Neshrepps Ytri og sýslunefnd í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu samþykki breytinguna.

9. gr.

Leitað skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B deild Stjórnartíðindanna.

Hellissandi 25. október 1929.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guð- 78
nýjar Bjarnadóttur, Bolungarvík, útgefin á venjulegan hátt að man- 30. ágúst
datum af dóms- og kirkjumálaráðherra 30. ágúst 1930. Skipulags-
skráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

„Minningarsjóð Guðnýjar Bjarnadóttur, Bolungarvík".

1. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1000 krónur, sem kvenfélagið „Brautin" í Bolungarvík hefir að mestu lagt fram og er það ávaxtað í Sparisjóði Bolungarvíkur.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að kosta uppeldi á fátækum og munaðarlausum börnum í Hólshreppi til fullnaðs 16 ára aldurs, einu eða fleirum í senn, eftir nánari reglum er stjórn sjóðsins setur.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: formaður kvenfélagsins „Brautin" í Bolungarvík, sóknarprestur Hóls-prestakalls og einn maður úr hreppsnefnd Hólshrepps, sem hún kýs til 5 ára í senn. Ef kvenfélagið „Brautin" hverfur úr sögunni útnefnir sýslumaður Ísafjarðarsýslu kvenmann búsettan í Hólshreppi sem þriðja stjórnanda sjóðsins. Stjórnin heldur gerðabók og færir reikninga sjóðsins. Þeir fylgja sveitareikningi Hólshrepps til endurskoðunar og samþykktar.

4. gr.

Sjóðurinn skal jafnan ávaxtaður í Sparisjóði Bolungarvíkur. Ef hann hættir störfum, eða líður undir lok, ákveður stjórn sjóðsins hvar hann skuli ávaxtaður eftirleiðis.

5. gr.

Allir vextir sjóðsins, gjafir og aðrar tekjur, sem honum kann að áskotnast, leggjast við höfuðstólinn þar til hann hefir náð þeirri upphæð að stjórn-

78 in telji vextina nægа til þess að kosta sómasamlega uppeldi á einu barni. Á-
30. ágúst kveður hún þá hvaða barn sjóðurinn skuli taka að sér, ef um fleiri en eitt er að ræða. Ef sjóðurinn eflist svo, að vextir hans nægi til þess að kosta uppeldi á fleiri en einu barni í senn, tekur stjórn sjóðsins á sama hátt ákvörðun um það.

Bolungarvík, 26. maí 1930.

Í stjórn kvenfélagsins „Brautin“ í Bolungarvík:

Sólveig G. Ólafsdóttir. Elín Guðmunds.

Guðrún Magnúsdóttir.

79
31. ágúst

REGLUGERÐ

um

kynbætur hesta.

1. gr.

Bannað er að láta graðhesta, 2ja vetra eða eldri, ganga lausa í heimahögum eða á afréttum, nema heimild til þess felist í lögum eða reglugerð þessari.

2. gr.

Í hverjum hreppi skal vera til hrossakynbótanefnd, skipuð þrem mönnum og skal kjósa nefndina eftir sömu reglum og gilda um kosningu hreppsnefnda. Þar sem hrossaræktarfélag er, sem starfar með styrk frá Búnaðarfélagi Íslands, ber kynbótanefnd, ef hún er ekki skipuð sömu mönnum og stjórn félagsins, að vinna í samráði við félagsstjórnina.

3. gr.

Á hverjum vetri skal hrossakynbótanefnd velja eða útvega, innan eða utan hrepps, hæfilega marga góða graðhesta, til undaneldis í hreppnum næsta sumar. Hesta, sem kynbótanefnd velur, skal nefndin jafnan taka á leigu, til afnota innan hrepps, og semja um leiguna. Skal nefndin gera hreppsbúum kunnugt um val hestanna með auglýsingu fyrir lok marzmánaðar.

Heimilt er hrossakynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að hrossakynbótum, nota sömu hesta, sömu girðingar o. s. frv.

4. gr. 79

Hrossakynbótanefnd hefir fullt og óskorað vald til að ákveða hvaða 31. ágúst
graðhestur eða graðhestar eru teknir á leigu fyrir hreppinn, og sömuleiðis til að semja um leigu fyrir þá, fóður og hirðingu, en til þess að kaupa hest þarf nefndin heimild hreppsnefndar eða lögmæts hreppsfundar. Þó má ekki kaupa kynbótahest nema hrossakynbótanefndin samþykki valið á honum.

5. gr.

Nú á hreppsfélag enga girðingu fyrir kynbótahross, en hrossakynbótanefnd sannar, að hún geti ekki haldið gildandi lög um kynbætur hesta nema að hún hafi slíka girðingu til afnota, og er henni þá heimilt að taka slíka girðingu á leigu, og semja um leiguna. Telst þessi kostnaður með öðrum gjöldum kynbótastarfseminnar.

Geti hrossakynbótanefndin ekki útvegað sér neitt tilboð um girðingarafnot, sem hún telur viðunanlegt, skal hún tilkynna hreppsnefndinni það, en hreppsnefndin kaupa land, eða taka það á leigu, og girða svo fljótt sem þurfa þykir og við verður komið. Skylt er hrossakynbótanefndinni að aðstoða hreppsnefndina við þessar framkvæmdir. Vextir og afborganir af fé því, sem þarf til þessara framkvæmda, telst til útgjalda hrossakynbótanna, hvort sem það er greitt úr hreppssjóði eða til þess tekið sérstakt lán.

6. gr.

Alla graðhesta, sem kynbótanefnd hefir valið til undaneldis eða verðlaun hafa hlotið á hrossasýningu, er styrks hafa notið frá Búnaðarfélagi Íslands, skal merkja þannig að klippa Kh. á hægri lend þeirra. Eigandi hestsins skal endurnýja merkið svo oft sem með þarf, til þess að það sé jafnan glöggt.

Nú sannast, að einhver hefir merkt graðhest þessu merki án leyfis kynbótanefndar, enda hafi hann ekki hlotið verðlaun, sem fyrr segir, og varðar það sektum. Taka má slíkan hest, hvar sem hann hittist utan gripheldra girðinga, ráðstafa honum sem óskilafé, og selja án innlausnarfrests.

7. gr.

Alla graðhesta, sem eru 1½ árs eða eldri, og ekki eru ætlaðir til undaneldis, samkvæmt 3. og 6. gr., skal gelda eða taka í örugga vörzlu fyrir 20. apríl ár hvert. Graðhesta á þeim aldri, sem eru ekki kynþroska þá, skal gelda svo fljótt sem verða má.

Nú vanrækir eigandi eða umráðamaður að láta gelda hest sinn eða taka í örugga vörzlu, og skal hann þá sekt gjalda og auk þess skaðabætur, ef tjón hlýzt af. Taka má slíkan hest hvar sem hann hittist, nema í öruggri vörzlu sé, ráðstafa honum sem óskilagrip og selja án innlausnarfrests.

79 31. ágúst

8. gr.

Nú hittist graðhestur merktur Kh. á hægri lend, gæzlulaus án heimildar, hvort heldur er innan eða utan þeirrar sveitar eða svæðis, er hann er valinn fyrir sem undaneldishestur, og má þá taka hann í örugga vörzlu og, ef þörf gerist, á fóður, á kostnað eiganda eða umráðamanns, en gera skal honum aðvart svo fljótt sem unnt er. Ef hestsins er ekki vitjað og greiddur áfallinn kostnaður áður liðnar eru 6 vikur frá því hann var tekinn, má ráðstafa honum sem óskilagrip og selja með fjögra vikna innlausnarfresti.

9. gr.

Hreppsskilafundur ákveður þóknun fyrir starf hrossakynbótanefndar. Öllum árlegum kostnaði við kynbæturnar, svo sem þóknun til kynbótanefndar, leigu eftir kynbótahest, hagagöngu, umsjón með hestinum, fóðri, leigu eftir girðingu, vexti og afborganir af lánum o. s. frv., jafnar nefndin niður á folöld þau, sem fæðast í hreppnum á því ári, með þeim undantekningum sem um getur í 10. og 12. gr., þó svo, að aldrei verði hærra gjald en 8 kr. á hvert folald. Skulu eigendur greiða gjald þetta árlega til hrossakynbótanefndar, á þeim tíma er hún til tekur, og er gjaldið lögtakskræft. Nú verður kostnaður meiri en hámarksgjaldi nemur á hvert folald, og greiðir þá hlutaðeigandi sveitarsjóður afganginn.

Nái gjaldið fyrir hvert folald ekki 8 krónum, er kynbótanefnd heimilt að jafna meiru niður en kostnaðinum það ár, þó ekki meiru en nemur 2 krónum fyrir hvert folald, og færist það með tekjum hrossakynbótanna á næsta ársreikningi.

10. gr.

Nú er hryssu komið í fóður eða í hagagöngu í annan hrepp en heimili eigandans er, og kastar áður hún er færð heim, þá skal gjalda toll af því folaldi þar sem hryssan var talin fram.

Sé hryssa árlangt í öðrum hreppi en heimili eigandans er, og er leidd þar til kynbótahests, þá skal gjalda toll af folaldi hennar þar sem hún framfærist, en ekki þar sem eigandinn er til heimilis.

11. gr.

Nú er samþykkt á lögmætum sveitarfundi, með meirihluta atkvæða, að hreppurinn hafi engan graðhest til afnota, í eitt eða fleiri ár, og geta þá þeir hreppsbúar, er vilja hafa graðhest, krafizt þess af kynbótanefnd, að hún semji um afnot af graðhesti fyrir þá í öðrum hreppi, en haldi ella graðhest þeirra vegna. Nemi þessi kostnaður meiru en 8 krónum fyrir hvert folald, greiðir sveitarsjóður það sem þar er fram yfir.

12. gr.

Þegar hluti af hreppi er í hrossaræktarfélagi, sem nýtur styrks frá Búnaðarfélagi Íslands, og sá hluti hreppsins, sem er utan félagsins, vill ekki vera

í samvinnu við félagið um hrossakynbætur, þá er þeim, sem í félaginu eru, 79
ekki skylt að taka neinn þátt í kostnaði af kynbótastarfi þessa hluta hrepps- 31. ágúst
ins, sem ekki er í félaginu.

13. gr.

Heimilt er kynbótanefnd að leyfa hrossamörgum bændum eða þeim, sem eiga mjög gott hrossakyn að halda sjálfir sína eigin graðhesta, og greiða þeir þá ekki tolla af folöldum sínum til kynbótastarfsemi hreppsins, en samþykkja skal kynbótanefnd val hestanna. Eigendur hestanna skulu aftur á móti skuldbinda sig til að lána þá, eftir því sem kynbótanefnd telur bezt henta fyrir sveitina, og eigi við hærra verði en þá gildir almennt í sveitinni. Þó má kynbótanefnd leyfa, að þessir folaldatollar séu allt að 8 krónum hærri, sé um mjög ágæta graðhesta að ræða. Tollar þessir greiðast að fullu af hryssueigendum.

14. gr.

Hrossakynbótanefnd skal halda gerðabók, þar sem hún bókar allar ályktanir sínar og aðrar gerðir, reikninga, bréf o. fl.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á nefndarfundum, og eru þeir lögmætir og ályktunarfærir þó einn nefndarmanna vanti, séu hinir tveir sammála.

Formaður nefndarinnar gerir reikning eftir hver áramót. Reikninginn skal endurskoða af hreppsnefnd, og leggja fram á vorhreppaskilaþingi.

15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, 50—500 krónum, er renna að hálfu í sveitarsjóð þar sem brotið verður uppvíst, en að hálfu í sveitarsjóð, þar sem hinn seki á heima.

16. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19, 15. júní 1926 og lögum nr. 29, 14. júní 1929, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. ágúst 1930

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

80
4. sept.

REGLUGERÐ

fyrir

Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl.

I. KAFLI.

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 12, 31. maí 1927 hefir sýslunefndin yfirstjórn allra fjallskilamála, en hreppsnefndir annast alla stjórn og framkvæmd á þeim.

2. gr.

Hreppsnefndir geta, hver í sínum hreppi, gert nákvæmari ákvarðanir um fjallskil í einstökum atriðum. Þó má eigi þar með raska reglugerð þessari, og skulu hreppsnefndir gæta þess, að farið sé í öllu eftir ákvæðum hennar.

II. KAFLI.

Um smölun og fjárgæzlu á vorum.

3. gr.

Allir þeir, sem hafa jörð til ábúðar, eru skyldir að smala heimalönd sín á vorum, eftir því, sem hreppsnefnd ákveður. Þar sem heimalönd eru víðáttumikil hálsa- og fjallalönd, er búast má við, að margir úr upprekstrarfélaginu eigi fjárvon í, mega hlutaðeigandi hreppsnefndir skipa fyrir um, að nágrannar og aðrir, sem þar eiga fjárvon, hjálpi til við smölunina, eftir því, sem hreppsnefndunum þykir sanngjarnt vera.

4. gr.

Hreppsnefnd hefir heimild til að skipa fyrir um smölun sauðfjár á vorum til rúnings þegar hentugt þykir. Ef þörf gerist má hún láta leitir fara fram á afréttum, og greiðist kostnaður við þær úr fjallskilasjóði upprekstrarfélagsins. Sama gildir þar sem tveir hreppar eru í upprekstrarfélagi, að því viðbættu, að þar hefir hvor hreppsnefndin sem er, rétt til að ákveða leit, náist samkomulag ekki milli hlutaðeigenda.

Komi fé utansveitarmanna fyrir í leitum þessum, skal hreppsnefnd eða

hreppsnefndum heimilt að ákveða gjald fyrir það fé, sem þó ekki má yfirstíga kr. 1.75 fyrir á með ómörkuðu lambi og kr. 0,75 fyrir aðrar ullarkindur. Hreppsnefnd skal annast um, að fé þetta sé rúið og lömb mörkuð, ef það er eigi hirt af eigendum að afstöðnum leitum. Skulu eigendur greiða kostnað þann, er af því leiðir, og er heimilt að selja ullina til lúkningar kostnaðinum, sé hann ekki fáanlegur á annan hátt. — Gjald fyrir rúning á kind má vera allt að kr. 0,35 og kr. 0,50 fyrir að marka lamb. 80 4. sept.

5. gr.

Það sauðfé, sem sloppið hefir úr löndum eigenda, eða kemur fyrir fjærri eigendum, þegar rúning er afstaðin, er finnandi skyldur að hirða, ef honum er það auðið, skal hann rýja það, og marka ómörkuð lömb. Gerir hann svo eigenda full skil fyrir ullinni, og grein fyrir marki, kyni og öðrum einkennum á hverri kind, sem hann rýr eða markar, en fyrir ómak sitt ber finnanda borgun, sem eigi má yfirstíga kr. 0,75 fyrir að rýja hverja kind, en kr. 1,00 fyrir að marka lamb.

III. KAFLI.

Um rekstur til afrétta.

6. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að stóðhross, dilkar og geldfé, þegar það er komið úr ullu, sé rekið til afréttar svo tímanlega að vorinu, sem árferði og önnur atvik leyfa. Reka skal á miðjan afrétt, nema hreppsnefnd hafi öðruvísi ákveðið. Séu víðlend heimalönd notuð til upprekstrar, skal reka þangað, sem búsmali sízt gengur, og með leyfi landeiganda.

Með samþykki sýslunefndar geta hreppsnefndir sett ítarlegri reglur um, hvernig haga skal rekstrum á afréttarlöndin.

7. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að ákveða, að sauðfé og hross sé rekið á afrétt, frá fleirum en einum bæ í samlögum, er nefndin þá flokkar niður, og skal hún þá jafnan fela einum af rekstrarmönnum hvers flokks, að hafa umsjón og ábyrgð á því, að hið rekna fé og hross sé rekið samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar og fyrirmælum hreppsnefndar. Reka skal þannig gegnum heimlönd manna, að sem minnstur bagi verði að. Skal gæta þess sérstaklega, að hross, sem ekki eru rekstrarskyld, fari ekki með rekstrum þessum.

8. gr.

Hver sem heimildarlaust rekur fénað sinn, sem á afrétt á að fara, í annars land til beitar um sumar, hvort heldur það er heimaland, fjallland

80 4. sept. eða afréttarlnad, greiði skaðabætur til landráðanda eftir mati hreppsnefndar í þeim hreppi, er landráðandi á heima í. Mati þessu má skjóta til hlutaðeigandi sýslunefndar.

9. gr.

Enginn má hafa stóðhross, geldfé eða dilkær í heimahögum að sumrinu, nema hreppsnefnd og nágrannar leyfi, en neiti nágranni um leyfið, skal eigandi ábyrgjast, að fénaðurinn geri honum engann skaða.

10. gr.

Verði einhver fyrir ágangi búfjár að sumrinu, sem er í óskilum í heimahögum, eða af afrétt gengur, er honum heimilt að gera umkvörtun um það til viðkomandi oddvita, sem þá skipar fyrir um það, að fénaður þessi sé rekinn til afréttar á kostnað upprekstrarfélagsins. Hafi oddviti eigi annast reksturinn á umræddum peningi innan eins sólarhrings frá því honum var tilkynnt um áganginn, hefir sá, er fyrir ágangi verður, heimild til að reka fénaðinn til afréttar, og greiðist sá kostnaður einnig úr fjallskilasjóði eftir reikningi; en verði ágreiningur milli aðila um rekstrargjald þetta sker sýslunefnd úr ágreiningi.

Ef hreppsnefnd er kunnugt um, að fénaður þessi hefir ekki verið rekinn til afréttar, eða svo illa að áteljandi sé, getur hún krafizt endurgreiðslu af eigendum fénaðarins í réttu hlutfalli við kostnað hvers rekstrar.

11. gr.

Eigi má ónáða fénað á afréttum, og eigi heldur nema með leyfi hreppsnefndar taka þaðan fé eða hross, nema málnytupeningur sé eða tamin hross.

IV. KAFLI.

Um fjallskil.

12. gr.

Hreppstjóri skal áður en 12 vikur eru af sumri, senda viðkomandi hreppsnefnd sundurliðaða skýrslu, um tölu sauðfjár og hrossa í hreppnum til gangnaskila.

13. gr.

Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi og hver, sem á hross á afrétt, hvort heldur er búandi eða búlaus. Skal hver leggja til fjallskila á þann hátt, er hreppsnefnd ákveður. Hreppsnefnd skal meta allan fjallskilakostnað upprekstrarfélagsins til peningaverðs, og jafna honum niður á alla upprekstrarskylda sauðfjár- og hrossaeigendur upprekstrarfélagsins. Skal þá jafnt auratal lagt á hvert hross, sem á 4 kindur, þó er hreppsnefndum Kirkjuhvammshrepps, Þverárhrepps og Þorkelshólshrepps heimilt að leggja lægra fjallskila-

gjald á stóðhross. Af öllum framtöldum ám, skulu hverjar 2 þeirra metnar jafnt til gangnaskila, sem 3 kindur aðrar. 80 4. sept.

Skyldur er hver húsbóndi að inna fjallskil af hendi fyrir hjú sín og aðra heimamenn, gegn endurgjaldi frá fénaðareigendum.

14. gr.

Skyldur er hver maður, að gera fjallskil á þeirri afrétt, og á þau lönd, sem liggja til leitar að lögrétt eða aukaréttum þeim, sem liggja í því upprekstrarfélagi, sem fjáreigandi á heimili í. Nú notar einhver til upprekstrar aðra afrétt eða heimaland, en þar, sem honum ber upprekstur, skal hann þá gera þar fjallskil tiltölulega að hálfu móts við fjallskil annara í því upprekstrarfélagi. Auk þess skal hann eftir sömu reglu vera fjallskilaskyldur í því upprekstrarfélagi, þar sem hann er búsettur.

Ef eitthvert upprekstrarfélag eða einstakur maður á og notar afréttarland, sem öðru upprekstrarfélagi ber að leita, samkvæmt þessari grein, skal það eða hann gera þar full fjallskil eftir fénaðarfjölda þeim, sem rekinn er á afréttarlandið samkvæmt sömu reglum og fénaðareigendum upprekstrarfélags þess, er leita ber. — Þó hafa hlutaðeigandi hreppsnefndir heimild til að gera um þetta sérstaka samninga. Sá er notar land utan upprekstrarfélags síns, skal hafa tilkynnt það hreppsnefndinni í þeim hreppi þar sem hann á heima. áður 12 vikur eru af sumri. Í tilkynning þessari, sé fénaðurinn greinilega sundurliðaður.

15. gr.

Þar sem tveir eða fleiri hreppar nota sömu afrétt, skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir eiga fund með sér í 17. viku sumars til þess að semja um, hvernig fjallgöngum skuli haga. Oddviti í þeim hreppi, þar sem aðalrétt stendur, kveður til þess fundar. Skal þá hver hreppsnefnd leggja fram skýrslu um tölu fjár og stóðhrossa manna í hreppnum að vorinu, staðfesta af hreppstjóra, og fer eftir því, hve marga menn hver hreppur leggur til í göngurnar.

Meta skal til verðs göngur hvers gangnaflokks. Verði ágreiningur um þetta milli nefndanna, sker sýslunefnd úr því, eða oddviti hennar til bráðabirgða.

16. gr.

Nú eiga nokkrir fjáreigendur að gera fjallskil í öðrum hreppi en þeir eru búsettir í, skal þá hreppsnefndin, þar sem þeir eru búsettir, senda hreppsnefnd, er hlut á að máli, skýrslu um fjáreign slíkra manna eftir vorframtali, áður 14 vikur eru af sumri.

17. gr.

Fjallgöngur skulu hvert haust að minnsta kosti vera tvennar, þó skal hreppsnefndum í Kirkjuhvammshreppi og Þverárhreppi heimilt, ef þær koma sér saman um það, að láta fram fara aðeins einar fjallgöngur.

Jafnframt afréttum skal í fyrri og seinni göngum smala til réttar afskekkt og víðlend heimalönd, er afréttarpeningur gengur í að jafnaði.

80 4. sept.

Gangnadagana er stranglega bannaður allur heimrekstur afréttarfénaðar á einstaka bæi.

Sé ekki um vörð eða girðingu að ræða fyrir afréttarlöndum þeim, sem til heiða liggja skal og skylt, að láta fara fram á þeim þriðju göngur á þeim tíma, sem viðkomandi hreppsnefndum kemur saman um.

Þar sem tveir hreppar eiga upprekstrarland saman, skal hreppsnefndin í þeim hreppi, er nær liggur afréttinni, annast um göngur þessar, gegn endurgjaldi af fjallskilasjóði upprekstrarfélagsins. Ennfremur hafa hreppsnefndir vald til að láta gera eftirleitir á afréttarlöndum, víðlendum heimalöndum og fjalllöndum og skulu þær koma sér saman um það við síðari eða síðustu rétt, eða á haust hreppaskilum, og má borga þær af hlutaðeigandi fjallskilasjóði upprekstrarfélagsins.

18. gr.

Allri skylduvinnu og öðrum kostnaði við fjallskil, skal hreppsnefnd jafna niður á fénaðareigendur í tæka tíð. Aðfinningar við niðurjöfnunina skal bera upp bréflega fyrir oddvita hreppsnefndarinnar fyrir 20. október, og fer um þær eftir því sem fyrir er mælt um útsvarskærur í 39. og 40. gr. laga nr. 43, 10. nóvember 1905.

19. gr.

Hreppsnefnd eða kjörinn maður úr hreppsnefndinni, er nefnist fjallskilastjóri, kveður hreppsbúa með gangnaboði til fjallskila, nægum tíma áður en fjallgöngur byrja. Í gangnaboðinu skal nákvæmlega taka það fram, er hverjum ber að leggja til fjallskila það haust. Ef einhver vanrækir að gera þau fjallskil, sem hann er kvaddur til, skal hann borga þau því verði, er hreppsnefnd ákveður, án tillits til mats á fjallskilum. Auk þess varðar það sektum, er hækka, ef brot er ítrekað. Ekkert má fyrirskipa í gangnaboðinu, er getur komið í bága við fulltryggjandi fjallskil eða ákveðin réttarhöld innan sýslu.

20. gr.

Hreppsnefnd eða hreppsnefndir hlutaðeigandi upprekstrarfélags skipa einn duglegan aðalgangnastjóra fyrir hvern gangnaflokk. Gangnastjórinn skal skipa fyrir um tilhögun gangna og hafa alla stjórn á þeim. Skal hann sjá um, að fjársöfnin séu rekin með reglu til réttar, og kveðja menn til að gæta safnsins unz vöktunarmenn hafa tekið við því. Hver gangnamaður er skyldur að hlýða gangnastjóra sínum. Öll óhlýðni við skipanir hans varðar sektum.

Gangnastjóri skal annast um, að farið sé svo vel, sem unnt er með fé og hross í göngum. Ef kindur koma fyrir á heiðum, sem ekki verður komið lifandi til réttar, skal slátra þeim og taka úr þeim innýfli, en flytja þær að öðru leyti til réttar. Finnist dauð kind í göngum, skal hún á sama hátt flutt til réttar ef nýtileg er.

Ef hross af einhverjum ástæðum geta ekki gengið til réttar, eða ef hross drepst í göngum, eða finnst fyrir skömmu dautt, skal tafarlaust þegar komið er til byggða tilkynna það hreppsnefnd, er þá lætur sækja það, og flytja til réttar

gegn borgun að ½ úr fjallskilasjóði, en ½ frá eiganda sé hann innan upp- 80
rekstrarfélagsins; að öðrum kosti skal selja það, sem óskilafénað, og borga 4. sept.
kostnað af söluverðinu. Hrökkvi það ekki greiðist afgangurinn úr sveitarsjóði.

21. gr.

Nú hafa fjáreigendur ráð á fleiri mönnum en einum, hefir þá hreppsnefnd eða fjallskilastjóri vald til að kveðja til gangna þann, sem hæfastur er, svo og til hvers annars starfa, er útheimtist til góðra fjallskila. Ef einhver sendir mann í göngur, sem gangnastjóri sannar með vottorði tveggja gangnamanna, að hafi reynst áhæfur eða ófullnægjandi gangnamaður, er hann skyldur að borga gangnaskilin að öllu leyti.

Borgun fyrir vanrækslu í fjallskilum, má verja til að kaupa mann til fjallskilanna, ella falli hún í fjallskilasjóð upprekstrarfélagsins.

Reynist einhver óhæfur eða ófullnægjandi sem gangnamaður, skal gangnastjóri skyldur, að kæra það fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd. Launa má gangnastjóra sanngjarnlega af fjallskilasjóði upprekstrarfélagsnis, en vanræki hann skyldur sínar, varðar það hann sektum.

22. gr.

Ef fjáreigandi hefir engan hæfan mann til gangna og getur eigi útvegað hann, skal hann tilkynna það skriflega hreppsnefnd eða fjallskilastjóra 6 dögum áður en fjallgöngur byrja, og borgar þá fjáreigandi göngurnar sektarlaust, en án tillits til mats á þeim; en hreppsnefnd eða fjallskilastjóri annast um að útvega mann í göngurnar fyrir sanngjarna borgun. Á sama hátt skal útvega hesta, fæði og annað, sem vantar.

Ef krafizt er, skal fjáreiganda skylt að borga sanngjarnlega ómök og fyrirhöfn hreppsnefndar eða fjallskilastjóra.

23. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að koma upp hentugu skýli fyrir gangnamenn á afréttum, þar sem þess er þörf, og skal kostnaður sá, er af þessu leiðir, greiðast af fjallskilasjóði upprekstrarfélagsins.

V. KAFLI.

Um hreinsun heimalanda og fjárgæzlu á haustum.

24. gr.

Hver búandi eða landráðandi er skyldur að hreinsa heimaland sitt á haustum svo oft, sem hreppsnefnd fyrirskipar, þótt hann eigi þar eigi fjárvon sjálfur, og gilda um það fyrirmæli 3. greinar.

80 4. sept.

25. gr.

Hreppsnefnd eða fjallskilstjóri skal skipa fyrir um reglulegar heimalandagöngur jafnframt hverjum fjallgöngum. Skulu göngur þessar fara fram undir umsjón manns, er hreppsnefnd skipar, með samlögum búanda eftir því, sem bezt hagar á hverjum stað, og með samtökum við næstu sveitir, þar sem það á við.

Allan fénað, sem kemur fyrir, skal reka skilvíslega til réttar þeirrar, er hann á að ganga til. Verði ágreiningur um, hvert fénaður skuli ganga, sker sýslunefnd úr því, eða oddviti hennar til bráðabirgða.

26. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að eftir réttir á haustum séu öll heimalönd rækilega smöluð sama dag viku, og að rekstrar gangi þá eftir töfludrætti bæ frá bæ, nema hreppsnefnd áliti annað haganlegt.

VI. KAFLI.

Um fjárrekstra bæja á milli haust og vor.

27. gr.

Skyldur er hver búandi að hirða fé það, er finnst í heimalandi hans eftir að fjallgöngum er lokið, og reka til næsta bæjar þá leið, sem það á að ganga. Hreppsnefndir hafa vald til að ákveða rekstrarleiðir innan hrepps og út úr hreppnum. Sleppi nokkur fjárrekstri, sem á að ganga bæ frá bæ, varðar það sektum. Hið sama gildur um fjárrekstra að vorinu.

28. gr.

Ef enginn rekstrarfær maður er heima, er rekstur kemur á bæ, skal rekstrarmaður skilja úr fé það, er eftir á að verða, en reka svo reksturinn áfram til næsta rekstrarfærs manns, en skylt er þeim, er við rekstri skyldi taka, að greiða rekstrarmanni þóknun eftir áliti hreppsnefndar.

VII. KAFLI.

Um réttir og réttahöld.

29. gr.

Eftir tillögum hreppsnefndar ákveður sýslunefnd hvar aðalrétt og aukarétt skal vera, sömuleiðis undir hverja aðalrétt hver aukarétt heyrir, og ennfremur hverja afrétt og heimalönd ganga skal til hverrar réttar, og ráða sýslutakmörk nema öðruvísi sé ákveðið.

30. gr. 80

Allir búendur og fjáreigendur eru skyldir til hver að sínum hluta, að 4. sept.
vinna að byggingu rétta og viðhaldi þeirra, eftir því sem hreppsnefnd ákveður. Við hverja aðalrétt skulu allar jarðir í upprekstrarfélaginu eiga nægilegt dilksrúm hver fyrir sig, eða fleiri í samlögum; eru ábúendur og fjáreigendur jarðanna skyldir að kosta byggingu dilkanna og viðhald þeirra eftir réttri tiltölu. Ennfremur skulu vera sérstakir dilkar, einn eða fleiri, fyrir fé úr öðrum hreppum, er hlutaðeigandi hreppar byggi og viðhaldi á sinn kostnað.

Þar sem hlutaðeigandi hreppsnefndum þykir við þurfa skal upprekstrarfélagið eiga við hverja aðalfjárrétt sérstaka hrossarétt, er byggð sé og viðhaldið eins og fjárrréttin á kostnað þess.

31. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að réttir séu vandlega byggðar og vel við haldið, einnig að allir dilkar við þær séu í gildu standi kveldið áður en réttað er. Vanræki einhver að vinna að réttar- eða dilksbyggingu, má hreppsnefnd útvega mann til þess á kostnað hans.

32. gr.

Hreppsnefndir skulu skipa duglegan réttarstjóra við hverja aðalrétt og aukarétt, og má greiða honum þóknun fyrir starfa sinn af fjallskilasjóði. Réttarstjóri skal vera kominn til réttar í tæka tíð hvern réttardag. Skipar hann fyrir hvernig fjárdrætti skal haga, og heldur mönnum til starfa. Hann bannar stranglega óreglu, er veldur hindrun við réttarstörfin. Sýni nokkur í réttinni óhlýðni gegn skipunum hans, varðar það sektum.

33. gr.

Réttarstjóri skal skipa áreiðanlega menn til að rannsaka fé utansveitarmanna, áður en þeir reka frá réttinni. Hreppsnefnd eða fjallskilastjóri skal við hvert dilksfélag skipa dilksstjóra, til að vera réttarstjóra til aðstoðar við réttarstörfin. Enginn má hleypa út úr dilk fyrr en réttarstjóri leyfir, enda sé þá allt fé komið í rétt, og fjárdrætti því nær lokið.

34. gr.

Réttarstjóri annast um, að ómörkuð lömb séu hirt í réttinni og dregin í dilk sér, svo að eigendum gefist kostur á að láta lambsmæður helga sér þau. Að afloknum réttum selur hreppstjóri alla ómerkinga, er eigi hafa fundið mæður. Við aukarétt má engan ómerking selja. Enginn má helga sér marklausa kind af fjárbragði sínu. Réttarstjóri kveður menn til að skoða úrtíning vandlega eftir markaskrám í fyrstu sem síðustu réttum, og mega þeir ekki yfirgefa þann starfa, fyrr en lokið er. Allir fjáreigendur skulu gæta þess, að fé þeirra verði eigi eftir í úrtíningi. Þegar búið er að skoða úrtíning í fyrstu rétt, skal

80 fjallskilastjóri í þeim hreppi, þar sem aðalrétt stendur, koma honum í gæzlu
4. sept. milli rétta gegn borgun af fjallskilasjóði.

35. gr.

Frá hverri aukarétt skulu tilkvaddir menn reka úrtíning tafarlaust til aðalréttar, svo að hann sé þangað kominn, áður fjárdrætti er lokið.

36. gr.

Í fjárréttinni má enginn afmarka fé án þess hann jafnframt skýri fyrir hreppstjóra eða réttarstjóra hverja heimild hann hafi til afmörkunarinnar. Hreppstjóri eða réttarstjóri skal samstundis rita hjá sér nafn hins fyrra eiganda kindarinnar, ef hann er ekki nærstaddur, og mark hennar áður því var breytt, og undir hvers mark hún er mörkuð.

VIII. KAFLI.

Um hirðing fjár og hrossa í utanhreppsréttum.

37. gr.

Hreppsnefnd eða fjallskilastjóri skal skipa hæfa menn til að fara í réttir, á hreppaskil og að vera við úrtíningssölu annar sveita, þar sem helzt eru fjársamgöngur, til að hirða þar fé og hross hreppsbúa sinna. Hafi sá, sem gert er að skyldu að leggja til téðra starfa, engan hæfan mann til að inna þau af hendi, hefir hreppsnefnd eða fjallskilastjóri vald til að kveðja til þess hvern þann, sem hæfastur er í hreppnum, annaðhvort í mannaskiptum, eða gegn fullu endurgjaldi frá þeim, er tillaginu á að svara. Reynist sá, sem sendur er að hirða fénað utanhrepps, ónýtur eða ófullkominn til þess starfa, gilda um hann ákvæði 21. gr. um ófullkominn gangnamann.

38. gr.

Sá maður, sem sendur er til að hirða fé í réttum eða á hreppaskilum annarra sveita, má eigi fara þaðan, fyrr en búið er að skoða úrtíning vandlega eftir markaskrám og selja, þar sem sala fer fram. Sannist það, að hann láti þar verða eftir fé eða hross sveitunga sinna, sem er með glöggu skrásettu marki, varðar það sektum og skaðabótum, nema málsbætur séu.

IX. KAFLI.

Um smölun, réttun og hirðingu hrossa.

39. gr.

Í síðari göngum á haustum skal ásamt fé smala stóðhrossum af afréttum og úr heimalöndum, og rétta þau í síðari rétt, annað hvort á undan eða að afloknum fjársundurdrætti. Undanþága veitist frá þessum ákvæðum, ef meiri hluti hreppsnefndar eða hreppsnefnda telur annað hagfeldara, sem þó aldrei má koma í bága við næstliggjandi upprekstrarfélög. Auk þess skal fara fram almenn smölun á hrossum í heimalöndum fyrsta virkan þriðjudag í mánuðunum nóvember, desember og janúar, en sé sá dagur helgur eða veður banni, skal smala hinn næsta dag, og skal þá í hverjum hreppi, á stöðum þeim er hreppsnefnd ákveður, fara fram sundurdráttur á hrossum, er koma fyrir.

Hross þau, sem ekki þekkjast eða enginn hirðir, skal fara með sem óskilafénað samkvæmt reglugerð þessari.

40. gr.

Stóðhross skulu dregin sundur í aukaréttum og aðalréttum; skal úrtíningur sá, er verður í aukaréttum, rekast tafarlaust til aðalréttar. Hross þau, sem eftir verða óhirt, þegar sundurdrætti er lokið, skal fara með sem óskilafé eftir reglugerð þessari; þó skulu þau seljast með þriggja vikna auglýsingarfresti fyrir söludag, og sex vikna innlausnarfresti eftir söludag. Hross eru ekki í ábyrgð kaupanda fyrr en að innlausnarfresti liðnum. Gjaldfrestur á söluverðinu sé einnig sex vikur. Vöktunarkaup fyrir hvert hross má ekki fara fram úr 50 aurum um sólarhringinn. Sömu ákvæði gilda um hross, sem koma fyrir eftir réttir, nema hrossin komi á hús og hey.

Á meðan á réttum stendur, skal réttarstjóri gæta þess, að hryssum gefist kostur á að helga sér ómörkuð folöld og skal hann kappkosta að öðru leyti að haga allri meðferð á hrossunum þannig, að ekki hljótist slys af.

X. KAFLI.

Um meðferð óskilafénaðar.

41. gr.

Eftir að lokið er töfludrætti í síðari eða síðustu rétt, skal þar afhenda úrtíning hreppstjóra í þeim hreppi, þar sem aðalrétt stendur. Hreppstjóri skal þá með tveimur markglöggum og áreiðanlegum mönnum, er hlutaðeigandi hreppsnefnd eða hreppsnefndir hafa þar til kjörið, skrifa upp aldur, lit, mörk og auðkenni á hverri sauðkind, svo rétt og hreinskilið, sem framast má verða, skal

80 hreppstjóri síðan selja allt óskilafé við réttina; einnig skal almennur fjárskila-
4. sept. og söludagur í sýslunni vera 7. október, eða næsti dagur ef 7. okt. er helgur dagur, eða veður bannar þann dag.

Sala óskilafjárins skal ávallt fram fara við aðalrétt eða bæ á jörð þeirri, þar sem aðalrétt stendur, ef mögulegt er; undanþeginn þessu ákvæði er Kirkjuhvammshreppur. Marklýsingamenn skulu fá hæfilega þóknun fyrir starfa sinn af fjallskilasjóði upprekstrarfélagsins, eftir mati hreppsnefndar. Enginn, sem ekki er öðrum háður, getur skorazt undan þeim starfa, nema hann hafi forföll. Nú mætir ekki á söluþingi marklýsingarmaður, skal þá hreppstjóri útnefna annan í hans stað.

42. gr.

Við sölu óskilafjár er enginn innlausnarfrestur; þó skulu hrútar, sem eftir áliti hreppstjóra og söluvotta eru hæfir til kynbóta, svo og forustufé, selt með fjögurra vikna innlausnarfresti. Um borgunarfrest og ábyrgð gilda sömu ákvæði og í 40. gr.

43. gr.

Ef óskilafé og hross koma fyrir af fjalllöndum eða í heimahögum eftir réttir, skal tafarlaust afhenda það hreppstjóra. Finnist eigendur að slíku fé, í næstu hreppum, eftir markaskrám, skal hreppstjóri hlutast til um, að þeim gefist kostur á að vitja þess. En sá fénaður, sem eigi þekkist og enginn getur helgað sér, svo sem kaleyrt fé, eyrnalaust eða marklaust, eða hross með vafamarki, skal seldur við uppboð, er auglýst sé með nægum fyrirvara.

44. gr.

Finnist óskilakind í fé manna, eftir að fé er almennt tekið til hýsingar, skal eiganda kindarinnar gert aðvart um að vitja hennar, sé hann í næstu hreppum. Verði að selja slíkt óskilafé, borgast ekkert gæzlukaup fyrir það, og ber sá, er það finnst hjá, sölukostnaðinn, nema málsbætur séu.

45. gr.

Fyrir lok hvers árs, skal hreppstjóri senda manni, sem kosinn er af sýslunefnd, greinilega lýsingu á öllu óskilafé, er selt hefir verið í hreppnum. Hinn kjörni maður sendir endurrit af lýsingum þessum til birtingar í Lögbirtingablaðið í Reykjavík. Í prentkostnað og ómakslaun ber honum kr. 1,50 fyrir hverja kind og hross, er hreppstjóri skal senda honum með marklýsingunni.

46. gr.

Af andvirða óskilafénaðar þess, er selt verður, borgist:

a. gæzlukaup.
b. sölulaun,
c. prentunarkostnaður marklýsinga,
d. fundarlaun og björgunarlaun.

Að öðru leyti greiðist fjárverðið til eigenda, ef þeir innan septembermánaðar

loka næst á eftir sanna eignarrétt sinn. Annars fellur verðið í sveitarsjóð eða sveitarsjóði upprekstrarfélagsins að réttri tiltölu við fjárfjölda. **80** 4. sept.

XI. KAFLI.

Um eftirleitir einstakra manna.

47. gr.

Þegar hinum fyrirskipuðu fjárleitum er lokið, skal einstökum mönnum heimilt með samþykki meiri hluta hreppsnefndar eða hreppsnefnda, þar sem fleiri hreppar eru í upprekstrarfélagi, að gera eftirleitir á afréttarlöndum upprekstrarfélagsins og semja um, hversu mikinn hluta þeir skuli fá af verði hins fundna fjár, sem þó ekki má yfirstíga helming verðs. Fé það sem finnst í slíkum eftirleitum skal virða af tveimur skynsömum og óvilhöllum mönnum, er hreppsnefndin útnefnir. Borgun fyrir eftirleitarfé greiðist af fjallskilasjóði eða sveitarsjóði þess hrepps, sem eigandi á heimili í. Hið sama gildir um fé það, er kemur eftir seinni réttir úr öðrum sýslum, hvort heldur eftirleitarfé eða ekki. Finnist hross í eftirleitum þessum, skal hreppsnefnd ákveða sanngjörn fundarlaun eftir atvikum, er greiðast á sama hátt.

Eftirleitarfé, sem á heima utan sýslu, skal selt við opinbert uppboð ef nauðsyn er til vegna fjarlægðar, og fær eigandi það, sem afgangs er fundar- og uppboðslaunanna. Björgunarlaun þess fjár, sem næst úr ógönguklettum, á hvaða tíma árs sem er, ákveðst af hreppsnefndinni og greiðist á sama hátt. Fyrir heimanað sloppið fé, sem finnst í eftirleitum, borgi eigendur eftir mati hreppsnefndar.

Skylt er að hver fjáreigandi auðkenni með glöggu marki, er eigi máist af, allt fé sitt á haustum, jafnóðum og það heimtist.

Vanræki fjáreigandi að auðkenna þannig fé sitt, skal hann borga fyrir hverja sína kind, er á afréttum finnst í eftirleitum, sem óheimt væri.

Fundarlaun fyrir allt það fé, er finnst í eftirleitum, sem gerðar eru samkvæmt grein þessari, greiðist úr fjallskilasjóði, en hreppsnefndir eiga aðgang að fjáreigendum til endurgreiðslu ef eigendum ber að greiða fundarlaunin.

XII. KAFLI.

Um fjármörk og hrossamörk.

48. gr.

Fé skal draga eftir mörkum. Það er skylda hvers fjáreiganda, að hafa glöggt markeinkenni á öllu sínu fé, og sýslu- og hreppsbrennimark á öllu hyrndu fé. Sýslunefnd skal svo oft, sem þurfa þykir, og að minnsta kosti 5. hvert

80 4. sept.

ár, láta prenta markaskrá fyrir alla sýsluna. Skal sérhver markeigandi koma marki sínu í hana og borga fyrir það í prentunarkostnað, það sem sýslunefnd ákveður, en hvert heimili skal fá ókeypis eintak af markaskránni.

Markið helgar markeiganda kind, sem markið ber, nema full sönnun komi fyrir að annar eigi. Kind sem ekki ber rétt mark manns, er heimildarlaust að draga sér, þótt lítið eitt vanti á fullt mark. Ef kind hefir eyrnamark eins manns, en hornamark eða brennimark annars manns, þá skal sá talinn eigandi, sem á hornamarkið eða brennimarkið, og skal hann þó ef eigandi eyrnamarks krefst þess, gera grein fyrir, hvernig hann er að henni kominn. Kind sem hefir eyrnamark eins manns, hornamark annars og brennimark hins þriðja, skal talin eign þess, er brennimarkið á; þó skal hann, ef eigendur hinna markanna krefjast þess, gera grein fyrir, hvernig hann hefir eignazt kindina.

Nú er kind ómörkuð eða afeyrð, eða á henni er óglöggt mark eða mýétið, og vill maður þó eigna sér hana af líkum, þá skal hann skýra hlutaðeigandi hreppstjóra frá. Hreppstjóri kveður þá til fjóra skynsama og óvilhalla menn, er skulu, ásamt honum sjálfum, skoða kindina og meta líkur þær og ástæður, er hann hefir til síns máls. Ef þeir þá allir í einu hljóði kveða upp þann úrskurð, að það sé miklu líklegra að hlutaðeigandi eigi kindina, heldur en að hann eigi hana ekki, þá má hann hirða hana sem sína eign, ella telst hún með óskilafé. Þessi ákvörðun nær eigi til ómerkinga, er ær helga sér. Rétt er að forustufé, sem á afrétt gengur, hafi til auðkennis bjöllu eða bjöllukeng í horni.

Hross skulu, eins og fé, hafa glöggt markeinkenni, er skráð sé í markaskrá sýslunnar. Komi hross fyrir með óglöggu marki eða skemmdum eyrum, sem einhver vill helga sér, þá gilda um það sömu reglur og fyrir er mælt í grein þessari um sauðfé, með óglöggu marki.

49. gr.

Ef menn nota mörk, sem eigi eru prentuð í markaskrá sýslunnar, t. d. þeir, er flutzt hafa úr öðrum sýslum, skulu þeir lýsa mörkum sínum á vorhreppaskilum fyrir hreppsnefndinni þar, sem þeir eru búsettir. Mörk þessi skal hreppsnefnd skrifa upp og senda, áður 10 vikur eru af sumri, til hreppsnefnda og hreppstjóra í nálægum hreppum, innan sýslu og utan, þar sem helzt eru fjársamgöngur. Þeir sem vanrækja þetta, eða hirða eigi um að láta prenta mörk sín í markaskrá sýslunnar, mega búast við að farið sé með fé þeirra, sem óskilafé og sæti að auki sektum.

XIII. KAFLI.

Um eftirlit og rekstur á slátrunar- og sölufé.

50. gr.

Hreppsnefndir skulu útnefna áreiðanlega eftirlitsmenn við öll markaðs-

höld á sauðfé í hreppi sínum. Skal þóknunin fyrir starf eftirlitsmanna greiðast úr sveitarsjóði. 80 4. sept.

Ennfremur skal kaupmönnum og verzlunarstjórum skylt að hafa áreiðanlega eftirlitsmenn við slátrun á öllum fjárrekstrum, sem af öðrum eru reknir til þeirra til slátrunar, og skulu eftirlitsmenn þessir hafa nákvæmar gætur á, að þeir sem með rekstra þessa koma, séu réttir eigendur og umráðamenn fjárins.

Til þess að koma þessu í framkvæmd, skulu eftirlitsmenn skoða mark á hverri sauðkind, sem á markað er látin og til slátrunar. Komi fyrir kind við eftirlit þetta, sem eigandi eða umráðamaður reksturs ekki getur fært fullgildar sannanir fyrir eignarrétti á, skal eftirlitsmaður skrifa upp kynferði, lit, aldur og mark kindarinnar og senda viðkomandi hreppstjóra skýrslu þar um.

Sýslunefndin tilnefnir einn mann í hverjum hreppi sýslunnar til þess að skoða mörk á öllum hrossum, sem þar eru seld á markaði. Komi upp vafi um eyrnamark eða eignarrétt, skal fara með það eins og áður er fyrir mælt um sauðfé.

Borgun til þessara manna greiðir sá, er hrossin kaupir. Komi þeir sér ekki saman um gjaldhæðina, sker hlutaðeigandi sýslumaður úr ágreiningnum.

51. gr.

Allur sá sauðfénaður, sem rekinn er til slátrunar í kauptún, skal vera merktur skýru rekstrarmerki, er sé svo glöggt að það sjáist tilsýndar í bjórtu, og svo traust, að það máist ekki af þótt votviðri gangi.

52. gr.

Svo skal rekstrinum haga, að sem minnstur bagi verði að, þeim, er þau lönd eiga, sem um er rekið eða í er áð. Varast skal að rekstur lendi saman við annað fé. Eigi má halda áfram með rekstra úr því farið er að skyggja, nema brýn nauðsyn beri til, svo má og aldrei leggja upp með rekstra fyrr en markljóst er orðið.

53. gr.

Nú ber svo við, að öðru fé lendi saman við rekstur, skal þá strax á næsta bæ við það, er rekstrarmenn eða aðrir hafa orðið þess varir, draga það fé úr rekstrinum, og gæta þess vandlega, að engin kind verði eftir, er eigi á í honum að vera; skal þá sem endrarnær, er viðstaða verður og rekstrarféð dreifir sér til muna, telja rekstrarféð. Enginn, sem á bænum er viðstaddur og til þess er fær, má skorast undan að kanna rekstur ásamt rekstrarmönnum, og ber yfirmanni rekstrarins að greiða þóknun eftir úrskurði sýslumanns, ef ágreinir, en aðgang á hann að eigendum fjárins með þá borgun, ef honum hefir eigi verið sjálfum um að kenna. Sjá skulu rekstrarmenn um að fé það, er saman við hefir komið, komizt í átthaga sína, eigendum kostnaðarlaust.

80 4. sept.

54. gr.

Verði rekstrarmenn sannir að því að hafa tekið fé annarra í rekstur heimildarlaust, skal yfirmaður bæta eigendum að fullu eftir samkomulagi, eða eftir mati óvilhallra manna, er sýslumaður kveður til þess ef með þarf.

Sannist það, að slíkt hafi verið gert af skeytingarleysi, varðar það auk þess sektum.

55. gr.

Hvort sem rekstrarmenn eru fleiri eða færri, skal ávallt einn vera yfirmaður, er annist um, að þessum rekstrarreglum sé hlýtt, og ber hann ábyrgð á því gagnvart þeim, er kynni að kæra, en hann á aftur aðgang að rekstrarmönnum sínum, ef þeim er um að kenna.

XIV. KAFLI.

Almenn ákvæði.

56. gr.

Ef meiri hluti búenda í upprekstrarfélagi samþykkir á almennum sveitarfundi að setja vörð eða girðingu til varnar því, að afréttarfénaður gangi á sumrum úr afréttar- og fjalllöndum í búfjárhaga manna, skal hreppsnefnd eða hreppsnefndum upprekstrarfélagsins í sameiningu heimilt að setja reglur um slíkan vörð eða girðingu, þar sem nákvæmlega er mælt fyrir um alla tilhögun og fyrirkomulag varðarins eða girðingarinnar, og skal kostnaði, sem af þessu leiðir, jafnað niður á stóðhross upprekstrarfélagsins, sem ber að reka á afrétt, og önnur hross, sem á afréttina eru rekin, sé eingöngu um hrossavörð að ræða, en sé um fjárhelda girðingu að ræða, þá sé kostnaðinum jafnað niður að ½ eftir jarðarhundruðum og að ½ eftir fjárframtali.

57. gr.

Skylt skal hreppsnefndum að stofna fjallskilasjóð, og færa árlegan reikning yfir allar tekjur hans og útgjöld næstliðið fardagaár, samkvæmt fyrirmynd, er sýslunefnd býr til. Skal hreppsnefndin hafa gert reikninginn fyrir áramót ár hvert. Síðan skal reikningurinn ásamt fylgiskjölum liggja hreppsbúum til sýnis á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað til janúarmánaðarloka, og sendist síðan undirritaður af viðkomandi hreppsnefnd eða hreppsnefndum til sýslunefndar, er sér um rannsókn á honum og úrskurðar hann.

58. gr.

Eigi má svelta fénað við fjárréttir né í rekstrum, frekar en minnst verður hjá komizt; eigi má heldur misþyrma honum á nokkurn hátt í fjallgöngum, rekstrun til heiðar, bæjarrekstrum eða heimalandasmölun; sérstaklega er bann-

að að hundbeita fénað í rekstri eða smölun að óþörfu. Brot gegn þessu varðar 5 til 50 króna sekt, nema þyngri hegning liggi við. 80 4. sept.

59. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar 5—80 króna sekt, nema þyngri hegning liggi við samkv. lögum. Skal uppljóstrarmaður, ef nokkur er, hljóta helming af sektarfénu, en hinn helmingurinn falli í fjallskilasjóð hlutaðeigandi upprekstrarfélags.

60. gr.

Með mál þau, sem rísa útaf brotum gegn reglugerð þessari, skal farið sem opinber lögreglumál; þó má, ef hlutaðeigendur koma sér saman um það, skjóta einstökum ágreiningsatriðum til endilegra úrslita sýslunefndar.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi reglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl. frá 11. nóv. 1914, og reglugerð um breyting á þeirri reglugerð frá 16. júní 1920.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýlu hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitastjórnarlaganna til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. sept. 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

81
6. sept.

REGLUGERÐ

um

útbúnað löggiltra sláturhúsa og frystihúsa.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 42, 19. maí 1930 eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur, ef þess er óskað, samkvæmt tillögum yfirkjötsmanns, löggilt sláturhús og frystihús þar sem fé er slátrað til útflutnings, ef húsin eru þannig gerð og útbúin sem segir í reglugerð þessari, svo að telja megi öruggt að hægt sé þess vegna að fullnægja ítarlegum heilbrigðiskröfum og hreinlæti. Hverri umsókn um löggildingu skal fylgja lýsing á húsunum. Heldur ráðnuneytið skrá yfir hús þessi og skulu þau tölusett í þeirri röð sem þau eru löggilt, sláturhús með sérstakri talnaröð og frystihús með annari röð fyrir sig. Halda húsin skrásetningartölu sinni meðan þeim er haldið við til þeirrar notkunar, sem þeim var ætluð er þau voru skráð.

2. gr.

Sláturhús skulu gerð þannig að auðvelt sé að halda þeim hreinum, séu loftgóð og björt, frárennsli gott og greiður aðgangur að hreinu þvottavatni. Ber þeim, sem hafa umráð yfir sláturhúsum, að sjá um að þeim sé jafnan haldið vel hreinum, sem og að loftræsting og frárennsli sé í góðu lagi, og húsunum á allan hátt haldið í góðu ásigkomulagi.

3. gr.

Sláturhús skulu vera í þrennu lagi, þannig að í þeim sé sérstakur banaklefi þar sem féð er deytt. Þá skal annar hluti hússins skilinn frá og fari þar fram fláning, innanúrtaka og uppþvottur á kjötinu. Loks skal hinn þriðji hluti hússins, fráskilinn hinum tveim, notaður til þess að láta kjötið kólna og ber að sjá um að í þeim hluta hússins sé sérstaklega góð loftrás.

4. gr.

Frystihús, sem kjöt er fryst í til útflutnings, eiga að vera gerð þannig, að auðvelt sé að halda þeim hreinum og lausum við sveppi, myglu og önnur óhreinindi. Veggir, gólf og loft skulu vera vel einangruð og dyra umbúnaður vel þéttur og öruggur. Ljósaútbúnaði skal þannig fyrir komið í húsunum, að hann valdi sem minnstum áhrifum á hitastig í þeim.

Frystihúsin skulu vera útbúin með frystivélum, sem hafa hæfilega kæli- **81**
orku miðað við einangrun og stærð húsanna. 6. sept.

5. gr.

Hverju frystihúsi skal skipt að minnsta kosti í þrennt, sem sé forkælirúm, þar sem kjötið sé kælt undir frystingu, frystiklefa, einn eða fleiri, með nægu frostmagni til að frysta kjötið á hæfilegum tíma og loks geymslurúm, þar sem kjötið er geymt þangað til það á að flytjast burtu, og sé kæliorka frystivélanna svo mikil, að hægt sé að halda hitastigi í geymsluklefunum að minnsta kosti átta stigum undir frostmarki á Celsiuss mæli.

6. gr.

Um nánari útbúnað sláturhúsa og frystihúsa og meðferð kjötsins í þeim ber að fara eftir fyrirmælum hlutaðeigandi kjötmatsmanna, yfirkjötmatsmanna og dýralækna eða annara lækna, sem annast skoðun og merkingu kjötsins.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. sept. 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

ERINDISBRÉF **82**

6. sept.

fyrir

yfirkjötmatsmenn.

1. gr.

Yfirkjötmatsmenn skulu kynna sér sem bezt alla verkun og meðferð á saltkjöti, einnig þær breytingar, er kunna að verða á kröfum þeim, sem erlendir neytendur og kaupendur, eða umboðsmenn þeirra hér á landi, gera til kjötverkunar. Skal að minnsta kosti einn þeirra hafa sérþekkingu á kjötfrystingu og meðferð á frystu kjöti og hafa yfir-eftirlit með flokkun þess, meðferð allri og útflutningi.

82 6. sept.

2. gr.

Yfirmatsmenn skulu leggja kapp á að fullnægt verði á viðunanlegan hátt þeim kröfum, sem gerðar verða til þess, að slátrun, kjötgeymsla og verkun kjötsins geti verið í sem beztu lagi, miðað við meðferð á kjöti þar sem henni er bezt á veg komið.

Sömuleiðis skulu þeir leita allra fáanlegra upplýsinga um skemmdir á kjöti, er fram kunna að koma, og leita að orsökum þeirra.

3. gr.

Yfirmatsmenn skulu líta eftir því, að heilbrigðisskoðun á kjöti sé ekki framkvæmd af öðrum en þeim, sem fengið hafa löggildingu stjórnarráðsins til þess starfa.

4. gr.

Yfirmatsmenn skulu senda hlutaðeigandi lögreglustjóra tillögur sínar um, hverjir skipaðir skuli kjötmatsmenn. Skal vanda val þeirra eftir því sem kostur er á. Þar sem um frysting á kjöti til útflutnings er að ræða, skulu kjötmatsmenn hafa aflað sér nauðsynlegrar sérþekkingar að því leyti, og skal sá yfirkjötmatsmaður, sem hefir sérþekkingu á kjötfrystingu og meðferð á frystu kjöti, gera tillögur um skipun kjötmatsmanna á þeim stöðum.

5. gr.

Yfirkjötmatsmenn skulu ferðast um umdæmi sitt á tímabilinu frá 1. sept. til loka sláturtíðar, og haga ferðum þannig, að eftirlitið komi að sem beztum notum. Þeir skulu hvarvetna líta eftir öllu því, er við kemur slátrun og kjötverkun og finna að því, sem ábótavant er. Þeir skulu leiðbeina eftir beztu föngum þeim, sem kjöt hafa til útflutnings eða fást við kjötverkun, og leitast við að ná sem beztri samvinnu við alla hlutaðeigendur.

Sérstaklega er nauðsynlegt að sá yfirkjötmatsmaður, sem hefir sérþekkingu á frystu kjöti, ferðist milli allra frystihúsa, sem taka útflutningskjöt til frystingar og sjái um að allur útbúnaður þeirra sé samkvæmt lögum og reglum, sem gilda um þau, og að öll meðferð á frystu kjöti sé í lagi.

6. gr.

Yfirkjötmatsmenn skulu segja kjötmatsmönnum fyrir um kjötmatið, leiðbeina þeim í öllu, sem starfinu við kemur, og yfirleitt kosta kapps um, að þeir verði sem færastir um að meta kjötið.

7. gr.

Yfirkjötmatsmenn skulu skera úr öllum ágreiningi, sem kann að koma fyrir við kjötmatið.

8. gr. 82

Nú verða yfirkjötmatsmenn þess vísir, að einhver kjötútflytjandi brýtur á móti ákvæðum kjötmatslaganna og ber þeim þá að skýra hlutaðeigandi lögreglustjóra frá því tafarlaust. 6. sept.

9. gr.

Yfirkjötmatsmenn skulu að loknum starfstíma sínum ár hvert senda stjórnarráðinu skýrslu um störf sín. Skal í þeirri skýrslu tekið fram um tölu sláturfjár og kjötmagn á hverjum útflutningsstað.

10. gr.

Yfirkjötmatsmenn skulu leita eftir vel hæfum mönnum, er hægt sé að benda á til að taka við yfirkjötmatsstarfinu, þegar á þarf að halda. Skulu þeir veita þeim, sem við tekur, alla þá fræðslu, er þeir geta í té látið, svo hann verði sem hæfastur til að leysa starfið vel af hendi.

11. gr.

Yfirkjötmatsmenn skulu, áður en þeir taka til starfa, rita undir drengskaparheit um, að þeir vilji hlýta erindisbréfi þessu, og með alúð og samvizkusemi rækja skyldur þær, sem á þeim hvíla í stöðu þeirra.

Þeir verða að sætta sig við þær breytingar, sem gerðar kunna að verða á erindisbréfi þessu.

12. gr.

Erindisbréf fyrir yfirkjötmatsmenn frá 27. des. 1926 er úr gildi fallið.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. sept. 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

83
6. sept.

ERINDISBRÉF

fyrir

kjötmatsmenn.

1. gr.

Allt kjöt, sem flutt er héðan af landi, skal metið og flokkað eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum undir umsjón yfirkjötmatsmanna. Slátrun skal fara fram í þrifalegum húsakynnum og svo rúmgóðum, að kjötið geti kólnað nægilega fljótt og skemmdalaust. Slátrunin skal vera þrifaleg og kjötið hreint og óskemmt. Sé kjötið að slátrun lokinni flutt í frystihús, ber að gæta þess að þau séu hreinleg og meðferð kjötsins í þeim svo góð, að engin hætta sé á að kjötið skemmist.

2. gr.

Þegar kjöt er saltað í tunnur til útflutnings, skulu matsmenn sjá um, að þær tunnur, sem saltað er í, séu í góðu standi, vel hreinar og vel bentar, og að ekkert það hafi verið í tunnunum áður, er haft geti áhrif á bragð kjötsins, lykt eða útlit. Þeir sjá um að ekkert kjöt verði í tunnurnar látið, sem ekki hefir áður samkvæmt kjötmerkingarlögum nr. 7, 13. sept. 1912 verið skoðað og viðurkennt af dýralækni eða þeim lögskipuðum lækni, er stjórnarráðið hefir skipað til kjötskoðunar, og skal allt kjöt vera stimplað nema lögleg undanþága frá stimplun sé fengin. Þeir sjá um að kjötið sé vel kælt áður en það er saltað niður, og að hæfilega mikið af hreinu salti sé notað, eða í hver 112 kg. ekki minna en 10 kg. af góðu spönsku eða ítölsku salti. Þeir hafa eftirlit með því, að kjötið sé vel höggvið, og skal skipta hverjum kropp í sex parta, þannig að fyrst sé kroppurinn klofinn að endilöngu sem næst miðhryggnum, því næst skal hvorum helmingi skipt í þrjá parta, sem sé bógstykki, miðstykki og læri. Miðstykkinu skulu fylgja fjögur rif, allur huppurinn, klettið og hryggurinn aftur úr. Þó skal kroppnum því aðeins skipt í sex parta að hver hluti vegi um 2 kg., annars skal honum skipt í fjóra parta. Matsmenn skulu sjá um, að kjötið sé pæklað straks eftir söltun og að pækillinn sé nægilega sterkur, eða um 24 stig á pækilmæli, skal hann búin til úr hreinu vatni (ekki sjó) og síaður gegn um léreft, um leið og hann er látinn á kjötið. Í hver 112 kg. af kjöti skal láta 80 gr. af góðum saltpétri. Þó má víkja frá þessu ef útflytjendur óska þess, en bera skal það undir yfirkjötmatsmann. Æskilegt væri, að læri og bógar yrðu sprautaðir saltpækli, ef verkfæri þau, er til þess þarf eru fáanleg. Matsmenn sjá um að kjötið sé rétt flokkað eftir því sem erindisbréf mælir fyrir.

83
6. sept.

3. gr.

Matsmenn skulu sjá um, að í hverja tunnu af saltkjöti sé látin ákveðin þyngd. Þannig í venjulega kjöttunnu 112 kg., en í strokktunnu 100 kg. Skulu þeir jafnframt tilgreina það, er þeir gefa vottorð um kjötið við útflutning þess.

4. gr.

Matsmenn skulu sjá um, að endurpæklun fari fram daglega fyrstu vikuna, er kjötið liggur til geymslu; skulu tunnurnar og athugaðar og bættar ef leki kemst að þeim. Liggi kjötið lengur en vikutíma, skal endurpæklun fara fram að minnsta kosti á hálfsmánaðarfresti fyrsta mánuðinn, og þegar kjötið er flutt á skip, skal þess gætt í hvert sinn, að tunnurnar séu fullar af pækli. Ennfremur skulu matsmenn sjá um, að útskipun fari vel úr hendi, og að þær tunnur, sem kunna að skemmast við skipshlið, verði bættar að fullu áður en þær eru fluttar á burtu.

5. gr.

Flokkun saltkjöts sé þannig:

I. flokkur.

a. Kjöt af lömbum, ef kropparnir eru þriflegir og vega 12 kg. eða þar yfir.
b. Kjöt af lömbum ef kropparnir vega undir 12 kg. ef það er útflutningshæft.
c. Kjöt af veturgömlu fé, ef kropparnir eru þriflegir og vega 14 kg. eða þar yfir.
d. Annað kjöt af fullorðnu fé — að undanskildum fullorðnum hrútum —, er ekki skulu teknir til útflutnings, — ef kropparnir eru þriflegir og vega 17 kg. og þar yfir.

II. flokkur.

Annað kjöt af eldra fé, ef það er útflutningshæft.

Kjötmatsmenn skera úr því, hvaða kjöt er svo magurt og lélegt eða svo illa meðfarið, að það sé ekki útflutningshæft, eftir leiðbeiningum yfirmatsmanna.

6. gr.

Hver kjöttunna sé merkt á efra botni eða báðum botnum varanlegum og glöggum merkjum þannig: Á efra helmingi botnsins standi skýrum stöfum orðin: „Íslenzkt saltkjöt“ og þar fyrir niðan flokksmerki I. eða II. með bókstöfum fyrir undirflokka a., b., c. og d., eftir því sem innihald tunnunnar skipast í flokk. Á neðri helmingi botnsins skal vera einkamerki útflytjanda, a. m. k. tveir bókstafir fyrir nafn hans og heimilisfang, nema auglýst firmamerki sé.

Það kjöt sem samkvæmt 2. gr. kjötmatslaganna hefir fengið undanþágu

83 frá því að vera skoðað og stimplað af lækni, skal merkja með orðinu „óstimpl-
6. sept. að“ neðst á efra helmingi tunnubotnsins.

Kjötmatsmenn skulu varðveita merkiplöturnar og ber þeim að gæta þess vandlega, að þær séu ekki notaðar á aðrar tunnur en þær, sem útflutninghæft kjöt er í.

7. gr.

Þegar kjöt á að flytjast fryst á erlendan markað, má til þess útflutnings aðeins meta dilkakjöt, sem er svo vænt og lítur svo vel út, að það geti talizt fyrsta og annars flokks kjöt, samkvæmt því sem segir þar um í 9. gr. Kjöt af rosknu fé og rýrt dilkakjöt, má ekki meta til frystingar til útflutnings nema til komi leyfi atvinnumálaráðuneytisins.

8. gr.

Læknisskoðun og kjötmerking skal fara fram eins og um saltkjöt samkvæmt fyrirmælum kjötmerkingarlaga nr. 7, 13. sept. 1912, þó svo að merkið sé aðeins sett á einn stað á hverjum skrokk, helst innan á huppinn, sem næst fyrirskurði. Kjötmatsmenn eiga að sjá um að hin lögboðna skoðun fari fram, þannig að sláturfé sé skoðað af þar til löggiltum lækni áður en slátrað er, og ennfremur að kjötið sé skoðað eftir slátrunina og merkt svo sem fyrir er mælt um þau efni.

9. gr.

Eftirfarandi reglum skal fylgja um flokkun, meðferð og merkingu kjötsins, aðra en hina lögákveðnu merkingu, sem um ræðir í 8. gr.:

a. Rista skal fram úr bringukolli.
b. Nýru og nýrnamör fylgi. Sé mörin mjög mikill má taka nokkuð af honum.
c. Áður en skrokkurinn er látinn í umbúðir, skal binda sterkum spotta um framhæklana og strengja aftur fyrir hálsinn fremst, svo hálsinn standi fram og bógarnir þrýstist saman.
d. Ef strjúpinn hefir blóðgast eða óhreinkast skal nema framan af honum áður en skrokkurinn er látinn í umbúðir.
e. Öll merki skulu sett á umbúðir og merkimiða, en ekki á sjálfan skrokkinn.
f. Merkimiða skal festa við hvern skrokk. Annarsvegar er prentað læknisvottorð, undirskrifað af lækni þeim, sem skoðað hefir kjötið, en hinsvegar flokksmerki og einkamerki útflytjanda.
g. Kjöt skal vegið áður en það er sett í umbúðir. Við útskipun skal vega kjötið á ný og skal sú vigt, sem þá kemur fram, tilgreind á vottorðum.
h. Kjötið flokkast í tvo flokka eftir gæðum. Í fyrsta flokk eru látnir allir skrokkar, sem eru holdmiklir og gallalausir að útliti, en í annan flokk rýrari skrokkar og gallaðir, ef þeir þá teljast hæfir til útflutnings.
i. Fyrsta flokks kjöt skiptist í þyngdarflokka og merkist sem hér segir: Skrokkar sem vega 13½ kg. og þar fyrir neðan merkjast X. Skrokkar sem

vega yfir 13½ kg. og allt að 16½ kg. merkist O. Skrokkar sem vega 16½ kg. og þar yfir merkist T. Merkin séu sett á umbúðir og merkimiða. 83 6. sept.

j. Annars flokks kjöt skiptist í þyngdarflokka og merkist sem hér segir: Skrokkar sem vega 13½ kg. og þar fyrir neðan merkist YX. Skrokkar sem vega yfir 13½ kg. merkist YO.

k. Auk flokksmerkja skal einnig setja merki útflytjanda á umbúðirnar. Sömu merki skulu einnig vera á merkimiðum.

10. gr.

Kjötmatsmönnum ber að hafa eftirlit með frystu kjöti, sem ætlað er til útflutnings, meðan það liggur í frystihúsi svo að engar skemmdir verði á því og sjá um, að útskipun á því fari vel úr hendi og ekki séu sett nein óhreinindi á umbúðir kjötsins. Ef þær óhreinkast í frystihúsinu eða við útskipun, ber matsmönnum að sjá um, að hinar óhreinu umbúðir séu teknar af kjötinu, og nýjar hreinar umbúðir settar í staðinn.

11. gr.

Þegar kjöt er flutt úr landi, skal fylgja vottorð kjötmatsmanns um, að kjötið sé flokkað og metið af honum og farið með það að öllu leyti eftir hinum fyrirskipuðu reglum. Vottorð þetta, eða samrit af því, skal ritað á farmskírteini kjötsins þegar það er flutt burt. Skal lögreglustjóri (tollstjóri) eða hreppstjóri hafa vottað með undirskrift sinni, að löglega skipaður kjötmatsmaður hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans. Sé hreppstjóri sjálfur útflytjandi kjötsins, eða ekki búsettur á útflutningsstaðnum, skipar lögreglustjóri annan hæfan mann til að gefa vottorð í hans stað.

Matsmenn eiga að geta þess að vottorð þessi fylgi kjötinu, sem og vottorð frá lækni þeim, sem skoðað hefir kjötið, sbr. 2. og 9. gr., og má ekkert kjöt flytja úr landi án þess að framangreind vottorð fylgi.

12. gr.

Matsmönnum ber að sjá um það, að til kjötmerkingar sé aðeins notað svonefnt „berlínarblátt“ kjötstimpilblek, eða annað blátt blek, sem atvinnumálaráðuneytið kann að löggilda til slíkrar notkunar.

13. gr.

Kjötmatsmönnum ber að fara eftir nánari leiðbeiningum yfirmatsmanna. Þeir skulu að lokinni sláturtíð gefa yfirmatsmönnum skýrslu um starfrækslu þess sláturhúss, er þeir hafa unnið við, um tölu sláturfjár, um tölu á kjöttunnum, og hve margar af hverri tegund og hve margir skrokkar af frystu kjöti eru af hverri tegund. Þeir skulu og eftir því sem ástæður leyfa, vera yfirmatsmönnum til aðstoðar í starfi þeirra eftir þörfum.

83 6. sept.

14. gr.

Kjötmatsmenn skulu áður en þeir taka til starfa undirrita drengskaparheit um að rækja starf sitt með alúð og samvizkusemi, og fara eftir þeim reglum, er settar eru um það. Atvinnumálaráðuneytið stílar þeim heitið.

15. gr.

Matsmönnum er skylt að vinna að verkun kjötsins eða öðru, er að henni lýtur, svo sem kringumstæður leyfa vegna eftirlitsins að öðru leyti. Um kaup matsmanna fer samkvæmt 6. gr. kjötmatslaganna, þó skal það ekki vera lægra en svo, að það sé 25% hærra en almennt kaupgjald á hverjum stað.

16. gr.

Nú þykir yfirkjötmatsmanni nauðsyn vera til að víkja í einhverju frá framantöldum reglum, og skal hann þá gera tillögur um það til atvinnumálaráðuneytisins, sem ákveður, hvort vikið skuli frá reglunum og að hverju leyti.

17. gr.

Erindisbréf fyrir matsmenn á saltkjöti frá 1. júní 1926 og auglýsing um mat á frosnu kjöti frá 10. september 1929 eru úr gildi felld.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. sept. 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Ræktunarsjóð jarðarinnar Tröð í Bjarnardal í Önundarfirði, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 5. september 1930. Skipulagsskráin er þannig: 84 5. sept.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Ræktunarsjóð jarðarinnar Tröð í Bjarnardal í Önundarfirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Ræktunarsjóður jarðarinnar Tröð í Bjarnardal í Önundarfirði. Stofnfé hans er kr. 100,00 — eitt hundrað krónur — gefið af Rósinkrans A. Rósinkranssyni, árið 1929. Tekjur sjóðsins eru vextir hans og annað fé, er honum kann að áskotnast.

2. gr.

Þegar höfðustóll sjóðsins er orðinn kr. 200,00, má lána ábúanda jarðarinnar Tröð allt að ¾ hlutum hans til fóðurkaupa í harðindum, fyrir þær skepnur, sem á Tröð eru fóðraðar. Lánið sé tryggt með veði í þeim skepnum, sem á jörðinni eru. Má það vera vaxtalaust frá 1. apríl til 1. október, enda sé það þá að fullu greitt. Aldrei má ábúandi né heyásetningarmaður setja á framlög úr sjóðnum.

3. gr.

Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn kr. 2000,00, má verja allt að hálfum vöxtum hans til jarðabóta á Tröð. Þó ekki yfir kr. 2,00 á dagsverk, eins og það er metið samkvæmt þeim reglum, sem á hverjum tíma gilda um mælingu jarðabóta.

Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn kr. 10000,00, má verja allt að ¾ hlutum vaxtanna til húsabygginga úr steinsteypu á Tröð, eða jarðabóta eftir sömu reglum og áður er getið.

4. gr.

Nú vinnur ábúandi litlar eða engar jarðabætur eitt eða fleiri ár, leggjast þá vextir sjóðsins við höfuðstólinn að því leyti, sem þeir koma ekki til útborgunar, sbr. 3. gr., og eru aldrei kræfir sem jarðabótastyrkur frekar en höfuðstóll sjóðsins.

84 5. sept.

5. gr.

Nú eru tveir eða fleiri ábúendur á Tröð. Hafa þeir þá rétt til styrks úr sjóðnum í hlutfalli við ábúðarhundruð þau, er þeir búa á. Þó getur einn ábúandi jarðarinnar fengið allan styrkinn, ef hinir vinna ekki til hans. Lán til fóðurkaupa eftir 2. gr. skiptast eftir ábúðarhundruðum.

6. gr.

Hreppsnefnd Mosvallahrepps stjórnar sjóðnum og ávaxtar hann í Útbúi Landsbankans á Ísafirði. Skal hún semja reikning yfir sjóðinn ár hvert og senda sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu til endurskoðunar.

Lán má hreppsnefnd veita úr sjóðnum eftir 2. gr., þegar lánbeiðandi hefir sannað, að hann þurfi lánsins með og sett tryggingu fyrir því. Jarðabótastyrkinn skal hún greiða þegar ábúandi hefir sannað með vottorði tveggja skilríkra manna, sem hreppsnefndin tekur gilda, að hann hafi unnið jarðabæturnar, og að þær séu vel af hendi leystar.

Stykkishólmi, 18. desember 1929.

Rósinkrans A. Rósinkransson.

85 8. sept.

AUGLÝSING

um

staðfestingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á breytingu á heilbrigðissamþykkt fyrir Ólafsfjarðarkauptún í Eyjafjarðarsýslu.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóv. 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög, er hérmeð staðfest eftirfarandi breyting á heilbrigðissamþykkt fyrir Ólafsfjarðarkauptún í Eyjafjarðarsýslu frá 18. júní 1910:

Breyting

á heilbrigðissamþykkt fyrir Ólafsfjarðarkauptún.

1. gr.

Í staðinn fyrir hreppstjóri í 2. gr. komi: „þjónandi læknir, annars hreppstjóri“.

Síðari málsgrein 3. gr. falli burtu, en í þess stað komi: „Hreppstjóra skal

gert aðvart um fundahöld heilbrigðisnefndar og hefir hann tillögurétt. Ritfangakostnað skal greiða úr hreppssjóði eftir reikningi“. 85 8. sept.

2. gr.

Breyting þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta tilkynnist öllum til eftirbreytni, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. september 1930.

Jónas Jónsson.

Gissur Bergsteinsson.

SAMÞYKKT 86 18. sept.

um

breyting á samþykkt 16. marz 1926, um sýsluvegasjóð Skagafjarðarsýslu.

Á eftir 7. tölulið 3. gr. samþykktarinnar komi ný málsgrein svohljóðandi:

Ennfremur skal svonefndur Miðvegur frá Hegranesbraut, hjá Garði, inn að Ríp, vera sýsluvegur, en ekki verður lagt fé til hans úr sýsluvegasjóði nema það, er Rípurhreppur kanna að leggja fram auk vegaskatts og tilsvarandi tillag ríkissjóðs, fyr en fullnægt er þörfum vegakerfisins undir 1—7 tölulið.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 10, 20. júní 1923, staðfestist hérmeð til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. september 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

87
19. sept.

AUGLÝSING

um

breyting á gjaldskrá fyrir rafveitu Patrekshrepps, 10. september 1926.

Í stað kr. 0.75 í 1. málsgr. 1. greinar komi kr. 1.00.

Gjaldskrábreyting þessi er hérmeð gerð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. september 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1930.

Tilskipun um manntal á Íslandi, undirskrifuð af konungi 2. október 1930 (nr. 76).

Reglugerð fyrir útibú Landsbanka Íslands, undirskrifuð af bankaráðinu 1. nóvember 1930 (nr. 77).

Auglýsing um samning um sátt, dóms og gerðarskipun milli Íslands og Spánar, undirskrifuð af forsætisráðherra 4. ágúst 1930 (nr. 78).

Auglýsing um samkomulag, sem konungsríkið Ísland og konungsríkið Svíaríki hafa gert með sér til að tryggja ríkisborgurunum rétt til bóta fyrir slys við vinnu, undirskrifuð af forsætisráðherra 8. desember 1930 (nr. 79).

22. dag desembermánaðar 1930. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

88 30. ágúst **Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins** til sýslumannsins í Árnessýslu, **um flutning þingstaðar.**

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 30. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Hrunamannahreppi, veitir ráðuneytið hérmeð samþykki sitt til þess að þingstaður Hrunamannahrepps verði fluttur frá Hruna í hinn nýja barnaskóla hreppsins hjá Hellisholtum, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

89 29. sept. **Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins** til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, **um flutning þingstaðar.**

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi dags. 2. þ. m., og beiðni hreppsnefndar í Aðaldælahreppi í Þingeyjarsýslu, veitir ráðuneytið hérmeð samþykki sitt til að þingstaður Aðaldælahrepps verði fluttur frá Ytrafjalli að Hólmavaði, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

90 9. okt. **Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins** til sýslumannsins í Árnessýslu, **um flutning þingstaðar.**

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi dags. 3. þ. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Ölveshreppi í Árnessýslu, veitir ráðuneytið samþykki sitt til, að þingstaður Ölveshrepps verði fluttur frá Kröggólfsstöðum að Hveragerði, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

REGLUGERÐ

91
13. maí

um

varnir gegn útvarpstruflunum.

Samkvæmt lögum nr. 14, 14. júní 1929, um breyting á lögum nr. 12, 20. okt. 1905, um ritsíma og talsíma o. fl., er hér með sett eftirfarandi reglugerð.

1. gr.

Hér eftir má ekki setja upp eða nota nein rafmagnstæki, sem geta valdið tilfinnanlegum truflunum á viðtöku loftskeyta eða útvarps, nema þau hafi sérstakan útbúnað, sem deyfi truflanir frá þeim og hindri þær í að berast út, að svo miklu leyti, sem stjórn landssímans telur fullnægjandi.

2. gr.

Slík raftæki, er vænta má að geti valdið reglulegum truflunum, eru venjulegir rafhreiflar, rafalar, lyftur, ryksugur, bónvélar, þvottavélar, loftdælur, hárþurkunartæki, rafmagnshárklippur, kælitæki, ljósauglýsingatæki og önnur sjálfvirk tæki, er í sífellu kveikja og slökkva á ljósum, hitastillar og tæki með hitastilli í (svo sem hitakoddar, sumar tegundir strokjárna, o. fl.), ozontæki, reykeyðarar, hleðslutæki, afriðlar, logsuðutæki, bogaljós, lækningatæki (svo sem teslatæki, röntgentæki, o. fl.), og yfirleitt öll tæki, þar sem neistar geta myndast, og truflandi rafmagnssveiflur kviknað á annan hátt, og borizt út eftir rafmagnslínum, símalínum eða þvl., eða beint gegnum loftið, með svo miklum styrk, að þær valdi óþægindum hjá öðrum.

3. gr.

Þeir, sem eiga slík raftæki, er geta truflað, skulu tafarlaust tilkynna það landssímanum. Þó þarf ekki að tilkynna venjulega ljósasnerla, dyrabjöllur og símatæki. Séu menn í vafa um hvort tæki geti truflað, skulu þeir engu síður tilkynna það. Verða tækin þá rannsökuð og truflanir deyfðar á kostnað eiganda tækjanna.

4. gr.

Vilji tækjaeigendur heldur sjálfir sjá um deyfingar truflana frá tækjum sínum með aðstoð löggiltra rafvirkja eða annara, sem hafa fengið sérstakt leyfi landssímastjóra og hlutaðeigandi rafmagnsstjóra til að mega annast slíka deyfingu, þá er það heimilt, en landssímastjóra skal þá tafarlaust tilkynnt, er deyfingin hefir verið framkvæmd, enda sé það gert innan tveggja mánaða frá því er tækið hefir verið tilkynnt.

91
13. maí

5. gr.

Þar sem er sérstaklega örðugt eða kostnaðarsamt að deyfa ofannefndar truflanir, getur landssímastjóri veitt undanþágu frá því að deyfing fari fram, með því að setja ákveðinn afnotatíma fyrir tækið, og má þá ekki nota það utan hans.

6. gr.

Allsstaðar þar sem fyrir er rafmagnsveita fyrir meir en eitt heimili, skal stjórn hennar láta fara fram ítarlega skoðun á öllum rafmagnslögnum, utan húss og innan í fyrsta sinn innan 12 mánaða, og síðan að minnsta kosti þriðja hvert ár, og skal þegar í stað gert við bilanir þær, er þar finnast. Landssímastjóra skal tilkynnt um skoðunina strax og henni er lokið.

7. gr.

Mönnum, sem í þjónustu landssímans eru að vinna að útrýmingu þessara truflana, skal heimilt tálmunarlaust að fara um land manna og hús, svo framarlega sem það er nauðsynlegt vegna þess starfs, þó ekki eftir kl. 10 á kvöldin eða fyrir kl. 8 á morgnana.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum til ríkissjóðs allt að 200 kr., ef það ekki varðar þyngri refsingu samkvæmt hinum almennu hegningarlögum. Með mál, er út af þessu rísa, skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. maí 1930.

Einar Árnason.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

92
13. maí

um

loftnet fyrir útvarpstæki.

Til þess að koma í veg fyrir óþægindi, tjón og hættu, er hlotizt getur af óhentugum útbúnaði loftneta fyrir útvarpstæki eða lélegum loftnetum og grunntengingu þeirra, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Í kaupstöðum þar sem inniloftnet gerir fullnægjandi gagn, má ekki setja útiloftnet.

2. gr.

Í kaupstöðum mega engir annast uppsetningu útiloftneta nema þeir, er hafa fengið sérstakt leyfi landssímastjóra, en skilyrði fyrir því að það fáist eru meðmæli hlutaðeigandi rafmagnsstjóra.

3. gr.

Útiloftnet ber að strengja þannig, að þau spilli sem minnst útliti húsa og umhverfi þeirra, og á að jafnaði að leggja þau að bakhlið hússins.

4. gr.

Útiloftnet má ekki strengja þannig, að valdið geti truflunum á símalínum eða rafmagnstaugum eða hindrað lagningu slíkra lína.

Loftnet má ekki festa í rafveitustaura, og ekki í símastaura. Ekki má strengja útiloftnet yfir eða undir símalínur eða rafmagnstaugar, er liggja ofanjarðar, og heldur ekki nær þeim en 5 metra.

5. gr.

Vilji maður láta festa loftnet í annað hús eða mannvirki, skal fá leyfi eiganda þess, og ef það á að liggja yfir götu, torg, eða þvl., skal leita samþykkis hlutaðeigandi yfirvalda. Sé synjað leyfisins, má, ef óhjákvæmilegt þykir sökum kostnaðar eða annars að koma loftnetinu fyrir á annan hátt, biðja landssímastjóra að sjá um, að loftnetið verði sett upp, eftir því sem honum þykir réttast, og eru allir aðilar skyldir að hlíta því, sem hann ákveður um það.

6. gr.

Ekki má tengja útvarpstæki við taugar landssímans eða brunasíma, hvorki beint né óbeint, og heldur ekki beint við rafmagnstaugar. En nota má

92 raflögn í húsi sem loftnet eða grunntengingu fyrir útvarpstæki, ef viðtækið er
13. maí tengt við hana gegnum þétti, sem landssímastjóri og hlutaðeigandi rafmagnsstjóri tekur gildan.

7. gr.

Þar sem inniloftnet liggur þvert yfir eða undir síma eða raftaugar, skal svo um búið, að ekki geti hlotizt tjón eða hætta af.

8. gr.

Útiloftnet verða að vera svo traust og endingargóð, að þau þoli áraun, er stafar af ísingu, snjóþyngslum eða hvassviðri. Skrúfur og festur úr járni verða að vera sinkvarðar.

9. gr.

Útiloftnet skulu vera gerð sem strengur úr margþættum vír úr bronsi eða harðdregnum eir með að minnsta kosti 40 kg. þoli á hvern fermillimetra. Skal strengurinn hafa minnst 2 fermillimetra í þverskurð, og mesta haf milli festipunkta má ekki vera yfir 50 metrar.

Loftnetið skal vera vel einangrað frá festipunktum og ekki vera nein samskeyti á því sjálfu þar sem á reynir.

10. gr.

Ekki má festa loftnet í reykháfa, turna, flaggstengur eða aðra hluta bygginga nema þeir séu svo traustir, að þeir þoli vel þrefalda þá áraun, sem mest má búast við frá loftnetinu. Þetta styrkleikaákvæði gildir einnig stengur, sem sérstaklega eru settar upp fyrir útvarpsloftnet, og sömuleiðis stög, stagfestur, samskeyti, einangrara í lofti og stögum, og vírinn sem bindur eineinangrarana við loftnet og við festur.

Sérstaklega skal svo um búið, að hvað mikið sem reynir á loftnetið, þá geti ekki þungir hlutir, sem það er fest í, dottið niður og orðið að tjóni.

Útiloftnetum skal þannig komið fyrir, að þau valdi ekki óhagræði fyrir vinnu á þaki, sérstaklega sóthreinsun.

11. gr.

Ef stálpípur eru notaðar sem loftnetsstengur, má innanmál þeirra ekki vera undir 25 mm., ef þær eru stagaðar, en ekki undir 38 mm., ef þær eru óstagaðar. Slíkar pípur skulu, áður en þær eru settar upp, vera lokaðar í efri endann og ryðvarðar með haldgóðu máli.

Óstagaðar stengur skulu vera svo sterkar, að þær haldist alveg lóðréttar við mestu áraun, sem hægt er að búast við.

Járnstengur á þaki skal grunntengja, og tréstengur skal útbúa með eldingavara; nægir að grunntengja með 20 fermillimetra eirvír við aðra málmhluti hússins, sem grunntengdir eru.

12. gr. 92

Forðast skal að leggja útiloftnet samhliða eða nærri járnþaki eða járn- 13. maí
vegg, og ekki má leggja það nær öðru loftneti, sem fyrir er, en 5 metra frá því, og helzt ekki samhliða því.

13. gr.

Inntaugin úr loftneti skal vera úr að minnsta kosti jafnþykkum vír og hinn hluti loftnetsins og úr sama efni. Sé inntaugin skeytt við loftnetið, skulu samskeytin vera gerð með öruggum skrúfklemmum eða skrúfhólkum. Bannað er að nota klemmur með aðeins einni skrúfu, er þrýstir á vírinn. Kveiking er ekki nægileg. Inntaugin skal liggja eins beint og unnt er að útvarpstækinu, og má ekki leggja hana í námunda við mjög eldfim efni. Inntaugin verður að vera í a. m. k. 20 cm. fjarlægð frá raftaugum hússins.

14. gr.

Það skal vera auðvelt að grunntengja útiloftnetið með grunntengingarsnara, sem er hjá inntakinu, og skal þessi snari vera útbúinn með neistabili til verndunar gegn ofhárri spennu (yfir 350 volt) í loftnetinu. Þegar útiloftnetið er ekki notað, skal það að jafnaði grunntengt, sérstaklega ef það liggur hátt. Í þrumuveðri skal forðast útvarpsviðtöku með útiloftneti, og ber þá að grunntengja það.

15. gr.

Sé í stað grunntengingar notað einangrað mótnet utan húss, skal ætið hafður grunntengingarsnari þannig, að unnt sé að grunntengja bæði loftnet og mótnet.

16. gr.

Eiganda loftnets ber að halda því vel við, svo það fullnægi ávallt þeim kröfum, sem heimtaðar eru samkvæmt þessari reglugerð; og skal tafarlaust gera við bilanir, sem fram kunna að koma.

17. gr.

Þar sem alveg sérstaklega stendur á, getur landssímastjóri veitt undanþágu frá framangreindum reglum.

18. gr.

Sé loftnet lagt þannig, að það komi í bága við reglugerð þessa, getur landssímastjóri eða hlutaðeigandi rafmagnsstjóri látið taka það niður á kostnað eiganda.

19. gr.

Um ábyrgð fyrir eiganda loftnets, sem fyrir þá menn, sem setja upp loftnetið eða gera við þau, á óhagnaði og skaða, sem hljótast kynni af loftnetinu eða umbúnaði þess, fer eftir almennum reglum.

92
13. maí

20. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar gilda einnig fyrir þau loftnet, sem kunna að hafa verið sett upp áður en reglugerð þessi er gefin út.

21. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum allt að 500 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

22. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð um sama efni frá 17. apríl 1926.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 12, 20. okt. 1905 um ritsíma og talsíma o. fl. og lögum nr. 14, 14. júní 1929 um breytingu á þeim lögum, sbr. lög nr. 82, 14. nóv. 1917 um rekstur loftskeytastöðva á Íslandi, og lög nr. 31, 7. maí 1928 um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi, til þess að öðlazt þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. maí 1930.

Einar Árnason.

Vigfús Einarsson.

93
14. júní

REGLUGERÐ

um

Flugmálasjóð Íslands.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 17, 19. maí 1930 eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Þau ár, sem flugvélar eru notaðar til síldarleitar umhverfis Ísland, ber hverju skipi, sem veiðir síld með herpinót að gjalda í Flugmálasjóð Íslands 10 aura af hverju máli bræðslusíldar og hverri tunnu saltaðrar síldar eða annarar verkaðrar síldar. Skal eitt mál bræðslusíldar talið 135 kg. og skal það jafngilda einni tunnu saltaðrar síldar. Ákvæði þessi gilda um öll íslenzk skip og öll önnur síldveiðiskip, ef veiði þeirra er verkuð eða á einhvern hátt unnið

úr henni á Íslandi eða í íslenzkri landhelgi, lögð á land eða flutt á milli skipa í landhelgi eða á höfnum inni. 93 14. júní

2. gr.

Hlutaðeigandi lögreglustjórar innheimta gjöld þau, sem um ræðir í 1. gr., og ber þeim að senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu þau jafnóðum og þau innheimtast, en endanleg skil fyrir gjöldunum ber að gera fyrir októbermánaðarlok og ber þá að senda ráðuneytinu eftirstöðvar gjaldanna ásamt reikningsskilum og fylgiskjölum.

3. gr.

Nú kemur veiðiskip með afla sinn í höfn og ber þá skipstjóra að gefa lögreglustjóra eða umboðsmanni hans skýrslu um veiði sína. Ber um leið að greiða umrætt gjald og má ekki afgreiða skipið úr höfn fyrr en gjaldið er greitt eða trygging sett fyrir greiðslu þess. Skipstjórum síldveiðiskipa, sem verka síld sína utan hafna, er skylt að gefa lögreglustjóra þar sem þau koma fyrst í höfn eða umboðsmanni hans skýrslu um veiði sína og greiða gjald af henni. Komi skipið aldrei í höfn á síldveiðitímanum, verður skipstjóri í síðasta lagi að gefa skýrslu þessa að síldveiðunum loknum og greiða þá jafnframt gjaldið. Lögreglustjórum ber að hafa nákvæmt eftirlit með því, að fyrirmælum greinar þessarar sé hlýtt.

4. gr.

Síldareinkasölu ríkisins er skylt að halda eftir 10 aurum af andvirði hverrar tunnu saltaðrar síldar eða annarar verkaðrar síldar, sem hún annast sölu á, nema sannað sé fyrir henni, að gjaldið sé þegar greitt. Ber henni að gera hlutaðeigandi lögreglustjóra í hver vikulok skil fyrir gjaldi því, er hún hefir innheimt, og greiða eftirstöðvar þess fyrir 15. október ár hvert. Ber henni þá jafnframt að senda lögreglustjóra skýrslu um veiði hvers skips. Síldareinkasalan skoðast sem umboðsmaður lögreglustjóra, þannig að skipstjóra síldveiðiskips er heimilt að gefa henni skýrslu þá, sem um ræðir í 3. gr., í stað lögreglustjóra.

Síldarverksmiðjum er skylt að aðstoða lögreglustjórana við innheimtu gjaldsins eftir því sem hægt er. Ber þeim, ef lögreglustjóri óskar þess, að halda eftir 10 aurum af kaupverði hvers síldarmáls, sem þær taka við til bræðslu. Stjórn eða eiganda verksmiðjunnar er skylt að senda hlutaðeigandi lögreglustjóra í hver vikulok skýrslu um veiði hvers skips og þá greiða honum jafnframt gjald það, sem hefir verið haldið eftir af kaupverði síldarinnar.

5. gr.

Verja má $^{9}/_{10}$ hlutum af árstekjum Flugmálasjóðs til þess að standast kostnað af notkun flugvéla til síldarleitar og til þess að koma skipulagi á samvinnu milli flugvéla og síldarskipa, enda sé þá haldið uppi stöðugri síldarleit

93 14. júní með þar til hæfri flugvél frá 15. júní til 15. september það ár, sem um styrk úr sjóðnum er að ræða. Þann $^1/_{10}$ hluta, sem ekki er notaður í framangreindu skyni, skal leggja í sjóð til eflingar flugferðum, og nefnist sá hluti sjóðsins Flugferðadeild Flugmálasjóðs.

6. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi stjórn sjóðsins og reikningshald, og skal ávaxta fé hans í Landsbankanum. Reikninginn skal árlega birta í Stjórnartíðindunum.

7. gr.

Umsóknir um styrk úr Flugmálasjóði, ber að senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu að loknum síldveiðitíma ár hvert, ásamt nauðsynlegum skilríkjum um notkun flugvéla til síldarleitar. Skal fylgja vottorð lögreglustjóra á þeim stað, þaðan sem flugvélinni er haldið úti til síldarleitar, um það, hversu lengi henni hafi verið haldið út.

Umsóknir um styrk úr Flugferðadeild ber sömuleiðis að senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, ásamt upplýsingum um til hvers nota eigi styrkinn.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. júní 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

94 28. ágúst

AUGLÝSING

um

breyting á erindisbréfi fyrir fiskimatsmenn frá 7. apríl 1922, sbr. augl. frá 13. ág. 1926.

Kaup það, sem ákveðið er fyrir fiskimatsmenn í 5. gr. erindisbréfs fyrir fiskimatsmenn frá 7. apríl 1922, sbr. auglýsingu frá 13. ágúst 1926, skal frá 1. september þ. á. vera 2 krónur um hverja klukkustund á virkum dögum, en á helgidögum 2 kr. og 50 aur. um klukkustund, hvort sem er við flokkun fiskjar, umsjón með vigtun hans, útskipun, hleðslu eða annað.

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar og til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 94 28. ágúst

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. ágúst 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

95 7. okt.

um

sérstaka friðun rjúpna.

Með því að rjúpur eru nú svo fáar í landinu, að þeirra verður ekki mikið vart, þá þykir vera ástæða til að friða rjúpuna alveg þetta ár.

Samkvæmt lögum nr. 27 frá 1924, um breytingu á lögum nr. 59 frá 1913, um friðun fugla og eggja, skipar ráðuneytið því svo fyrir, að rjúpan, sem annars að lögum er friðuð ár hvert á tímabilinu frá 1. janúar til 15. október, skuli á þessu ári einnig vera friðuð á tímabilinu frá 15. október til ársloka.

Þetta er hérmeð birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. október 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Gissur Bergsteinsson.

REGLUGERÐ

96 8. okt.

um

breyting á reglugerð 13. maí 1930, um varnir gegn útvarpstruflunum.

Samkvæmt lögum nr. 62, 19. maí 1930, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi, er hér með gerð eftirfarandi breyting á reglugerð 13. maí 1930, um varnir gegn útvarpstruflunum.

1. gr.

Í stað orðanna „stjórn landssímans“ í 1. gr. komi: „útvarpsstjóra“.

96 Annarsstaðar í reglugerðinni, þar sem nefndur er „landssímastjóri“, komi:
8. okt. „útvarpsstjóri“ og loks í 7. gr. í stað orðsins „landssímans“ komi: „útvarpsins“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. október 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

97
8. okt.

REGLUGERÐ

um

breyting á reglugerð 13. maí 1930, um loftnet fyrir útvarpstæki.

1. gr.

Inn í 2. gr. reglugerðarinnar á eftir orðunum „uppsetningu útiloftneta“ bætist: fyrir útvarpsviðtæki.

2. gr.

Allsstaðar þar sem nefndur er landssímastjóri í reglugerðinni komi útvarpsstjóri.

3. gr.

17. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þar sem alveg sérstaklega stendur á, getur útvarpsstjóri veitt undanþágu frá framangreindum reglum, að því leyti sem það er ekki landssímastjóra eða rafmagnsstjóra að veita slíkar undanþágur.

Reglugerð þessi er hér með sett, samkvæmt lögum nr. 62, 19. maí 1930, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. október 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð til menningar handa fátækum, efnilegum unglingum í Flateyrarhreppi", útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 9. október 1930. Skipulagsskráin er þannig: 98 9. okt.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Styrktarsjóð til menningar handa fátækum, efnilegum unglingum í Flateyrarhreppi.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Ásbirni Bjarnasyni, garðyrkjumanni, Snorra Sigfússyni skólastjóra, og unglingafélaginu „Neisti" á Flateyri, og safnað til hans á árunum 1919—1930 sem styrktarsjóðs munaðarlausra barna, en er nú breytt í þetta horf af ofangreindum aðilum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er nú kr. 800.00 — átta hundruð krónur —, sem hefir verið lagt í sparisjóð Önfirðinga til ávöxtunar .Stofnaukinn verður með vöxtum fjárins, sem jafnóðum leggjast við höfuðstólinn, og ennfremur gjafir og áheit félaga eða einstaklinga, er styrkja vilja sjóðinn.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá, að styrkja til menningar fátæk og efnileg ungmenni, jafnt karla sem konur, er heima eiga í Flateyrarhreppi, og þó helzt þau, sem umkomulaus eru og ekki eiga sér hjálparvon annarsstaðar frá. Styrkinn má miða við hinar brýnustu þarfir styrkþega á hverjum tíma, og helzt ekki skipta nauðsynlegri fjárhæð handa einum milli tveggja o. s. frv.

4. gr.

Vextir og aðrar tekjur leggist við höfuðstólinn, unz sjóðurinn hefir náð 10 — tíu — þúsund króna upphæð. Má þá veita til styrktar ¾ ársvaxtanna þriðja hvert ár. Þegar sjóðurinn er orðinn 20 — tuttugu — þúsund, má verja til styrktar ½ ársvöxtum annaðhvort ár, og þá er sjóðurinn er orðinn 30 — þrjátíu — þúsund krónur má verja ½ ársvöxtum til styrktar árlega.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa skólastjóri barnaskólans á Flateyri eða þeirrar menningarstofnunar, er kynni að verða arftaki hans, og sé hann formaður, sóknarpresturinn og einn Flateyringur, er hreppsnefnd kýs til 6 ára í senn.

98 9. okt. Stjórnin sér um að sjóðurinn sé ávallt ávaxtaður á tryggum stað og ræður styrkveitingum úr honum s. s. 3. og 4. gr. ákveður. Formaður annast reikningshalds sjóðsins og er almanaksárið reikningsár hans, en hreppsnefndin endurskoðar reikninginn og birtir árlega fjárhæð sjóðsins á efnahagsreikningum sínum.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Flateyri, 5. sept. 1930.

Snorri Sigfússon. *Ásbjörn Bjarnason.*
(handsalað).

99 13. okt. **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Minningagjafasjóð Landsspítala Íslands", útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 13. október 1930. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningagjafasjóð Landsspítala Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningagjafasjóður Landsspítala Íslands.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður árið 1916 og hefir hann aukizt síðan með fé því, er honum hefir gefizt til minningar um látna menn.

3. gr.

Sjóðurinn er nú að upphæð kr. 180.000.00 — eitt hundrað og áttatíu þúsund krónur. — Höfuðstól þennan, og það sem við hann kann að bætast, þar til Landsspítalinn tekur til starfa, má eigi skerða.

4. gr.

Eftir að farið er að veita styrk úr sjóðnum, skal árlega leggja við höfuðstól helming vaxta, þartil sjóðurinn er orðinn kr. 250.000.00, og úr því ⅓ hluta vaxta, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 500.000.00, en úr því jafnan ⅙ hluta vaxta.

5. gr.

Því sem sjóðnum kann að áskotnast umfram vexti, frá því er hann tekur til starfa, skal, ásamt þeim hluta vaxta, sem ekki leggst við höfuðstól, samkv. 4. gr., varið til hjálpar sjúklingum, er sjúkravist eiga á Landsspítala Íslands, til greiðslu sjúkrakostnaðar. Gjafir, sem sjóðnum eru þegar gefnar, og síðar kunna að gefast, í einhverju sérstöku skyni, eða bundnar einhverju ákveðnu skilorði, koma þó eigi undir ákvæði þetta, enda sé gjöfin eigi minni en kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur —.

6. gr.

Af eignum sjóðsins standa kr. 125.000.00 — eitt hundrað tuttugu og fimm þúsund — í Útborgunardeild Söfnunarsjóðs Íslands. Aðrar eignir sjóðsins eru nú sem stendur geymdar í ríkisskuldabréfum, Jarðræktarsjóðsbréfum og í sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands. Eignir sjóðsins skal á hverjum tíma geyma á þeim stað, sem tryggastur er talinn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 konur búsettar í Reykjavík, og situr sú stjórn sjóðsins, sem nú starfar, þar til í janúarmánuði 1932. Stjórn Landsspítalasjóðs Íslands kýs stjórn sjóðsins og gildir kosningin til 6 ára. Stjórn sjóðsins skiptir sjálf með sér störfum, þannig að ein er formaður, önnur ritari, þriðja gjaldkeri, og tvær meðstjórnendur. Fatlist einhver stjórnarkona frá störfum á kjörtímabilinu, kjósa hinar konurnar aðra í hennar stað. Ennfremur skal stjórn Landsspítalasjóðs Íslands kjósa einn endurskoðanda til jafnlangs tíma og stjórn sjóðsins og ríkisstjórnin útnefna annan endurskoðanda til sama tíma, í fyrsta sinn í ársbyrjun 1932.

Nú leggst það starf niður, sem stjórn Landsspítalasjóðs Íslands hefir með höndum, og leysist stjórn hans þess vegna upp. Skal þá stjórn Minningagjafasjóðs Landsspítala Íslands sjálf kjósa konu í stjórn sjóðsins í hvert sinn, sem einhver stjórnenda hans segir af sér störfum, flytur burt úr Reykjavík, deyr, eða verður af einhverjum orsökum ókleift að vera lengur í stjórn. En dóms- og kirkjumálaráðuneytið kýs þá endurskoðendur til jafn langs tíma og að framan greinir.

8. gr.

Stjórn Minningagjafasjóðs Landsspítala Íslands annast allar styrkveitingar úr sjóðnum.

9. gr.

Úthlutun styrks úr sjóðnum fer fram í byrjun hvers ársfjórðungs, og séu umsóknir um styrkinn komnar í hendur formanns sjóðsstjórnarinnar eigi síðar en viku fyrir úthlutunardag.

99 13. okt.

10. gr.

Umsóknum um styrk úr sjóðnum fylgi tillögur um styrkveitinguna frá yfirlækni og yfirhjúkrunarkonu þeirrar deildar Landsspítala Íslands, sem umsækjandi liggur á, einnig vottorð um efnahag umsækjanda frá sóknarpresti hans og frá lækni þeim, sem stundað hefir sjúklinginn áður en hann kom í spítalann. Styrkur sá, sem sjóðurinn veitir, má eigi nema minnu en ⅓ hluta kostnaðar af sjúkrahúskostnaði umsækjanda. Komi það fyrir eitthvert ár, að ekki sé þörf á að úthluta öllu því fé, sem handbært er til úthlutunar, leggst afgangur þess við höfuðstól, um næstu áramót.

11. gr.

Endurskoðaðan ársreikning og efnahagsreikning sjóðsins fyrir liðið ár, skal árlega birta í febrúarmánuði í Lögbirtingablaðinu, og í B-deild stjórnartíðindanna. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

12. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagskrá þessari og er þar með úr gildi fallin eldri skipulagsskrá sjóðsins frá 26. janúar 1926.

Ingibjörg H. Bjarnason. formaður. *Inga L. Lárusdóttir.* ritari.

100 13. okt. **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Guðrúnar Þórðardóttur og Kristjáns Albertssonar", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 13. október 1930. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs hjónanna Guðrúnar Þórðardóttur og Kristjáns Albertssonar.

1. gr.

Sjóðurinn skal heita: „Minningarsjóður hjónanna Guðrúnar Þórðardóttur og Kristjáns Albertssonar".

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með kr. 336.00 — þrjú hundruð þrjátíu og sex króna — gjöf frá nokkrum vinum þeirra hjóna, í sambandi við sjötugs afmæli Guðrúnar Þórðardóttur þann 6. janúar 1930.

3. gr.

Tekjur sjóðsins verða gjafir og áheit, er honum kunna að berast. 13. okt.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og skal hann fyrst um sinn ávaxtast þangað til árlegir vextir eru orðnir kr. 100,00 — eitt hundrað krónur.

5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn svo stór, að hann gefur af sér 100 kr. í árlega vexti, má verja úr honum 50 kr. á ári, unz ársvextir verða 150 kr., þá 100 kr., og er þeir hafa náð 200 kr. þá 150 kr. o. s. frv., til þess að hjálpa sorgmæddum og fátækum, sem misst hafa föður eða móður, eiginmann eða eiginkonu, uppkomin börn eða fósturbörn, einkum fyrsta sorgarárið; — þó fer sú tímatakmörkun eftir því, sem stjórn sjóðsins álítur að nauðsynlegt sé í hverju einstöku tilfelli.

6. gr.

Styrk þenna má aðeins veita heimilisföstum mönnum í Suðureyrarhreppi, án tillits til þess hvort þeir hafa þegið sveitarstyrk eða ekki.

7. gr.

Þegar höfuðstóllinn er orðinn það stór, að hann gefur af sér kr. 700,00 — sjö hundruð krónur — í árlega vexti, má einnig verja af vöxtum hans allt að helming þess, sem nota má eftir 5. gr., til að styrkja þá, er verða að leita sér læknishjálpar út úr hreppnum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þessum þrem mönnum: Hreppstjóra Suðureyrarhrepps, oddvita hreppsnefndar og skólastjóra barnaskólans á Suðureyri. Komi það fyrir, að sami maður skipi fleiri en eitt af þessum embættum, skal hreppsnefnd Suðureyrarhrepps, meðan svo er, velja mann, eða menn, í stað þess, eða þeirra, sem vanta kunna. Stjórnin skipti sjálf með sér störfum.

9. gr.

Stjórn sjóðsins hefir á hendi umsjón hans og geymir eignaskilríki hans og önnur skjöl. Hún skal halda gerðabók um styrkveitingar og styrkbeiðnir um læknishjálparstyrk og semja ársreikning sjóðsins. Þeir hreppsnefndarmenn, sem ekki eru í stjórn sjóðsins, skulu kjósa 2 endurskoðendur til 5 ára í senn. Ársreikning sjóðsins skal árlega birta í efnahagsreikningi hreppsins, og auk þess skal hann birtur á prenti a. m. k. 5. hvert ár.

100
13. okt.

10. gr.

Sjóðurinn skal, fyrst um sinn, ávaxtast í Sparisjóði Súgfirðinga, en stjórn sjóðsins skal skylt að flytja sjóðinn að nokkru leyti, eða öllu, í Landsbanka Íslands eða Söfnunarsjóð, ef hún telur það tryggara.

11. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

101
14. okt.

AUGLÝSING

um

staðfestingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um meðferð hænsna í kauptúni Hvammstanga í Vestur-Húnavatnssýslu.

Samkvæmt lögum nr. 32 frá 1924, um lögreglusamþykktir í löggiltum verzlunarstöðum, er hérmeð staðfest eftirfarandi

SAMÞYKKT

um

meðferð hænsna í kauptúninu Hvammstanga í Vestur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Á tímabilinu frá 1. maí til 20. september mega alifuglar, svo sem hænsni, ekki ganga óhindraðir og gæzlulausir í Hvammstangakauptúni, svo að þeir geti farið í matjurtagarða, tún eða afgirtar lóðir, sem ræktaðar eru sem tún eða gróðrarstöðvar, og skulu því eigendur þeirra og aðrir þeir, er alifugla hafa, skyldir til að hafa þá í vel heldum girðingum eða annari öruggri vörzlu þennan tíma árs.

2. gr. 101

Brot gegn ákvæðum þessarar samþykktar varða sektum allt að 20 krón- 14. okt.
um, er renna í sveitarsjóð Kirkjuhvammshrepps eða Hvammstangahrepps, ef kauptúnið yrði sérstakur hreppur.

3. gr.

Mál sem rísa út af brotum á samþykkt þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem er samin og samþykkt samkvæmt lögum nr. 32 frá 4. júní 1924, er hérmeð staðfest til að öðlast gildi 1. nóvember 1930.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. október 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Gissur Bergsteinsson.

AUGLÝSING 102

21. okt,

um

vist þurfamanna á vinnuhælinu á Litla-Hrauni.

Samkvæmt 51. gr. fátækralaga nr. 43, 31. maí 1927 má sveitarstjórn, ef þurfalingur sýnir mikla óhlýðni eða þrjózku við hana, eða hann sökum leti, drykkjuskapar, illinda eða óknytta eykur sveit sinni sýnileg þyngsli, láta setja hann í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi allt að 3 mánuðum, ef lögreglustjóri veitir samþykki til þess í hvert sinn, eða setja þurfalinginn í nauðungarvinnu með samþykki lögreglustjóra eftir reglum, sem ráðherra setur þar um.

Ríkið hefir sett á stofn vinnuhæli fyrir fanga á Litla-Hrauni við Eyrarbakka og hefir 4. marz 1929 verið gefin út bráðabirgðareglugerð um skyldu-vinnu fanga þar. Hefir verið ákveðið að þurfaling, sem hreppsnefndir vilja láta setja í fangelsi eða nauðungarvinnu samkvæmt 51. gr. fátækralaganna, megi, þegar rúm er fyrir þá á téðu vinnuhæli, setja þangað og skal þá með þá farið eftir reglum þeim, sem settar eru í téðri bráðabirgðareglugerð, um skyldu-vinnu fanga.

Hreppsnefnd, sem óskar að koma þurfalingi í vinnuhælið, skal í því efni snúa sér til hlutaðeigandi lögreglustjóra, sem gerir nauðsynlegar ráðstafanir

102 til þess að koma þurfalingnum á hælið. Kostnaður allur, sem af þeim ráðstöf-
21. okt. unum og hælisvist þurfalingsins leiðir, greiðist úr hlutaðeigandi sveitarsjóði.
Fyrirkomulag þetta kemur þegar til framkvæmda.

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. október 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

103 **AUGLÝSING**
28. okt.

um

staðfestingu stjórnarráðsins á lögreglusamþykkt fyrir Neskaupstað í Norðfirði.

Samkvæmt lögum nr. 1 frá 3. janúar 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hérmeð staðfest eftirrituð

Lögreglusamþykkt fyrir Neskaupstað í Norðfirði.

I. KAFLI.

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot eða óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða er ætlað til almennings afnota, svo sem leikvellir, torg, bryggjur, uppfyllingar o. s. frv.

2. gr.

Þegar fjömenni safnast á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annara samkomuhúsa, eða annarsstaður, þar sem almenningur kemur saman, þá skulu menn haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til að varðveita góða reglu.

103
28. okt.

3. gr.

Allir, sem fara um götur bæjarins utan gangstétta, hvort heldur eru gangandi, ríðandi, í vagni, í bifreið, á hjólum, eða öðrum farkosti, skulu þá er þeir mæta einhverjum, eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sér, gripum sínum og farartækjum á vinstri helmingi akbrautarinnar eingöngu og svo nærri götubrún eða gangstéttarbrún, sem auðið er. Sá sem vill komast framfyrir vegfarendur skal víkja til hægri handar, þó ekki meira en nauðsyn krefur. Við krossgötur skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem er til vinstri handar. Þeir, sem fara um gangstéttir, skulu jafnan víkja til vinstri handar, en eru þó ekki skyldir til að víkja á akbraut, sé hún til vinstri handar.

4. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, kalla, blístra, syngja hátt, eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi háttalag, sem raskar allsherjar reglu, eða ónáðar vegfarendur eða þá, sem búa í nágrenninu.

5. gr.

Enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast neitt það að, sem ónáðar húsbúendur.

6. gr.

Á fjölförnum götum, eða þar sem hætta getur af stafað, má ekki leika knattleik, paradís, feluleik, stikk, eða klink, ekki gera rennibrautir, renna sér á skautum eða sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir eða leiki, sem hindra umferðina. Lögreglan ákveður jafnan, hvaða götur þetta á við. Sömuleiðis er bannað að hanga utan í vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um göturnar, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, er til óþæginda getur orðið.

7. gr.

Eigi má skjóta af byssum, skammbyssum, lyklabyssum, örvabogum eða öðrum skotvopnum á eða yfir almannafæri eða höfninni. Á almannafæri má eigi kveikja í púðri, skoteldum eða sprengiefnum. Þó getur lögreglustjóri gefið undanþágu frá ákvæði þessu þegar sérstaklega stendur á, svo sem á gamlárskvöld, eða við sérstök tækifæri. Nauðsynlegar sprengingjar vegna mannvirkja má aðeins gera með sérstöku samþykki lögreglustjóra og ber bæði verkstjóri og sá, sem mannvirkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni og önnur slík eldfim efni má hvorki geyma í íbúðarhúsum né annarsstaðar, þar sem hætta stafar af.

8. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, nema til eða frá grímu- eða álfa-dans, eða í búningi, sem misbýður velsæmi, eða getur raskað alls-

103 herjarreglu. Sömuleiðis er bannað að sýna af sér hneykslanlega hegðun, t. d.
28. okt. með því að ávarpa menn ókurteisum orðum eða ósæmilegum eða með því að sýna af sér ósæmilegt látbragð, svo sem að fletta sig klæðum, gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt, hafa í frammi ölæðislæti eða vera ósjálfbjarga fyrir drykkjuskap o. s. frv.

Þá menn, sem sökum ölæðis hafa í frammi háreisti á almannafæri, gera einhvern óskunda, barsmíð eða áreitni, má setja í varðhald og skulu þeir sæta sektum eigi minna en 50 krónur.

9. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn við bryggjur bæjarins eða annarsstaðar svo nærri landi eða skipum á höfninni, að hneyksli valdi.

10. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglumanna. Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn krafið sér til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr bæjarsjóði fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það á fatnaði eða limum, en bæjarsjóður á aðgang að hinum seka.

II. KAFLI.

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

12. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum bæjarins. Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti, nema hann hafi til þess leyfi fengið hjá slökkviliðsstjóra.

Enginn má snerta við brunaboðum bæjarins, nema hann þurfi að gera vart við eldsvoða. Brot gegn þessari grein varða sektum, er ekki séu lægri en kr. 50.00.

13. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á almannafæri til að selja vörur eða reka aðra atvinnu, og sé slíkt leyfi veitt, þá aðeins á þeim stað, sem leyfið tiltekur. Börn yngri en 14 ára mega alls ekki selja vörur á almannafæri. Þó skal börnum, 8 ára eða eldri heimilað að selja dagblöð og fréttablöð og

sömuleiðis aðgöngumiða að íþróttasýningum, dagskrár og merki, er gilda fyrir sérstaka hátíðisdaga. 103 28. okt.

14. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húseiganda má enginn láta fyrirberast á húsriðum, í garðshliðum, eða á öðrum stöðum, þar sem inn er gengið í hús, eða á húslóðum né fara inn í híbýli hans í söluerindum.

15. gr.

Stéttir meðfram götum skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum. Eftir þeim má eigi fara með sleða, reiðhjól, hjólbörur, vagna né önnur aktól nema barnavagn, og eigi bera, draga, eða á annanhátt flytja með sér fyrirferðamikla hluti, svo sem tunnur, hey eða annað, sem tálmar umferðinni. Ljái, gaddhrífur, skotvopn og aðra hluti, sem tjón getur hlotizt af, má aðeins flytja eftir götunni sjálfri, og skal svo um þá búið, að engin hætta stafi af þeim. Hlaðnar byssur má ekki bera á götunum eða annarsstaðar á almannafæri. Byssur skal ávallt bera þannig að opið viti upp.

16. gr.

Á almannafæri má eigi leggja eða setja neitt það, er tálmar umferðinni. Þó mega þeir, sem flytja að sér vörur, eldivið, hey eða annað slíkt, og eigi geta lagt það frá sér á sjálfs síns lóð, leggja það á torg og götur meðan á flutningnum stendur, en gæta skal þess, að það geri sem minnstan farartálma.

Að flutningi loknum skulu þeir hreinsa vandlega götuna eða torgið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hljólbörur og sleðar mega ekki standa á götunni lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá eða tæma, og aldrei mega þeir standa á gangstéttum. Bæjarstjórn ákveður í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum standa megi vagnar eða bifreiðar, sem notaðar eru til fólks- og vöru-flutninga, og setur sérstakar reglur þar að lútandi.

17. gr.

Sporbrautir, sem liggja eftir götu endilangt eða yfir, skulu því aðeins leyfðar, að þær að dómi veganefndar séu nauðsynlegar. Allar slíkar sporbrautir skulu felldar niður í veginn þannig, að þær valdi ekki farartálma fyrir vegfarendur.

Þar sem sporbrautir liggja eftir götu eða yfir, skulu þeir, er með vagnana fara, gæta þess, að ekki hljótist tjón af, enda er slíkt á ábyrgð eigenda eða umráðamanna og þeirra, sem með fara, þá er slys ber að höndum. Geti sá, er með vagninn fer, ekki bætt tjónið, ber eiganda eða umráðamanni að gera það.

Vagna má ekki skilja eftir á sporbrautum þar sem þeir tálma umferð eða valda hættu.

Ef ekki er fylgt ákvæðum greinar þessarar með umbúnað á sporbraut-

103 um, sem liggja um götur, getur bæjarstjórn bannað brautirnar og látið taka
28. okt. þær burtu.

18. gr.

Á almannafæri má eigi vinna neina þá vinnu, sem hindrar umferðina eða gerir hana hættulega, t. a. m. gera að eða þvo fisk, annarsstaðar en á bryggjum, draga af línu, höggva grjót, járna hesta eða því um líkt. Á almannafæri og á veggsvölum eða gluggum, sem vita að almannafæri, má eigi hrista gólfdúka, viðra sængurföt, hengja föt til þerris, herða fisk eða annað þesskonar.

19. gr.

Vöruskápa, sjálfsala, gluggaskýlur, auglýsingaspjöld eða annað þesshátt-ar, má eigi hengja utan á hús þannig, að óþægindi verði að á almannafæri, að dómi lögreglunnar. Í opnum gluggum, sem vita að almannafæri, má eigi láta standa jurtapotta eða neitt það, er tjóni getur valdið, ef það fellur niður.

20. gr.

Eigi má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, fiskúrgangi, hálmi, á-vaxtahýði, pappírsrusli eða öðru þessháttar á almannafæri né heldur skvetta þar skolpi eða öðru, er haft getur í för með sér hættu, óþrifnað eða óþægindi fyrir vegfarendur.

21. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýði-legt eftirlit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri. Börn yngri en 12 ára, mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 12 frá 15. maí til 31. ágúst, nema þau séu í fylgd með fullorðnum. — Lögreglan getur bannað börnum, sem ekki ganga þar til vinnu eða eiga sér-stakt erindi, að vera á bryggjum bæjarins eða við fiskhúsin, þegar farið er þar með fisk, eða unnið að afgreiðslu skipa. Börnum er enn fremur bannað að fara út í skip, er liggja við bryggjur í bænum, nema þau séu í fylgd með fullorðnum, eða hafi þangað erindi.

22. gr.

Enginn má gera skurð í gangstéttir, götur eða torg bæjarins, né raska þeim á neinn hátt, nema hann hafi til þess leyfi veganefndar, og samþykki lögreglustjóra. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann með nægilega greinilegum ljósum, sem loga frá því dimma fer að kvöldi til þess bjart er að morgni. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þær ráðstafanir, er hon-um þykir þurfa til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götuna að nokkru eða öllu leyti meðan á verkinu stendur, og verið er að koma í lag því sem raskað hefir verið, eða skipað fyrir um, hvernig um-ferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram eftir að byrjað er á því,

getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu eða setja götuna í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma. 103 28. okt.

23. gr.

Þegar nýtt hús er byggt eða eldra hús rifið og byggt upp að nokkru eða öllu leyti, er eigandi þess, ef húsið liggur við almannafæri, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til að afstýra farartálma og hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, leifar af verkefni og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandi færa burtu, er húsagerðinni er svo langt komið, að því verði við komið. Girðingar sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma, skal taka burtu þegar í stað, þegar lögreglan krefst þess.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er tekið burtu, án þess að annað sé gert í staðinn, og er þá eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

24. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður þesskonar, sem notaður er við húsasmíðar og aðrar byggingar eða viðgerðir á húsum, skal vera nægilega traustur, og þeir, sem nota hann, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn. Á slíkum pöllum utanverðum skal vera minnsta kosti 20 cm. há brík og handrið eða reipi í brjósthæð. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þesskonar, skulu vera nægilega traustir og kjálkarnir búnir járngöddum að neðan, ef stiginn er meira en 4 metra langur.

Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannafæri eftir að dimmt er orðið.

Brot á þessari grein er á ábyrgð þess, er verkið annast, eða ef hann er eigi tilgreindur, þá á ábyrgð húseiganda.

25. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji eða einhver hluti þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það eða endurbæta það svo sem þörf gerist til að afstýra hættu, innan tiltekins tíma. Ennfremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trévegg eða annari girðingu liggur við hruni eða falli.

103 28. okt.

26. gr.

Nú álítur veganefnd, að bryggjum, pöllum eða öðrum mannvirkjum sé svo áfátt, að aðgerðar þurfi við, svo sem t. d. þegar göt eru á pöllum, eða mannvirkin eru svo fúin eða sprungin, að hætta getur af því stafað, að áliti veganefndar, fyrir þá sem um fara, þá getur bæjarstjórn heimtað af eigendum mannvirkjanna, að þeir gangi svo frá þeim, sem bæjarstjórn telur þurfa, svo hættulaust sé. Nú er aðgerðin ekki framkvæmd svo fljótt, sem bæjarstjórn telur þurfa, og getur hún þá látið aðgerðina fara fram á kostnað eigandans, og má taka kostnaðinn lögtaki hjá eiganda mannvirkisins og hvílir aðgerðin sem lögveð á eigninni á undan öðrum veðböndum.

Nú er eigandi eða umráðamaður mannvirkis, sem aðgerða þarf, ekki viðstaddur í bænum eða ekki næst til hans hér á landi, og er þá bæjarstjórn heimilt að framkvæma aðgerðina á kostnað eigandans án tilkynningar.

27. gr.

Vindur og önnur áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru úr húsum, skulu vera nægilega traustar, og þeir sem nota þær, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn.

28. gr.

Nú gengur kjallaragangrið út að stétt eða götu og lengra fram en húshliðin og skal þá vera handrið úr járni eða öðrum málmi beggja megin við þau og lögreglustjóri getur auk þess krafizt, að kjallaraopið sé byrgt með hlemm eða hlera frá því að dimma tekur að kvöldi unz bjart er að morgni.

Í kringum birtugrófir við stétt eða götu skal setja handrið úr járni eða öðrum málmi, eða nægilegar sterkar járngrindur yfir, jafnhátt stéttinni eða götunni. Handrið samkvæmt þessari grein mega ekki vera lægri en 60 cm.

29. gr.

Um þakrennur og rennsli frá húsum í göturæsin eða rennurnar, skal svo um búið, sem fyrir er mælt í byggingarsamþykkt kaupstaðarins, og er eiganda eða umráðamanni skylt að halda þeim vel við.

30. gr.

Eigi má kasta í fjöruna, ösku, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi né öðru slíku, og ekki skilja neitt slíkt þar eftir.

III. KAFLI.

Um reið, lestaflutning og akstur á götum bæjarins.

31. gr.

Þeir sem ríða eða aka um götur bæjarins, skulu gæta tilhlýðilegrar varkárni einkum þegar þeir fara fyrir götuhorn, yfir þvera götu eða fram úr hliðum. Þeir eru skyldir að nema staðar þegar í stað, þegar lögreglan gefur þeim merki til þess.

Á almannafæri má ekki ríða eða aka hraðara en á hægu brokki og þar sem mikil er umferð, gatan mjó eða farartálmi í veginum, skal aðeins farið fót fyrir fót. Lögreglan getur skipað svo fyrir, hvenær sem nauðsyn þykir, að fara skuli aðeins fót fyrir fót á tilteknu svæði, og þar sem margir vagnar koma saman á einn stað, getur hún raðað þeim eða skipað þeim að nema staðar um stund.

Ríðandi menn og vagnstjórar skulu í tæka tíð gera aðvart, sem á undan þeim ganga.

Eigi má ríða eða aka um gangstéttir bæjarins.

32. gr.

Það er með öllu bannað að ríða, beita fyrir vagna eða flytja farangur á höltum eða meiddum hestum eða svo horuðum að ekki hafi þeir fullan þrótt. Hesta, sem bíta eða slá, má ekki nota til aksturs í bænum.

33. gr.

Ríðandi mönnum, lestamönnum og öðrum, er farangur flytja á áburðarhestum, er skylt að víkja úr vegi og jafnvel út af götum fyrir vögnum er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti. Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunum en nauðsynlegt er til að taka ofan eða láta upp klyfjar.

34. gr.

Vagnar skulu vera svo sterkir og vandaðir að smíði, að ekki sé hætt við bilun. Þeir mega ekki vera svo stórir um sig, að þeir hindri umferðina. Vagnar þeir, er notaðir eru til mjólkurflutnings eða til annars flutnings, sérstakrar tegundar, skulu gerðir eins og fyrir kann að vera mælt í sérstökum reglugerðum.

Aktygin skulu vera haldgóð og hesturinn vel girtur við vagninn.

Sæti ökumannsins á vagninum skal haga þannig, að hann sjái bæði vel fram undan sér og til beggja hliða. Ef hlassið er svo fyrirferðarmikið, að það byrgi útsýnið, er ökumanni skylt að ganga vinstra megin við vagninn og teyma eykinn.

103 28. okt.

35. gr.

Ökumenn og vagnstjórar skulu vera nógu sterkir og þroskaðir til þess starfa, enda hafi þeim verið kennt að stýra hesti og vagni af æfðum ökumanni. Hesta má ekki slá með öðru en þar til gerðum keyrum eða ólarsvipum. Vírsvipur eða prik má ekki nota. Aldrei má slá hesta í höfuð, fætur eða nára.

36. gr.

Vagnhlassið má ekki vera þyngra en svo, að vagninn beri það og hestunum veiti létt að draga það. Því á að vera vel komið fyrir á vagninum og fest svo að það ekki haggist. Það má hvorki ná langt út af vagninum né dragast við jörðu. Um málmvarning skal svo búið, að sem minnstur hávaði hljótist af.

37. gr.

Sami ökumaður má ekki fara með fleiri en tvo vagna, er tengslaðir séu saman. Það er og bannað að festa sleða eða handvagna við aktól, sem hestum er beitt fyrir.

Tveir vagnar eða fleiri mega ekki aka samhliða. Eigi má nema einn maður ríða við hliðina á vagni.

38. gr.

Með vagna og hesta skal fara svo nærri vegarbrún eða gangstétt til vinstri handar, sem auðið er. Um götuhorn skal aka í kröppum boga, ef snúið er til vinstri handar, en í löngum boga, ef snúið er til hægri. Á götuhornum og gatnamótum er bannað að aka fram fyrir vagn eða hest, sem á undan fer.

39. gr.

Það er bannað að ríða eða aka á móti skrúðgöngum og líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar meðan þær fara fram hjá.

40. gr.

Á miðri götu má ekki nema staðar með hesta eða vagna, heldur skal það gert sem næst gangstéttinni eða götujaðri og skal þá snúa vagninum þannig, að hlið hans sé jafnhliða gangstéttinni eða götujaðrinum. Ekki má nema staðar þar sem hestur eða vagn heldur kyrru fyrir beint á móti hinumegin á götunni. Ennfremur er bannað að nema staðar með hest eða vagn á gatnamótum, eða fast við þau.

41. gr.

Ökumenn og ríðandi menn mega ekki yfirgefa hesta sína á almannafæri nema þeirra sé tryggilega gætt. Á almannafæri má ekki taka beizli af hesti sem beitt er fyrir vagn.

42. gr. 103

Um sleða, er hestum er beitt fyrir, gilda sömu reglur og um vagna. Enn- 28. okt.
fremur gilda framanskráðar reglur um vagna einnig um hjól og bifreiðar, eftir því sem við á, auk sérreglna þeirra, sem hér fara á eftir.

43. gr.

Slökkviliðið er undanþegið framanskráðum ákvæðum um vagna. Skulu allir víkja úr vegi fyrir því svo fljótt sem auðið. Sama gildir um sjúkravagna.

IV. KAFLI.

Um bifreiðar.

44. gr.

Bifreið nefnist í samþykkt þessari hvert það ökutæki, sem knúið er áfram af aflvél í ökutækinu sjálfu og ætlað er til að flytja fólk eða varning. Samþykktin nær þó ekki til vagna, sem renna á spori eða ökutækja, sem notuð eru eingöngu af slökkviliði.

45. gr.

Lögreglustjóri eða bæjarstjórn getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð álízt hættuleg eða til sérlegra óþæginda fyrir aðra umferð. Sömuleiðis getur lögreglustjóri eða bæjarstjórn bannað eða takmarkað bifreiðaferðir innanbæjar að næturlagi.

46. gr.

Um gerð bifreiða fer eftir 3., 6., 10. og 12. gr. í lögum um notkun bifreiða, nr. 56 frá 1926 sbr. 1. gr. laga nr. 23 frá 1927 og reglugerð um bifreiðar 28. apríl 1915, eða þeim lögum og reglugerðum, sem þar um gilda á hverjum tíma.

Ljós á bifreiðum skal tendra þegar skyggja fer, en ekki seinna en á þeim tíma, sem ákveðinn er til tendrunar á götuljóskerum.

47. gr.

Sérhver bifreiðareigandi, sem búsettur er hér í bænum, skal senda lögreglustjóra tilkynning um bifreið sína, áður en hún er tekin til notkunar. Lögreglustjóri lætur skoða bifreiðina og greiðir bifreiðareigandi kostnaðinn. Fullnægi bifreiðin ákvæðum þessarar samþykktar, skrásetur lögreglustjóri hana og afhendir eiganda merkið áletruðu N.K. og tölumerki, sem festa skal aftan á bifreiðina svo að sjáist greinilega og má ekki taka það af henni, eða hylja

103 á nokkurn hátt meðan bifreiðin er notuð. Engin önnur merki mega vera aftan
28. okt. á bifreiðum, sem skrásettar eru hér í bænum. Verði eigendaskipti að bifreið, skal bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra.

Lögreglustjóri ákveður hve margir menn megi í einu vera í bifreið, ef hún annast fólksflutning fyrir borgun, og mega aldrei vera í henni fleiri menn, enda skal bifreiðarstjóri ávallt hafa meðferðis skírteini lögreglustjóra, er tiltekur farþegafjölda. Á sætalausum vörubifreiðum má ekki aka börnum að nauðsynjalausu. Bílkennari má aðeins hafa þann sem hann er að kenna í hvert sinn með sér í bílnum meðan kennslan fer fram.

48. gr.

Enginn má stýra bifreið nema hann sé fullra 20 ára að aldri og hafi ökuskírteini, er heimili honum að stýra bifreið.

Bifreiðarstjórar, aðrir en þeir, sem aka einkabifreiðum, skulu hafa einkennishúfu á höfði og framan á henni skulu standa skrásetningarstafir þess umdæmis, þar sem þeir hafa fengið ökuskírteinið og tölumerki skírteinis þeirra.

Bifreiðarstjóri má ekki neyta áfengra drykkja eða vera undir áhrifum áfengra drykkja við bifreiðarakstur.

Bifreiðarstjóri má ekki sleppa hendi af stýri bifreiðar sinnar meðan ekið er, og varast skal hann að tala við farþega.

49. gr.

Ökuhraða bifreiða skal ávallt tempra svo, að komizt verði hjá slysum, og þannig, að umferð um götuna sé ekki trufluð, og má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 18 kílómetrar á klukkustund. Þar sem bifreiðarstjóri sér skammt frá sér, í kröppum bugðum, við húsdyr, horn eða gatnamót, þar sem vegur er sleipur og þar sem mikil umferð er, skal gæta sérstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðara en svo, að stöðva megi bifreiðina þegar í stað. Sé for eða bleyta á götu, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur né á gangstéttina.

50. gr.

Ef bifreið mætir vögnum og vegfarendum á stað, þar sem hvorugir komast fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar þar sem hinir komast fram hjá henni.

51. gr.

Bifreiðarstjóri skal gefa hljóðmerki með horni sínu í tæka tíð þegar hætt er við árekstri, og ávallt áður en farið er fyrir götuhorn eða yfir gatnamót og er hann ekur bifreiðinni aftur á bak.

Hætta skal hann að gefa hljóðmerki, ef hestar hræðast eða verða óróir og ekki má gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum.

Bifreiðarstjórar skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að gera eigi há-

vaða um nauðsyn fram með hljóðmerkjum; þeir bera og ábyrgð á því, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki um hönd söng eða hávaða. 103 28. okt.

52. gr.

Bannað er að nota til eldsneytis á bifreiðar steinolíu eða annað, sem reykur stafar af.

53. gr.

Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun bifreiða, skal bifreiðarstjóri þegar stöðva bifreiðina, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafizt, og hjálpa þeim, sem slasast hefir, ef þörf gerist.

Ef hestur fælist eða verður órór, skal bifreiðarstjóri þegar í stað stöðva bifreið sína og gangvél hennar.

Bifreiðarstjóri skal ávallt stöðva bifreið, ef lögreglan gefur honum merki um að nema staðar.

54. gr.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum bifreiðalaganna og reglugerðum þeim, sem settar eru eða settar verða samkvæmt þeim lögum um notkun bifreiða.

V. KAFLI.

Um reiðhjól.

55. gr.

Þeir, sem fara á reiðhjólum um götur bæjarins, skulu gæta þess, er hér segir:

a. Á hjólum mega ekki í senn vera fleiri menn, en hjólin eru gerð fyrir. Sá, er stýrir hjólum, skal ætíð halda minnsta kosti annari hendi um stýrið og hafa báðar fætur á stigsveifum. Enginn má flytja með sér á hjólum hluti, sem valdið geta hættu eða hindrað umferðina.
b. Á hverjum hjólum skal vera bjalla, sem gefur hvellt hljóð, en ekki horn, og skal hjólamaður láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri, og ætíð áður en hann fer fyrir húsdyr, horn eða gatnamót.
c. Á hverjum hjólum skal þegar dimmt er vera tendruð ljósker, er snúi fram og lýsi framundan sér. Ljós skal tendrað eigi síðar en á þeim tíma, sem ákveðinn er til tendrunar á götuljóskerum bæjarins.
d. Ökuhraði á hjólum má ekki vera meiri en 18 kílómetrar á klukkustund og þar sem hjólamaður sér skammt frá sér í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem mikil umferð er og þar sem vegur er sleipur, skal gæta sérstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðara en svo, að stöðva megi hjólin þegar í stað. Sé for eða bleyta á götu, skal aka svo, að ekki slettist

103 28. okt.

á aðra vegfarendur, né á gangstéttina. Skylt er hjólamanni að nema staðar, ef reið hans veldur að hestur fælist eða verður órór.

e. Byrjendur mega ekki æfa sig á hjólum á götu bæjarins. Ekki má hjóla á gangstéttum né yfir þær og ekki inn eða út úr hliðum.

f. Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun hjóla, skal hjólamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafizt og hjálpa þeim, sem slasast hefir, ef þörf gerist. Hjólamaður skal þegar nema staðar, ef lögreglan gefur honum merki um það. Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar þau þeim, sem er yngri en 15 ára.

VI. KAFLI.

Um rekstur gripa og fénaðar um götur bæjarins o. fl.

56. gr.

Alifugla má eigi hafa á kaupstaðarlóðinni frá 1. maí til 15. sept. nema þeir séu í afgirtu svæði eða öruggri vörzlu.

57. gr.

Sauðfénaður og geitfé má ekki ganga laus inni í sjálfum bænum frekar en nauðsyn krefur til að reka hann úr og í haga eða til vatns.

Þeir, sem sauðfé eiga, skulu skyldir til að annast fjallskil eftir fyrirmælum bæjarstjórnar.

Eigi má láta hesta eða nautgripi ganga laus um götur bæjarins frekar en nauðsyn krefur til að reka í haga eða til vatns. Fælnir og hrekkjóttir hestar mega aldrei ganga lausir á götum í bænum. Ekki má láta hesta standa á eða við götur, heldur skulu þeir látnir í réttir eða geymdir að húsabaki. Aðkomumenn mega ekki sleppa hestum sínum í landi bæjarins, annarsstaðar en þar, sem bæjarstjórnin ákveður. Hestaeigendur eru skyldir að eiga hús fyrir hesta sína og hýsa þá í vondum veðrum.

VII. KAFLI.

Um friðun almenningseigna o. fl.

58. gr.

Mannvirki og hluti, hverju nafni sem nefnast, er ætlaðir eru til almenningsafnota eða til prýðis á almannafæri, svo sem minnisvarða, vatnsból, bruna-

hana, síma, rafleiðslutæki, götuljósker, nafnspjöld og töluspjöld á götum og húsum, bekki, girðingar og annað þesshátttar má enginn skemma eða færa úr stað, eigi heldur ata eða saurga, rita, rispa, tjarga, mála eða teikna á þá. Þetta á einnig við um þann hluta af húsum, múr- og trégirðingum, er liggur að almannafæri. Greinin nær einnig til víðvarpsútbúnaðar einstakra manna. 103 28. okt.

59. gr.

Enginn má skemma girðingar í bænum, né setjast á þær eða klifra yfir eða upp um þær.

Enginn má skemma, kasta grjóti á eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjágarða, hvort sem eru girtir eða ógirtir.

60. gr.

Í kirkjugarðinum mega engir leikir eða önnur ótilhlýðileg hegðun eiga sér stað. Tré eða jurtir, sem gróðursettar eru á grafreitum eða leiðum, má enginn rífa upp eða færa burtu, né spilla eða saurga grafreitina á nokkurn hátt. Enginn má hafa með sér hund inn í kirkjugarðinn. Skepnum má eigi beita í kirkjugarðinum.

Börn yngri en 14 ára mega eigi vera í kirkjugarðinum, nema þau séu í fylgd með fullorðnum, sem ber ábyrgð á framferði þeirra.

VIII. KAFLI.

Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

61. gr.

Bæjarstjórnin ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld, eða mála nöfnin á götuhornin þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem bæjarstjórnin hefir látið eða lætur festa á hús til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja, ef á þarf að halda.

62. gr.

Bæjarstjórnin ákveður hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldunum og öðrum stjórnarvöldum, og skal hún á kostnað bæjarsjóðs útvega spjöld í því skyni svo mörg, sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, samsöngva, sýningar og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

Á rafmagns- eða símastaura má engar auglýsingar festa.

103 28. okt.

63. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum.

Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, saurga eða gera ólæsilegar á annan hátt.

IX. KAFLI.

Um veitingahús, skemmtistaði og almennar skemmtanir.

64. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala, matar og drykkja eða gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglunnar og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingar. Veitinga og greiðasölu má aðeins hafa um hönd í húsnæði, sem að dómi heilbrigðisnefndar er til þess hæft og bæjarstjórn hefir samþykkt; þetta ákvæði nær einnig til þeirra greiðasölu og veitingastaða, sem eldri eru en samþykkt þessi.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

65. gr.

Á almennum veitingastöðum eða samkomustöðum, má enginn gerast sekur í ofsalegu atferli eða hávaða, svo að aðrir gestir, húsbóndi eða heimilisfólk eða nágrannar hafi ónæði af. Þar má heldur ekki sýna af sér ósæmilega eða hneykslanlega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd. Eigi er heimilt að láta drukknum manni í té neinskonar veitingar umfram lífsnauðsynjar á almennum veitinga- eða samkomustað.

Hverjum þeim, sem hefir á hendi veitingasölu, matar og drykkja, eða selur gistingar, er skylt að gera það sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að neitt fari fram í veitingastofu hans eða gistihúsi, sem er á móti góðri reglu og velsæmi.

Skal hann sjá um að loftræsting og þrifnaður sé í góðu lagi. Verði misbrestur á að reglum þessum sé fylgt, eða fullnægi veitingastaðir ekki skilyrðum 64. gr., er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar á þessum stöðum um stundarsakir, eða fyrir fullt og allt, ef ekki er bætt úr ágöllum, að gefinni aðvörun.

66. gr.

Öllum veitingastöðum og knattborðsstofum skal vera lokað frá kl. 11½ að kvöldi til kl. 6 að morgni og allir gestir, sem eigi hafa náttstað, skulu hafa farið út eigi síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, og heimilt skal félögum að halda samkvæmi, dansleiki eða aðrar skemmtanir fram yfir lokunartíma, ef eigi taka þátt í því

aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Þegar sérstaklega stendur á getur lög- **103**
reglustjóri leyft veitingastöðum að hafa opið lengur en að ofan segir. Ennfrem- 28. okt.
ur mega brúðkaup og önnur boð standa fram yfir hinn tiltekna tíma.

Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur að almennum knattborðsstofum og ber eigendum og umsjónarmönnum stofanna að sjá um, að þeir fái þar ekki aðgang né hafist þar við.

67. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í bænum nema með leyfi bæjarstjórnar og með þeim skilyrðum að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur, ákveður bæjarstjórn hve mikið gjald skuli greiða í bæjarsjóð fyrir leyfið annaðhvort árlega eða fyrir hverja sýningu.

Ákvæði þessarar greinar nær einnig til þeirra kvikmyndahúsa, sem eldri eru en samþykkt þessi.

Lögreglustjóri getur veitt leyfi til að halda einstakar kvikmyndasýningar og ákveður hann þá gjaldið í bæjarsjóð.

68. gr.

Enginn má fyrir borgun halda opinberar skemmtanir, án leyfis lögreglustjóra. Án leyfis lögreglustjóra má ekki kveikja skotelda eða ganga með logandi blys.

69. gr.

Hver sá, sem samkvæmt framanskráðu hefir fengið leyfi til að halda sjónleik, dansleik, samsöng eða einhverja þá skemmtun eða sýningu, sem talin er hér að framan, er skyldur að sjá um að ekkert þar fari fram, sem brýtur í bág við reglur og velsæmi. Ef brestur verður á þessu er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem við það eru staddir, að fara í burtu. Lögreglustjóri getur fyrirskipað skoðun á kvikmyndum og bannað sýningu á myndum, sem hann telur skaðlegar eða siðspillandi.

70. gr.

Húseigendur og húsráðendur geta bannað, að sá er leyfi hefir fengið til að halda skemmtanir samkvæmt 67. og 68. gr. noti það á þeirra lóð. Sömuleiðis er sérhverjum, sem hefir sjúkling á heimili sínu, eða ef aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi, heimilt að krefjast þess, að engar almennar skemmtanir, sem háreysti er að, séu hafðar svo nærri húsi hans að hætta eða tjón geti af því hlotizt.

71. gr.

Við hvert veitingahús eða almennt samkomuhús skal eigandinn láta gera náðhús og salerni, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður og húseigandi sjá um, að því sé allt af haldið vel hreinu.

103
28. okt.

X. KAFLI.

Um almennt hreinlæti og þrifnað o. s. frv.

72. gr.

Á almannafæri má enginn fleygja hræum, rusli eða óhreinindum. Í ræsi má eigi kasta neinu því, er stíflað getur vatnsrásina.

Sorpi, slori, ösku eða öðrum óhreinindum má eigi kasta í fjöruna, og eigi má heldur skilja þar eftir neitt það er valdið getur óþrifnaði eða óheilnæmi.

Stampa, opnar tunnur eða föt með lifur, grút eða áburði má eigi hafa á almannafæri, eða neitt það, sem ódaun leggur af eða er til óþrifnaðar í bænum.

73. gr.

Hey, þang lifur, kolasalla, mold eða þesskonar sem slæðist eða hrynur niður við flutning um almannafæri, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa upp samdægurs.

74. gr.

Áburður og annað slíkt, sem óþef leggur af, má aðeins flytja um götur bæjarins í lokuðum vögnum vel þéttum. Má eigi fylla þá svo, að neitt hrynji úr þeim meðan á flutningnum stendur.

75. gr.

Á húshliðar eða gafla, eða girðingar, sem vita að almannafæri, má eigi hengja eða festa á annan hátt neinskonar fiskföng né annað, sem óþrifnaður er af eða óþefur. Eigi má heldur hafa fisktrönur við almannafæri. Lifrarbræðslu eða aðra vinnu, sem óþrifnaði veldur eða óhollustu, má eigi hafa á öðrum stöðum en þeim, sem heilbrigðisnefnd ákveður.

76. gr.

Á tún, sem liggja að almannafæri, má ekki bera nokkurn þann áburð, sem megnan óþef leggur af.

77. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt, má eigi hafa annarsstaðar í bænum en þar sem heilbrigðisnefnd leyfir.

78. gr.

Skylt er húseiganda eða lóðareiganda að sjá um, að haldið sé hreinum portum og annari óbyggðri lóð kringum hús hans, eða óbyggðri lóð, þar á meðal rústum, sem liggja að götu.

Enginn má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns

eða orsaka að slíkt berist á lóðina. Hver, sem gerist sekur um slíkt, skal sæta sektum og flytja óhreinindin tafarlaust í burtu á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að aftra því, að óhreinindin berist af lóð hans á lóð annars manns. 103 28. okt.

79. gr.

Þar sem holræsi er komið í götu, skal húseiganda skylt að leggja holræsi frá húsi sínu út í göturæsið og skal leiða allt skólp frá því út í göturæsið. Húseigandi skal sjá um hreinsun á ræsum þeim, er ganga frá húsum út í göturæsið eða rennum þeim, er liggja kunna út í göturennu, og sjá um að afrennsli í þeim stíflist ekki.

80. gr.

Götur bæjarins og göturæsin skal hreinsa á bæjarins kostnað svo oft sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

XI. KAFLI.

Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði o. fl.

81. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Neskaupstað í Norðfirði, en skal, nema hitt sé beint fram tekið, því aðeins beitt utan verzlunarlóðarinnar að það þyki við eiga, eða því verði við komið.

82. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

83. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 14 ára drýgir, skort á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu.

84. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanræksla valdi tjóni. Kostnað við þetta og kostnað sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir, til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir bæjarsjóður, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

103
28. okt.

85. gr.

Allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykkt þessari, og eigi verður krafinn af einstökum mönnum, greiðir bæjarsjóður.

86. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Neskaupstún í Norðfirði frá 1. júní 1925.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. desember 1930.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. október 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Gissur Bergsteinsson.

104
30. okt.

BRÁÐABIRGÐAREGLUGERÐ

um

búfjártryggingar.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 28, 7. maí 1928, um búfjártryggingar, eru hérmeð settar eftirfarandi reglur:

I. KAFLI.

Almenn ákvæði. Virðing gripa til vátryggingar. Iðgjöld.

1. gr.

Heimilt er sveitar- og bæjarfélögum á Íslandi að stofna vátryggingarsjóði, með skylduábyrgð fyrir kýr, kynbótanaut, kynbótahesta og hrúta.

Verksvið sjóðanna fer eftir lögum nr. 28, 7. maí 1928 og reglugerð þessari.

Yfirstjórn þeirra mála, sem falla undir lög þessi og reglugerð, hefir atvinnumálaráðherra. Hann úrskurðar og ágreining, er rísa kann útaf málum þessum, nema um dómsmál sé að ræða.

2. gr. 104

Vátryggingarskylda hvílir á öllum eigendum þeirra gripa, sem taldir eru 30. okt.
í 1. gr., þegar samþykkt hefir verið á löglegan hátt að stofna tryggingarsjóð, sbr. 14. gr.

3. gr.

Nú er vátryggingarsjóður löglega stofnaður, og skal þá hlutaðeigandi sveitarstjórn eða bæjarstjórn tilkynna það hlutaðeigandi sýslumanni eða lögreglustjóra, svo að hann útnefni virðingarmenn fyrir sjóðinn, 2 eða fleiri, eftir því sem sveitarstjórn eða bæjarstjórn ákveður, og 1 varamann fyrir hverja 2 aðalvirðingarmenn, til þess að virða gripi til vátryggingar og skaðabóta samkvæmt reglugerð þessari.

Heimilt er þó stjórn sjóðsins að ákveða fyrir 1 ár í senn jafnaðarverð til skaðabóta, á öllum nautgripum í hreppnum, án þess að sérstakt mat fari fram. Má það verð ekki vera hærra en það, sem telja má sannvirði á meðal grip. Vilji vátryggjandi eigi hlíta því meðalverði, sem þannig er sett, getur hann á sinn kostnað látið hina tilnefndu virðingarmenn meta gripi sína, og vátryggt þá samkvæmt því mati.

Verði ágreiningur milli virðingarmanna og vátryggjanda, sker stjórn sjóðsins úr, en áfrýja má þeim úrskurði til atvinnumálaráðherra.

4. gr.

Allar virðingargerðir rita virðingarmenn inn í sérstaka bók, er ráðherra lætur gera og leggur til, en stjórn sjóðsins varðveitir, og sendir Búfjártryggingarsjóði Íslands afrit af öllum virðingargerðum og skaðabótavirðingum, á þar til gerð eyðublöð áður 3 mánuðir eru liðnir frá því virðing fór fram.

5. gr.

Allir þeir, sem eiga tryggingarskyldar kýr, eru skyldir til að halda fóður- og afurðaskýrslur fyrir þær, og leggjast skýrslurnar til grundvallar við virðingu gripanna, þó má virða þær í fyrsta sinn, án þess að fóður- og afurðaskýrslur séu fyrir hendi. Sama gildir og um fyrsta kálfs kvígur. Frjálsir eru þó virðingarmenn að, hve mikils þeir meta ástand gripanna, aldur, verðmæti til kynbóta og annað það, sem valdið getur verðmismun þeirra.

Nú styrkir Búnaðarfélag Íslands félag eða einstakan mann til kaups á kynbótagrip, og hefir eigandi hans rétt til að vátryggja hann því verði, er ráðunautur Búnaðarfélags Íslands virti hann til styrkveitingarinnar, þó hlutaðeigandi virðingarmenn meti hann lægra, en heimilt er þeim að lækka þetta verð, er gripurinn eldist.

Nú eflist gripurinn að þroska, eftir að hann var metinn af ráðunaut Búnaðarfélagsins, og reynist vel til kynbóta, og er þá virðingarmönnum heimilt að hækka virðinguna.

104 30. okt.

6. gr.

Aldrei má hafa í vátryggingu eldri gripi en hér segir: hrúta 6 vetra, kynbótanaut 12 vetra, kýr 15 vetra og stóðhesta 18 vetra, og miðast þessi takmörkun við 1. október, næst eftir að gripurinn náði aldurshámarkinu.

Lambhrúta má eigi taka í vátryggingu fyrr en liðnir eru 8 dagar frá bólusetningu. Svo getur og stjórn vátryggingarsjóðsins krafizt þess að vátryggðir hrútar skuli bólusettir veturgamlir og eldri, en ekki er heimilt að sjóðurinn bæti skaðann þó hrútar farist af bólusetningu, nema stjórn sjóðsins hafi fyrirfram viðurkennt þann, er bólusetur. Vátrygging á kynbótahestum nær til slysa af geldingu, þó því aðeins að dýralæknir eða annar maður, er stjórn sjóðsins hefir viðurkennt, geldi.

7. gr.

Virðingarmenn skulu virða vátryggingarskylda gripi á tímabilinu 1. okt. —1. des. ár hvert og gildir sú virðing fyrir næsta almanaksár. Auk þess virða þeir á öðrum tímum ársins, er með þarf, þá gripi, sem tryggðir kunna að verða yfir hluta af ári, sbr. 8. gr.

Kaup virðingarmanna skal vera 5% af iðgjöldum vátryggingarsjóðs til hvors.

Skylt er virðingarmönnum að neita um tryggingu á grip, ef þeir telja hann óhæfan til kynbóta sökum veikinda eða ekki svo hraustan, að rétt sé að setja hann á vetur.

8. gr.

Vátryggingarskyldir gripir tryggjast eitt reikningsár í senn. Skylt er og að tryggja gripi hluta af ári, ef þeir eru keyptir að á árinu eða verða tryggingarskyldir, sbr. 7. gr., og greiðist þá 1/8 af ársiðgjaldi fyrir hvern mánuð, þó aldrei hærra fyrir árshluta en fyrir heilt ár.

9. gr.

Iðgjöld til vátryggingarsjóðs ákveður atvinnumálaráðherra, og auglýsir með eigi minna en 3 mánaða fyrirvara. Heimilt er honum að breyta iðgjöldunum eftir því, sem reynslan segir að með þurfi.

10. gr.

Gjalddagi iðgjaldanna er 1. febr. ár hvert, og er gjaldið lögtakskræft, sbr. 15. gr.

Iðgjaldið hvílir á hinum vátryggðu gripum, og greiðist af eigendum þeirra. Eigandi telst í þessu sambandi, hver sá er vátryggingarskylda gripi hefir undir höndum, hvort sem þeir eru eign hans eða leigugripir, eða þeir eru í hans umsjá sem formanns í félagi, er gripina á eða hefir á leigu.

II. KAFLI. 104
30. okt.

Skaðabætur og greiðsla þeirra.

11. gr.

Vátryggingarsjóður bætir ⅘ hluta alls þess skaða, er eigendur eða afnotahafar vátryggðra gripa verða fyrir af hverskonar vanhöldum gripanna, ef ekki er um að kenna fóðurskorti, hirðuleysi eða handvömm hlutaðeigenda, þjóna þeirra eða nánustu erfingja, að áliti virðingarmanna sjóðsins.

Til vanhalda telst dauði gripa af hverskonar sjúkdómum og slysum, sbr. þó fyrstu málsgr. þessarar greinar, og bætir vátryggingarsjóður þá ⅘ hluta af mismun virðingarverðs og sláturverðs gripsins eftir mati virðingarmanna (ef hann ónýtist ekki). Þá bætast og vanheimtur, svo og ef vátryggður gripur kemur fram svo fjarri heimili sínu, að hann er seldur, og bætir þá vátryggingarsjóður ⅘ hluta af mismuninum á virðingarverði gripsins og þeim hluta söluverðsins sem eigandinn fær að frádregnum kostnaði.

Þá bætist og afnota- og afurðsmissir kúa, af neðantöldum kvillum, sem hér segir:

1. Doða, og hafi stjórn sjóðsins séð fyrir því að kostur væri á doðalækningum innan umdæmis tryggingarsjóðsins en lækning hafi verið reynd, ef þess var kostur, að áliti sjóðsstjórnar.
2. Júfurbólgu.
3. Ef járn stendur í grip.
4. Ef höfn leysist.
5. Veikindum um burð.
6. Verulegum slysum, sem valda sjúkdómum.

Afurðamissir fyrir ofangreinda sjúkdóma miðast við afurðir gripsins síðasta ár á undan, en tekið skal tillit til áhrifa af árferði. Ekki skal bæta afurðatap, sem eigi er metið meira en ⅕ af virðingarverði gripsins, en það sem þar er fram yfir bætist að fullu, þó aldrei hærri upphæð en greidd hefði verið í skaðabætur, ef gripurinn hefði farizt. Mjólkin skal virt því verði, sem hlutaðeigandi skattanefnd metur hana á þeim tíma.

Ef karldýr veikist eða slasast svo það verði frá notkun til undaneldis um nokkurn tíma, þá meta virðingarmenn skaðann til peningaverðs þannig, að þeir leggja verð á tolla þá, sem átti að greiða fyrir að nota gripinn, og áætla, að fengnum upplýsingum, hve margir tollar hafi tapazt, og bætist þessi skaði að ⅘ hlutum.

Nú er ungt karldýr vátryggt fyr en reynsla er fengin um frjósemi þess, en reynist svo ófrjótt, og skal það þá metast aftur til peningaverðs, og mismunur þess og vátryggingarverðsins bætast að ⅘ hlutum. Sama gildir og um kýr á vátryggingaraldri og karldýr, sem verða ófrjó.

104 30. okt.

12. gr.

Hvergi má vátryggja annarsstaðar þann ⅕ hluta af virðingarverði vátryggðra gripa, sem ekki er vátryggður samkvæmt fyrirmælum 11. gr. Brot gegn þessu ákvæði varða missi skaðabótaréttar og er eigi endurkræft iðgjald það, sem greitt hefir verið.

13. gr.

Nú deyr gripur af slysum eða veikindum heima, og skal þá eigandi hans eða umráðamaður tilkynna öðrum hvorum virðingarmannanna það strax, svo hann meti verðmæti sláturafurðanna til frádráttar virðingarverðinu. Þó er stjórn sjóðsins heimilt að taka gilda skýrslu eigandans eins, ef um hrút er að ræða en ekki stórgrip. Skal stjórn sjóðsins auglýsa öllum hreppsbúum í byrjun hvers árs, hvaða reglu hún fylgi um þetta.

Nú hverfur gripur úr heimahögum, og tilkynnir eigandi það hlutaðeigandi sjóðsstjórn, er honum þykir ólíklegt að gripurinn finnist, og færast skaðabætur fyrir gripinn sjóðnum til gjalda á því ári, er gripurinn hvarf. Komi gripurinn fram, eftir að hann hefir verið bættur, endurgreiði eigandinn skaðabæturnar, og hafa þær sama rétt til innheimtu og iðgjöld. Þó er sjóðnum skylt að greiða þann skaða, sem leiðir af hvarfi gripsins, að ⅘ hlutum.

III. KAFLI.

Vátryggingarsjóðir sveitar- og bæjarfélaga.

14. gr.

Húsráðendur í sveitum, þeir er atkvæðisrétt eiga í sveitarmálum, og eigendur vátryggingarskyldra gripa í bæjarfélögum og kauptúnum, sem eru hreppar út af fyrir sig, geta á lögmætum fundi stofnað vátryggingarsjóð, sbr. 7. gr. laganna.

15. gr.

Hreppsnefnd í hreppum og bæjarstjórn í kaupstöðum hefir með höndum alla stjórn og umsjón vátryggingarsjóðs, og setur fé hans á vöxtu á hentugum stað, með fullri tryggingu. Sama gildir um innheimtu iðgjalda til sjóðsins, svo og um skýrslugerð og reikningshald. Iðgjöld hafa sama lögtaksrétt og sveitarútsvör, og ber stjórnin ábyrgð á að iðgjöldin komist í vátryggingarsjóð á réttum gjalddaga.

Nú vill sveitar- eða bæjarstjórn ekki taka að sér stjórn og umsjón vátryggingarsjóðs eða innheimtu iðgjalda til sjóðsins, og er henni þá heimilt að skipa 3 menn í nefnd, til 6 ára hvern, af búfjáreigendum sveitar- eða bæjarfélagsins, til þess að hafa starf þetta á hendi. Þó þarf til þess samþykki atvinnu-

málaráðherra. Hefir stjórnarnefnd þessi þá sama rétt og skyldur gagnvart sjóðnum, sem sveitar- eða bæjarstjórn. 104 30. okt.

16. gr.

Reikningsár vátryggingarsjóðs er almanaksár.

Um endurskoðun og úrskurð reikninga sjóðsins gilda sömu reglur og um reikninga sveitar- eða bæjarsjóðs, og skulu reikningar ár hvert vera fullgerðir fyrir 15. janúar.

17. gr.

Sveitarsjóður í hreppum og bæjarsjóður í kaupstöðum ábyrgist allar þær skyldur og skuldbindingar, er hvíla á vátryggingarsjóði, og greiðir skaðabætur, ef vátryggingarsjóður hrekkur ekki til, en vátryggingarsjóður endurgreiðir slík lán svo fljótt sem því verður við komið. Skal þá, ef nauðsyn krefur, auka iðgjöldin svo, að skuldin verði greidd að fullu á næstu 10 árum af aukaiðgjöldum.

IV. KAFLI.

Búfjártryggingarsjóður Íslands og viðskipti hans við vátryggingarsjóðina.

18. gr.

Búfjártryggingarsjóður Íslands, sem stofnaður er samkv. 16. gr. laganna, skal endurtryggja vátryggingarsjóði sveitar- og bæjarfélaga eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir. Er öllum vátryggingarsjóðum sveitar- og bæjarfélaga, sem stofnaðir eru samkvæmt lögunum og reglugerð þessari, skylt að endurtryggja hjá Búfjártryggingarsjóði Íslands.

19. gr.

Vátryggingarsjóðir sveitar- og bæjarfélaga greiða ⅕ af iðgjöldum sínum í endurtryggingariðgjald til Búfjártryggingarsjóðs Íslands. Þá er virðingarmenn hafa fyrir 1. des. ár hvert samkv. 7. gr. lokið aðalvirðingu fyrir næsta almanaksár á vátryggingarskyldum gripum, skal stjórn hvers vátryggingarsjóðs fyrir 15. des. senda Búfjártryggingarsjóði Íslands skýrslu virðingarmanna um vátryggða gripi og verðmæti þeirra, og skal sú skýrsla vera sundurliðuð fyrir hvern einstakan búfjáreiganda, sem vátryggir í sjóðnum. Skýrslur um aðrar virðingar en þessa aðalvirðingu, sendir stjórn vátryggingarsjóðs jafnóðum til Búfjártryggingarsjóðs Íslands, eins og fyrir er mælt í 4. gr.

104 30. okt.

20. gr.

Búfjártryggingarsjóður Íslands bætir vátryggingarsjóði skaða þann, sem á umliðnu ári kann að hafa orðið á gripum þeim, sem vátryggðir eru í sjóðnum, umfram áætluð venjuleg vanhöld og skylt er að bæta. Venjuleg vanhöld teljast það, ef skaðabætur þær, sem vátryggingarsjóður greiðir (4/5 hlutar fullra skaðabóta) fyrir vanhöld á einu almanaksári nema 2/3 hlutum af öllum iðgjöldum sjóðsins tilheyrandi sama almanaksári. Ef 2/3 hlutar af öllu ársiðgjaldi vátryggingarsjóðs hrökkva ekki til að greiða hinn skaðabótaskylda hluta vanhaldanna, bætir þannig Búfjártryggingarsjóður Íslands það, sem á vantar. Miðast iðgjöld og skaðabætur hér við alla flokka vátryggðra gripa samanlagt.

Skýrslur um skaðabótavirðingar skal stjórn vátryggingarsjóðs senda Búfjártryggingarsjóði Íslands jafnóðum eins og fyrir er mælt í 4. gr.

21. gr.

Þá er stjórn vátryggingarsjóðs hefir lokið við ársreikning sjóðsins fyrir 15. jan. ár hvert, sbr. 16. gr., skal hún, eigi síðar en 20. jan., senda Búfjártryggingarsjóði Íslands viðskiptareikning, þar sem honum sé fært til tekna:

1. 1/5 hluti iðgjalda þeirra frá fyrra ári, sem við hafa bæzt síðan síðasti viðskiptareikningur var sendur.
2. 1/5 hluti ársiðgjaldsins fyrir hið nýbyrjaða ár af öllum gripum, sem í tryggingu voru um áramót.

Til skuldar færist á viðskiptareikninginn:

Hluti Búfjártryggingarsjóðs Íslands, ef nokkur er, af skaðabótaskyldum vanhöldum síðasta árs.

Þegar Búfjártryggingarsjóður Íslands hefir meðtekið viðskiptareikninginn, sendir hann vátryggingarsjóði athugasemdir sínar við hann, ef nokkrar eru, en annars viðurkenningu sína á honum, og er þá skuld samkvæmt reikningnum fallin í gjalddaga fyrir hvorn aðilja sem er.

Nú verða vanhöld svo mikil á einu ári í vátryggingarsjóði, að handbært fé sjóðsins hrekkur ekki til greiðslu á föllnum skaðabótum, og er þá Búfjártryggingarsjóði Íslands heimilt að leggja honum til nægilegt fé í bili til að greiða áfallnar skaðabætur, þó fyrir ofangreindan gjalddaga sé, sbr. þó 17. gr.

V. KAFLI.

Sektarákvæði.

22. gr.

Brot vátryggjanda og vanræksla á ákvæðum laganna og reglugerðar þessarar og á reglum þeim og skilyrðum sem þar eru sett, varðar eftir málavöxtum missi skaðabótaréttar eða sektum.

Eftirfarandi brot, auk þess, sem ræðir um í 12. gr., varða missi skaðabóta- 104
réttar: 30. okt.

1. Ef vátryggjandi brýtur ákvæði 6. gr. um bólusetningu á hrútum eða geldingu á stóðhestum.
2. Ef vátryggjandi vanrækir að leita lækninga við doða samkvæmt 11. gr.
3. Ef vátryggjandi að dómi sjóðsstjórnarinnar vanrækir að tilkynna virðingarmanni eða sjóðsstjórn áorðin vanhöld svo fljótt sem við verður komið og með þarf til þess að hægt sé að framkvæma rétt mat á vanhöldunum, eða að öðru leyti brýtur reglur þær héraðlútandi, sem sjóðsstjórnin setur samkv. 13. gr.

Önnur brot, svo sem ef vátryggjandi vanrækir að halda fyrirskipaðar fóður- og afurðaskýrslur, eða verður uppvís að því að hafa gefið rangar eða villandi skýrslur, varða sektum, 5—200 kr., sem renna í vátryggingarsjóð þann, sem brotið er við.

23. gr.

Með mál gegn brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. október 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT

105
30. okt.

um

breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða á Ísafirði.

Í stað orðanna „kl. 2 síðdegis“ í fyrri málsgrein 5. gr. komi: kl. 12 á hádegi. Í stað orðanna „til 2. dags janúarmánaðar“ í síðari málsgreininni komi: fram yfir þrettánda.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 74, 14. nóv. 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918 og lög nr. 12, 7. maí 1928, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. október 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

106
31. okt.

REGLUGERÐ

um

einkasölu á útvarpstækjum.

Samkvæmt II. kafla laga nr. 62, 16. maí 1930 um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi, er hér með sett eftirfarandi reglugerð.

1. gr.

Ríkisútvarpinu er falið að stofnsetja og hafa yfirumsjón með einkasölu á viðtækjum útvarps, varahlutum slíkra tækja og öðru efni, sem aðallega er notað í sambandi við þau, svo sem viðtækjalampar (receiving valves), afriðilslampar (rectifying valves), þéttar (radio condensers) og aðrir hlutir til deyfingar útvarpstruflana, spólur (radio coils, chokes), spennar (radio transformers), viðnám (radio resistances), rafgeymar (radio accumulators), rafvirki (radio batteries), netspennutæki (mains units), afriðlar (rectifiers), gjallarhorn (loud speakers), heyrnartól (radio headphones).

Undir einkasöluna falla og önnur tæki, þar sem viðtækjahlutar (lampar, spennar) eru notaðir, svo sem hljóðmagnarar, hvort sem þeir eru sérstakir eða sambyggðir hljóðfara (grammofon). Loftskeytaviðtæki og viðtæki fyrir myndaútvarp falla undir einkasöluna. Undanþegnar einkasölunni eru eftirtaldar vörur: Sendistöðvar, sem eru byggðar með sérstökum sendilömpum (stærri en viðtækjalampar) og öðru sendiefni, rafgeymar, sem eru stærri en svo að þeir verði yfirleitt notaðir í sambandi við viðtæki, svo sem samfastir 6 volta bílarafgeymar, rafgeymar fyrir rafmagnsljósastöðvar, 1½ volts rafhlöður fyrir síma, dyrabjöllur, rafmagnshljóðdósir, loftnetsvír, egg-einangrarar, inntök loftnetsskiptar og loftnetsvör. Hleðslutæki með afriðilslampa heyra ekki undir einkasöluna, ef þau eru stærri en svo að þau séu ætluð útvarpsrafgeymum.

Einkasala þessi nefnist: Viðtækjaverzlun ríkisins.

Um innflutning á þeim framantöldum einkasöluvörum, sem Landssíminn kann að þurfa til eigin nota, fer eftir samningi milli hans og Viðtækjaverzlunar ríkisins. Náist eigi samkomulag, sker ráðherra úr ágreiningi.

2. gr.

Atvinnumálaráðherra ræður framkvæmdastjóra einkasölunnar og ákveður laun hans, að fengnum tillögum útvarpsstjóra. Framkvæmdastjórinn sér um daglegan rekstur einkasölunnar, hefir á hendi fjárreiður hennar og reikningshald. Hann ræður aðra starfsmenn einkasölunnar og ákveður kaup

þeirra í samráði við útvarpsstjóra og að fengnu samþykki atvinnumálaráð- 106
herra. Hann sendir um hver áramót glögg reikningsskil einkasölunnar til skrif- 31. okt.
stofu útvarpsstjóra.

3. gr.

Reikningar einkasölunnar skulu endurskoðaðir af endurskoðendum útvarpsins.

4. gr.

Ríkissjóður leggur fram nægilegt fé til reksturs einkasölunni. Ágóði, sem verða kann á einkasölunni, rennur í ríkissjóð.

5. gr.

Einkasalan hefir hæfilegar vörubirgðir í Reykjavík. Hún gerir samninga við menn eða félög umhverfis landið, eins marga og þörf krefur, um að hafa á hendi sölu til einstaklinga ásamt uppsetningu viðtækja og viðgerðir þeirra, gegn sanngjarnri borgun, eftir nánari ákvæðum í samningi. Hún skal kosta fyllsta kapps um, að tryggja með samningi örugg skil af hálfu útsölumanna. Þóknun útsölumanna skal vera tiltekinn hundraðshluti af útsöluverði tækis eða tækishluta eftir nánari ákvæðum í samningi.

6. gr.

Framkvæmdastjóri einkasölunnar ákveður í samráði við útvarpsstjóra og verkfræðing útvarpsins, hvaða tegundir viðtækja einkasalan hefir á boðstólum á hverjum tíma og ákveður jafnframt hámarksverð þeirra. Einkasalan skal ávallt hafa fyrirliggjandi varahluta þeirra viðtækja, er hún hefir til sölu og mælir með.

7. gr.

Heimilt er hverjum landsmanni að panta hjá einkasölunni hvaða viðtæki, sem fáanlegt er á heimsmarkaðinum, svo og varahluta slíkra tækja, með hæfilegum fyrirvara.

8. gr.

Heimilt er einkasölunni að semja við tækjasala um kaup á þeim viðtækjum, er þeir hafa fyrirliggjandi, þegar einkasalan hefst. Forstjóri einkasölunnar ákveður verð tækjanna. Ennfremur er einkasölunni heimilt að kaupa hverskonar viðtæki, er hún telur góð og seljanleg, ef eigendur þeirra geta sannað, að þau séu þeirra eign, en ekki í umboðssölu. Ennfremur er einkasöl-

106 31. okt. unni heimilt að leyfa sölu á þegar innfluttum viðtækjum gegn ákveðinni greiðslu af verði hvers tækis eða tækishluta til Viðtækjaverzlunar ríkisins eftir þar um gerðum samningi.

9. gr.

Ágreining, sem kann að rísa út af reglugerð þessari, úrskurðar atvinnumálaráðherra. Þetta skerðir þó ekki rétt einstaklinga til að leita úrskurðar dómstólanna.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum 1. greinar þessarar reglugerðar varða sektum frá 200 til 20.000 kr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. október 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

107 1. nóv. **Bréf fjármálaráðuneytisins** til allra skattanefnda, **um framtal til tekju- og eignarskatts.**

Við athugun á framtölum til tekju- og eignarskatts úr nokkrum kaupstöðum og hreppum, hefir það komið í ljós, að eigi hefir gildandi lögum um tekju- og eignarskatt verið beitt sem skyldi, og að nokkurs ósamræmis gætir um framkvæmd þeirra. Er þetta mjög óheppilegt, þar sem borgarar ríkisins eiga rétt á að eitt sé látið yfir alla ganga í þessum efnum. Finnur ráðuneytið því ástæðu til að senda skattanefndum eftirfarandi athugasemdir og leiðbeiningar.

1. Í 33. gr. laga nr. 74, frá 1921, eru ákvæði um, að afla beri upplýsinga ef framtalsskýrslur þyki tortryggilegar eða áætla tekjur þeirra og eignir, sem svo er ástatt um, ef ekki fást fullnægjandi upplýsingar. Telji menn ekki fram, ber nefndum að áætla tekjur þeirra og eign „svo ríflega, að ekki sé hætt við, að upphæðin sé sett lægri en hún á að vera í raun réttri".

   Er afar áríðandi, að menn græði ekki á því að halda upplýsingum fyrir nefndum, og hinsvegar hægt að gera mönnum fyllilega rétt til með því að lækka skattinn eftir á samkvæmt kæru, ef henni fylgja nægar upplýsingar um, að skatturinn hafi verið of hátt settur (sbr. þó 44. gr.

skattalaga). Ákvæði 33. gr. um, að ef menn ekki telja fram skuli skattmat (þ. e. áætlun um skattskyldar tekjur og eignir) vera að minnsta kosti 10% hærra en skattmat næsta árs á undan, ber vitanlega að skoða sem lágmarksákvæði um matið, eins og einnig er sagt berum orðum í greininni. Væri einnig ómögulegt að hafa slík föst ákvæði um þetta efni, þar sem tekjur margra hér á landi eru mjög misjafnar frá ári til árs, og mundu menn þá sjá sér leik á borði með að telja ekki fram í góðum árum. Mun heldur ekki frítt við, að það hafi verið gert, þar sem skattayfirvöld hafa bundið sig um of við lágmarksákvæði 33. gr. **107** 1. nóv.

2. Ríkt ber skattanefndum að ganga eftir því, að nægileg gögn og upplýsingar fylgi framtalsskýrslum, svo sem efnahags- og rekstursreikningar frá þeim, sem bókhaldsskyldir eru (sbr. 33. gr. skattareglugerðar), og finnist nefndum eitthvað ábótavant í reikningum þessum eða ef um margbrotna reikningsfærslu er að ræða, er rétt að nefndir fái að athuga bókhald gjaldþegns eða þeir menn, sem þær kunna að setja fyrir sig til þess (sbr. 31. gr. skattalaga).
3. Nefndum ber að notfæra sér ákvæði 32. gr. skattalaganna um upplýsingarskyldu, til þess að fá upplýsingar um laun manna, hlutabréfa- og skuldabréfaeignir, bankaeignir o. s .frv.

   Ennfremur ber nefndum, a. m. k. með nokkurra ára millibili, að fá upplýsingar um hverjum menn skulda skuldir þær, er fram eru taldar, til þess að af því fáist upplýsingar um skuldareigendur.
4. Verði nefndir við öflun upplýsinga, varar við, að menn úr öðrum hreppum eða kaupstöðum eigi verulegar eignir eða hafi haft tekjur svo um muni í þeirra umdæmi, ber þeim að tilkynna það hlutaðeigandi skattayfirvöldum, þar sem slíkt getur orðið nefndum til léttis í starfinu og gefið öryggi fyrir réttlátum skattaálögum.

   Skattanefndir skulu endurskoða með nákvæmni framtöl manna og styðjast við upplýsingar þær, sem þær geta aflað sér samkvæmt framanrituðu og öðrum þeim úrræðum, sem skattalög og reglugerð gera ráð fyrir. Ennfremur skal bent á að bera ætíð saman efnahag manns frá ári til árs og athuga hvort breytingar á nettóeignum manna svara til tekjuframtals þeirra, með tilliti til sennilegrar eyðslu. Ef ósamræmi er í þessu, verða nefndirnar að fá á því fullnægjandi skýringar eða áætla mönnum tekjur eða eignir að öðrum kosti (sbr. framanritað og 33. gr. skattalaga).
5. Skattanefndir gangi strangt eftir að skýrslur séu gefnar um fjármuni dánarbúa sbr. 45. gr. skattalaga. Ennfremur er þeim rétt að fá upplýsingar um fjármuni ómyndugra úr yfirfjárráðaskýrslum umdæmanna hjá sýslumönnum og bæjarfógetum.
6. Gæta skulu nefndir þess, að útlendingar sleppi ekki við að greiða skatt af skattskyldum eignum sínum og tekjum hér á landi. Er töluverð hætta á að svo verði, þar sem skattþegnar þessir koma ekki fram í manntölum og munu trassa oft að telja fram, en þó nokkur brögð munu að eignum

107 1. nóv.

og tekjum þeirra hér á landi, einkum í hlutafélögum (sbr. 2. og 33. gr. skattareglugerðar).

7. Skattanefndum ber að áætla leigu manna í eigin húsum svo sem húsaleiga er á hverjum stað, en eigi svo lágt að húseigendur fái frádrátt á öðrum tekjum sínum vegna taps á rekstri húsa, er þeir nota að einhverju eða öllu leyti sjálfir. Ganga skal ríkt eftir, að ef einhver telur til frádráttar leigu til atvinnureksturs í eigin húsi, þá færi hann leigu þessa einnig til tekna.
8. Stranglega skal þess gætt, að fylgja ákvæðum 11. gr. III. 2 a og b skattareglugerðar um skattskyldan ágóða af eignasölu.
9. Gæta skal vandlega, að afborganir skulda séu eigi taldar til frádráttar með vöxtum eða undir öðrum liðum, að húsaleiga og mannahald, sem talið er til frádráttar sé raunverulegur kostnaður við atvinnurekstur en ekki við heimilishald gjaldþegns. Einkum skal veita þessu athygli hjá þeim, sem láta fólk sitt ýmist vinna að framleiðslu og atvinnurekstri og við heimilisstörf. Verður þá að meta hve mikið af kostnaðinum við mannahaldið er við rekstur atvinnunnar (öflun teknanna) og hve mikið við önnur störf.
10. Athuga skulu skattanefndir fyrirmæli 14. gr. skattareglugerðar um frádrátt iðgjalda af ólögboðinni persónutryggingu.
11. Gæta ber þess, að jarðabætur séu taldar til tekna, þar eð kostnaður við þær er talinn til útgjalda í mannakaupi o. fl. og ennfremur að vörur teknar frá rekstri búa (mjólk, kjöt o.s.frv.), verzlana eða iðnaðar, til heimilisnota, séu einnig taldar til tekna. Einnig ber að telja jarðabótastyrk tekjur. Sé landsskuld af eigin býli talin til tekna sé sama upphæð talin einnig til frádráttar. Þó sé bændum sem öðrum talin til tekna áætluð leiga eftir það húsnæði, sem þeir nota til íbúðar sér og fjölskyldu sinni og þá vitanlega án samsvarandi frádráttar, en með landsskuld af eigin býlum er auðvitað sama máli að gegna og metna *leigu til atvinnureksturs* í eigin húsi.

    Vel sé þess gætt, að rétt sé talið fram verð þeirra afurða, sem búin gefa af sér, og ennfremur að fram sé talið hið raunverulega mjólkurmagn búanna, en ekki bundið við það, sem nefnt er í 19. gr. skattareglugerðar, enda eru þau ummæli aðeins sett til leiðbeiningar.
12. Ekki er skattþegnum leyfilegt að draga frá tekjum sínum námskostnað barna sinna eða annara, er þeir kunna að kosta til náms.
13. Þess skal gætt að meta skattþegnum til tekna vinnu þá, er þeir kunna sjálfir að leggja fram til þess að afla sér nýrra eigna t. d. við smíði bygginga, báta o. s. frv. Séu hlutir þessir seldir þegar í stað þarf ekki að meta vinnu þessa, þar sem hún kemur til tekna í því, að gróðinn af sölunni verður hærri en orðið hefði ef öll vinna við hlutinn væri aðkeypt.
14. Gæta skulu skattanefndir þess, að eigi sé fyrning talin of há. Athuga skal reglugerðarleiðbeiningarnar um þetta efni. Sérstaklega skulu nefnd-

irnar fylgjast með ár frá ári, hve mikið menn hafa reiknað sem fyrningu á eignum sínum (svo sem skipum, bátum, vélum, áhöldum o. s. frv.) samtals og gæta þess vandlega, að niðurfærsla vegna fyrningar svari til þess, að hlutirnir rýrast í verði vegna notkunar, og að aldrei sé hlutur afskrifaður (fyrntur) að fullu nema hann sé með öllu ónýtur. **107** 1. nóv.

Fyrning sé miðuð við kostnaðarverð sé ekki öðruvísi fyrir mælt í skattareglugerð.

15. Gæta skal þess að ekki sé talinn til frádráttar kostnaður við framfærslu heimilis. Er einkum að gæta þess hjá þeim, sem hafa atvinnurekstur og kostnað vegna hans til frádráttar.

Ennfremur skal þess gætt, að meðal kostnaðar við atvinnurekstur séu ekki talin laun atvinnurekandans sjálfs eða konu hans, nema tilsvarandi upphæð sé færð til tekna á framtalinu.

Sama gildir um vexti af eigin fé, sem kann að vera bundið í atvinnurekstrinum.

16. Um fyrirtæki, sem safna eigin sjóðum, skal sérstaklega athugað, að þau ekki færi til frádráttar vexti af sjóðum þessum, og ennfremur að hlutafélög dragi ekki frá tekjum sínum það, sem þau úthluta af arði til hluthafa eða stjórnenda (Tantiéme).

Vandlega sé þess gætt, ef hlutafélög safna varasjóðum, og fá þar af leiðandi skattfrelsi af ⅓ hluta varasjóðstillagsins, og sjóðurinn síðar notaður til úthlutunar til hluthafa eða annars, sem ekki samsvarar tilgangi hans, að þá reiknist til skattskyldra tekna félagsins ½ þess, sem úr sjóðnum var tekið í því skyni (sbr. lög nr. 7 frá 16. maí 1925).

Ennfremur að þær upphæðir, sem félögin kveðast ætla að leggja í varasjóð, séu raunverulega færðar þangað.

108
15. nóv.

BÚFJÁRTRYGGINGAR

Samkvæmt lögum nr. 28, 7. maí 1928, um búfjártryggingar, hefir ráðuneytið mælt svo fyrir, að frá 1. janúar 1931 og þangað til öðruvísi verður ákveðið, skuli ársiðgjöld, fyrir hverja búfjártegund, vera sá hundraðshluti af virðingarverði gripanna sem hér segir:

Fyrir kýr	1½	af	hundraði
— naut	½	—	—
— stóðhesta	¾	—	—
— hrúta	9	—	—

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. nóvember 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

109
17. nóv.

SAMÞYKKT

um

meðferð búpenings o. fl. í kauptúninu Höfn í Hornafirði í Austur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Allir sem alifugla (svo sem endur og hænsni) hafa í Hafnarkauptúni, eru skyldir til að hafa þá í öruggri girðingu eða annari vörzlu á tímabilinu 1. maí til 20. sept. ár hvert, svo að þeir ekki valdi tjóni á matjurta- eða blómgörðum, trjáreitum, túnum eða öðru ræktuðu landi.

2. gr.

Sauðfé og geitfé má aldrei ganga gæzlulaust eða óhindrað í kauptúninu, og er eigendum þess óheimilt að hafa það á landi innan verzlunarlóðarinnar á tímabilinu 1. maí til 31. október ár hvert, nema í fullkomlega öruggri girðingu sé, enda bæti þeir að fullu allt tjón, sem það kann að valda á matjurta- og blómreitum, túnum og trjáreitum, eða öðru landi sem það kemst á fyrir hirðuleysi eiganda.

3. gr. 109
Hross mega ekki ganga laus í kauptúninu á neinum tíma árs. 17. nóv.

4. gr.
Brot gegn ákvæðum þessarar samþykktar varða sektum frá 2—200 krónum, er renna í sveitarsjóð Nesjahrepps.

5. gr.
Mál sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem er samin og samþykkt samkvæmt lögum nr. 32, 4. júní 1924, er hérmeð staðfest til að öðlast gildi 1. desember 1930.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. nóvember 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Gissur Bergsteinsson.

AUGLÝSING 110
19. nóv.

um bann við umferð bifreiða.

Samkvæmt 51. gr. vegalaganna nr. 41, 4. júní 1924, er heimilt að banna umferð um vegi þann tíma árs, sem hættast er við skemmdum á vegunum. Vegna þeirrar nauðsynjar, sem teljast verður á því, að vernda vegina fyrir umferð, sem getur valdið skemmdum á þeim, sem ef til vill gera vegina lítt færa marga daga, hefir ráðuneytið ákveðið, að slíkt bann megi einstaka daga eða nokkra daga í einu á tímabilinu 1. janúar 1931 til 10. júní leggja við bifreiðaumferð um eftirtalda vegi:

I. Þjóðvegir: Skeiðavegur, Þingvallavegur nýi frá Bugðu til Þingvalla, Grímsnes- og Biskupstungnabraut. Landvegur, Borgarfjarðarbraut frá vegamótum frá Haugum að Kláffossi, Hvítárbraut frá Ferjukoti að Götuás, Stykkishólmsvegur frá vegamótum hjá Borgarnesi til Stykkishólms, um alla Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu, Vaðlaheiðarvegur frá Eyrarlandi upp í Steinsskarð, um Norður- og Suður-Þingeyjarsýslu og um Norður- og Suður-Múlasýslu, um Nes í Hornafirði og um Mýrdal í Vestur-Skaftafellssýslu.

110 19. nóv.

II. Sýsluvegir: Um Borgarfjarðarsýslu og Austur-Húnavatnssýslu.

Heimilast vegamálastjóra, að fengnum upplýsingum frá áreiðanlegum mönnum í héraði, þegar talið er að vegurinn liggi mjög undir skemmdum vegna bleytu eða holklaka, að auglýsa bann við bifreiðaumferð um vegina og að setja nánari ákvæði um framkvæmd bannsins.

Bann þetta nær þó ekki til bifreiðaumferðar til læknisvitjunar.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. nóvember 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

111 22. nóv.

REGLUGERÐ

um

skipulag og rekstur útvarps.

Samkvæmt lögum nr. 62, 19. maí 1930 um heimild handa ríkisstjórninni til ríkissrekstrar á útvarpi eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Útvarpsstöðin á Vatnsendahæð ásamt öllu, sem henni fylgir, nefnist einu nafni: *Útvarpsstöð Íslands í Reykjavík.*

2. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar fimm manna útvarpsráð til tveggja ára. Ráðherra velur formann þess, einn skal tilnefndur af Háskóla Íslands, einn af prestastefnu þjóðkirkjunnar, einn af fræðslumálanefnd, en hinn fimmti skal valinn meðal þriggja manna, er félag útvarpsnotenda tilnefnir, enda séu þá í því félagi fjórði hver þeirra manna, sem útvarpsnotendur eru taldir og greitt hafa lögmæt gjöld eftir lögum þessum; ella velur ráðherra einnig hinn fimmta mann í útvarpsráðið.

Skipun útvarpsráðs skal miða við 1. júlí.

Útvarpsráðið hefir yfirstjórn hinnar menningarlegu starfsemi útvarpsins og ræður útvarpsefni í samráði við útvarpsstjóra. Útvarpsráðið skiptir með sér verkum, eftir því sem hentast þykir.

Útvarpsráðið heldur fundi svo oft, sem þurfa þykir. Skal það hafa fastan fundartíma að minnsta kosti einu sinni í viku og ákveða tiltekinn dag

og stund fyrir tímabil, sem svari að minnsta kosti vetri eða sumri í senn. Formaður útvarpsráðsins stjórnar fundum. Útvarpsstjóri á sæti á fundum útvarpsráðs og tekur þátt í dagskrárvinnu. Eigi hefir útvarpsstjóri atkvæðisrétt um dagskrá. Útvarpsstjóri getur krafizt þess, að um þær ákvarðanir, er mjög snerta fjárhag fyrirtækisins, verði leitað samþykkis atvinnumálaráðherra. Verkfræðingur útvarpsins skal jafnan kvaddur til ráða, ef ákvarðanir útvarpsráðs snerta eða geta snert verkfræðileg atriði. 111 22. nóv.

Útvarpsráðið skal eigi síðar en 1. september ár hvert hafa gert aðaláætlun um útvarpsefni fyrir næstkomandi útvarpsár, en dagskrárár útvarpsins skal miða við 1. október. Skal það verða til leiðbeiningar við samningu dagskrárinnar, en þó háð þeim breytingum, er nauðsynlegar reynast, að dómi útvarpsráðs.

Tillögur útvarpsráðs um útvarpsefni, fyrir hverja viku, skulu gerðar og afhentar útvarpsstjóra eigi síðar en á mánudag í annari viku á undan. Útvarpsstjóri gerir síðan uppkast að dagskránni samkvæmt tillögunum. Skal útvarpsráðið leggja fullnaðarsamþykki á dagskrána ekki síðar en á fimmtudag næstan á eftir. Dagskrána skal birta í blöðum og á annan hátt, sem bezt þykir henta. Verði ágreiningur um dagskrárefni, ræður afl atkvæða. Skulu atkvæði greidd með nafnakalli, ef einhver í útvarpsráðinu óskar þess. Skal þá ágreiningsefnið svo og atkvæðagreiðsla ávallt bókað í gerðabók útvarpsráðs.

Útvarpsstjóri getur kvatt útvarpsráð saman á fund, ef nauðsyn ber til, vegna forfalla þeirra, er framkvæma eiga útvarpsdagskrá, eða annara ófyrirsjáanlegra atvika. Ennfremur hefir útvarpsstjóri heimild til þess að breyta dagskrá, ef ástæður banna að náð verði til útvarpsráðs.

Þeir, sem sæti eiga í útvarpsráði, fá þóknun fyrir störf sín, sem atvinnumálaráðherra ákveður.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar útvarpsstjóra með fullum árslaunum, að fengnum tillögum útvarpsráðs. Skal honum falið að annast allt, er lýtur að umsjón og rekstri útvarpsins, og hafa á hendi allar fjárreiður þess og reikningshald.

Útvarpsstjóri hefir á hendi yfirumsjón með öllum daglegum rekstri útvarpsins. Hann annast reikningshald þess og fjárreiður, sér um samningu spjaldskrár yfir alla útvarpsnotendur í landinu og innheimtu árgjalda. Hann annast um bréfaskriftir útvarpsins og kemur fram sem málsvari þess um allt það, er lýtur að fjárhag þess og framkvæmdastjórn.

Útvarpsstjóri er framkvæmdastjóri útvarpsráðs. Hann framkvæmir ályktanir þess, birtir tilkynningar og auglýsingar samkvæmt fyrirmælum þess og bókunum í gerðabók. Hann annast um vélritun á bréfum útvarpsráðs og afgreiðslu þeirra að öðru leyti og heldur í röð og reglu öllum skjölum viðvíkjandi störfum útvarpsráðsins.

111 22. nóv. Atvinnumálaráðherra skipar starfsmenn við útvarpsstöðina, eftir því sem þörf krefur og ákveður laun þeirra.

Útvarpsstjóri gerir tillögur til atvinnumálaráðherra um starfsmenn við útvarpið og um laun þeirra. Þeir fastir starfsmenn, er að dagskrá vinna, skulu valdir samkvæmt tillögum þeirra manna í útvarpsráði, er hafa sérstaka umsjón með þeim liðum dagskrárinnar, sem starfsmönnum er ætlað að vinna að. Þó hefir útvarpsstjóri, sem eftirlitsmaður um daglegar framkvæmdir, óskoraðan tillögurétt um val fréttamanns og þuls.

4. gr.

Til þess að standa straum af rekstri útvarpsins skal greiða til þess árlegt afnotagjald af hverju útvarpstæki í landinu. Atvinnumálaráðherra ákveður afnotagjaldið um eitt ár í senn, að fengnum tillögum útvarpsráðs og útvarpsstjóra. Gjalddagi er 1. júlí. Sé árgjaldið ekki greitt innan ákveðins tíma, má innheimta það með lögtaki. Heimilt er atvinnumálaráðherra að fela pósthúsum og póstafgreiðslum landsins að annast innheimtu á ársgjöldum útvarpsnotenda samkvæmt nánari fyrirmælum, er sett verða um innheimtu gjaldanna.

Útvarpsstjóri semur í tæka tíð ár hvert fjárhagsáætlun um rekstur útvarpsins, og skal hún send atvinnumálaráðuneytinu til samþykkis.

5. gr.

Útvarpsráðið skal, í samráði við útvarpsstjóra, semja gjaldskrá um greiðslur fyrir útvarpsefni, og skal eftir henni farið, að svo miklu leyti sem hægt er. Atvinnumálaráðherra staðfestir gjaldskrána, og skal hún endurskoðuð svo oft sem ástæða þykir til.

6. gr.

Eftir að útvarpið er tekið til starfa, má enginn nota viðtæki fyrir útvarp, nema tilkynnt sé útvarpsstjórninni og lögboðið gjald greitt af tækinu.

Atvinnumálaráðuneytið setur nánari fyrirmæli um almenn not útvarpsins og skyldur útvarpsnotenda. Skulu þær reglur prentaðar á kvittun þá, er útvarpsnotendur fá við greiðslu árgjaldsins. Hvert það útvarpstæki, sem ekki hefir verið tilkynnt útvarpsstjórn, skal upptækt vera, og rennur andvirðið til útvarpsins.

7. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar tvo endurskoðendur til þess að endurskoða reikninga útvarpsins og ákveður þóknun þeirra.

8. gr. 111

Ágreining, sem rísa kann út af reglugerð þessari, úrskurðar atvinnu- 22. nóv.
málaráðherra. Þetta skerðir þó ekki rétt einstaklinga til að leita úrskurðar dómstólanna.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. nóvember 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT 112

2. des.

um

stjórn málefna Vestmannaeyjakaupstaðar.

I. KAFLI.

Um stjórn og framkvæmdir á málefnum kaupstaðarins.

1. gr.

Bæjarstjórn kaupstaðarins er skipuð 9 fulltrúum, auk bæjarstjóra, og 9 varafulltrúum, er taka sæti aðalfulltrúanna eftir reglum, er atvinnumálaráðnuneytið setur.

Forseta og varaforseta kýs bæjarstjórn sér úr flokki bæjarfulltrúanna.

2. gr.

Sérstökum málefnum kaupstaðarins stjórna og hafa með höndum fastar nefndir, er bæjarstjórn kýs. Þessar nefndir eru:

1. Fjárhagsnefnd.
2. Fátækranefnd.
3. Byggingarnefnd.
4. Hafnarnefnd.
5. Rafmagnsnefnd.
6. Vatnsnefnd.
7. Veganefnd.
8. Skólanefnd.
9. Heilbrigðisnefnd.
10. Brunamálnefnd.

112 2. des.

11. Fjallskilanefnd.
12. Allsherjarnefnd.
13. Niðurjöfnunarnefnd.
14. Sjúkrahúsnefnd.

Auk þess kýs bæjarstjórn 1 mann í undirskattanefnd og 1 til vara, og 1 mann til þess að semja verðlagsskrá, og skipar 3 menn í stjórn bókasafns Vestmannaeyjakaupstaðar, 3 menn í stjórn styrktarsjóðs handa ekkjum og börnum Vestmanneyinga, þeirra, er drukkna eða hrapa til bana og 1 til vara og tvo sjómenn til aðstoðar við úthlutun úr sjóðnum, og 2 menn í stjórn styrktarsjóðs handa aldurhnignum og heilsubiluðum sjómönnum í Vestmannaeyjum.

Fastanefndir skulu kosnar árlega á fyrsta fundi bæjarstjórnar eftir áramót. Kosning skólanefndar gildir þó um 3 ár.

Ennfremur kýs bæjarstjórn bæjarstjóra. Skal hann kosinn eftir hverjar almennar bæjarstjórnarkosningar, og er kjörtími hans hinn sami og bæjarfulltrúa. Endurkjósa má bæjarstjóra, og setur bæjarstjórn með samþykkt, staðfestri af atvinnumálaráðuneytinu, ákvæði um starfssvið hans, laun og skrifstofufé. Kosning bæjarstjóra skal vera leynileg.

Verði sæti nefndarmanns autt eða fái hann þau forföll, að hann geti eigi gegnt starfi sínu, tekur varafulltrúi sæti hans, og gilda um það sömu reglur og um setu vara-fulltrúa í bæjarstjórn í stað bæjarfulltrúa.

Bæjarstjórn getur, með þeim undantekningum, sem leiða af ákvæðum í lögum og reglugerðum, um starf fastra nefnda, tekið sérhvert mál til meðferðar og úrskurðar, þótt falið hafi verið fastri nefnd, og er það þá gengið undan þeirri nefnd.

Bæjarstjórn getur og skipað sérstakar nefndir í einstök mál, þegar svo þykir henta, eða falið einhverjum fulltrúa framkvæmd þeirra. Allar nefndir skulu kjósa sér formann á fyrsta fundi sínum. Fastanefndir allar skulu halda gerðabók og skrá þar fundargerðir.

3. gr.

Fjárhagsnefnd er skipuð 3 bæjarfulltrúum. Hún hefir umsjá með fjárhag kaupstaðarins, býr undir áætlun um tekjur og gjöld kaupstaðarins, semur árlega skýrslu um eignir og skuldir kaupstaðarins, hefir eftirlit með því að bæjargjaldkeri riti rétt og reglulega bækur sínar, heimti tekjur kaupstaðarins á réttum tíma, setji handbært fé hans á vöxtu og yfirleitt að hann hegði sér eftir erindisbréfi sínu.

Nefndin skipar fyrir um hversu bækur gjaldkera eða annara, er kunna að hafa umráð yfir fé kaupstaðarins, skuli lagaðar, nema öðru vísi sé fyrir mælt. Hún leiðbeinir þeim, er hlut eiga að máli, lítur eftir fjárbirgðum þeim, er þeir hafa undir höndum og gætir þess, að reglum þeim sé hlýtt, sem um fjárhagsmálefni eru settar.

4. gr.

Fátækranefnd skipa 4 bæjarfulltrúar. Nefndin hefir á hendi stjórn allra fátækramálefna, sér um með öllum þurfamönnum, semur um meðlög ómaga, ráðstafar fé til þurfamanna og öðrum útgjöldum til fátækra, og annast greftrun þeirra og lögflutning. Til aðstoðar nefndinni kýs bæjarstjórn fátækrafulltrúa, sem launaður er af bæjarsjóði, og ber honum að aðstoða nefndina í öllum greinum, hafa sérstaka umsjón með þurfamönnum, nákvæmar gætur á högum þeirra, ástæðum og háttalagi og stuðla að því, að þeir noti efni sín með forsjá og sparnaði, leiti sér atvinnu og allra bjargráða eftir megni. Styrkbeiðni þurfamanns verður að jafnaði ekki tekin til greina, nema fátækrafulltrúi styðji hana og má ávísa honum styrkinn til ráðstöfunar, ef ástæða þykir til. Fátækrafulltrúi skal koma á fundi fátækranefndar, þegar þessi er óskað, en ekki hefir hann atkvæðisrétt, nema því að eins, að hann sé nefndarmaður. 2. des.

5. gr.

Byggingarnefnd er skipuð 5 mönnum. Skulu tveir þeirra kosnir utan bæjarstjórnar. Nefndin annast byggingarmálefni kaupstaðarins samkvæmt því, sem fyrir er mælt í byggingarlögum og byggingarsamþykkt kaupstaðarins.

6. gr.

Hafnarnefnd skipa 5 menn, 3 úr flokki bæjarstjórnar, og 2 utan bæjarstjórnar, annar úr tölu kaupmanna, en hinn úr tölu sjómanna. Skulu þeir kosnir hvor í sínu lagi.

Nefndin hefir á hendi framkvæmd hafnarmála og hefir eftirlit með höfninni samkvæmt lögum og hafnarreglugerð kaupstaðarins.

Hún hefir eftirlit með því, að tekjur hafnarsjóðs sé innheimtar, gerir áætlun um tekjur og gjöld hafnarsjóðs og semur árlega efnahagsreikning hans.

Bæjarstjóri hefir á hendi reikningshald og innheimtu fyrir hafnarsjóð eftir reglum, er bæjarstjórn setur honum.

7. gr.

Rafmagnsnefnd skipa 3 menn, 2 bæjarfulltrúar og 1 utan bæjarstjórnar. Hún sér um rafstöð kaupstaðarins samkvæmt lögum og reglugerðum um það efni. Rafstöðvarstjóri er ráðunautur nefndarinnar um öll störf hennar, og mætir á öllum fundum nefndarinnar, en hefir þar ekki atkvæðisrétt. Nefndin skal árlega semja áætlun um tekjur og gjöld rafstöðvar og gera efnahagsreikning hennar.

Bæjargjaldkeri skal vera gjaldkeri rafstöðvar.

112
2. des.

8. gr.

Vatnsnefnd er skipuð 3 bæjarfulltrúum. Nefndin hefir á hendi alla umsjón með vatnsbólum, og undirbýr vatnsveitu kaupstaðarins, og sér um starfrækslu hennar, er hún hefir verið byggð.

9. gr.

Veganefnd er skipuð 5 bæjarfulltrúum. Nefndin hefir á hendi alla umsjón með og framkvæmdir á vegagerðum, endurbótum vega og hirðingu, holræsum og rennum, allt eftir fyrirlagi bæjarstjórnar.

10. gr.

Í skólanefnd kýs bæjarstjórn 4 menn til 3 ára. Nefndin annast öll fræðslumál kaupstaðarins samkvæmt lögum um fræðslu barna og reglugerðum um skólamál, er kennslumálastjórnin setur. Hún hefir eftirlit með kennslunni í barnaskóla kaupstaðarins, og öllu því, er barnaskólann varðar. Hún hefir umsjón með barnaskólabyggingu kaupstaðarins, ásamt skólastjóra.

11. gr.

Heilbrigðisnefnd skal sjá um að heilbrigðissamþykkt kaupstaðarins sé hlýtt. Bæjarfógeti er formaður hennar og í henni eiga auk þess sæti héraðslæknir og einn bæjarfulltrúi, kosinn til sama tíma og fastar nefndir bæjarstjórnar. Heilbrigðisfulltrúi aðstoðar nefndina við framkvæmd ákvæða heilbrigðissamþykktarinnar, og hefir daglegt eftirlit með hreinlætis- og heilbrigðismálefnum kaupstaðarins.

Hann situr fundi heilbrigðisnefndar, en hefir þó aðeins tillögurétt í þeim málum, er nefndina varða.

12. gr.

Brunamálanefnd skipa 4 bæjarfulltrúar. Hún skal sjá um framkvæmd á reglum þeim, sem settar eru í lögum og reglugerðum um brunamál og slökkvilið kaupstaðarins, og fullnægja öllum þeim skyldum, sem henni eru lagðar á herðar.

Slökkviliðsstjóri situr fundi nefndarinnar, og hefir ásamt nefndinni alla umsjón með verkfærum og dælum til brunavarna, er kaupstaðurinn á.

13. gr.

Fjallskilanefnd skipa 3 menn, einn bæjarfulltrúi og 2 utan bæjarstjórnar. Hún hefir umsjón með fjallskilum kaupstaðarins og öðru, er að því lýtur samkvæmt fjallskilareglugerðinni.

Hún hefir með höndum nautahald kaupstaðarins samkvæmt reglugerð um það efni og fyrirlagi bæjarstjórnar.

14. gr. 112

Niðurjöfnunarnefnd skipa 4 menn, auk formanns undirskattanefndar, 2. des.
kosnir af bæjarstjórn, hlutbundinni kosningu í nóvembermánuði ár hvert.

Niðurjöfnun skal eigi lokið síðar enn í lok marzmánaðar ár hvert. Nefndinni ber að fylgja í öllu lögum og reglugerðum, er að þessu efni lúta.

15. gr.

Allsherjarnefnd skipa 3 bæjarfulltrúar. Hún hefir með höndum öll þau mál, er ekki heyra sérstaklega undir aðrar fastanefndir bæjarstjórnar.

16. gr.

Sjúkrahússnefnd skipa 5 menn, auk sjúkrahússlæknis, sem er ráðunautur hennar. Bæjarstjórn kýs sjúkrahússnefnd um leið og aðrar fastanefndir bæjarstjórnar. Hún hefir eftirlit með rekstri sjúkrahúss kaupstaðarins, og sér um framkvæmd reglugerðar sjúkrahússins og laga, er það varða. Ráðsmaður sjúkrahússins skal mæta á fundum nefndarinnar, ef þess er óskað, en ekki hefir hann þó atkvæðisrétt á fundum nefndarinnar, fremur en sjúkrahússlæknir.

17. gr.

Allar fastanefndir bæjarstjórnar og nefndir, er hún setur í einstök mál, skulu leggja gerðir sínar fyrir bæjarstjórn til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

18. gr.

Alla reikninga til bæjarsjóðs og rafstöðvar skal senda bæjarstjóra. Rannsakar hann þá, sér um að þeir sé nægilega vottaðir, að þeir séu réttir, hafi áætlunarheimild eða samþykkt bæjarstjórnar við að styðjast, og ávísar þá síðan til greiðslu.

Í sjóðbók skal rita allt það, sem ávísað er, og skulu þar vera greindir allir aðalliðir fjárhagsáætlunar kaupstaðarins, hver sér. Á ávísanir skal ávallt rita, til hvers liðar fjárhagsáætlunar gjaldið skuli telja.

Ekkert fé, nema laun fastra starfsmanna, má greiða úr bæjarsjóði, nema eftir löglegri ávísun.

19. gr.

Ársreikningar bæjarsjóðs og hafnarsjóðs skulu samdir fyrir lok maímánaðar, og því næst liggja frammi almenningi til sýnis 14 daga. Að þeim tíma loknum skulu reikningarnir sendir hinum kosnu endurskoðendum kaupstaðarins og skulu þeir hafa lokið endurskoðuninni innan mánaðar. Athugasemdum endurskoðendanna skulu gjaldkeri bæjarsjóðs og reikningshaldari hafnarsjóðs hafa svarað innan hálfs mánaðar.

20. gr.

Bæjarstjórn kýs á sama fundi og fastar nefndir eru kosnar 2 endurskoðendur reikninga bæjarsjóðs og 2 til vara. Jafnframt kýs hún 2 endurskoð-

112 endur reikninga hafnarsjóðs og 2 til vara. Kosning endurskoðenda gildir um
2. des. eitt ár. Bæjarstjórn ákveður laun endurskoðendanna og setur þeim erindisbréf.

Hafi endurskoðendur ekki byrjað endurskoðun reikninganna innan lögákveðins tíma, skal bæjarstjórn endurkrefja reikningana og senda þá vara-endurskoðendunum til endurskoðunar.

Endurskoðendurnir mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn.

21. gr.

Áður enn frumvarp að fjárhagsáætlun kaupstaðarins er samið, skulu þær fastanefndir bæjarstjórnar, sem með fjármál fara, senda fjárhagsnefnd tillögur um hve miklu fé skuli verja á næsta ári til mála þeirra, er þær hafa með höndum, og hvernig því fé skuli varið.

22. gr.

Bæjarstjóri annast framkvæmdir á málefnum þeim og ráðstöfunum bæjarstjórnar, sem eigi eru falin öðrum á hendur. Honum ber að annast allar bréfaskriftir bæjarstjórnar og nefnda hennar.

23. gr.

Bæjarstjóri á sæti í öllum fastanefndum bæjarstjórnar og kallar þær saman til funda, þegar verkefni liggur fyrir. Hann hefir ekki atkvæðisrétt í nefndum, nema því aðeins að hann sé einnig bæjarfulltrúi. Hann hefir óbundið málfrelsi og tillögurétt í nefndum, og kjósa má hann formann nefnda.

II. KAFLI.

Um starfsmenn kaupstaðarins.

24. gr.

Starfsmenn kaupstaðarins eru:

1. Bæjargjaldkeri.
2. Byggingarfulltrúi.
3. Heilbrigðisfulltrúi.
4. Slökkviliðsstjóri.
5. Vara-slökkviliðsstjóri.
6. Fátækrafulltrúi.
7. Sorp- og salernahreinsunarmenn.
8. Dagvörður.
9. Næturvörður.
10. Auka-næturvörður.

11. Sótari.
12. Rafstöðvarstjóri.
13. Rafstöðvarvélamaður.
14. Aðstoðarvélamaður á rafstöð.
15. Innheimtumaður rafstöðvar.
16. Hafnarvörður.
17. Hafnsögumaður.

Bæjargjaldkeri annast innheimtu allra gjalda til bæjarsjóðs og rafstöðvar, og allar greiðslur úr þeim sjóðum. Hann semur reikninga bæjarsjóðs og rafstöðvar eftir þeim reglum, er honum hafa verið settar eða verða settar um það efni.

Byggingarfulltrúi skal hafa með höndum eftirlit með byggingum húsa, og yfirleitt gæta þess að öllum fyrirmælum byggingarsamþykktar sé hlýtt. Bæjarstjórn setur honum erindisbréf, er nánar ákveður starfssvið hans, og ákveður laun hans.

Heilbrigðisfulltrúi skal hafa með höndum eftirlit með hreinlæti í kaupstaðnum og yfirleitt sjá um, að ákvæðum heilbrigðissamþykktar sé ekki traðkað.

Slökkviliðsstjóri hefir á hendi stjórn slökkviliðs kaupstaðarins, og sér um öll verkfæri og dælur til brunavarna, sem eru í eign kaupstaðarins, og heldur skrá yfir þau öll, og sér um að þau sé ætíð til taks, ef bruna ber að höndum. Einnig hefir hann á hendi allar framkvæmdir er að eldvörnum lúta. Hann skal í öllu fylgja lögum og reglum um brunamál, er kaupstaðinn varða.

Vara-slökkviliðsstjóri gegnir störfum slökkviliðsstjóra í forföllum hans.

Fátækrafulltrúi hefir með höndum fátækramál kaupstaðarins eftir fyrirlagi fátækranefndar, og hefir umsjón með sveitarómögum og þurfamönnum eftir reglum, er bæjarstjórn setur honum.

Sorp- og salernahreinsunarmenn annast hreinsun á sorpkössum og salernum kaupstaðarins, eftir reglum, er bæjarstjórn setur þeim.

Dag- og næturlögreglan skal gæta þess að ekki sé brotin fyrirmæli lögreglusamþykktar kaupstaðarins, og halda uppi reglu á götum kaupstaðarins, allt samkvæmt erindisbréfi, er bæjarstjórn setur þeim.

Sótari annast hreinsun reykháfa í kaupstaðnum, og hefir eftirlit með eldfærum í kaupstaðnum, og sér um að fylgt sé ákvæðum brunamálareglugerðar, er það efni varða.

Rafstöðvarstjóri hefir umsjón með rafstöð og raftaugakerfi kaupstaðarins. Til aðstoðar honum við gæzlu véla rafstöðvar, eru rafstöðvarvélamaður og aðstoðarmaður. Þeir gæta og þess að ávallt sé raftaugarkerfi kaupstaðarins í lagi, og gera við allar bilanir á því.

Innheimtumaður rafstöðvar skal annast aflestur rafmagnsmæla og innheimta tekjur rafstöðvar undir umsjón bæjargjaldkera. Hann skal hlíta fyrirmælum reglugerða, er varða rafstöð og rafmagnsnotkun í kaupstaðnum.

Hafnarvörður sér um að ákvæðum hafnarreglugerðar sé hlýtt, og undir

112 2. des. hans umsjón skulu vera legufestar hafnarsjóðs, bryggjur og önnur mannvirki hafnarinnar.

Hafnsögumaður leiðbeinir skipum í og úr höfn.

Bæjarstjórn getur bætt við starfi eða fellt niður starf, án þess að samþykkt þessari þurfi að breyta.

Öllum starfsmönnum kaupstaðarins ber að haga sér eftir reglum þeim, er settar eru í samþykktum kaupstaðarins eða reglugerðum og erindisbréfum þeirra.

Bæjarstjórn ákveður laun starfsmanna kaupstaðarins.

Að hve miklu leyti starfsmenn kaupstaðarins fá eftirlaun, er þeir afsala sér starfi því, er þeim hefir verið falið, er komið undir ákvörðun bæjarstjórnar í hvert skipti, þar til settar hafa verið fastar reglur um eftirlaunarétt starfsmanna kaupstaðarins og eftirlaunasjóði komið upp.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmálefna Vestmannaeyjakaupstaðar, frá 1. maí 1919.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar hefir gert samkvæmt lögum nr. 26, 22. nóvember 1918, sbr. lög nr. 59, 14. júní 1929, er hérmeð staðfest.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. desember 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

113 5. des. **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir Ekknasjóð Suðureyrarhrepps, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 5. desember 1930. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Ekknasjóð Suðureyrarhrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Ekknasjóður Suðureyrarhrepps.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með kr. 500,00 — fimm hundruð króna — framlagi frá Suðureyrarhreppi.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru: Kr. 250,00 — tvö hundruð og fimmtíu krónur — á ári, er greiðast úr hreppsjóði Suðureyrarhrepps hinn 31. ágúst árlega. Enn fremur gjafir og áheit er sjóðnum kunna að berast.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 10000,00 — tíu þúsund krónur — má verja ⅓ — einum þriðja — vaxta hans samkvæmt tilgangi sjóðsins. Þegar sjóðurinn er orðinn 15 þúsund kr. má verja tveim þriðju hlutum vaxtanna og þegar hann er orðinn 20 þúsund kr. má verja öllum vöxtunum.

Sjóðurinn skal fyrst um sinn ávaxtast í Sparisjóði Súgfirðinga, en stjórn sjóðsins skal skylt að flytja sjóðinn að nokkru eða öllu leyti í Landsbanka Íslands, ef hún telur það tryggara.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að styrkja bágstaddar ekkjur, svo og munaðarlaus börn til 15 ára aldurs, sem stjórn sjóðsins álítur styrkþurfa. Rétt til styrks úr sjóðnum hafa þeir sem eiga lögheimili í hreppnum. Það er á valdi stjórnar sjóðsins hve margir hljóti styrk í hvert skipti og skulu þeir ávallt ganga fyrir sem bágstaddastir eru.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum. Skal kjósa tvo þeirra á almennum hreppsfundi til fjögra ára í senn, og gangi annar úr nefndinni á tveggja ára fresti, í fyrsta skipti eftir hlutkesti, en sóknarprestur Staðarsóknar er sjálfkjörinn. Stjórn sjóðsins skipti með sér störfum.

7. gr.

Stjórn sjóðsins geymir eignaskilríki hans og önnur skjöl. Hún skal halda gerðabók um styrkbeiðnir og styrkveitingar og birta hreppsbúum reikning sjóðsins árlega.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta, að öðru en því er snertir tilgang sjóðsins, ef tveir þriðju fundarmanna á almenum hreppsfundi samþykkja.

9. gr.

Tilgangi sjóðsins verður ekki breytt, nema þrír fjórðu hlutar atkvæðisbærra hreppsbúa samþykki, enda verði arði sjóðsins varið til einhverra opinberra almennra fyrirtækja eða framkvæmda innan hreppsins.

113
5. des.

10. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Framanrituð skipulagsskrá var þannig samþykkt á almennum lögmætum hreppsfundi hinn 17. ágúst 1930.

Í hreppsnefnd Suðureyrarhrepps.

Örnólfur Valdimarsson. (oddviti). *Friðbert Guðmundsson.*

Friðrik Hjartar. *Kr. A. Kristjánsson.*

114
15. des.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir

Hafnarfjarðarkaupstað.

I. KAFLI.

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Hin löggilta höfn Hafnarfjarðarkaupstaðar nær yfir skipalægi fyrir innan línu þá er hugsast dregin úr Balakletti í yztu odda Hvaleyrarhöfða. Hafnargarðar skipta höfninni í ytri og innri höfn.

II. KAFLI.

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

Hafnarnefndin hefir á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

3. gr. 114

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri undir umsjón hafn- 15. des.
arnefndar. Bæjarstjórn skipar hafnarstjóra eftir tillögum hafnarnefndar og setur honum erindisbréf. Til aðstoðar hafnarstjóra skulu vera svo margir starfsmenn, sem þurfa þykir. Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn eftir tillögu hafnarnefndar, en hafnarnefndin getur sagt þeim upp, eða vikið þeim frá, án þess að til þurfi að koma samþykki bæjarstjórnar.

III. KAFLI.

Um almenna reglu.

4. gr.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni eða þess eða þeirra, er hann setur til að gæta reglu. Starfsmenn hafnarinnar skulu hafa einkennisbúning þegar þeir eru að starfa við höfnina, ef hafnarnefnd krefst þess. Þyki einhverjum sér óréttur ger af lægri starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber jafnan að hlýða þegar í stað. Starfsmenn hafnarinnar skulu sýna þeim kurteisi, er þeir skipta við.

5. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða öðrum störfum, sem þar eru framin.

6. gr.

Böð í höfninni eru bönnuð, nema með leyfi hafnarstjóra. Öll veiði með skotum er bönnuð á höfninni. Bannað er að hleypa af skotvopnum og skjóta flugeldum á innri höfninni eða á landi hennar.

7. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós, nema í eldavél skipsins og lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í skipinu og á því svæði, sem unnið er að fermingu þess eða affermingu. Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarstjóra.

8. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða skip ný, né þétta eldri skip, eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi hafnarstjóra og með þeim skilmál-

114 15. des. um, sem hann ákveður. Bannað er að leggja skipum upp í hafnarfjöruna, nema með leyfi hafnarstjóra.

9. gr.

Ekki má kasta í höfnina kjölfestu, ösku, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi né öðru slíku. Skal það flutt þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

IV. KAFLI.

Um komu skipa og legu þeirra á höfninni.

10. gr.

Sérhver skipstjóri, er kemur við á höfninni á skipi sínu, á sjálfur, og svo skipshöfnin, að kynna sér ákvæði reglugerðar þessarar, sem liggur til sýnis á hafnarskrifstofunni. Þar geta skipstjórar á skipum þeim, er til hafnar koma, fengið hæfilega mörg eintök af reglugerðinni. Eintak af reglugerðinni á að vera í hverju skipi meðan það liggur í höfninni. Hafnarstjóri sér um að jafnan sé til á hafnarskrifstofunni nægilegt upplag af reglugerðinni á tungumálum þeim, sem hafnarnefnd ákveður.

11. gr.

Í hverju skipi eða fari (að undanskildum skipum eða förum, sem hafa leyfi hafnarstjóra til að liggja mannlaus í lægi á höfninni) skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið gæti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

12. gr.

Hafnarstjóri getur krafizt þess, að sérhvert skip, er liggur við festar á ytri höfninni, verði flutt, ef það að áliti hans tálmar umferð inn í innri höfnina, eða úr henni.

Færist hlutaðeigandi undan að flytja skipið, eða dragist flutningur þess fram yfir þann tíma, er hafnarstjóri hefir tiltekið og fyrirskipað, er honum heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð hlutaðeiganda.

13. gr.

Ekki má vera að fiskiveiðum á ytri höfninni ef hafnarstjóri telur það geta hamlað umferð um höfnina. Í innri höfninni má alls ekki fást við fiskiveiðar nema með leyfi hafnarstjóra. Beitutaka og seglfestutaka og annað slíkt er bannað í ytri og innri höfninni, nema með leyfi hafnarstjóra.

14. gr. 114

Þegar skip kemur í höfnina, skal skipstjóri tafarlaust snúa sér til hafn- 15. des.
arskrifstofunnar, sem segir honum, hvar skip hans megi liggja. Þó nær ákvæði þetta ekki til mannvirkja einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar að því er bryggjupláss snertir.

Ekkert skip, sem er stærra en 30 smálestir brúttó, má fara inn í höfnina eða út úr henni án leiðsögumanns, sem hafnarstjóri lætur skipinu í té. Hafnarstjóri getur veitt undanþágu gegn ákvæði þessu, skipum, sem heima eiga í Hafnarfirði eða sigla föstum farleiðum milli Hafnarfjarðar og annara staða. Þegar búið er að leggja skipi við festar, má ekki flytja það þaðan án leyfis hafnarstjóra, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið ef hafnarstjóri skipar svo fyrir, og það enda þótt byrjað sé að ferma eða afferma skipið, en þá á skipstjóri öðrum fremur heimting á að sér sé vísað á stað, þar sem fermingu eða affermingu verður haldið áfram.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skipa í innri höfninni, skal jafnan skylt að flytja skipið á ytri höfnina, ef hafnarstjóri krefst þess.

15. gr.

Ekkert skip má liggja við taug (varp) á innri höfninni nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Eigi má heldur teppa umferð með taugum, strengjum eða köðlum nema hafnarstjóri telji nauðsynlegt. Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggjur eða bólvirki, skal hafa fyrirskipuð ljós uppi á fyrirskipuðum ljóstíma.

16. gr.

Skip, sem koma inn í höfn, skulu hafa að minnsta kosti eitt akkeri tilbúið í festarauga, og eigi skipið að leggjast að bryggju eða bólvirki, skal hliðarbátum, botnvörpuhlerum og þess háttar tækjum sveiflað inn fyrir borðstokkinn, brandar dregnir inn og rám snúið.

17. gr.

Eigi má festa skipum við bólvirki eða bryggjur, nema við festarhringana eða við festarstólpa að tilvísun hafnarstjóra. Séu landfestar úr járni, skulu þær vera klæddar, þar sem þær hvíla á bólvirkinu eða bryggjunni.

Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki hafnarstjóra þess ekki nægilega gætt, getur hann krafizt að bætt sé úr því tafarlaust. Skylt er að hafa hlífikefli milli skips og bólvirkis eða bryggju, ef hafnarstjóri krefst þess.

18. gr.

Ekki má kræka hökum í bryggjur eða bólvirki. Ekki mega gufuskip hleypa vatni á bryggjur eða bólvirki, hvorki við þvott á þilfari, né heldur er þau hleypa burt gufuvatni, eða á annan hátt, heldur skulu þau girða svo fyrir

114 15. des. með seglum og hlífdúkum, að vatnið fari beint í höfnina, en komist ei á bryggjur né bólvirki.

19. gr.

Gufuskip og önnur vélaskip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarvirkjunum stafi hætta af því. Skip, sem liggja við bólvirki eða bryggju skulu draga skutinn frá áður en vélin tekur til starfa.

20. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar sem það að áliti hafnarstjóra tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt, sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur. Um þetta atriði fer að öðru leyti eftir gildandi lögum.

V. KAFLI.

Um fermingu og affermingu skipa.

21. gr.

Þegar hafnarstjóri hefir ákveðið hvar skip skuli fermt eða affermt, skal verkið hafið í síðasta lagi innan sólarhrings. Verkinu skal haldið áfram alla virka daga ef veður leyfir, unz því er lokið. Ef hlé verður á að nauðsynjalausu, eða sé verkinu ekki lokið innan hæfilegs tíma, ber skipinu að víkja fyrir öðrum skipum, ef hafnarstjóri krefst þess.

22. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggju eða bólvirki sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrúm. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, sem nær liggja.

23. gr.

Áður en kjölfesta er flutt á skip eða af skipi, skal hafnarstjóra gert viðvart. Ákveður hann hvar það skuli fara fram.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru slíku er skylt að hafa nægilega sterka hlífdúka milli skipsins og bólvirkisins, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, unz bætt hefir verið úr því, sem áfátt er.

Ekki má sálda kol á bryggju eða bólvirki.

Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefir verið á land úr

skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af lendingarstaðnum, þangað sem hafnarstjóri vísar til. 114 15. des.

24. gr.

Skylt er farmseiganda að gæta alls þrifnaðar á bryggju og bólvirki við upp- og útskipun. Sé þessu ákvæði ekki framfylgt, eftir því sem ástæður leyfa að dómi hafnarstjóra, getur hann látið hreinsa mannvirki þessi á kostnað eiganda. Vöruleifum, umbúðum og öðru rusli má ekki kasta í sjóinn heldur skal það flutt á stað, sem hafnarstjóri ákveður.

25. gr.

Eigi má vinna að fermingu eða affermingu skipa eða öðrum slíkum verkum í höfninni eða á landi hennar frá því klukkan 10 að kvöldi til 6 að morgni á vetrum, en frá klukkan 12 að kveldi til klukkan 6 að morgni á sumrum, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra, og skal það leyfi að jafnaði veitt.

VI. KAFLI.

Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

26. gr.

Skip, sem ætluð eru til geymslu, mega ekki liggja á innri höfninni.

Á ytri höfninni má aðeins leggja þeim með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Leyfið skal bundið því skilyrði, að eigandi skipsins láti taka það upp, ef það sekkur, eða sprengja það sundur, svo að það skemmi ekki höfnina, enda sé hafnarnefnd heimilt að láta framkvæma þetta á kostnað eigandans ef dráttur verður á því af hans hálfu. Hafnarstjóri ákveður legustað geymsluskipa, ákveður hver legufæri skuli nota og hefir umsjón með þegar þeim er lagt svo og með viðhaldi legufæra þeirra.

Á skipum þessum séu að minnsta kosti tveir varðmenn, er hafnarstjóri tekur gilda, og skal tendra ljós á skipunum og gera hljóðbendingar eftir reglum þeim, er settar eru í alþjóðasjóferðareglum um skip, sem liggja fyrir akkerum.

27. gr.

Innan hafnarinnar má því aðeins leggja skipum í lægi, að pláss sé fyrir hendi að dómi hafnarstjóra og hann gefi sérstakt leyfi til þess.

Skipunum skal lagt undir umsjón hafnarstjóra. Ákveður hann legustaðinn fyrir hvert skip og segir fyrir um hver legufæri skuli nota. Ákvæði þessi ná einnig til smærri báta og uppskipunarpramma.

114 28. gr.

15. des. Meðan skip liggur mannlaust í lægi, skal ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði fara út í það, til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilgreina hafnarstjóra siglingafróðan mann, sem sé búsettur í Hafnarfirði, sem hafa skal umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum sem skipið varða. Sér hann um, að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir. — Eigi ber hafnarsjóður neina ábyrgð á skipum þeim, sem lagt hefir verið í lægi.

VII. KAFLI.

Um fermingu og affermingu eldfimrar vöru.

29. gr.

Skip, sem flytja púður, steinolíu, benzín, carbit eða önnur slík efni, sem eldhætta eða sprengingarhætta stafar af, mega ekki koma inn í innri höfnina. Skulu þau fermd og affermd á ytri höfninni undir umsjón hafnarstjóra. Þessi ákvæði ná þó ekki til farþegaskipa og annara skipa, sem sigla í föstum farleiðum og flytja aðallega aðrar vörur en þær, sem áður voru nefndar. Sömuleiðis getur hafnarstjóri í líkum tilfellum stöku sinnum veitt öðrum skipum undanþágu frá ákvæðum þessum, er sérstök atvik mæla með því. Skal hafnarstjóri sjá um, að brunamálanefnd fái þegar tilkynningu um fermingu og affermingu slíkra farma, áður en byrjað er að ferma eða afferma.

Skotbaðmull, nitroglycerin, dynamit og þess konar sprengiefni má ekki skipa upp nema með leyfi brunamálanefndarinnar, og skal hún í hverju einstöku tilfelli ákveða, hvernig því skuli skipað upp.

30. gr.

Eigi má flytja í einum báti, af skipi eða á, meira en 40 tunnur (8000 lítra) af steinolíu, benzíni eða öðrum slíkum vörum. Á lendingarstaðnum eða á þilfari skipsins má aldrei liggja í einu meira en einn bátsfarmur, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Þegar fermingu eða affermingu er hætt um stundarsakir, skal byrgja lestaropin, en gæta skal þess, að loftrás úr lestinni stöðvist ekki.

31. gr.

Álíti hafnarstjóri, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

32. gr. 114

Skip, sem hafa meðferðis þau eldfim efni, sem getið er í 29. gr., skulu 15. des.
á daginn hafa rautt flagg á framsiglutoppi, en á nóttum rautt ljósker.

VIII. KAFLI.

Um hafnarmannvriki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

33. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp né dýpka út frá landi, nema bæjarstjórnin veiti eða hafi veitt samþykki sitt til.

Sá, sem gera vill eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar, er ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins.

Sá, sem hefir fengið leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 10 til 200 krónum, og hafnarnefndin getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eigandans.

Nú hefir bryggja eða annað mannvirki legið ónotað í 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt án endurgjalds til eigandans.

Byggingarleyfi, sem um getur í þessari grein falla úr gildi hafi þau ekki verið hagnýtt og verkinu lokið innan tveggja ára frá því að leyfið var veitt.

Ákvæði þetta tekur til allra mannvirkja, sem ekki eru fullgerð, er reglugerð þessi öðlast gildi.

34. gr.

Við bryggju eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga, innan hafnarinnar, hafa skip rétt til að leggjast í sömu röð og þau koma inn og sækja um það, þó skulu skip, sem sigla eftir fastri áætlun hafa forgangsrétt.

35. gr.

Á hverri bryggju eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga sem skipum er ætlað að leggjast að, skulu vera umsjónarmenn, sem hafa á hendi

114 15. des. svo víðtæka dagvörzlu og næturvörzlu mannvirkja þessara, sem hafnarnefnd telur nauðsyn á, og skulu umsjónarmenn þessir samþykktir af nefndinni. Umsjónarmenn þessir skulu ákveða legustað og umbúnað landfesta allra þeirra skipa, sem að mannvirkjunum leggjast, og ber hlutaðeigendum að hlýða boði þeirra og banni, eins og öðrum starfsmönnum hafnarinnar, enda ber þeim að sýna þeim, er þeir skipta við, fulla kurteisi.

Reynist umsjónarmaður slíkra mannvirkja óhæfur til starfsins, svo að ætla megi að dómi hafnarnefndar, að af ráðstöfunum hans eða vanrækslu geti stafað hætta í höfninni, getur hafnarnefnd svipt hann starfinu og heimtað nýjan umsjónarmann.

36. gr.

Um lýsingu slíkra mannvirkja, þrifnað á þeim og ýms nauðsynleg áhöld, svo sem stiga, landgöngubrýr, björgunarhringi o. s. frv. fer eftir þeim fyrirmælum hafnarnefndar, er hún setur á hverjum tíma, og sem gilda jafnt fyrir allar bryggjur og uppfyllingar innan hafnarinnar.

IX. KAFLI.

Um hafnsögu.

37. gr.

Hafnarnefnd skipar hafnsögumenn svo marga sem þurfa þykir og ákveður laun þeirra. Laun hafnsögumanna greiðast úr hafnarsjóði.

38. gr.

Hafnsögumönnum ber í starfi sínu að haga sér eftir því, sem sagt er í reglugerð þessari og eftir skipun hafnarnefndar. Þeim skal skylt að bera einkennisbúning þann, er hafnarnefnd ákveður.

39. gr.

Hafnarnefnd getur með þriggja mánaða fyrirvara sagt hafnsögumanni upp starfi sínu. Með sama fyrirvara getur hafnsögumaður sagt starfa sínum lausum.

Hafnarnefnd getur fyrirvaralaust vikið hafnsögumanni frá starfanum, ef hann verður ber að vanrækslu í starfi sínu.

40. gr.

Hvert skip sem ætlar til Hafnarfjarðar og nota vill hafnsögumann, skal þegar það er komið ½ mílu undan Álftanesi eða Helguskeri, gefa merki um

að það óski hafnsögumanns, og er hafnsögumanni skylt að vitja skipanna þangað. 114 15. des.

41. gr.

Hafnsögumaður, er vísar skipi leið til hafnar, má eigi yfirgefa skipið án samþykkis skipstjóra, fyr en skipið er lagzt við festar á höfninni. Meðan hafnsögumaður dvelur á skipi, ber því að sjá honum fyrir fæði.

42. gr.

Hvert skip, sem af höfninni fer, á rétt á að fá hafnsögumann, og skal hafnsögumanni skylt að fylgja því þangað, sem honum samkv. 40. gr. er skylt að vitja þess. Hafnsögumaður skal og hafa á hendi leiðsögu skipa um höfnina, komi það eigi í bága við aðalstarf hans.

43. gr.

Hafnsögumanni er skylt að banna allar ónauðsynlegar samgöngur við skipið áður en hann hefir lokið starfi sínu á skipsfjöl.

44. gr.

Ef sjúkdómur er á skipi, eða ástæða til að halda að sótthætta geti stafað frá því, ber hafnsögumanni að sjá um að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til landsins.

45. gr.

Hafnarsjóður leggur til báta og önnur tæki, er hafnsögumenn þurfa að nota við starfa sinn, svo og mannahjálp.

46. gr.

Gjöld fyrir hafnsögu skulu greidd samkvæmt því sem ákveðið er í gjaldskrá um hafnargjöld í Hafnarfirði.

X. KAFLI

Ýms ákvæði.

47. gr.

Auk gjalda þeirra, er talin eru upp í 10. gr. hafnarlaga nr. 30, 14. júní 1929, skal greiða fyrir notkun á áhöldum hafnarinnar, vindum, flekum o. s. frv. Sömuleiðis skal gjalda leigu fyrir notkun á geymslustöðum hafnarinnar. Öll gjöld þessi skulu ákveðin í sérstakri reglugerð.

Fyrir lóðir hafnarinnar og geymsluhús, sem leigð eru einstökum mönn-

114 15. des.

um og félögum um lengri tíma skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

48. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki og eigi annarsstaðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Skal flytja burt muni og vörur jafnskjótt, sem hafnarstjóri krefst þess. Sé það eigi gert lætur hafnarstjóri gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til mannvirkja einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar.

49. gr.

Frá kl. 9 síðdegis til kl. 6 árdegis mega skip ekki valda óþarfa hávaða með eimpípu sinni, og getur hafnarnefnd sett nánari og strangara ákvæði um þetta, ef þurfa þykir.

50. gr.

Um skaðabótaskyldur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum.

Ef samningum verður ekki viðkomið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af tveim óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Hvorum aðilja um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður sé liðinn frá því, er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 4 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

51. gr.

Enginn, sem bakað hefir sér refsingu eða skaðabótarskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarstjóri tekur gilda.

52. gr.

Enginn skipstjóri má vænta þess, að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá bæjarfógeta, nema hann með vottorði frá hafnarstjóra sanni, að hann hafi borgað gjöld þau, er innheimtumaður hafnarinnar á að innheimta, svo og sektir og skaðabætur sem honum ber að greiða.

53. gr.

Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur aftur lögreglunni skýrslur um það.

54. gr. 114

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal 15. des.
gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans samkv. 11. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt, sem skipstjóri hafi fengið skipunina sjálfur.

55. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10—500 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Hafnarfjarðar.

56. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

57. gr.

Hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarkaupstað frá 17. maí 1916 ásamt breytingum á sömu reglugerð frá 13. febr. 1919, er hér með úr gildi numin. Einnig er hér með úr gildi numin reglugerð um hafnsögu í Hafnarfirði frá 5. nóv. 1920.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórnin í Hafnarfirði hefir samið og samþykkt staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. desember 1930 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. desember 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

115

REIKNINGUR

Styrktarsjóðs Hjálmars kaupmanns Jónssonar fyrir reikningsárið 1. sept. 1929 til 31. ágúst 1930.

Tekjur.

1. Eign í byrjun reikningsársins, 1. sept. 1929:				
a. Bankavaxtabréf	kr.	19200.00		
b. Innstæða í sparisjóði	—	1649.00		
c. Innstæða í hlaupareikningi	—	12.79		
			kr.	20861.79
2. Vextir á árinu:				
a. Af bankavaxtabréfum	kr.	941.50		
b. Af innstæðu í sparisjóði	—	81.05		
c. Af innstæðu í hlaupareikningi	—	3.70		
			—	1026.25
3. Gróði af bréfaskiptum og kaupum			—	360.00
			Kr.	22248.04

Gjöld.

1. Styrkur veittur á árinu			kr.	620.00
2. Auglýsing í Lögbirtingablaði			—	7.00
3. Eign í lok reikningsársins:				
a. Bankavaxtabréf	kr.	21200.00		
b. Innstæða í sparisjóði	—	400.05		
c. Innstæða í hlaupareikningi	—	20.99		
			—	21621.04
			Kr.	22248.04

Reykjavík, 19. september 1930.

Stjórnarnefnd sjóðsins.

Jón Helgason. *Páll Einarsson.* *Björn Þórðarson.*

Framanritaður reikningur samþykkist hér með.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. september 1930.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

116
12. maí

um

breytingu á fjallskilareglugerð Dalasýslu frá 17. ágúst 1923.

1. gr.

Við fyrstu málsgr. 1. gr. bætist: Enginn má hafa afeyrt að marki.

2. gr.

Í stað orðanna í upphafi 3. gr.: „Ef einn eða fleiri" komi: — Ef þrír eða fleiri. Við niðurlag sömu gr. bætist: Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr hlutaðeigandi sveitarsjóði.

3. gr.

Í stað orðanna í annari málsgr. 10. gr.: „Til þess að sækja fé í réttir utanhrepps" komi: Til þess að sækja sauðfé og hross í réttir utanhrepps.

4. gr.

11. gr. fjallskilareglugerðarinnar orðist svo: Fjallskilaskyldur er hver sá, sem á kindur eða ótamið hross, hvort sem það er í heimahögum eða ekki. Skal hver leggja til fjallskila það, er hreppsnefnd ákveður. Hreppsnefndin skal meta allan fjallskilakostnað leitarsvæðisins til peningaverðs, og ber að jafna því gjaldi niður á alla þá, er fjallskilaskyldir eru, eftir réttu hlutfalli; nefnist sú upphæð fjallskilasjóður. Skal jafnt auratal lagt á hvert hross sem á 3 sauðkindur. Þegar fjallskil einhvers nema hálfu dagsverki eða meiru, á hreppsnefnd heimting á, að hann leggi mann til fjallskila, ef þörf krefur. Reki maður fénað sinn í aðra hreppa, skal hreppsnefnd færa niður fjallskil hans að nokkru. Full fjallskil greiðist af því fé, sem utanhreppsmenn reka til sumargöngu í hreppinn, og ber sá, er tekur fénaðinn, ábyrgð á greiðslunni. — Húsráðendur skulu inna af hendi fjallskil fyrir heimafólk sitt, gegn endurgjaldi frá hlutaðeigendum.

Tekjum fjallskilasjóðs skal varið til að greiða kostnað við fjallskil á hausti og vori, gæzlukostnað á úrtíningsfé o. fl., eftir ákvæðum hreppsnefndar. Hreppsnefnd gerir, fyrir 15. jan. ár hvert, reikning fjallskilasjóðs, sbr. 25. gr. sveitarstjórnarlaganna 31. maí 1927.

Tekjur fjallskilasjóðs hafa lögtaksrétt.

5. gr.

Við 13. gr. bætist: Fé, sem finnst í þriðju leit eða síðari leitum, skal ganga í rekstrum bæ frá bæ, stytztu leið til eiganda, sbr. 28. og 30. gr.

31. dag desembermánaðar 1930. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

116 12. maí

6. gr.

Önnur málsgr. 14. gr. falli burt, en í stað hennar komi ný málsgr. svohljóðandi: Ef einhver sendir mann í leit, sem leitarforingi og helmingur leitarmanna í hans flokki telur óhæfan, sökum galla eða ills útbúnaðar, skal vísa honum heim aftur, og er þá sá, er slíkan mann sendir, skyldur að borga eins og hann hafi engan sent. Sama gildir og um þann, er sendir ófullgildan mann í útréttir; auk þess greiði hann sekt.

7. gr.

Í stað orðanna í 15. gr. 1. málsgr.: „Fullgilda menn" komi: mann.

8. gr.

Á eftir orðunum í 24. gr. „Ef enginn sannar eignarrétt sinn á þeim" bætist: þó skal, ef lömb eru, fara með þau sem ómerkinga, sbr. 23. og 27. gr.

9. gr.

Á eftir orðunum í síðari málsgr. 26. gr.: „Skal ganga tafarlaust bæ frá bæ beinustu leið til eiganda", bætist: Stöðvist rekstur á bæ að degi til, skal honum haldið til beitar, ef fært er veður.

10. gr.

Í stað orðanna í fyrri málsgr. 28. gr.: „En í Hörðudalshreppi laugardaginn í sömu viku" komi: En í Hörðudalshreppi föstudaginn í sömu viku.

11. gr.

32. gr. reglugerðarinnar hljóði þannig:

Ein vorleit skal fara fram í öllum hreppum sýslunnar mánudaginn í 10. viku sumars. Enginn má reka lambær til fjalls, fyrr en eftir vorleit.

12. gr.

Fyrri hluti 33. gr. út að orðunum: „Það fé" orðist þannig: Allt það sauðfé í ullu og ær með ómörkuðum lömbum, sem finnst í hinni fyrirskipuðu vorleit, skal rekið heim til næstu bæja og skilið þar sundur, eftir vild fjáreigenda.

13. gr.

Á eftir orðunum í 36. gr.: „Reka þau beint til eiganda," bætist: eða þeirra, er tekið hafa hrossin til sumargöngu.

14. gr.

37. gr. reglugerðarinnar verði svo hljóðandi:

Öllum ótömdum hrossum skal smalað til rétta í annari leit. Þó er Hörðdælingum heimilt að smala hrossum til fyrstu réttar. Með óskilahross, skal farið sem óskilakindur; þó skulu þau seljast með þriggja vikna auglýsingarfresti

fyrir söludag og 9 vikna innlausnarfresti, eftir söludag. Hross eru ekki í á- 116
byrgð kaupanda fyrr en að innlausnarfresti liðnum. Gjaldfrestur á söluverð- 12. maí
inu sé einnig 9 vikur. Kostnað allan greiðir eigandi.

15. gr.

Á eftir 37. gr. fjallskilareglugerðarinnar komi nýr kafli svo hljóðandi:

VIII. KAFLI

Um sláturfé.

38. gr.

Á sláturfénaði eða öðrum förgunarfénaði skal rekstrum hagað svo, að þeim sem búa á löndum, sem um er rekið, eða áð er í, verði sem minnstur bagi að, og skulu hverjum rekstri fylgja nægilega margir rekstrarmenn. Áður en fé er aflífað á slátrunarstöðum, eða selt á markaðsstöðum, skal markglöggur maður, annar en eigandi, athuga mark á hverri kind. Allt markaðsfé skal, um leið og það er keypt, merkja glöggu og haldgóðu rekstrarmerki.

16. gr.

VIII. kafli reglugerðarinnar: „Um brot o. fl." verði IX. kafli: „Um brot o. fl.". 38. gr. verði 39. gr. og ístað orðanna: „Frá 2 til 100 krónur" komi: frá 5 til 200 krónum.

39. gr. verði 40. gr.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Dalasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. júní 1930 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. maí 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

117 30. des. **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá um „Framkvæmdasjóð Vestur-Húnavatnssýslu“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra, 13. desember 1930.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Framkvæmdasjóð Vestur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu ákveður að stofna sjóð, með eitt hundrað krónu árlegu framlagi úr sýslusjóði, til framkvæmda í sýslunni síðar meir, eftir því sem ákveðið verður í skipulagsskrá þessari og reglugerð þeirri, sem síðar verður sett fyrir sjóðinn.

2. gr.

Sjóðurinn skal heita: „Framkvæmdasjóður Vestur-Húnavatnssýslu“.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Eitt hundrað krónur úr sýslusjóði árlega, frá og með árinu 1926, er greiðist sjóðnum fyrir 1. júlí ár hvert, og svo lengi sem sýslan verður sérstakt umdæmi, sem hefir innanhéraðsstjórn út af fyrir sig í svipuðu formi og nú er.
2. Það sem kannað sparast við það, ef sýslunefndarmenn skrifa endurgjaldslaust á fundum nefndarinnar, eða ef oddviti reiknar sér ekki sérstakan ferðakostnað að og frá sýslufundinum.
3. Ágóði af skemmtunum, sem haldnar kunna að verða til ágóða fyrir sjóðinn.
4. Gjafir og áheit, er sjóðnum kunna að hlotnast.

4. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í sparisjóði sýslunnar á Hvammstanga. Hefir stjórn sparisjóðsins á hendi reikningsfærslu hans, og skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir af endurskoðendum sparisjóðsins, árlega lagðir fyrir sýslunefnd til samþykktar, og síðan prentaðir ásamt sýslufundargerðinni.

5. gr.

Fé því, sem kemur til úthlutunar úr sjóðnum samkvæmt 6. gr., skal verja til framkvæmda í jarðrækt, húsabótum, menntamálum og vegagerðum í

héraðinu, svo og til annarra framkvæmda, sem héraðinu álítast heillavænlegar, og skal því, að svo miklu leyti sem því ekki er varið til sameiginlegra þarfa héraðsins, skipt á milli hreppa sýslunnar, eftir sömu hlutföllum sem gjöld sveitanna eru til sýslusjóðs árlega. 117 30. des.

Nú er fénu úthlutað til hreppa eða einstaklinga, og skal þá viðkomandi sýslunefndarmaður hafa eftirlit með því að fénu sé varið samkvæmt ákvæðum skipulagsskrár þeirrar, er sett verður á sínum tíma fyrir sjóðnum.

6. gr.

Þegar sjóðurinn hefir náð 100 þúsund krónum, má verja $^1/_{10}$ vaxtanna samkvæmt fyrirmælum 5. greinar.

Þegar	hann	hefir	náð	200	þús.	má	verja	$^2/_{10}$
—	—	—	—	300	—	—	—	$^3/_{10}$
—	—	—	—	400	—	—	—	$^4/_{10}$
—	—	—	—	500	—	—	—	$^5/_{10}$
—	—	—	—	600	—	—	—	$^6/_{10}$
—	—	—	—	700	—	—	—	$^7/_{10}$
—	—	—	—	800	—	—	—	$^8/_{10}$
—	—	—	—	900	—	—	—	$^9/_{10}$

og þegar sjóðurinn hefir náð 1 miljón króna, má verja árlega öllum vöxtunum nema 1000 krónum, sem árlega skulu leggjast við höfuðstólinn, auk þess sem ákveðið er í 3. grein.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

7. gr.

Áður en úthlutun á sér stað í fyrsta sinn, skal sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu setja reglugerð um úthlutun fjárins. Skal sú reglugerð staðfest af Stjórnarráði Íslands og birt í Stjórnartíðindunum. Auk þess skal hún prentuð í sambandi við sýslufundargerð sýslunnar. Reglugerðinni má breyta eftir sömu reglum og hún er til orðin, ef breyttir tímar og kringumstæður krefjast þess, en skipulagsskrárákvæðunum má aldrei breyta.

8. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

118
30. des.

SAMÞYKKT

um

breyting á fiskiveiðasamþykkt fyrir Vestmannaeyjar frá 22. nóvember 1929.

Í 1. grein, „í stað 30 smálestir" komi 60 smálestir.
Við 2. málsgrein 2. greinar bætist: og frá 15. apríl til 11. maí kl. 8 e. m.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefir gert samkvæmt lögum nr. 86, 14. nóvember 1817, sbr. lög nr. 21, 27. júní 1925 og lög nr. 29, 19. maí 1930, staðfestist hérmeð til þess að öðlast gildi 1. janúar 1931, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. desember 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

119

REIKNINGUR

yfir

tekjur og gjöld Söfnunarsjóðs Íslands árið 1929.

Tekjur:

1.	Sjóður frá fyrra ári		kr. 2273517.67
2.	Bætt við innstæðu vaxtaeigenda:		
	a. Innlög á árinu	kr. 87852.32	
	b. Vextir lagðir við höfuðstól	— 112665.48	
			— 200517.80
3.	Vextir af útlánum 1929		— 141482.54
4.	Borgun fyrir viðskiptabækur, dráttarvexti o. fl.		— 5514.04
5.	Vextir fyrir 1929 geymdir til útborgunar		— 15550.34
6.	**Höfuðstóll geymdur til útborgunar**		— 356.67
			Kr. 2636939.06

119

Gjöld:

1.	Vextir vaxtaeigenda fyrir árið 1929:			
	a. ársvextir 5.9%	kr.	126356.57	
	b. dagvextir 5.4%	—	1859.25	
				kr. 128215.82
2.	Kostnaður			— 5396.80
3.	Vextir fyrir 1928 er biðu útborgunar			— 14274.64
4.	Höfuðstóll:			
	a. er beið útborgunar f. f. á.	kr.	444.08	
	b. er féll til útborgunar á árinu	—	590.76	
				— 1034.84
5.	Sjóður við árslok 1929:			
	a. Veðskuldabréf	kr.	2316877.00	
	b. Skuldabréf sveitarfélaga	—	124050.00	
	c. Vextir útistandandi fyrir árið 1929	—	7129.63	
	d. Innstæða í sparisjóði Landsbankans	—	34503.05	
	e. Í sjóði hjá féhirði	—	5457.28	
				— 2488016.96
				kr. 2636939.06

Söfnunarsjóður Íslands.

Reykjavík, 20. febrúar 1930.

Vilhj. Briem. *Guðjón Guðlaugsson.* *Sigurður Gunnarsson.*

YFIRLIT

119

yfir

efnahag Söfnunarsjóðs Íslands í árslok 1929.

Eignir:

1.	Veðskuldabréf	kr.	2316877.00
2.	Skuldabréf sveitarfélaga	—	124050.00
3.	Ógreiddir vextir fyrir ár 1929	—	7129.63
4.	Innstæða í sparisjóði Landsbankans	—	34503.05
5.	Í sjóði hjá féhirði	—	5457.28
		Kr.	2488016.96

119

Skuldir:

1. Innstæða vaxtaeigenda:			
a. Í aðaldeild	kr. 2171325.08		
Þar af í erfingjarentudeild kr. 22867.13			
b. Í útborgunardeild	— 162740.67		
c. Í bústofnsdeild	— 7355.39		
d. Í ellistyrksdeild	— 732.77		
		kr.	2342153.91
2. Vextir fyrir 1929 geymdir til útborgunar		—	15550.34
3. Höfuðstóll geymdur til útborgunar		—	356.67
4. Varasjóður í árslok 1929		—	129956.04
		Kr.	2488016.96

Söfnunarsjóður Íslands.

Reykjavík, 20. febrúar 1930.

Vilhj. Briem. Guðjón Guðlaugsson. Sigurður Gunnarsson.

120

REIKNINGUR

sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða Íslands 1929.

Tekjur:

1. Í sjóði 1. janúar 1929		kr.	2405.26
2. Gestafé og gjafir	kr. 709.50		
3. Tillög vitavarða	— 544.51		
4. Tillag úr ríkissjóði	— 500.00		
5. Vextir	— 625.48		
		—	2379.49
6. Útdregið skuldabréf bæjarsjóðs		—	500.00
		Kr.	5284.75

Gjöld:

1. Greiddur styrkur		kr.	1300.00
2. Keypt bankavaxtabréf		—	907.50
3. Í sjóði 31. desember 1929		—	3077.25
		Kr.	5284.75

120

Eignir 31. desember 1929:

5½%skuldabréf ríkissjóðs 1920	kr. 400.00	
6% hafnarlán Reykjavíkur 1919	— 1000.00	
6½% skuldabréf bæjarsjóðs Reykjavíkur 1921	— 1000.00	
6½% —— —— —— 1923	— 500.00	
6% —— —— —— 1925	— 2000.00	
4. fl. bankavaxtabréf Landsbankans	— 5000.00	
8. - —— ——	— 1000.00	
Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands	— 25.00	
		kr. 10925.00
Í sparisjóði		— 3077.25
		Kr. 14002.25

Reykjavík, 23. sept. 1930.

Vitamálastjórinn

Th. Krabbe.

AÐALREIKNINGUR

121

yfir tekjur og gjöld Brunabótafélags Íslands frá 15. okt. 1928 til 15. okt. 1929.

Gjöld:

I. Brunatjón			kr. 35059.00	
Þar af greitt af endurtryggjanda	kr. 19261.51			
Þar af hluti sveitarfélaga	— 3159.50			
			— 22421.01	
				kr. 12637.99
II. Rekstrarkostnaður			kr. 24078.52	
Þar af hluti sveitarfélaga	kr. 4691.17			
Fyrir stjórn á Hinum sameiginlega Brunabótasjóði sveitahíbýla	— 600.00			
			— 5291.17	
				— 18787.35
				Flyt kr. 31425.14

121

		Flutt kr.	31425.14
III. Umboðslaun	kr. 13673.56		
Þar af hluti sveitarfélaga	— 2734.71		
		—	10938.85
IV. Afskrifað:			
a. Til frádráttar bókuðu eignarverði áhalda, húsgagna og korta	kr. 1194.50		
b. Leiðréttingar frá árunum f. $^{15}/_{10}$ 1927 (lokaleiðréttingar)	— 379.66		
c. Sjóðþurðarskuld Þ. Blandon	— 70844.78		
d. Skuld G. Egilson	— 1325.36		
		—	73744.30
V. Tekjuafgangur:			
1. Frá fyrra ári	kr. 75332.43		
2. Arður af þessa árs rekstri	— 131812.85		
Samtals	kr. 207145.28		
Að frádregnum IV. lið	— 73744.30		
Eftir	kr. 133400.98		
Sem varið er þannig:			
a. Lagt í varasjóð		—	130000.00
b. Yfirfært til næsta árs		—	3400.98
— ríkisskuldabréfum	— 99.00		
— hafnarlánsbr. Vestm.eyja	— 1614.00		
	Kr. 34714.36		
÷ Keyptir vextir	— 1079.79		
		— 33634.57	
Keypt veðdeildarbréf að nafnv. 118.500.—		„	kr. 105135.00
Greiddur lífeyrir		„	— 10315.19
Endurgr. samkv. lögum nr. 41, 1925		„	— 7782.73
Kostnaður við sjóðinn		„	— 1204.00
Útdr. veðdeildarbréf		— 10200.00	
— ríkisskuldabréf		— 1200.00	
— hafnarlánsbréf Vestm.eyja		— 500.00	
Gróði á keyptum veðdeildarbr., hækkun í nafnv.		— 13365.00	
Til jafnaðar móti keyptum bréfum		— 105135.00	
Til jafnaðar móti útdregnum bréfum		„	— 11900.00
Tekjur umfram gjöld		„	— 90512.76
		Kr. 226849.68	226849.68

II. Efnahagsreikningur.

1. Eign sjóðsins var í árslok 1928		kr. 661385.58	
Tekjuafgangur 1929		— 90512.76	
			kr. 751898.34
2. Innstæða í Landsbanka pr. 2. jan. 1930		kr. 112673.00	
Innstæða í ríkissjóði		— 7625.34	
Eign veðdeildarbréfa með nafnverði		— 604000.00	
Eign ríkisskuldabréfa með nafnverði		— 1200.00	
Eign hafnarlánsbr. Vestm.eyja með nafnverði		— 26400.00	
			— 751898.34

Reykjavík, 29. nóvbr. 1930.

Einar Markússon.

SKRÁ 161

yfir

samvinnufélög, sem birt hafa verið í Lögbirtingablaðinu árið 1930.

1. Kaupfélag Holtamanna, Rauðalækjarskála, Holtahreppi, Rangárvallasýslu.
2. Samvinnufélag Eskfirðinga, Eskifirði.
3. Útgerðarfélag Vatnsleysustrandar, Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu.
4. Pöntunarfélag Skeggjastaðahrepps, Höfn, Skeggjastaðahreppi, N.-Múlasýslu.
5. Kaupfélag Árnesinga, Sandvíkurhreppi, Árnessýslu.
6. Samvinnufélagið Lifrarbræðslufélag Norðfirðinga, Neskaupstað.

SKRÁ 162

yfir

hlutafélög, sem birt hafa verið í Lögbirtingablaðinu árið 1930.

1. H/f Mjöl og Lýsi, Akranesi.
2. — Investment, Reykjavík.
3. — Barðinn, Þingeyri, Ísafjarðarsýslu.
4. — Hörður, Vestmannaeyjum.
5. — Drangsnes, Hafnarfirði.
6. — Fáfnir, Reykjavík.
7. — Fiskimjöl, Reykjavík.
8. — Byggingafélagið, Siglufirði.
9. — Raftæki, Siglufirði.
10. — Smári, Reykjavík.
11. — Þorst. Johnson & Co., Vestmannaeyjum.
12. — Ölgerðin Þór, Reykjavík.
13. — Bifreiðastöð Reykjavíkur, Reykjavík.
14. — Fiskimjöl, Ísafirði.
15. — Raftækjaverzlun Íslands, Reykjavík.
16. — Svanur, Reykjavík.
17. — G. Helgason & Melsted, Reykjavík.
18. — Fjölnir, Reykjavík.

163 **FIRMNATILKYNNINGAR**

Samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóv. 1903, um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð, hafa eftirgreindar tilkynningar verið auglýstar 1930:

I. Reykjavík:

1. Það tilkynnist hér með til firmaskárinnar, að verzlunin „Nýhöfn", Grettisisgötu 38, hættir störfum frá og með þessum degi, og jafnframt því afturkallast hér með prókúruumboð það, er hr. Jónasi Andréssyni, á sínum tíma var veitt fyrir ofannefnda verzlun.

Reykjavík, 31. desember 1929.

Gísli Þorbjarnarson.

2. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að firmað „Á. Ólafsson & Schram", hætti að starfa 31. des. 1929.

Reykjavík, 17. jan. 1930.

3. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir, Þorvaldur Jónsson, Grettisgötu 37 og Jón Guðjónsson Jónsson, Brekkustíg 5, Reykjavík, rekum í félagi smásöluverzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu:

Verzlunin „Austurhlíð".

Hvor um sig hefir rétt til að rita firmað og ritum við það þannig:

Verzlunin „Austurhlíð"
Þ. Jónsson.
Verzlunin „Austurhlíð"
J. G. Jónsson.

Reykjavík 16. jan. 1930.

Þorv. Jónsson. Jón G. Jónsson.

4. Það tilkynnist hér með til hlutafélagsskrár Reykjavíkur, að við, frá og með þessum degi, veitum herra konsúl Jes Zimsen í Reykjavík prókúruumboð fyrir okkur.

Firmanafnið ritar hann þannig:

pr. pr. Hið íslenzka steinolíuhlutafélag
Jes Zimsen.

Reykjavík, 2. marz 1930.

M. Eskildsen. Aug. Flygenring.

5. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að í dag hefir kaupmaður Sigtryggur Árnason, Þórsgötu 5 hér í bænum, gengið úr firmanu: „Verzlunin Drífandi, Gústav Kristjánsson". **163**

Framvegis rekur kaupmaður Gústav Kristjánsson firmað einn og á eigin ábyrgð undir sama firmanafni og ritar það einn þannig:

Verzlunin Drífandi
Gústav Kristjánsson.
Reykjavík, 26. marz 1930.
G. Kristjánsson. Sigtr. Árnason.

6. Hér með tilkynnist til firmaskrárinnar, að ég undirritaður rek, með ótakmarkaðri ábyrgð, umboðs- og heildverzlun hér í bænum undir mínu nafni. Firmað rita ég þannig:

Guðm. Guðmundsson.

Prókúruumboð fyrir mig gef ég hér með hr. Einari Sigurðssyni, Baldursgötu 14, Rvík og hefir hann öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum.

Einar Sigurðsson ritar firmað þannig:

pr. pr. Guðm. Guðmundsson.
Einar Sigurðsson.
Reykjavík, 29. marz 1930.
G. Guðmundsson,
Ásvallagötu 9, Rv.

7. Hér með tilkynnist til firmaskrárinnar, að herra Guðmundur Guðmundsson, Ásvallagötu 9 hér í bæ, er frá 1. janúar þ. ár að telja, genginn úr firmanu Sturlaugur Jónsson & Co., í Reykjavík.

Reykjavík, 29. marz 1930.
Sturlaugur Jónsson.
G. Guðms.

8. Hér með tilkynnum við, að við gefum hr. Sæmundi Stefánssyni, Bergstaðastræti 6, Reykjavík, prókúruumboð fyrir firmað Fr. Steinholt & Co., þar með innifalið að kvitta fyrir peninga, sem firmanu eru greiddir og enn fremur undirskrifa bréf og önnur skjöl því viðvíkjandi.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. Fr. Steinholt & Co.
Sæm. Stefánsson.
Reykjavík, 26. marz 1930.
Fr. Steinholt.

163 9. Hér með tilkynnist til firmaskrárinnar að hr. Jón Helgason, Bergstaðatræti 54 hér í bæ, er frá 1. jan. 1930 að telja genginn í firmað Sturlaugur Jónsson & Co., sem fullábyrgur félagi. Firmað ritar hann þannig:

Sturlaugur Jónsson & Co.
Jón Helgason.
Reykjavík, 15. apríl 1930.
Sturlaugur Jónsson.
Jón Helgason.

10. Við undirritaðir, Jón Magnússon, Bjargarstíg 7, Rvík og Guðmundur Helgi Guðmundsson, Bræðraborgarstíg 21 B, Rvík, rekum smásöluverzlun í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu „Húsgagnaverzlun Reykjavíkur". Hvor um sig hefir rétt til að rita firmað, og ritum við þannig:

Húsgagnaverzlun Reykjavíkur
Jón Magnússon.
Húsgagnaverzlun Reykjavíkur.
Guðm. H. Guðmundsson.
Reykjavík, 25. apríl 1930.
Jón Magnússon. Guðm. H. Guðmundsson.

11. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek bifreiðastöð í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu „Aðalstöðin". Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Aðalstöðin
Magnús Bjarnason.
Reykjavík, 28. apríl 1930.
Magnús Bjarnason.
Bræðraborgarstíg 10, Rvík.

12. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður Þórður Pétursson, Vitastíg 20 hér í bænum, rek verzlun í Reykjavík, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu

„Þórður Pétursson & Co.".

Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Þórður Pétursson & Co.
Þórður Pétursson.
Reykjavík, 30. apríl 1930.
Þórður Pétursson.

13. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek bifreiðastöð í Reykjavík, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu „Bíllinn". **163**

Ég einn hefi rétt til að rita firmað, og rita það þannig:

Bíllinn.
Kristinn Jóh. Helgason.

Reykjavík, 2. maí 1930.
Kristinn Jóh. Helgason.

14. Við undirrituð, Marteinn Magnússon, Njálsgötu 26, Rvík og Þórunn Björnsdóttir, Bókhlöðustíg 9, Rvík, tilkynnum hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við rekum í sameiningu smásöluverzlun í Reykjavík undir firmanafninu „Tízkubúðin". Verzlunina rekum við með ótakmarkaðri ábyrgð, og ritar hvort okkar um sig firmað þannig:

pr. Tízkubúðin.
Mart. J. Magnússon.
pr. Tízkubúðin.
Þórunn Björnsdóttir.

Reykjavík, 2. júní 1930.
Marteinn J. Magnússon. Þórunn Björnsdóttir.

15. Ég Ágúst Sigurðsson, prentari í Reykjavík, gef hér með syni mínum, herra Henrik W. Ágústssyni, umboð sem prókúruhafa fyrir prentsmiðju mína, og hefir hann öll réttindi prókúruhafa samkv. lögum.

Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Ágúst Sigurðsson,
Henrik W. Ágústsson,

Reykjavík, 11. júlí 1930.
Ágúst Sigurðsson.

16. Vegna slita hlutafélagsins „Verzlunin Örninn" í Reykjavík, afturkallast hér með prókúruumboð það, er Hannes Ólafsson, Grettisgötu 2 A, hefir haft fyrir áðurnefnt hlutafélag.

Reykjavík, 15. júlí 1930.

Dagbjartur Sigurðsson, Björn Jónsson, Óskar Gunnarsson,
skilanefndarmenn
H/f „Verzl. Örninn".

17. Hér með tilkynnist, að vér höfum veitt þeim, Svavari Guðmundssyni fulltrúa, Reykjavík, Óla Vilhjálmssyni, framkvæmdarstjóra, Hamborg og Sig-

163 ursteini Magnússyni fulltrúa, Reykjavík, prókúruumboð fyrir Samband ísl. samvinnufélaga.

Undirskriftum er hagað þannig:

pr. pr. Samband ísl. samvinnufélaga
Sv. Guðmundsson.
pr. pr. Samband ísl. samvinnufélaga
Óli Vilhjálmsson.
pr. pr. The Federation of Iceland
Co-operative Societies.
Sigurst. Magnússon.
Reykjavík, 16. apríl 1930.
Í stjórn Sambands ísl. samvinnufélaga
Ing. Bjarnarson, formaður.
Einar Árnason, Jón Jónsson.

18. Ég Eggert Kristjánsson, kaupmaður, Túngötu 30, Rvík, gef hér með ungfrú Árný Pálsdóttur, Skólavörðustíg 8, Reykjavík, umboð sem prókúruhafa fyrir firmað Eggert Kristjánsson & Co., og hefir hún öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum Nr. 42, 13. nóvember 1903

Firmað ritar hún þannig:

pr. pr. Eggert Kristjánsson & Co.
Árný Pálsdóttir.
Reykjavík, 31. júlí 1930.
Eggert Kristjánsson.

19. Ég, Magnús Guðmundsson, bakari, Frakkastíg 12, Rvík, gef hér með konu minni, Sveinu Oddsdóttur, prókúruumboð fyrir brauðgerðarhús mitt, og hefir hún öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóv. 1903.

Firmað ritar hún þannig:

p. p. Magnús Guðmundsson.
Sveina Oddsdóttir.
Reykjavík, 1. ágúst 1930.
Magnús Guðmundsson.

20. Ég Guðsteinn Eyjólfsson klæðskeri, Laugavegi 34 í Reykjavík, gef hér með hr. Sigurjóni Jónssyni bóksala, Þórsgötu 4 í Reykjavík, umboð sem prókúruhafa fyrir verzlun mína og saumastofu, og hefir hann öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóv. 1903.

Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Guðsteinn Eyjólfsson.
Sigurjón Jónsson.
Reykjavík, 15. ágúst 1930.
Guðsteinn Eyjólfsson.

21. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við höfum frá og með deginum í dag veitt fulltrúa okkar, herra Magnúsi Andréssyni, Suðurgötu 10, hér í bænum, prókúruumboð fyrir firma okkar. **163**

Ritar hann firmað þannig:

p. p. Ó. Johnson & Kaaber.
M. Andrésson.

Reykjavík, 16. ágúst 1930.
O. Johnson & Kaaber.

22. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir, Sæmundur Þórðarson, Vonarstræti 2, og Hannes Arnórsson, Túngötu 16, rekum verzlun hér í bæ sem fullábyrgir félagar með allskonar skrautgripi og aðrar skyldar vörur, undir nafninu „Skrautgripaverzlunin".

Firmað ritum við þannig:

Skrautgripaverzlunin
Hannes Arnórsson.
Sæm. Þórðarson.

Prókúru fyrir firmað hefir Fritz H. Kjartansson, Laufásvegi 7, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Skrautgripaverzlunin
F. H. Kjartansson.

Reykjavík, 29. júlí 1930.
Sæmundur Þórðarson.
Hannes Arnórsson.

23. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek málaravinnustofu í Reykjavík, undir firmanafninu „Pensillinn".

Firmað rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð og hefi einn rétt til að rita það.

Firmað rita ég þannig:

Pensillinn
August Håkansson.

Reykjavík, 21. ágúst 1930.
August Håkansson.

24. Við undirritaðir, Sveinbjörn Egilsson, Laugavegi 40, Reykjavík, og Gunnar Sörensen, Aðalstræti 16, Reykjavík, tilkynnum hér með, að við rekum vinnustofu hér í bæ, er tekur að sér viðgerðir og uppsetningu á útvarps- og loftskeytatækjum og annað þar að lútandi, undir firmanafninu „Radiovinnustofa Reykjavíkur".

163 Firmað rekum við með ótakmarkaðri ábyrgð. Hvor okkar um sig hefir rétt til að rita firmað, og ritum við það þannig:

Radiovinnustofa Reykjavíkur
Sveinbj. Egilsson.
Radiovinnustofa Reykjavíkur
G. Sörensen.
Reykjavík, 3. september 1930.
Sveinbjörn Egilsson.
Gunnar Sörensen.

25. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður, Þóroddur E. Jónsson, Tjarnargötu 30, hér í bænum, rek umboðs- og heildsöluverzlun hér í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð ,undir firmanafninu: Th. E. Jónsson. Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Th. E. Jónsson.
Reykjavík, 22. okt. 1930.
Þóroddur Jónsson.

26. Við undirritaðar, ég frú Ólafía Einarsdóttir, til heimilis á Sólvallagötu 25, Reykjavík, og ég frú Ásta Jónsdóttir, til heimilis á Reykjum í Mosfellssveit, tilkynnum hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við rekum verzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu „Blóm og Ávextir". Hvor um sig hefir rétt til að rita firmað.

Frú Ólafía Einarsdóttir ritar firmað þannig:
„Blóm og Ávextir"
Ólafía Einarsdóttir.
Frú Ásta Jónsdóttir ritar firmað þannig:
„Blóm og Ávextir"
Ásta Jónsdóttir.
Reykjavík, 31. okt. 1930.
Ólafía Einarsdóttir.
Ásta Jónsdóttir.

27. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að Ísleifur Gísli Finsen hefir í dag gengið úr firmanu Hjalti Björnsson & Co. En þeir Hjalti Björnsson og Sighvatur Blöndahl reka atvinnuna áfram undir sama firma og að öðru leyti óbreytt.

Reykjavík, 1. október 1930.
Ísl. G. Finsen. Sighvatur Blöndahl.
Hjalti Björnsson.

28. Eyjólfur Kolbeins, bóndi í Bygggarði á Seltjarnarnesi og Bent Bjarnason, verzlunarm., Aðalstræti 11, Reykjavík, reka í félagi smásöluverzlun í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu „Verzlunin Skemman". 163

Hvor okkar um sig hefir rétt til að skuldbinda félagið með undirskrift sinni viðvíkjandi öllum venjulegum verzlunarrekstri, en til að veðsetja og selja fasteignir firmans og til að samþykkja víxla, aðra en vöruvíxla, þarf undirskrift beggja.

Firmað ritum við þannig:

Verzlunin Skemman
Eyjólfur Kolbeins.
Verzlunin Skemman
Bent Bjarnason.
Verzlunin Skemman
Eyjólfur Kolbeins.
Bent Bjarnason.
Reykjavík, 5. des. 1930.
Eyjólfur Kolbeins.
Bent Bjarnason.

29. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir, Jón Ólafsson, Grettisgötu 22, og Henry Åberg, Laugavegi 86, rekum verzlun hér í bænum með raf- og hitatæki, undir firmanafninu Jón Ólafsson & Åberg. Firmað rekum við með ótakmarkaðri ábyrgð og höfum hvor um sig rétt til að rita það og gerum það þannig:

Jón Ólafsson & Åberg
Jón Ólafsson.
Jón Ólafsson & Åberg
Henry Åberg.
Reykjavík, 15. sept. 1930.
Jón Ólafsson.
Henry Åberg.

30. Félagið heitir Fasteignalánafélag Íslands. Tilgangur þess er að veita fasteignaeigendum svo há lán gegn 1. veðrétti, sem samþykkt þess leyfir, og skulu lánin vera afborgunarlán að öllu, eða nokkru leyti og óuppsegjanleg af hálfu félagsins. Lánsfjár félagsins er aflað með útgáfu og sölu vaxtabréfa í flokkum. Félagsmenn eru allir, sem hafa fengið lán hjá félaginu, eða fengið samþykki þess til, sem eigendur og ábyrgir skuldunautar, að taka að sér lán, sem félagsmönnum hafa verið veitt gegn veði í fasteign.

Um leið og félagsmenn ganga í félagið, verða þeir samábyrgir öðrum félagsmönnum í sama flokki fyrir vaxtabréfum félagsins með fullu virðingarverði fasteignar, ef þeir hafa fengið lán, sem svarar ⅗ af virðingar-

163 verði hennar, og í sama hlutfalli, ef þeir hafa fengið minna lán. Samábyrgð í nýjum flokki er sameiginleg samábyrgð næsta flokks á undan, unz gefin hafa verið út vaxtabréf og veitt lán að upphæð kr. 300000.00. Félagsmenn hafa æðsta vald í félagsmálum. Framkvæmdastjórn fer með málefni félagsins undir eftirliti fulltrúaráðsins. Í fulltrúaráðinu eru: Magnús Guðmundsson, f. fjármrh., formaður, Ásgeir Ásgeirsson, fræðslumálastjóri, fors. sam. Alþ., ritari, Haraldur Árnason, kaupm., Eyjólfur Jóhannsson, framkv.stj., Magnús Kjaran, kaupm., frkvstj. Alþingishát., Gunnar Viðar, hagfr., Eggert Kristjánsson, kaupmaður. Framkvæmdastjórnina skipa: Kristján Karlsson, framkv.stj., Eggert Claessen, hrm. og Sigurður Eggerz, f. forsætisráðherra. Firmað rita einhverjir tveir af framkvæmdastjórunum.

Framkvæmdastjórnin undirritar þannig:

Fasteignalánafélag Íslands
Kristján Karlsson.
Sig. Eggerz.
Fasteignalánafélag Íslands
Kristján Karlsson.
Eggert Claessen.
Fasteignalánafélag Íslands
Eggert Claessen.
Sig. Eggerz.
Reykjavík, 4. nóv. 1930.
Kristján Karlsson.
Eggert Claessen.
Sig. Eggerz.

II. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

1. Vér undirritaðir stjórnendur hlutafélagsins „Mjöl og Lýsi", Akranesi, tilkynnum hér með til firmaskrár Mýra- og Borgarfjarðarsýslu stofnun félagsins samkvæmt samþykktum þess, dags. 1. desbr. 1929.

Heimili félagsins og varnarþing er á Akranesi. Tilgangur þess er að bræða þorsklifur, vinna úr fiskúrgangi, og yfir höfuð aðrar atvinnugreinar, sem standa í sambandi við það.

Stofnendur: Bjarni Ólafsson, skipstjóri, Skafti Jónsson, skipstjóri, Árni Sigurðsson, skipstjóri, Magnús Guðmundsson, skipstjóri, Þórður Ásmundsson, útgerðarmaður, Ólafur B. Björnsson, útgerðarmaður, Halldór Jónsson, útgerðarmaður, Sigurður Hallbjarnarson, skipstjóri, Níels Kristmannsson, útgerðarmaður og Þorkell Halldórsson, skipstjóri.

Stjórnendur félagsins: Ólafur B. Björnsson, formaður. Meðstjórnendur: Skafti Jónsson og Halldór Jónsson. Formaður hefir prókúruumboð fyrir félagið. Firmað rita: 1) formaður og einn meðstjórnandi, 2) prókúruhafi.

Upphæð hlutafjár er kr. 21000.00, er skiptist í 42 hluti, hvern á 500 krónur. Hlutabréfin hljóða á nafn. Hlutaféð er allt innborgað. **163**

Atkvæðisréttur: Eitt atkvæði er fyrir hvert 500 kr. hlutabréf. Þó getur enginn farið með fleiri atkvæði en ⅕ hluta, hversu margir sem hlutir hans eru.

Fundi félagsins skal boða með tilkynningu til hvers hluthafa.

Ól. B. Björnsson.
Halldór Jónsson.
Skafti Jónsson.

Stjórnin ritar firmað þannig:

H/f. Mjöl & Lýsi
Ól. B. Björnsson.
Skafti Jónsson.
H/f. Mjöl & Lýsi
Ól. B. Björnsson.
Halldór Jónsson.

Prókúruhafi ritar:

p. p. H/f. Mjöl & Lýsi
Ól. B. Björnsson.

2. Undirrituð ekkja, Ólafía Ólafsdóttir á Akranesi, sem fengið hefir leyfi til að sitja í óskiptu búi eftir mann minn sáluga, Guðjón Jónsson, kaupmann, sama stað, gef hér með hr. Jóni Sigmundssyni umboð sem prókúrista fyrir verzlun mína, sem er rekin undir nafninu: Verzlun Guðjóns Jónssonar, Akranesi, og hefir hann öll réttindi prókúrista samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóvember 1903.

Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. verzlun Guðjóns Jónssonar
Jón Sigmundsson
Akranesi, 1. nóvember 1929.
Ólafía Ólafsdóttir.

3. Stjórn Kaupfélags Borgfirðinga tilkynnir:

Á aðalfundi félagsins þ. 8. marz 1930, gekk Helgi Pétursson úr stjórninni, en í hans stað var kosinn Benedikt Sveinsson í Borgarnesi.

Benedikt Sveinsson hefir prókúruumboð fyrir félagið og ritar firmað þannig:

pr. pr. Kaupfélag Borgfirðinga
Benedikt Sveinsson.

Frá sama tíma afturkallast prókúruumboð það, er Helgi Péturs son hefir haft fyrir félagað.

Staddir í Svignaskarði, 8. marz 1930.

Guðm. Ólafsson. Davíð Þorsteinsson.

4. Hér með afturkallast frá í dag prókúruumboð Jóns Björnssonar frá Hóli fyrir Sláturfél. Borgfirðinga, Borgarnesi. Jafnframt veitum við kaupfélagsstjóra Benedikt Sveinssyni, Borgarnesi, prókúruumboð fyrir félagið, og ritar hann prókúruna þannig:

pr. pr. Sláturfélag Borgfirðinga
Benedikt Sveinsson.

Borgarnesi, 16. júlí 1930.

Stjórn Sláturfél. Borgfirðinga

Sig. Fjeldsted. Davíð Þorsteinsson. Jón Hannesson.

5. Ólafur F. Sigurðsson og Jón Hallgrímsson reka í félagi verzlun á Akranesi undir firmanafninu: Verzlunin „Frón“. Báðir eru fullábyrgir og hefir hver þeirra fyrir sig leyfi til að skuldbinda firmað, og rita þeir það þannig:

Ólafur F. Sigurðsson ritar:

Verzlunin „Frón“
Ólafur F. Sigurðsson.

Jón Hallgrímsson ritar:

Verzlunin „Frón“
Jón Hallgrímsson.

III. Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupstaður.

1. Prókúruumboð það, sem Jón J. Fannberg hefir haft fyrir verzlun mína, er hér með afturkallað.

Bolungarvík, 22. febrúar 1930.

Pétur Oddsson.

2.

Ísafirði, 28. febrúar 1930.

Ég leyfi mér hér með að tilkynna, að á aðalfundi félagsins, sem haldinn var þann 27. þ. m., var kosinn í stjórn bankastjóri M. Thorsteinsson í staðinn fyrir Hafstein Bergþórsson, sem gekk úr stjórninni. M. Thorsteinsson skuldbindur félagið ásamt öðrum hvorum hinna stjórnendanna.

Eimskipafélag Vesturlands h/f.

G. M. Hafstein.

M. Thorsteinsson ritar:

M. Thorsteinsson.

3. Ég Alvhild Syre, kaupkona á Ísafirði, gef hér með Valborg Syre umboð, sem prókúrista fyrir verzlun mína, og hefir hún öll réttindi prókúrista samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóv. 1903. **163**

Firmað ritar hún þannig:

p. p. Alvhild Syre.
Valborg Syre.

Reykjavík, 30. jan. 1930.
Alvhild Syre.

4. Ég undirrituð, Elísabet Guðmundsdóttir, Hnífsdal, tilkynni hér með til firmaskrár Ísafjarðarsýslu, að ég hefi í dag veitt hr. verzlunarm. Einari Steindórssyni prókúruumboð fyrir verzl. Guðm. Sveinssonar, Hnífsdal, og ritar hann firmað þannig:

p. p. Verzlun Guðm. Sveinssonar
Einar Steindórsson.

Jafnframt er afturkallað prókúruumboð Þórhalls Sæmundssonar fyrir verzl. Guðm. Sveinssonar.

Hnífsdal, 5. júlí 1930.
Elísabet Guðmundsdóttir.

5. Ekkjufrú Þóra Jóhannsdóttir, Ísafirði, tilkynnir hér með til firmaskrárinnar, að prókúruumboð það, sem herra skósmiður Páll Guðmundsson, Ísafirði, hefir haft fyrir skóverzlun Ólafs J. Stefánssonar, Ísafirði, afturkallast frá 17. þ. m. að telja. Frá sama degi hefir Stefán Stefánsson, skósmiður, Ísafirði, prókúruumboð fyrir verzlunina, og ritar hann firmað þannig:

p. p. Skóverzlun Ó. J. Stefánssonar
Stefán Stefánsson.

Ísafirði, 16. október 1930.
Þóra Jóhannsdóttir.

6. Ég undirritaður Sigurður Þorvarðsson, til heimilis í Hnífsdal, leyfi mér hér með að tilkynna, að ég rek útgerð og fiskiverzlun á Langeyri við Álftafjörð, undir firmanafninu Þorvarður Sigurðsson. Ber ég einn fulla og ótakmarkaða ábyrgð á öllum skuldbindingum firmans.

Firmað rita ég þannig:

Þorvarður Sigurðsson
Sigurður Þorvarðsson.

Ísafirði, hinn 14. júlí 1930.
Sigurður Þorvarðsson.

163

IV. Þingeyjarsýsla.

1. Hér með tilkynnist til firmaskrár Þingeyjarsýslu, að undirritaður Einar Guðjohnsen á Húsavík rekur verzlun á Húsavík með allskonar skófatnað og tilbúinn fatnað undir nafninu „Skó- og fatabúð Húsavíkur".

Firmað rita ég þannig:

Skó- og fatabúð Húsavíkur
Einar Guðjohnsen.
Húsavík, 13. nóvember 1930.
Einar Guðjohnsen.

V. Norður-Múlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður.

1. Hér með látum við ekki hjá líða að tilkynna, að frá $^{31}/_{12}$ þessa árs að telja hættum við starfrækslu útibús okkar á Seyðisfirði.

Reykjavík, 27. nóvember 1929.
Nathan & Olsen.

2. Ég, Sigurður Jónsson, kaupmaður á Seyðisfirði, gef hér með syni mínum, herra Sverri Sigurðssyni, umboð sem prókúruhafa fyrir verzlun mína, og hefir hann öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóv. 1903.

Firmað ritar hann þannig:

p. p. Sigurður Jónsson
Sverrir Sigurðsson.
Seyðisfirði, 21. janúar 1930
Sigurður Jónsson.

VI. Suður-Múlasýsla.

1. Ég Margrét Guðmundsdóttir kaupkona, Eskifirði, gef hér með manni mínum Auðbirni Emilssyni umboð, sem prókúrista fyrir verzlun mína og hefir hann öll réttindi prókúrista samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóv. 1903.

Firmað ritar hann þannig:

p. p. Verzlun Margrétar Guðmundsdóttur.
Auðbjörn Emilsson.
Eskifirði 1. október 1936.
Margrét Guðmundsdóttir.

VII. Vestmannaeyjakaupstaður.

1. Það tilkynnist hér með til firmaskrárinnar, að heimild Jóns Einarssonar og Sigurðar Ólasonar til þess að rita firma vort, er hér með niðurfelld. Hér eftir hefir því Helgi Benediktsson einn heimild til þess að rita firmað.

Vestmannaeyjum, 20. ágúst 1930.
Verzlunarfélag Vestmannaeyja h/f.
Helgi Benediktsson.

VIII. Árnessýsla. 163

1. Kaupfélag Árnesinga á Selfossi tilkynnir, að Egill Gr. Thorarensen hafi prókúru.

Hann ritar:


f. h. Kaupfélags Árnesinga
Egill Gr. Thorarensen.

AUGLÝSING 164

frá skráritara vörumerkja í Reykjavík um skrásetningar þær, sem gerðar hafa verið árið 1930.

Skrás. 1930, nr. 1.

Tilkynnt 4. janúar 1930, kl. 5 síðd., af Stefáni Thorarensen, lyfsala Reykjavík, og skrásett 7. s. m.



Óreglulega lagaður einkennismiði, sem er sléttur og rétthyrndur á þrjár hliðar, en út úr fjórðu hliðinni ganga fjórir flipar. Tveir þeirra eru jafn stórir og eins, en hinir tveir eru ólíkir og misstórir. Stærsti flipinn er útfylltur af sporbaug, sem nær niður á miðjan miðann. Yzt um sporbauginn er svartur hringur. Sporbaugurinn er að innan rauður. Í rauða litnum er gulrauðleit stjarna og innan í henni er Fjallkonan sitjandi, með vinstri hönd studda við skjöld og hægri hönd haldandi um sverð. Út frá Fjallkonunni leggur geislabaug. Þvert yfir stjörnunni stendur með svörtu letri orðið: ÍDÓSÓL. Neðan við þennan sporbaug, er hvítur ferhyrningur og í honum standa ummæli um vöruna. Í tveimur minnstu flipunum eru rauðir sporbaugar og innan í þeim hvít stjarna, sem í

164 miðju er rauð. Þessi rauði kjarni kastar frá sér geislabaug. Lóðrétt í stjörnunum stendur orðið: ÍDÓSÓL. Neðan við þessa sporbauga eru hvítir ílangir ferhyrningar, sem með hvítu belti eru tengdir við stærsta sporbauginn. Í ferhyrningum þessum standa ummæli um vöruna. Í fjórða flipanum er rauður sporbaugur, og snýr hann öfugt við hina. Innan í honum er hvít stjarna, sem er í miðjunni rauð, og kastar þessi rauði kjarni frá sér geislabaug. Þvert yfir stjörnuna stendur: 5% JÁRN (Fe). Neðan undir þessum sporbaug er hvítur, ílangur ferhyrningur og í honum standa ummæli um vöruna. Neðan við þennan ferhyrning er sporbaugur af sömu gerð, stærð og útliti og sá, er fyrir ofan stendur. Grunnflötur miðans er svartur.

Merki þetta er skrásett fyrir allskonar samsett og ósamsett lyf.

Skrás. 1930, nr. 2.

Tilkynnt 4. janúar 1930, kl. 5 síðd., af sama, og skrásett 7. s. m.

Orðið:

ÍDÓSÓL

Merkið er skrásett fyrir samsett og ósamsett lyf, og er orðið ÍDÓSÓL að skoða sem sérstakt heiti fyrir greindar vörutegundir.

Skrás. 1930, nr. 3.

Tilkynnt 4. janúar 1930, kl. 5 síd., af sama, og skrásett 7. s. m.

Orðið:

VAGISAN

Merkið er skrásett fyrir lífræn og ólífræn efnasambönd, og er orðið VAGISAN að skoða sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir greindar vörutegundir.

Skrás. 1930, nr. 4.

Tilkynnt 13. janúar 1930, kl. 2 síðd., af A/G Paulanerbräu Salvatorbrauerei und Thomasbräu, ölgerð, München í Þýzkalandi og skrásett 21. s. m.


Orðið:

SALVATOR

Samkv. tilkynningu 22. október 1926, er merkið skrásett í Berlín 26. janúar 1927 fyrir: Öl, humal, malt, vínberjahrat, ger og óáfengt öl.

Skrás. 1930, nr. 5. 164

Tilkynnt 13. janúar 1930, kl. 2 síðd., af Otto Mönsted, A/S, smjörlíkisgerð, Aarhus og Köbenhavn, Danmörku, og skrásett 21. s. m.



VARE MÆRKE

Rétthyrndur þríhyrningur, en frá miðdepli grunnlínu eru dregnar tvær línur hornrétt, sín á hvorn arm þríhyrningsins miðjan, þannig að hann með línum þessum skiptist í tvo minni þríhyrninga og einn ferhyrning. Í ferhyrningnum er stafurinn A, en í litlu þríhyrningunum stafirnir B og C, sinn í hvorum.

Samkv. tilkynningu 6. nóvbr. 1896, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 16. s. m. og síðast endurnýjað 16. nóvbr. 1926.

Skrás. 1930, nr. 6.

Tilkynnt 18. janúar 1930, kl. 4 síðd., af The Asiatic Petroleum Company, Limited, verksmiðjurekstur, London, Englandi, og skrásett 21. s. m.


Orðið:

TRIUMF

Merkið er skrásett í London 30. maí 1929, 47. flokki, fyrir: Ljósa-, hitunar og smurnings-olíur.

Skrás. 1930, nr. 7.

Tilkynnt 18. janúar 1930, kl. 4 síðd., af Libby, McNeill & Libby, verksmiðjurekstur,Chicago í Illinois, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 21. s. m.



164 Tvöfaldur hringur og innan í honum flaggstöng með þríhyrndu flaggi og í því stendur orðið: LIBBY.

Samkv. tilkynningu 23. febrúar 1922, er merkið skrásett í Washington 27. nóvember 1923 fyrir: Svínakjöt og baunir, kjötseyði, súputeninga, niðursoðna súpu, niðursoðinn fisk, niðursoðna, þurkaða og sykraða ávexti, ber og grænmeti, plómu-búðinga, kjötmauk, olíuber, krydd-grænmeti, Catchup, sósur og allskonar krydd, olívenolíu, grænmetissósur, marmelade, ávaxtasmjör, ávaxtamauk, niðursoðna ávexti og ávaxtahlaup, nýja, niðursoðna þurkaða og gufuþéttaða mjólk.

Skrás. 1930, nr. 8.

Tilkynnt 30. janúar 1930, kl. 3 síðd., af Kaffe Hag A/S, kaffibrennsla, Köbenhavn, Danmörku, og skrásett 7. febrúar s. á.

Orðið:

Sanka

Samkvæmt tilkynningu 18. febrúar 1929, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 20. júlí s. á. fyrir: Kaffi, coffeinlaust kaffi, hverskonar kaffibæti og kaffiígildi, te, súkkulaði og kakaó.

Skrás. 1930, nr. 9.

Tilkynnt 5. febrúar 1930, kl. 11 árd., af Hudson Motor Car Company, verksmiðjurekstur, Detroit í Michigan, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 7. s. m.



Mynd af vængjuðum hesti á átthyrndum, innrömmuðum, brugðnum fleti og undir myndinni orðið: DOVER.

Samkvæmt tilkynningu 22. júní 1929, er merkið skrásett í Washington 10. desember s. á. fyrir: Gasolin-vagna í 19. flokki og vagna án véla.

Skrás. 1930, nr. 10. 164

Tilkynnt 10. febrúar 1930, kl. 5 síðd., af Ferrosan A/S, verksmiðjurekstur og verzlun, Köbenhavn, Danmörku, og skrásett 15. s. m.

Orðið:

IDO

Samkv. tilkynningu 20. ágúst 1926, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 9. október s. á. fyrir: Læknislyf og lyfjasambönd til innvortis notkunar, fegrunarefni og sótthreinsunarefni.

Skrás. 1930, nr. 11.

Tilkynnt 10. febrúar 1930, kl. 5 síðd., af sama, og skrásett 15. febrúar s. á.

Orðið:

FERROSAN

Samkv. tilkynningu 12. maí 1920, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 7. júní s. á. fyrir: Efnis- og lyfjaafurðir, sérstaklega lífgædd járnmeðul, og er tilkynnandi fyrst skráður sem eigandi merkisins 19. maí 1921.

Skrás. 1930, nr. 12.

Tilkynnt 1. marz 1930, kl. 11 árd., af Société anonyme Dubonnet, verksmiðjurekstur, París í Frakklandi, og skrásett 7. s. m.



164 Ferhyrndur einkennismiði. Ofanvert á honum er hringmyndaður reitur og þar á mynd af liggjandi ketti, en framan við hann er flaska, og er vörumerkið á miðanum, sem á henni er. Neðan við hringmyndaða reitinn stendur bogadregið orðið: Dubonnet", en þar fyrir neðan er hvítur, aflangur, hornsneyddur ferhyrningur og í honum ummæli um vöruna. Neðst á miðanum standa orðin: Se méfier des Contrefacons.

Samkv. tilkynningu 14. marz 1924, er merkið skrásett í París fyrir vín framleidd af tilkynnanda, en vín þessi eru blönduð „quinquina", samkvæmt heilsufræðilegum reglum.

Skrásett 1930, nr. 13.

Tilkynnt 4. marz 1930, af Otto Mönsted A/S, smjörlíkisgerð, Köbenhavn í Danmörku, og skrásett 7. s. m.

Orðið:

Oma

Samkv. tilkynningu 26. janúar 1929, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 25. janúar 1930 og nær merkið til allra vörutegunda.

Skrásett 1930, nr. 14.

Tilkynnt 6. marz, kl. 3 síðd. af Société des Laboratoires des Proxytases, Soc. an. verksmiðjurekstur,

Orðið:

ANGIOXYL

París í Frakklandi, og skrásett 7. s. m.

Samkv. tilkynningu 24. janúar 1929, er merkið skrásett í París fyrir lyfjafræðislegar vörur.

Skrásett 1930 nr. 15.

Tilkynnt 17. marz 1930, kl. 12 á hád., af firmanu Telemac, Limited, regnklæðagerð, London á Englandi, og skrásett 27. s. m.

Orðið:

TELEMAC

Merkið er skrásett í London 8. desember 1919 fyrir regnklæði og tilkynnandi fyrst skráður eigandi þess 20. marz 1925.

Skrásett 1930 nr. 16. 164

Tilkynnt 10. marz 1930, kl. 11 árd., af firmanu Georg Schicht, A/G, verksmiðjurekstur, Aussig a. d. Elbe i Tékkoslovakíu, og skrásett 27. s. m.

Orðið:

CERES

Merkið er skrásett í Prag 19. september 1922 fyrir matarfeiti, mataroliur og smjörlíki.

Skrásett 1930 nr. 17.

Tilkynnt 10. marz 1930, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 27. s. m.

Orðið:

Elida

Merkið er skrásett í Prag 26. marz 1924 fyrir sápur, þvottaefni, ilmefni og fegrunarefni.

Skrásett 1930 nr. 18.

Tilkynnt 10. marz 1930, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 27. s. m.

Orðið:

Leda

Merkið er skrásett í Prag 9. júli 1921 fyrir sápur, þvottaefni, ilmefni og fegrunarefni.

164 **Skrásett 1930 nr. 19.**

Tilkynnt 10. marz 1930, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 27. s. m.

Orðið:


Schicht

Merkið er skrásett í Prag 9. ágúst 1919 fyrir sápur og þvottaefni.

Skrásett 1930 nr. 20.

Tilkynnt 10. marz 1930, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 27. s. m.

Mynd af álft á sundi.



Merkið er skrásett í Prag 12. september 1921 fyrir sápur og þvottaefni.

Skrásett 1930 nr. 21.

Tilkynnt 10. marz 1930, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 27. s. m.




Dökkur, ferstrendur miði. Á honum er mynd af hirti á stökki, en fyrir 164
ofan bak hans stendur orðið: Schicht með ljósu letri.
Merkið er skrásett í Prag 20. desember 1920 fyrir sápur og þvottaefni.

Skrásett 1930 nr. 22.
Tilkynnt 10. marz 1930 kl. 11 árd., af sama, og skrásett 27. s. m.
Orðið:

APOLLO

Merkið er skrásett í Prag 19. janúar 1926 fyrir sápur og þvottaefni.

Skrásett 1930 nr. 23.
Tilkynnt 10. marz 1930, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 27. s. m.



Stafurinn S, með væng á neðsta boga stafsins.
Merkið er skrásett í Prag 23. maí 1919, fyrir sápur og þvottaefni.

164 **Skrásett 1930 nr. 24.**

Tilkynnt 10. marz 1930, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 27. s. m.




Ferstrendur, blár miði. Efst í hægra horni hans er gul sól með geislum. Neðst stendur með hvítum stöfum orðið: RADION.

Merkið er skrásett i Prag 26. júní 1925, fyrir sápur og þvottaefni.

Skrásett 1930 nr. 25.

Tilkynnt 10. marz 1930, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 27. s. m.



Innan í svörtum hring er skrautritað E.

Merkið er skrásett í Prag 25. ágúst 1921, fyrir sápur, þvottaefni, ilmefni og fegrunarefni. **164**

Skrásett 1930 nr. 26.

Tilkynnt 10. marz 1930, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 27. s. m.




Mynd af rauðri pappaöskju. Á tveimur aðalhliðum hennar eru tveir gulir reitir. Í vinstri reitnum standa með bláu letri orðin: SCHICHT SOAP, en í hægri reitnum er blár lykill. Á hinum tveimur langhliðum öskjunnar standa með bláum stöfum, á gulum grunni, orðin: SCHICHT SOAP. Á endahliðunum er mynd af bláum lykli á gulum grunni.

Merkið er skrásett í Prag 9. apríl 1924, fyrir sápur og þvottaefni.

164 **Skrásett 1930 nr. 27.**

Tilkynnt 10. marz 1930, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 27. s. m.




Blár, ferstrendur miði með grænum reitum og hvítum deplum. Efst og neðst stendur með hvítu skrautletri á ferstrendum, grænum reitum orðið: Schichtal. Sama orð stendur á sama hátt á bogadregnum, grænum reit yfir miðjan miðann. Til beggja hliða eru grænir reitir. Milli reitanna eru hvítir deplar af ýmsum stærðum.

Merkið er skrásett í Prag 9. desember 1927, fyrir sápur og þvottaefni.

Skrásett 1930 nr. 28. 164

Tilkynnt 10. marz 1930, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 27. s. m.



Ferstrendur miði með skrautumgerð. Á honum miðjum er stjarna, en á henni hvítur hringmyndaður reitur, þar sem stendur skáhalt upp á við orðið: VISAN, undirstrikað.

Merkið er skrásett í Prag 26. febrúar 1922, fyrir matarfeiti, matarolíur og smjörlíki.

Skrásett 1930 nr. 29.

Tilkynnt 10. marz 1930, kl. 11 árd., af firmanu Georg Schicht, A/G, verksmiðjurekstur, Aussig a. d. Elbe í Tékkoslovakíu, og skrásett 27. s. m.


Orðið:

Adura

Merkið er skrásett í Prag 7. október 1925, fyrir glyserin.

Skrásett 1930, nr. 30.

Tilkynnt 16. maí 1930, kl. 11 árd., af Standard Brands Incorporated, verksmiðjurekstur, Dover, Delaware, Cincinnati og New York, N. Y., Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 5. júní s. á.




164 Ferstrendur, þéttstrikaður miði með fjórum skáhöllum, ílöngum, óstrikuðum reitum.

Samkvæmt tilkynningu 8. nóvbr. 1929, er merkið skrásett í Washington 18. marz 1930 fyrir bökunarduft.

Skrásett 1930, nr. 31.

Tilkynnt 14. júlí 1930, kl. 12 á hád., af h/f „Shell á Íslandi", olíuverzlun, Skildinganesi við Skerjafjörð, og skrásett 22. s. m.

Mynd af hvítri báruskel (hörpudisk) á svörtum grunni, og þar fyrir neðan standa orðin: SHELL BRAND.



Merkið er skrásett fyrir steinolíu og allar steinolíuafurðir, mótorvínanda (benzín), orku-olíur, vélaeldsneyti, eldsneyti fyrir bræðsluofna, kolaolíu, olíur til ljósa, hitunar og áburðar, allskonar vax, hreinsunarefni, efni sem nær af fitu, terpentínu, terpentínulíki, meðalaolíur og meðalasamsetningar, steinolíuhlaup, snyrtiolíur og snyrtivörur, blómaolíur, skordýraeitur, olíu og kemiskar samsetningar til landbúnaðar, garðyrkju, dýralækninga og heilbrigðislegra nota, olíur á Transformator (spennubreytir), asfalt og asfaltblöndur til allskonar nota, jarðbik, bikmálning og bikblöndur, upplausnarefni, litunarefni, málning, fernis, glerliti, grafitsvertu, blek, varnarmeðul og áburði, sótthreinsunarefni, pólitur allskonar og gljáefni, vínanda til iðnaðar, gas til ljósa og járnsamsuðu, gasolíur og gasaukandi efni, steinolíukoks, kemisk efni til iðnaðarþarfa og allar vörur svipaðar þeim, sem áður eru taldar.

Skrásett 1930, nr. 32.

Tilkynnt 17. júní 1930, kl. 2 síðd., af Frigidaire Corporation, verksmiðjurekstur, Dayton í Ohio, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 22. júlí s. á.

Orðið:

Frigidaire

Samkv. tilkynningu 28. apríl 1919, er merkið skrásett í Washington 23. nóv. 1920 fyrir kælitæki. Tilkynnandi fyrst skráður sem eigandi merkisins 26. febrúar 1929. 164

Skrásett 1930, nr. 33.

Tilkynnt 15. júlí 1930, kl. 5 síðd., af Daggell & Ramsdell, verksmiðjurekstur og verzlun, New York, N.Y., Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 22. s. m.

Orðið:

VIVATONE

Samkv. tilkynningu 2. júní 1927, er merkið skrásett í Washington 4. oktbr. s. á. fyrir baðvatn til hörundsverndunar.

Skrásett 1930, nr. 34.

Tilkynnt 15. júlí 1930, kl. 5 síðd., af sama, og skrásett 22. s. m.

Orðið:

HA-KOL

Samkvæmt tilkynningu 9. janúar 1915, er merkið skrásett í Washington 6. júlí s. á. fyrir: Meðal við höfuðverk, taugaverk og svipuðum verkjum, sem stafa af áreynslu, magnleysi, þreytu, kvölum, kvíða, svefnleysi, andlegri áreynslu, taugaveiklun, vatnsýki eða sjósótt.

Skrásett 1930, nr. 36.

Tilkynnt 18. júlí 1930, kl. 3 síðd., af John Haig & Co., Ltd., áfengisbruggun, Markinch, Skotlandi, og skrásett 22. s. m.

Orðið:

HAIG'S WHISKY

Merkið er skrásett í London 10. marz 1928 fyrir whisky.

Skrás. 1930, nr. 36.

Tilkynnt 16. apríl 1930, kl. 11 árd., af Josef Mikulcak, skófatnaðarverksmiðju, Zlín í Mähren í Tékkóslóvakíu, og skrásett 22. júlí s. á.

Orðið:

„HIP-HOP"

Merkið er skrásett í Prag 12. nóvbr. 1926 fyrir fimleikaskó og allskonar annan skófatnað.

164 **Skrás. 1930, nr. 37.**

Tilkynnt 2. júlí 1930, kl. 12 á hád., af Sveini Árnasyni, yfirfiskimatsmanni, Seyðisfirði, og skrásett 22. s. mán.

Orðið:

SVARNA

Merkið á eingöngu að ná til merkingar á umbúðum um saltfisk.

Skrás. 1930, nr. 38.

Tilkynnt 5. maí 1930, kl. 2 síðd., af H/F Ölgerðin „Þór", öl- og gosdrykkjaframleiðsla, Reykjavík, og skrásett 22. ágúst s. á.

Orðið:

ÞÓR

Merkið er skrásett sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir eftirtaldar vörutegundir: Akuryrkju-, skógræktar-, garðræktar- og fiskiveiðaafurðir, lyf, efnasamsetningar til læknisfræðislegra- og hreinlætisnotkunar, lyffræðisleg meðul og samsetningar, plástur, sáraumbúðir og aðrar hjúkrunarvörur, meðul til útrýmingar dýrum og jurtum, sótthreinsunarmeðul, meðul til varðveitingar á matvælum, áburðarefni, hárgreiðsluvinnu, skraut, tilbúin blóm, borðdúka og sængurlín, lýsingar-, hitunar-, eldhús-, kæli-, þurkunar- og viðrunaráhöld og tæki, vatnsleiðslu-, bað-, snyrtingar og salernisefni, burstagerðarefni og vörur, snyrtivörur, hreinsunar- og fægivörur, efnasamsetningar til iðnaðar-, vísinda- og ljósmyndanotkunar, slökkvitæki og áhöld, herðunar- og kveikiáhöld, tannlækningaáhöld, húsgögn og efni, þéttiefni, einangrunarmeðul við hita, raka, rafmagni og hljóði, hráar og hálfunnar óæðri málmtegundir, hnífagerðarvörur, smíðatól, sting- og höggvopn, nálar, öngla, skeifur og nagla, glerungaðar og tinaðar vörur, járnbrautayfirbyggingaefni, járnvörur, járnsmíðavörur smáar og stórar, byggingarmálmleggingar, skrár, nálagerðarvörur, pjátursvörur, akkeri, festar, klukkur, peningaskápa og -kassa, talningskassa, myndjárn, valsaða og steypta byggingarhluta og tæki úr járni og öðrum málmum,, vélar, flutningstæki til lands og sjávar og í loftinu, með eða án vélareksturs, ásamt hlutum og tækjum úr þeim, litarefni, liti, málmþynnur, feldi, skinn, garnir, leðurvörur, fernis, lakk, terpentínu, bæs, harpeis, límefni, slikju- og sútunar-

efni, fágunarefni, tvinna, garn og aðrar spunavörur, net, kaðlavörur, stál- 164
vírskaðla, rafmagnskaðla og -vír, spunatægjur, troðningsefni, öl allskonar, vín, vínanda, gosdrykki, vínandasnauða drykki, heilsu- og baðsölt, æðri málma, gull, silfur, nikkel- og aluminiumvörur, vörur úr bronzi, nýsilfri og öðrum svipuðum málmblöndum, ekta og óekta skrautgripi, gimsteina og perlur ásamt eftirlíkingum af slíkum glysvarningi, regnhlífar, stafi, eldiviðarefni, lýsingarefni, orkuframleiðsluefni, vax, harðgúm, harðgúmslíkingar og vörur úr þeim tekniskar olíur og feiti, smurningsefni, vörur úr tré, beini, horni, skjaldböku, skíði, fílabeini, perlumóður, rafi, sæfrauði, tréningi, og svipuðum eðlilegum og tilbúnum efnum, rennismíða- og myndskurðarvörur, körfugerðar og aðrar fléttaðar vörur, myndaramma og lista á þá, líkneski til kjólasaums-, klæðskera- og hárgreiðslunotkunar, læknisáhöld, tól og tæki, umvafsvörur, tilbúin augu og tennur, eðlisfræðilegar-, efnafræðislegar-, sjónfræðislegar-, jarðmælinga-, sjómennsku-, raffræðis-, vogar-, merkis-, eftirlits- og myndtökuvélar, áhöld og tæki, raffræðileg innlagningaráhöld og efni, mælingatæki, teikniáhöld, hljóðfara og hljóðfaraáhöld, útvarpstæki og myndvarpstæki, aflvélar til reksturs með gufu, rafmagni, gasi, olíu, steinolíu, bensíni og öðrum brenniefnum ásamt vatnsþrýstingi, vinnu og verktólaefnum af öllum tegundum og til sérhverrar notkunar, hluta af öllum hérnefndum vélum, rekstursreimar, slöngur sjálfhreyfivélar, búsáhöld, fjósa-, garð- og akuryrkjuáhöld, húsgögn, spegla, upptroðnar vörur, veggfóðrara- og hússkreytingavörur, rúmstæði, skipsrúm, hljóðfæri, ásamt hlutum og tækjum er þeim fylgja, kjöt- og fiskvörur, kjötseyði, niðursoðið kjöt og fisk, grænmeti, ávaxtavörur, egg, mjólk og rjóma ásamt afurðum af þeim, smjör, ost, mataroliu og feiti, kaffi, kaffibæti, te, sykur, síróp, hunang, mjöl og grjón, úrsælding og aðrar malaraafurðir, deigvöru, krydd, ídýfu, edik, sennep og matarsalt, kókó, súkkulaði, sykurvörur, brauðgerðar- og kökugerðarvörur, ger, bökunarduft, matarhæfisfæðu, malt, fóðurefni, pappír, pappa og valpappa, pappírs- og pappavörur, þar á meðal bækur, nótur og aðrar margföldunarprentvörur, spil, myndatökuvörur, hráefni og hálfgerðar vörur til pappírsgerðar, skilti, myndamót, stafi, listvörur, postulín, postulínsstein, leir, gler, speglgler, gljáa, stein, sement, kalk, gips, steinsteypu, bik, asfalt, tjöru, byggingarefni, þakpappa, kögurvörur, bönd, saum- og leggingarvörur, tölur, útsaum, knipplinga, blúndur, söðlasmíða-, töskugerðar-, bókbands- og leðurvörur, ritföng, teikni, málara- og myndamótaáhöld, skrifstofuáhöld og -tæki, kennsluáhöld, skotfæri, ilmvötn, snyrtivörur, loftnæmar olíur, sápur, þvotta- og aflitunarefni, sterkju og sterkjuefni, litunarábæti til þvotta, blettaafmáunarefni, ryðvarnarefni, efni til fágunar, slípunar, gljáningar og varðveitingar á tré, leðri, málmi, gleri, steini og leirvörum, leikföng, íþrótta- og leikfimisáhöld og útbúnað, billiard með öllu þar til heyrandi og aðrar spilavörur og áhöld, sprengiefni, eldspítur, flugelda, skothleðslu, hrátóbak, tóbaksafurðir, vindlingapappír, ábreiður, strábreiður, gólfdúk, vaxdúk, gluggatjöld, fána, tjöld, poka, úr og úrhluta, ofin og prjónuð efni og flóka.

164 **Skrásett 1930, nr. 39.**

Tilkynnt 4. ágúst 1930, kl. 10 árd., af American Sheet and Tin Plate Company, verksmiðjurekstur, Pittsburgh, Pennsylvania, Bandaríkjum N.-Am., og skrásett 16. september s. á.



APOLLO

Mannshöfuð og þar fyrir neðan orðið: APOLLO.

Samkvæmt tilkynningu 8. janúar 1919, er merkið skrásett í Washington 29. júlí s. á. fyrir valsað stál, pjátur og þynnur, málmdregnar pjátursþynnur, bárujárn og þynnur, hvítpjátur og blýdregnar þynnur.

Skrásett 1930, nr. 40.

Tilkynnt 14. ágúst 1930, kl. 2 síðd., af Thomas Hedley & Co., Limited, sápugerð, Newcastle, Englandi, og skrásett 16. september s. á.

Orðið:

FELIN

Merkið er skrásett í London 25. janúar 1930, 47. og 48. flokki, fyrir sápur.

Skrásett 1930, nr. 41.

Tilkynnt 14. ágúst 1930, kl. 2 síðd., af sama.



Skáferhyrningur. Á miðju hans er mynd af dansandi álfamey með sprota í hendi, en utan við myndina standa í hring orðin: Fairy Soap For Clothes & Skin — For everything.

Merkið er skrásett í London 1. júlí 1926, 47. og 48. flokki, fyrir sápur.

Skrásett 1930, nr. 42. 164

Tilkynnt 14. ágúst 1930, kl. 2 síðd., af Aktiebolaget Pentaverken, verksmiðjurekstur, Skövde, Svíþjóð, og skrásett 16. september s. á.

Orðið:

PENTA

Samkvæmt tilkynningu 19. september 1916, er merkið skrásett í Stokkhólmi 26. júní 1917 fyrir kemiskar blöndur og lyfjablöndur, litarefni, unna málma og óunna, málmblöndur og hluti gerða úr þessum efnum, vélar, vélahluta og vélagögn, einkum túrbínur fyrir gas, vatn og gufu, túrbínustilla, gufuvélar, gufukatla, mótora með sprengiþenslu og jafnþenslu, skipamótora, vindur, sogdælur, þrýstidælur, þjappara, físivélar, físitæki, hitunartæki, sparbrenna, gasframleiðara, stigmæla, ísvélar, eimsvala, vélar og áhöld fyrir móvinnslu og móflutning, orkuleiðslur, færivélar, yfirhitunartæki, rafmagnsgeyma, verkfæri og tæki til vísindastarfa, iðnaðar, kennslu, hljóðfæraleiks og lækninga, mælingatækja, sjálfmerkjandi og ekki sjálfmerkjandi, hraðmæla, áhöld, einkum þrýstimæla, áhöld til að hreinsa og sía gas eða vökva, t. d. vatn eða olíur, gangjafna, smurningstæki, merkjatæki, innspýtidælur, úrgangsverpla, smíðatól, gler, postulín, stein, leir, postulínsleir og vörur gerðar úr honum, leirvörur, byggingarefni, vopn, skotfæri, sprengiefni, skip og hluta af þeim, fargögn, vagna, akfæri og hluta af þeim, og allt sem þeim fylgir, baðmull, hör, ull, hamp, sekkjabast, silki, skinn, leður, hör, togleður, guttaperka, fílabein, bikastein, raf, sæfrauð, bein og vörur úr beini, tvinna, klæði, voðir, ábreiður, reimar, þéttiefni, pappír, pappírsvörur, tré og trévörur, húsgögn, næringarvörur og nautnavörur í föstu, fljótandi og loftkenndu ástandi, landbúnaðarafurðir, feiti, olíur, og vörur gerðar úr olíu, sápur, grænsápu, kerti, olíu, smurningsefni, hreinlætisvörur, ilmvörur, snyrtivörur, leikföng, leiktæki, sportvörur, leikfimisvörur og eldsneyti. — Orðið: PENTA ber að skoða sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir. Merkið er síðast endurnýjað 1927.

Skrásett 1930, nr. 43.

Tilkynnt 8. september 1930, kl. 3 síðd., af Imperial Chemical Industries, Ltd., verksmiðjurekstur, London, Englandi, og skrásett 16. september s. á.



Hringmyndað merki og innan í því, ofanvert við tvær bugðóttar línur, standa stafirnir: I C I.

